Stjórnartíðindi
1921 - A-deild - 1. prentun

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 34, 92-93, 106, 111, 113, 124-125, 130, 133, 155, 164, 184, 191-193, 225, 230, 246, 248-249, 302, 377, 427-428, 453, 464, 473, 503, 515, 533, 557, og 561.
Meiriháttar gallar á bls. 210, 232, 436, 480, og 512.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

ÍSLAND

ARIÐ 1921

A-DEILD

REYKJAVÍK 1921
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.

Efnisyfirlit

við

Stjórnartíðindi fyrir Island árið 1921.

A.

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
1.	4. jan.	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febr. 1921	1
2.	S. d.	Konungsbrjef um setning Alþingis	2
3.	29. apríl	Lög um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919. [Seðlaauki Íslandsbanka]	3
4.	7. maí	Lög um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lög um nr. 64, 28. nóv. 1919	4—6
5.	S. d.	Póstlög	7—18
6.	31. maí	Lög um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.	19—21
7.	6. júní	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Svíaríkis	21—22
8.	27. júní	Lög um afnám laga nr. 12 frá 18 sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku	23
9.	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands	24
10.	S. d.	Lög um sendiherra í Kaupmannahöfn	25
11.	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra	26
12.	S. d.	Lög um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919	27—29
13.	S. d.	Fjáraukalög fyrir árin 1918 og 1919	29—37
14.	S. d.	Lög um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913	38
15.	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararjettar	39
16.	S. d.	Lög um breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri	39—40

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
17.	27. júní	Lög um stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi	41
18.	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð	41—42
19.	S. d.	Lög um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu	42
20.	S. d.	Lög um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.	43—44
21.	S. d.	Lög um biskupskosningu	44—45
22.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip	45—47
23.	S. d.	Lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip	47—51
24.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs	51—52
25.	S. d.	Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks	52—55
26.	S. d.	Lög um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklausturs-prestakalli, til Blönduósshrepps	55
27.	S. d.	Lög um aukatekjur ríkissjóðs	56—68
28.	S. d.	Lög um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður	69—73
29.	S. d.	Lög um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld	74
30.	S. d.	Lög um erfðafjárskatt	75—79
31.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna	80—81
32.	S. d.	Lög um slysatrygging sjómanna	82—85
33.	S. d.	Lög um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra	86—88
34.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 71 frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjárvátryggingu	88—90
35.	S. d.	Lög um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum utan kauptúna, svo og um lausafjártrygging	91—97
36.	S. d.	Lög um samvinnufjelög	97—108
37.	S. d.	Lög um lestagjald af skipum	108—109
38.	S. d.	Lög um vörutoll	110—115
39.	S. d.	Lög um stofnun og slit hjúskapar	116—136
40.	S. d.	Lög um einkasölu á tóbaki	137—138
41.	S. d.	Lög um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911	139—140
42.	S. d.	Lög um friðun lunda	141
43.	S. d.	Lög um varnir gegn berklaveiki	142—148
44.	S. d.	Lög um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919	149

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
45.	27. júní	Lög um breyting á lögum nr. 58, 30. júlí 1909, um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.	150
46.	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	151—162
47.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar	162—163
48.	S. d.	Fjáraukalög fyrir árin 1920 og 1921	163—169
49.	S. d.	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði	170
50.	S. d.	Lög um húsnæði í Reykjavík	171
51.	S. d.	Lög um Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra	172—175
52.	S. d.	Lög um læknaskipun í Reykjavík	175—176
53.	S. d.	Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum	176—177
54.	S. d.	Lög um sölu á prestsmötu	177—178
55.	S. d.	Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa	179—185
56.	S. d.	Lög um bifreiðaskatt	186—187
57.	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna	187—193
58.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat	194
59.	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararjettar	195
60.	S. d.	Lög um útflutningsgjald af síld o. fl.	195—197
61.	S. d.	Lög um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905	198
62.	S. d.	Lög um einkasölu á áfengi	199—201
63.	S. d.	Lög um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum	201—202
64.	S. d.	Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands	202—217
65.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja	218
66.	S. d.	Lög um fasteignaskatt	219—220
67.	S. d.	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905	221
68.	S. d.	Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð	222
69.	S. d.	Lög um hreppskilaþing	223
70.	S. d.	Lög um útflutningsgjald	224—225
71.	S. d.	Fjárlög fyrir árið 1922	226—272
72.	S. d.	Lög um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	273—275
73.	S. d.	Lög um heimild handa landstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna	276—277
74.	S. d.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	277—293
75.	S. d,	Lög um stimpilgjald	293—305

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
76.	27. júní	Lög um heimild um lántöku fyrir ríkissjóð	305
77.	S. d.	Lög um hlutafjelög	306—323
78.	S. d.	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar	324
79.	3. júlí	Konungsbrjef um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu	325—328
80.	$^{30}/_{11}$ 1920	Póstsamningar við erlend ríki	331—610
81.	16. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.	611
82.	30. okt.	Samningur milli póststjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretands og Írlands og póststjórnar Íslands	612—619
83.	16. nóv.	Bráðabirgðalög um lækkun á aðflutningsgjaldi af kolum og salti	620
84.	30. nóv.	Tilskipun um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík	621—622
85.	21. des.	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1922	623
86.	30. des.	Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrinu drotningar, til styrktar sjúklingum á Landsspítala Íslands	624—625
87.	S. d.	Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrinu drotningar, til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík	625—626

Yfirlit

eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
		Aðflutningsgjald sjá skattar og tollar.	
		Áfengi.	
62.	27. júní	Lög um einkasölu á áfengi	199—201
		Afsalsbækur.	
72.	27. júní	Lög um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	273—275
		Akureyri.	
16.	S. d.	Lög um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri	39—40
		Alþingi.	
1.	4. jan.	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febr. 1921	1
2.	S. d.	Konungsbrjef um setning Alþingis	2
85.	21. des.	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1922	623
		Aukatekjur.	
25.	S. d.	Lög um aukatekjur ríkissjóðs	56—68
		Bankar.	
3.	29. apríl	Lög um framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919. (Seðlaauki Íslandsbanka)	3
6.	31. maí	Lög um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.	19—21

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
64.	27. júní	Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands	202—217
		Barnakennarar.	
33.	S. d.	Lög um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra	86—88
		Berklaveiki.	
43.	S. d.	Lög um varnir gegn berklaveiki	142—148
		Bifreiðar.	
56.	S. d.	Lög um bifreiðaskatt	186—187
		Biskupskosning, sjá embættismenn.	
		Bæjarstjórnir.	
16.	S. d.	Lög um breyting á lögum 8. okt 1883, um bæjarstjórn á Akureyri	39—40
47.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar	162—163
49.	S. d.	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði	170
50.	S. d.	Lög um húsnæði í Reykjavík	171
65.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja	218
		Börn.	
46.	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna ..	151—162
57.	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna ..	187—193
		Eignarnám.	
20.	S. d.	Lög um eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.	43—44
63.	S. d.	Lög um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum	201—202
		Eignarskattur, sjá tekjuskattur.	
		Einkaleyfi.	
25.	S. d.	Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks	52—55

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
		Einkasala.	
40.	27. júní	Lög um einkasölu á tóbaki	137—138
62.	S. d.	Lög um einkasölu á áfengi	199—201
		Ekkjutrygging, sjá lífeyrir.	
		Embættismenn.	
21.	S. d.	Lög um biskupskosningu	44—45
44.	S. d.	Lög um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919	149
51.	S. d.	Lög um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra	172—175
		Erfðafjárskattur.	
30.	S. d.	Lög um erfðafjárskatt	75—79
		Fálkaorða, sjá heiðursmerki.	
		Fasteignaskattur.	
66.	S. d.	Lög um fasteignaskatt.	219—220
		Fátækramálefni.	
61.	S. d.	Lög um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.	198
		Fiskimat.	
58.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat	194
		Fiskiveiðar.	
23.	S. d.	Lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip	47—51
53.	S. d.	Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum	176—177
		Fjárlög.	
12.	S. d.	Lög um samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919	27—29
13.	S. d.	Fjáraukalög fyrir árin 1918 og 1919	29—37

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
48.	27. júní	Fjáraukalög fyrir árin 1920 og 1921	163—169
71.	S. d.	Fjárlög fyrir árið 1922	226—272
		Fossamál.	
73.	S. d.	Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna	276—277
		Fuglafriðun.	
14.	S. d.	Lög um friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59 frá 1913	38
42.	S. d.	Lög um friðun lunda	141
		Háskóli Íslands.	
25.	S. d.	Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks	52—55
		Heiðursmerki.	
79.	3. júlí	Konungsbrjef um stofnun hinnar íslensku Fálkaorðu	325—328
		Heilbrigðismál.	
43.	27. júní	Lög um varnir gegn berklaveiki	142—148
		Hjúskapur.	
39.	S. d.	Lög um stofnun og slit hjúskapar	116—136
		Hlutafjelög.	
77.	S. d.	Lög um hlutafjelög	306—323
		Hreppskilaþing.	
69.	S. d.	Lög um hreppskilaþing	223
		Ísafjörður.	
47.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar	162—163

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
		Kaupstaðir.	
16.	27. júní	Lög um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri	39—40
47.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar	162—163
49.	S. d.	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði	170
50.	S. d.	Lög um húsnæði í Reykjavík	171
65.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja	218
		Kauptún og sjávarþorp.	
55.	S. d.	Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa	179—185
		Kirkjujarðasala.	
19.	S. d.	Lög um sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu	42
26.	S. d.	Lög um sölu á landspildu, tilheyrandi Þingeyraklausturprestakalli til Blönduóshrepps	55
		Kirkjumál.	
21.	S. d.	Lög um biskupskosningu	44—45
26.	S. d.	Lög um sölu landsspildu tilheyrandi Þingeyraklausturprestakalli	55
29.	S. d.	Lög um breytingu á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld	74
54.	S. d.	Lög um sölu á prestsmötu	177—178
		Landsstjórn.	
8.	S. d.	Lög um afnám laga nr. 12 frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði gefin á íslensku	23
9.	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands	24
10.	S. d.	Lög um sendiherra í Kaupmannahöfn	25
11.	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra	26
73.	S. d.	Lög um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna	276—277

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
76.	27. júní	Lög um heimild um lántöku fyrir ríkissjóð	305
78.	S. d.	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar	324
79.	S. d.	Konungsbrjef um stofnun hinnar íslensku Fálkaorðu	325—328
		Lántaka.	
76.	S. d.	Lög um heimild um lántöku fyrir ríkissjóð	305
		Launalög.	
44.	S. d.	Lög um viðauka við lög um laun embættismanna, nr. 71, 28. nóv. 1919	149
		Lífeyrir.	
33.	S. d.	Lög um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra	86—88
51.	S. d.	Lög um Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra	172—175
		Læknaskipun.	
45.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 58, 30. júlí 1909, um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða o. fl.	150
52.	S. d.	Lög um læknaskipun í Reykjavík	175—176
		Manntalsþing.	
68.	S. d.	Lög um breyting á þeim tíma, er manntalsþing skulu háð	222
		Póstmál.	
4.	7. maí	Lög um breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919	4—6
5.	S. d.	Póstlög	7—18
80.	$^{30}/_{11}$ 1920	Póstsamningar við erlend ríki	331—610
82.	31. okt.	Samningur milli póststjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og póststjórnar Íslands	612—619
		Prestsmata.	
54.	27. júní	Lög um sölu á prestsmötu	177—178

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
		Reykjavík.	
50.	27. júní	Lög um húsnæði í Reykjavík	171
52.	S. d.	Lög um læknaskipun í Reykjavík	175—176
84.	30. nóv.	Tilskipun um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík	621—622
		Ríkisborgararjettur.	
15.	27. júní	Lög um veiting ríkisborgararjettar	39
59.	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararjettar	195
		Ríkisveðbanki.	
64.	S. d.	Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands	202—217
		Samvinnufjelög.	
36.	S. d.	Lög um samvinnufjelög	97—108
		Sendiherra.	
10.	S. d.	Lög um sendiherra í Kaupmannahöfn	25
		Sifjamál.	
39.	S. d.	Lög um stofnun og slit hjúskapar	116—136
46.	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	151—162
57.	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna	187—193
		Siglingar, skip.	
9.	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands	24
22.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip	45—47
23.	S. d.	Lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip	47—51
32.	S. d.	Lög um slysatrygging sjómanna	82—85
37.	S. d.	Lög um lestagjald af skipum	108—109
53.	S. d.	Lög um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum	176—177

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
		Siglufjörður.	
49.	27. júní	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði	170
		Skattar, tollar.	
27.	S. d.	Lög um aukatekjur ríkissjóðs	56—68
30.	S. d.	Lög um erfðafjárskatt	75—79
37.	S. d.	Lög um lestagjald af skipum	108—109
38.	S. d.	Lög um vörutoll	110—115
41.	S. d.	Lög um breyting á 1. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911	139—140
56.	S. d.	Lög um bifreiðaskatt	186—187
60.	S. d.	Lög um útflutningsgjald af síld o. fl.	195—197
66.	S. d.	Lög um fasteignaskatt	219—220
70.	S. d.	Lög um útflutningsgjald	224—225
74.	S. d.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	277—293
75.	S. d.	Lög um stimpilgjald	293—305
81.	16. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.	611
83.	16. nóv.	Bráðabirgðalög um lækkun á aðflutningsgjaldi	620
84.	30. nóv.	Tilskipun um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík	621—622
		Skólar.	
24.	27. júní	Lög um breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs	51—52
		Slysatrygging sjómanna.	
32.	S. d.	Lög um slysatrygging sjómanna	82—85
		Söknargjöld.	
29.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 40, 30. júlí 1909, um söknargjöld	74
		Stimpilgjald.	
75.	S. d.	Lög um stimpilgjald	293—305

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
		Styrktarsjóðir.	
86.	30. des.	Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrinu drotningar, til styrktar sjúklingum á Landsspítala Íslands	624—625
87.	S. d.	Auglýsing um staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrinu drotningar, til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík	625—626
		Sveitarstjórn.	
67.	27. júní	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv 1905	221
		Tekjuskattur.	
74.	S. d.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt	277—293
84.	30. nóv.	Tilskipun um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík	621—622
		Útflutningur.	
11.	27. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra	26
60.	S. d.	Lög um útflutningsgjald af síld o. fl.	195—197
70.	S. d.	Lög um útflutningsgjald	224—225
78.	S. d.	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar	324
81.	16. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.	611
		Vátrygging.	
22.	27. júní	Lög um breyting á lögum nr. 54, 30 júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip	45—47
23.	S. d.	Lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip	47—51
34.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátryggingu	88—90

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðutal.
35.	27. júní	Lög um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátrygging.	91—97
		Veðmálabækur. sjá afsalsbækur.	
		Verslun, verslunarstaðir.	
7.	6. júní	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Svíaríkis	21—22
11.	27. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra	26
17.	S. d.	Lög um stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi	41
18.	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð	41—42
28.	S. d.	Lög um verslun með tilbúinn áburð og kjarnfóður	69—73
40.	S. d.	Lög um einasölu á tóbaki	137—138
78.	S. d.	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar	324
		Vestmannaeyjar.	
65.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja	218
		Vörumat.	
58.	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat	194
		Vörumerki.	
7.	6. júní	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Svíaríkis	21—22
		Vörutollur.	
38.	27. júní	Lög um vörutoll	110—115
		Þinglestur.	
72.	S. d.	Lög um afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	273—275

Opið brjef,

1

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febr. 1921. 4. jan.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 18. gr. í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið, að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1921. Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem sitja eiga á þinginu, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amalíuborg, 4. janúar 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h. f.

2
4. jan.

Konungsbrjef

um

setning Alþingis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1921.

Ritað á Amalíuborg, 4. janúar 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Stjórnartíðindi 1921, A 2.

Lög

3
29. apríl

um

framlenging á gildi laga nr. 57, 28. nóv. 1919.
[Seðlaauki Íslandsbanka].

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski. Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 57, 28. nóv. 1919, um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, skulu vera í gildi til 1. júní 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 29. apríl 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h. f.

4
7. maí

Lög

um

breyting á póstlögum, nr. 43, 16. nóv. 1907, og lögum nr. 64, 28. nóv. 1919.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau **með samþykki Voru:**

1. gr.

Póstlögum, nr. 43, 16. nóvember 1907, skal breytt þannig:

Á eftir c-lið í 5. grein komi nýr liður:

d. Opium, morfin, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í böggl-um, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Aftan við 21. gr. komi ný málsgrein:

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

2. gr.

Lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, skal breytt þannig:

Í stað 4. gr. a. og b. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum,

ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 20 aurar
ef þau vega yfir 20 grömm, að 125 grömmum . . . . . 40 —
ef þau vega yfir 125 grömm, að 250 grömmum . . . . . 60 —

Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til útlanda, sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef . . . . . 15 aurar
Spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 30 —

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 20 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðeins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða sniði, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 30 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna . . . . . 20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er 10 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

Í 4. gr. c. komi í stað „20 aurar“ 50 aurar.

Í stað 4. gr. d. og e. komi:

d. Fyrir póstávísanir:
25 kr. eða minni upphæð . . . . . 30 aurar
yfir 25 kr., alt að 100 kr. . . . . 60 —
og 20 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póstkröfur
greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

Á eftir 4. gr. f. bætist:

g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða

4 7 maí verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1921.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, og lögum nr. 19, 18. maí 1920, inn í meginmál póstlaganna, nr. 43, 16. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem póstlög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson

Póstlög

5
7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 4. gr. í lögum 7. maí 1921, um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907, og lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, höfum látið semja texta nefndra laga 16. nóvember 1907, með þeim breytingum og viðauka, sem ræðir um í lögum nr. 22, 2. nóvember 1914, lögum nr. 64, 28. nóvember 1919, lögum nr. 19, 18. maí 1920, og tjeðum lögum 7. maí 1921, og gefum hann hjermeð út sem póstlög.

I. kafli.

Um stjórn póstmála.

1. gr.

a. Hinum íslensku póstmálum skal stjórnað af aðalpóstmeistara, sem hefur umsjón með rekstri póststarfanna.

Aðalpóstmeistari stendur undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra millilíða.

b. Til aðstoðar aðalpóstmeistara skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn.

c. Í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skulu skipaðir póstmeistarar, og skulu þeir og póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, standa beint undir aðalpóstmeistara.

2. gr.

Til flutnings með póstum, frá einni póststöð til annarar, skal veita móttöku:

a. Lausum brjefum; skal þar til telja:

1. Hvað eina, sem er með brjefalagi (almenn brjef og spjaldbrjef);
2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi eða aðeins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru og snið;

skulu sendingar þessar vera með utanáskrift, en hvorki má skrifa á þær verð nje að aðrir munir fylgi þeim. Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, má prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu

5 7. maí

bandi eigi vera þyngra en 2 kílógrömm (4 pund), og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en ¾kílógramms (1½ pund). Sýnishorn af vöru eða snið má eigi vera þyngra en 250 grömm (50 kvint).

Sendingarnar eru skoðaðar á b y r g ð a r s e n d i n g a r, ef utan á þeim stendur „mælt með", „á hendur falið" eða „NB." og undir þær er borgað fyrirfram að fullu.

Öll þau brjef s k u l u vera ábyrgðarbrjef, sem lögð er inn í gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sje tilgreind.

b. P e n i n g a b r j e f u m; telst þar undir alt, sem er með brjefalagi, eigi þyngra en 250 grömm (50 kvint) og svo á sig komið, sem fyrir er mælt í staflið a., þegar verð hins innlagða er tilgreint og það er annaðhvort peningar eða verðbrjef. Fulla upphæð þarf ekki að tilgreina, nema sá beiðist tölu á, sem sendir, þegar hann afhendir sendinguna.

c. B ö g g l u m; teljast þar undir allar aðrar sendingar en tilgreindar eru í stafliðunum a. og b., sem hægt er að senda með póstum og vísað er til ákveðinna móttakenda og eru í lokuðum umbúðum svo sem hlýðir.

Undir fylgibrjef með bögglum má aðeins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

d. P ó s t á v í s u n u m, þ. e. ávísunum á peningaupphæðir, sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út á öðru.

Til póstávísana má aðeins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

e. P ó s t k r ö f u m, þ. e. kröfum um innheimtu á peningaupphæðum.

Undir póstkröfur má aðeins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

f. B l ö ð u m o g t í m a r i t u m, sem menn skrifa sig fyrir; skal þar til telja sjerhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað á líkan hátt, þegar það á að koma út einu sinni eða oftar á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur eigi yfir 250 grömm (50 kvint).

3. gr.

Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum og vagnstjórar eða farþegar á póstvögnum mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis sendingar, sem taldar eru í 2. gr. a. 1. og b.

Þó gilda þessar undanþágur:

1. Þegar póstsjóður verður ekki fyrir neinum tekjumissi við það, að sendingarnar eru eigi fluttar með pósti.
2. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður eða hefir sent hann með þær.

Útgjörðarmenn póstskipa og póstvagna mega nota þessi flutningsgögn

sín til að flytja brjef og peningasendingar í þágu útgjörðarinnar einnar, milli stjórnendanna og starfsmanna þeirra og starfsmannanna sín á milli. 5 7. maí

4. gr.

Póststjórnin ákveður, hversu mikið af munum þeim, sem getið er um í 2. gr., póstur geti tekið til flutnings og ráðstöfunar m. m., svo og hver skilyrði skuli gjörð og hverjar reglur settar í slíkum greinum. Hún ákveður, hvenær póststofur, póstafgreiðslu- og brjefhirðingastaðir skuli taka á móti og afhenda póstsendingar, og hvenær póstkröfuviðskifti geti byrjað innanlands og hvernig póstávísana- og póstkröfuviðskiftum skuli hagað, svo og hvaða pósthús geti tekið þátt í þeim.

5. gr.

Með póstum má ekki flytja:

a. Hluti, sem bannað er að breiða út.
b. Hluti, sem að ytra áliti bera með sjer eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.
c. Hluti, sem hætta er búin af að flytja, t. d. eldfima, sprenghætta, etandi eða þess konar hluti, svo og daunilla hluti.
d. Opium, morfin, cocain og önnur deyfandi efni til útlanda, nema í bögglum, þó að eins til þeirra landa, sem veita heimild til þess.

Sje þagað um innihald þess konar sendinga eða rangt skýrt frá um það, á póststjórnin heimting á bótum fyrir þann skaða, sem af því hlýst.

6. gr.

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 2. og 4. gr., hefur póststjórnin heimild til að taka að sjer önnur störf, sem samrýmanleg eru við ætlunarverk hennar, svo sem að láta bera út brjef með hraðbera og að annast um flutning á innansveitar- og innanbæjarsendingum. Hún ákveður þá burðar- og flutningsgjaldið og setur reglur fyrir slíkum framkvæmdum.

II. kafli.

Um póstferðir og póstflutning.

7. gr.

Póststjórnin sjer um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún sjálf á, eða öðrum fararbeina, eftir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

5 7. maí

8. gr.

Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi milli tiltekinna staða, er skyldur til, ef þess er krafist, að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni, alt að 25 kílógramma (50 punda) þunga í hverri ferð. Hann skal auk þess að minsta kosti 24 stundum áður en hann í fyrsta skifti leggur af stað, skýra næsta pósthúsi frá flutningum þessum og ferðaáætlun og á sama hátt skýra frá breytingum þeim, sem þar á kunna að verða gjörðar.

Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, sem óviðkomandi menn komast ekki að, og skylt er að skila póstflutningnum á rjettum stöðum.

Sje öðruvísi um samið, skal borga 5 aura fyrir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga af því, sem póstflutningurinn nemur alls í hverri ferð.

9. gr.

Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hjer á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka til flutnings, ef þess er óskað, allskonar brjefasendingar, sem taldar eru undir staflið a. í 2. gr. póstlaganna.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sje hlýtt.

Hvert skip, sem afgreitt er frá höfn á Íslandi, er skyldugt til, eftir áskorun póststjórnarinnar, að taka til flutnings þær sendingar, sem nefndar eru í 2. gr. staflið a. Sje skipið haft í reglubundnum flutningaferðum, er það einnig skyldugt að taka til flutnings þær sendingar aðrar, sem nefndar eru í 2. gr., og skal póststjórninni heimilt að hengja upp á skipum þessum, þar sem hentugast þykir, læsta póstbrjefakassa og heimta, að fyrir peningabrjef og böggla sje autt rúm að minsta kosti 40 teningsfet að stærð.

Útgjörðarmaður eða skipstjóri þess skips, sem senda á í reglubundnar flutningaferðir, er skyldur til í tækan tíma og í síðasta lagi samtímis hinni fyrstu auglýsing sinni um ferðirnar, að segja póststjórninni til um leið skipsins, viðkomustaði, farartíma og komutíma, og eins um sjerhverja þá breyting, sem gjörð verður á ferðum þessum síðar.

Hafi póststjórnin, annaðhvort við sjerstakt tækifæri, eða með almennri auglýsing fyrir þau skip yfirhöfuð, sem eiga leiðir á ákveðna staði, krafist þess, að póstflutningur verði hafður meðferðis, þá skulu skipstjórar á skipum þessum, ef þau eru eigi höfð í reglubundnum flutningaferðum, segja til þess í tækan tíma á pósthúsinu á þeim stað, sem þeir byrja ferð sína frá, og í seinasta lagi 24 klukkustundum áður, hvaða dag og stund þeir ætla sjer að halda í burt, og mega þeir þá ekki fyr fara, nema póstsendingar sjeu á skip komnar.

Á leiðinni skal skipstjóri geyma sendingarnar á þeim stað, þar sem þeim

er óhætt og óviðkomandi menn komast ekki að þeim,og annast um þær sjerstaklega, hvenær sem einhver hætta ber að höndum. 5 7. maí

Neyðist skipstjóri til að leita annarar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann segja til á pósthúsinu þar, að hann hafi póstsendingar meðferðis. Sje þar ekkert pósthús, skal hann láta þann embættismann, sem hann annars kann að hitta, vita það og fara eftir þeim ráðstöfunum, sem þá kunna að verða gjörðar og honum verður frá skýrt.

Þegar skipstjóri kemur þangað, sem ferðinni var heitið, skilar hann tafarlaust af sjer póstsendingunum á pósthúsinu, er hann er lagstur við akkeri.

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hjer um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

10.. gr.

Verði póstarnir eða fargögn þau, sem póstflutningur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða ef þeir þurfa aðstoðar við af öðrum ástæðum til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað að veita póstunum alla þá hjálp, er hann getur í tje látið, mót sanngjarnri borgun.

Þá borgun greiðir póststjórn eftir samkomulagi við hlutaðeigendur eða eftir úrskurði hlutaðeigandi lögreglustjóra, ef samkomulag næst eigi.

Skyldir eru menn til að víkja úr vegi fyrir póstum, ef þörf gjörist, þegar merki er gefið með póstlúðrinum í hæfilegri fjarlægð.

III. kafli.

Um burðargjald og aðrar póstgreiðslur.

11. gr.

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frímerkjum, ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 20 aurar
   ef þau vega yfir 20 grömm, að 125 grömmum . . . . . 40 —
   ef þau vega yfir 125 grömm, að 250 grömmum . . . . . 60 —
   Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til útlanda sem er:
   Fyrir hin fyrstu 20 grömm 40 aurar, og svo 20 aurar fyrir hver 20 grömm, sem þar eru fram yfir.
   Spjaldbrjef . . . . . 15 aurar
   Spjaldbrjef með borguðu svari . . . . . 30 —

5
7. maí

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 20 aura fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðeins samanbrotið eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða sniði, þegar frímerki eru höfð, 10 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir **fyrir lagt, eða ef þyngdin** er meiri en heimilt er að senda með póstum, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn bréf, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 30 aurar greiðist ennfremur fyrir ábyrgð hverrar sendingar, sem talin er í 1. og 2.

b. **Fyrir peningabrjef:**

20 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð, sem tilfærð er utan á bréfinu, þó ekki minna en 60 aurar, og þar að auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna .. .. 20 aurar
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er 10 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. **Fyrir böggla:**

50 aurar fyrir hvern böggul og að auki 10 aurar fyrir hvert ½ kílógramm eða minni þunga.

Eigi að senda bögglana með landpóstum, skal þar að auki greiða: Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga .. .. 40 aura.
Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm eða minni þunga .. .. 40 aura.

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið, skal borga alt að 100% meira.

Sje verð tilgreint á bögglinum, skal ennfremur greiða ábyrgðargjald það, sem ákveðið er í staflið b.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrjef eða önnur slík verðbrjef, og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrjef segir, en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sérstaklega.

d. Fyrir póstávísanir:
25 krónur eða minni upphæð .. .. 30 aurar
yfir 25 krónur alt að 100 kr. .. .. 60 —
og 20 aurar fyrir hverjar 100 krónur eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póstkröfur
greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir, og 20 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f. Fyrir blöð og tímarit:
Á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga .. .. 25 aurar.
Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga .. .. 50 aurar.
Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.
Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

g. Póststjórninni er heimilt að taka aukagjald fyrir flutning á póstsendingum með flugferðum og í flotkistum.

h. Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrjefum eða bögglum til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 10 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyrir, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

12. gr.

Borgun sú, sem ákveðin er í 11. gr. þessara laga, skal greiðast fyrirfram fyrir:

1. Ábyrgðarbrjef.
2. Peningabrjef.
3. Böggla.
4. Póstávísanir.
5. Póstkröfur.
6. Móttökukvittanir.
7. Krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkvæmt 11. gr. f. þessara laga.
8. Sendingar til konungs og konungsættingja.
9. Sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undan-

5 7 maí skildum almennum brjefasendingum, sem eru frá öðrum en þess konar mönnum, þegar þær eru að eins umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eigin handar undirskrift vottað það á sendingunni.

10. Spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo, að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafist af póststjórninni.

13. gr.

Burðargjald greiðist fyrir fram með því að líma á brjef, peningabrjef og fylgibrjef með bögglum frímerki.

Burðargjald fyrir blöð og tímarit, sem send eru samkvæmt 11. gr. f, borgast í peningum.

Frímerki, spjaldbrjef, opin og þau, sem loka má, er póststjórninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir sölu á frímerkjum og spjaldbrjefum, samkvæmt reglum, sem póststjórnin setur, greiðast 4 af hundraði. Póststjórnin lætur og búa til eyðublöð undir spjaldbrjef, póstávísanir, póstkröfur, fylgibrjef, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

14. gr.

Til þess að borga undir sendingar, sem landssjóður endurborgar burðargjaldið fyrir eftir reikningi, má nota þjónustufrímerki. Hinar nánari reglur um þetta svo og um reikningsskilin verða gefnar í reglugjörð þeirri, sem getur um í 27. gr.

15. gr.

Fyrir störf þau, sem nefnd eru hjer á eftir, skal sendandi greiða þessi gjöld, er renna til hlutaðeigandi pósthúss:

a. Fyrir hverja viðurkenning fyrir, að eitthvað sje látið á póst, 5 aura. Þó skal sá, sem sendir, eigi þurfa að borga fyrir þessa viðurkenning, ef hann hefir póstkvittunarbók með sjer, sem póststjórnin hefir fyrirskipað, og hefir innfært alt viðvíkjandi sendingunni í rjetta dálka, svo að póstmaður þarf ekki annað en að skrifa nafn sitt. Póstkvittanabækur skulu vera til sölu á póstafgreiðslustöðum.

Kvittanir fyrir að sendingar með þjónustufrímerkjum hafi verið afhentar á póst, skulu gefnar ókeypis. Í kvittunum fyrir blöð og tímarit skal tilgreint, hvenær þau voru látin á póstinn. Ef margar sendingar frá sama sendanda til sama móttakanda eru látnar í einu á póstinn, má krefjast þess, að þær sjeu allar settar á sömu kvittun.

Kvittanir fyrir lausum brjefum, sem engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar. 5
7. maí

b. 5 aura fyrir hvert af þeim störfum, sem hér eru nefnd:
fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu;
fyrir að setja á merki, sem þörf er á;
fyrir að búa um peningabrjef;
fyrir utanáskrift eða fyrir að fylla út fylgibrjef.

IV. kafli.

Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

16. gr.

Glatist á b y r g ð a r b r j e f í vörslum póststjórnarinnar, skal greiða þeim, sem sendi, 20 kr. í skaðabætur.

Glatist p e n i n g a b r j e f meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin það, sem greint var á brjefinu um verðið; glatist eitthvað af innihaldi þess, bætir hún það sem vantar á það, sem tilgreint var.

Týnist b ö g g u l s e n d i n g eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörslum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 krónu fyrir hvert ½ kílógramm af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrr er sagt um peningabrjef.

Sje sending týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefir verið.

Sendingar eru í vörslum póststjórnarinnar frá því að þeim er veitt móttaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eftir því sem utanáskriftin segir, eða sje staður sá, sem sending á að fara til, fyrir utan póstumdæmi Íslands, þá þangað til hún er afhent til frekari fyrirgreiðslu hlutaðeigandi póststjórn erlendis. Glatist póstsending eða skemmist í erlendu póstumdæmi, er póststjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eftir þeim póstsamningum, sem gjörðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

Skaðabætur greiðast ekki:

a. þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum;

b. þegar sending hefir eigi skaddast að utan á umbúðum eða innsigli svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemst eða aflagast; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbrjefum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósköddud eða ekki, ef það fje var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.

5 7. maí

c. þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Stjórnarráðið getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugjörð.

Bætur þær, sem póststjórnin á að gjalda eftir því, sem nú er sagt, ná að eins til verðs þess hlutar, sem glatast hefir eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinlínis afleiðingar skaðans.

Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

17. gr.

Skylda til skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafist af póststjórninni innan árs frá því, er sendingin var látin á póstinn.

V. kafli.

Um brot gegn póstlögunum.

18. gr.

Brot á móti ákvæðunum í 3. gr. varðar sektum frá 2 til 10 kr. fyrir hverja þá sending, er nefnd er í 2. gr. a. 1. og b. og flutt hefur verið ólöglega, hvort sem sendingin hefur verið flutt fyrir borgun eða ekki, og auk þess skal borga venjulegt burðargjald fyrir sendinguna. Sektafjeð og burðargjaldið má heimta annaðhvort af sendanda eða þeim, sem tekið hefur sendinguna til flutnings. Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur það mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar.

19. gr.

Fyrir að senda peninga eða aðra verðmæta muni, sem nefndir eru í 2. gr., staflið a., síðustu málsgrein, tilsagnarlaust í lausum brjefum án ábyrgðar, skal liggja við sekt, er sje fimtungur af verði því, sem leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

20. gr.

Embættismenn þeir eða sýslunarmenn, sem nota þjónustufrímerki til annara sendinga en þeirra, er leyft er, eða láta aðra menn fá þau til þess, sem þeim ekki er leyft, eða með öðru móti verða þess valdandi, að heimtað verði af landssjóði meira fje fyrir burðargjald en þeim ber, skulu sæta 10 til 100 króna sektum.

21. gr.

Fyrir misferli af hálfu þeirra, sem halda uppi fólksflutningum á landi og skipsútgjörðarmanna og skipstjóra á því, sem þeim er gjört að skyldu í 8. og 9. gr., skal greiða 5 til 200 króna sekt. Valdi þau misferli póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi þar að auki endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi. 5 7. maí

Sömu hegningu skal sá sæta, er veitir eigi póstunum tafarlaust þá hjálp, sem um er rætt í 10. gr., svo og sá, sem eigi hlýðir ákvæðinu í síðasta hluta sömu greinar, um að víkja úr vegi fyrir póstum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem brýtur á móti ákvæðunum í 5. gr.

22. gr.

Sektir þær, sem um er rætt í 18.—21. gr. ákveður póststjórnin og skal úrskurður hennar standa óhaggaður, nema hlutaðeigandi innan 14 daga frá því, er honum var birtur úrskurðurinn, heimti að málið gangi til dóms, og skal þá með það farið sem alment lögreglumál.

Póststjórninni er heimilt, ef ástæða virðist til þess í stöku tilfellum, að færa niður ofangreindar sektir eða gefa þær upp með öllu.

Umræddar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, og auk þess er póststjórninni heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um ákveðinn tíma, þannig að hvorki sjeu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Póststjórninni skal einnig heimilt á sama hátt, ef stjórnarráðið samþykkir, að loka póstsambandi fyrir mönnum, sem gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

23. gr.

Sektir þær, sem nefndar eru í 18.—20. gr., falla til þess, sem með frásögn sinni kemur því til leiðar, að hin drýgðu brot komast upp. Aðrar sektir og burðargjald, sem undan hefur verið dregið, renna í póstsjóð.

VI. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

24. gr.

Sá, sem látið hefir eitthvað á póst, hefir ráð yfir því, þangað til því er skilað.

Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er skila átti:

a. Sendingar frá mönnum, sem eru í varðhaldi eða fangelsi, eða til þeirra, má afhenda eftir því, sem reglugjörð fangelsisins mælir fyrir, eða rannsóknardómaranum.

5 7. maí

b. Ábyrgðarbrjef, peningabrjef og böggla má, ef bú móttakanda er undir skiftum, afhenda þeim, er fyrir skiftunum ráða.

Sendingar, sem eigi komast til skila (26. gr.), skulu opnaðar og með þær farið eins og póststjórnin leggur fyrir.

Annars má enginn, sem er í póstþjónustu, gefa nokkrum manni út í frá neina vísbendingu um það, sem annar maður sendir með pósti, og eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, með vitund póstmanna, opna nje lesa af óviðkomandi mönnum.

25. gr.

Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörslum póststjórnarinnar, er henni heimilt að halda honum eftir eða því, sem hann hefur inni að halda, uns borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum eða því, sem hann hefur inni að halda.

Ef skera á úr því, hvort eitthvað hafi með löglegu móti verið látið á póstinn eða sent með honum, og úrskurður þessi er kominn undir því, hvers eðlis eða innihalds sendingin er og hún er í vörslum póststjórnarinnar, má hún heimta, að sendingin verði í viðurvist póstmanns opnuð og rannsökuð af móttakanda eða þá sendanda. Verði þessu eigi hlýtt, má póststjórnin ráða yfir hlutnum eins og áður var getið.

26. gr.

Póstsendingar þær, sem eigi er hægt að skila þeim, sem við átti að taka, skal selja póstsjóði í hag. En ef sá segir til sín innan missiris frá því, er selt var, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

27. gr.

Reglugjörðir um framkvæmd á lögum þessum semur póststjórn Íslands eftir þörfum.

28. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febrúar 1872, svo og lögin um breytingar á greindri tilskipun frá 15. október 1875, 10. október 1879 og 9. janúar 1890, og ennfremur sjerhver önnur ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í þessum lögum, og ekki byggjast á samningi eða samkomulagi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 7. maí 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

6
31. maí

um

seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til 31. okt. 1922 fer Íslandsbanki með seðlaútgáfu í ríkinu, að undanteknum þeim ¾ miljónar, sem ríkissjóður gefur út af seðlum. Allir þeir seðlar, sem bankinn gefur út, skulu málmtrygðir á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905.

Hinn 31. okt. 1922 má bankinn ekki hafa í umferð meira en 8 miljónir króna í seðlum.

2. gr.

Leyfistími bankans er á enda 31. des. 1933. Á tímabilinu frá 31. okt. 1922 til enda leyfistímans skal bankinn draga inn seðla sína alla með 1 miljón króna árlega, þar til eftir eru 2½ miljón króna, en þaðan af svo, að sem næst jafnhá upphæð sje tekin úr viðskiftaveltu árlega til loka leyfistímans, 31. des. 1933.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um innköllun seðlanna fyrir hvert ár.

Seðlaútgáfa sú, sem á þennan hátt losnar, hverfur á þessu tímabili til ríkissjóðs, og skal fyrir 1. júní 1922 ákveðið með lögum, hversu seðlaútgáfu þessari skuli komið fyrir framvegis.

3. gr.

Íslandsbanka er skylt að selja ríkissjóði með nafnverði það af gullforða sínum, er hann þarf eigi til tryggingar eigin seðlum sínum, og má hann því eigi láta neitt af forða þessum af hendi, nema hann hafi áður boðið hann til kaups með áðurnefndu verði og ríkissjóður neitað að kaupa. Eigi má Íslandsbanki heldur á neinn annan hátt binda þennan forða þannig, að ríkissjóður geti eigi fengið hann, er han losnar úr seðlatryggingunni.

Allur gullforði bankans skal geymdur í Reykjavík og vera háður eftirliti ríkisstjórnarinnar, samkvæmt þeim reglum, sem um það hafa gilt.

6
31 maí

4. gr.

Bankinn skal greiða gjald í ríkissjóð eins og hjer segir:

a. Ef seðlaútgáfan fer eigi fram úr 6 miljónum króna, greiðist það gjald, sem ákveðið er í lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, en eigi annað gjald.

b. Ef seðlaútgáfan er yfir 6 og alt að 7 miljónum kr., greiðist 2% aukagjald af þeim hluta 7. miljónarinnar, sem er ómálmtrygður eftir 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

c. Ef útgáfan er yfir 7 miljónir króna, greiðast fullir forvextir bankans af því, sem fram yfir er, að svo miklu leyti, sem það er eigi málmtrygt samkv. 1. gr., eða af 62,5% af þeim seðlum.

Gjald það, er ræðir um í b.- og c.-lið, telst eftir seðlum, sem í umferð eru í lok hvers mánaðar, og greiðist gjaldið í ríkissjóð í hvers mánaðar lok.

5. gr.

Hlutafje Íslandsbanka skal auka um 100%, á þann hátt, að ríkisstjórnin leggur hlutafjáraukann fram úr ríkissjóði, þegar er hún hefir látið fara fram nákvæma athugun á hag bankans, enda sjeu hlutafjárframlögin þá, að hennar dómi tiltækileg. Verð hlutabrjefa þeirra, sem ríkissjóður tekur, skal ákveðið af 5 mönnum, tveim kosnum af sameinuðu Alþingi með óhlutbundnum kosningum, tveim útnefndum af hluthöfum Íslandsbanka, og oddamanni, sem hæstirjettur tilnefnir.

Takmarkanir á atkvæðum eftir hlutafjármagni skulu engar vera, að því er hlutaeign ríkissjóðs snertir.

6. gr.

Á meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, skal ríkisstjórnin skipa tvo af þrefur bankastjórum bankans.

7. gr.

Íslandsbanka er heimilt að innkalla hina eldri og yngri seðla sína, með þeim fresti og á þann hátt, er stjórnarráðið samþykkir.

Helmingur andvirðis þeirra hinna yngri seðla, sem eigi koma fram að lokum til innlausnar, rennur í ríkissjóð.

Nú ber svo við, að seðlar bankans týnast á þann hátt, að sannað er, hversu miklu nemur, og ríkissjóður á að bera skaðann, og er það þá samningamál milli bankans og stjórnarráðsins, hversu fer um andvirði þeirra seðla.

8. gr.

Leyfisbrjef bankans frá 5. nóv. 1902 heldur gildi sínu, að því leyti sem lög þessi breyta því eigi.

6
31. maí

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 16, 18. maí 1920, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við þau.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en falla úr gildi 30. sept. 1921, nema því að eins, að hluthafafundir Íslandsbanka verði þá búnir að gera þær ráðstafanir, sem lög þessi áskilja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

7
6. júní

Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Svíaríkis.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Svíaríki eins og eigin þegnum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í Svíaríki reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi, með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

7
6. júní

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Svíaríki fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Svíaríki.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Svíaríki, nema gagnstætt sje velsæmi og alsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í Svíaríki, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í Svíaríki.
6. Nú er synjað um skrásetning samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rjett til að fá merkið skrásett með einkarjetti, til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal þá mál útaf þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rjett þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 6. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

8
27. júní

um

afnám laga nr. 12, frá 18. sept 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis aðeins gefin á íslensku.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 12, frá 18. sept. 1891, um að íslensk lög verði eftirleiðis að eins gefin á íslensku, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

9
27. júní

Lög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nýtt skipaveðlán h.f. Eimskipafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni veitist heimild til þess að ábyrgjast greiðslu á ¼ hluta veðláns, að upphæð alt að 250000 hollensk gyllini eða jafngildi í mynt annara landa, sem hf. Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á millilandaskipi, sem fjelagið er nú að láta smíða í Danmörku. Lánið endurborgist á 10 árum með jöfnum árlegum afborgunum og sje trygt að minsta kosti með fyrsta veðrjetti í hinu nýja skipi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

10
27. júní

um

sendiherra í Kaupmannahöfn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Kaupmannahöfn skal vera sendiherra, er konungur skipar, og sendisveitarritari, er ráðherra skipar. Aðra starfsmenn, sem nauðsynlegir eru að dómi ráðherra, ræður sendiherra.

2. gr.

Laun sendiherra, húsaleigu, risnufje og skrifstofuhald greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

Stjórnin gefur út erindisbrjef handa sendiherranum og ákveður starfssvið hans.

4. gr.

Heimilt er sendiherra að krefjast borgunar fyrir störf sín, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur. Borgun þessi rennur í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

11
27. júní

Lög

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og flutning þeirra, ef sýslunefndir í meiri hluta hrossahjeraðanna æskja þess. Ríkisstjórnin getur sett, með reglugerð eða reglugerðum, nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin, á þann hátt sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

um

samþykt á landsreikningnum 1918 og 1919.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

	Áætlun	Reikningur
I. Tekjur.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur	150000	284844,76
2. Húsaskattur	29000	48565,25
3. Tekjuskattur	120000	859135 90
4. Aukatekjur	140000	203671 61
5. Erfðafjárskattur	16000	84244 73
6. Vitagjald	85000	93268,78
7. Leyfisbrjefagjöld	14000	23881,14
8. Gjald af Kínalífselixír	40000	30870,11
9. Útflutningsgjald	300000	475367,37
10. Áfengistollur	100000	330131,33
11. Tóbakstollur	550000	1015271,56
12. Kaffi- og sykurtollur	950000	1141976,09
13. Vörutollur	575000	2234774,71
14. Annað aðflutningsgjald	100000	210087,86
15. Pósttekjur	360000	367864,99
16. Símatekjur	660000	1533723,68
17. tekjur af Íslandsbanka	22000	206456,83
18. Tekjur af Landsbankanum	55000	159189,47
19. Óvissar tekjur	40000	160879,39
20. Stimpilgjald		1399909,22
21. Verðhækkunartollur		563,75
22. Tekjur af jarðeignum ríkissjóðs	56000	101232,31
Flyt	4362000	10965910,84

12
27. júní

	kr.	kr.
Flutt	4362000	10965910,84
23. Tekjur af kirkjum	200	46,24
24. Tekjur af silfurbergsnámum	4000	6820,00
25. Tekjur af Ræktunarsjóði	20000	35062,75
26. Viðlagasjóðstekjur	248750	366526,01
27. Árgjald af brauðum	3600	2862,22
28. Endurgreidd skyndilán embættismanna ..	1200	1369 82
29. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur ..	4000	17870,84
30. Greiðsla úr ríkissjóði Danmerkur	120000	55000,00
31. Vextir af landsverslun og eimskipum		1420560,65
32. Lán, tekin		11085000,00
33. Ágóði af gengismun o. fl.		156581,07
34. Greiddar eftirstöðvar sýslumanna		7630,20
35. Afborgun frá landsverslun		2792849,53
36. Tekjuhalli 1919		267424,75
Samtals	4763750,00	27181514,92

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld.		
1. Vextir og afboganir af lánum ríkissjóðs ..	687687,65	12446178,68
2. Útgjöld við æðstu stjórn landsins	188300	293894,03
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	126000	417906,86
4. Dómgæsla, lögreglustjórn o. fl.:		
A. Dómgæsla og lögreglustjórn	183990	238744,20
B. Ýmisleg útgjöld	141100	420102,71
5. Útgjöld við læknaskipunina	604932,88	1051083,05
6. Til samgöngumála:		
A. Útgjöld við póststjórnina	321600	425012,87
B. Til vegamála	451400	505498,03
C. Samgöngur á sjó	325700	362968,55
D. Ritsími og talsími	506600	1120818,29
E. Vitamál	120550	218961,87
7. Kirkju- og kenslumál:		
A. Andlega stjettin	89012,82	90056,14
B. Kenslumál	693040	755590,72
Flyt	4439913,35	18346816,00

12
27. júní

	kr.	kr.
Flutt	4439913,35	18346816,00
8. Vísindi og bókmentir	302540	314883,34
9. Til verklegra fyrirtækja	572700	600268,32
10. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur	6200	21081,65
11. Eftirlaun og styrktarfje	196272	235507,27
12. Óviss útgjöld	40000	471573,11
13. Greiðslur samkvæmt lögum, fjáraukalögum og þingsályktunum		6896584,46
14. Tekjuafgangur 1918		294800,77
Samtals	5557625,35	27181514,92

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Magnús Guðmundsson.

13
27. júní

Fjáraukalög

fyrir árin 1918 og 1919.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum 1918 og 1919, veitast 2280585 kr. 63 a. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. — 9. gr. hjer á eftir.

13
27. júní

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 9. gr. veitast 104584 kr. 03 a.

A. Æðsta stjórn landsins.

Við tölulið	2.	Utanferðir ráðherra	1919 kr.	10915,75	
— —	4.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918 —	29329,20	
— —	—	—	1919 —	27077,74	
— —	5.	Ríkisfjehirðisstörf	1918 —	1667,64	
— —	—	—	1919 —	1679,30	
— —	7.	Umbætur og viðhald	1918 —	6939,80	
— —	—	—	1919 —	12076,66	
					kr. 89686,09

B. Hagstofa Íslands.

Við tölulið	3.	Pappír og prentun	1918 kr.	2559,35	
— —	—	—	1919 —	6230,52	
— —	4.	Prentun eyðublaða	1918 —	180,61	
— —	5.	Húsaleiga o. fl.	— —	1710,26	
— —	—	—	1919 —	2598,44	
— —	6.	Aðstoð og skrifstofukostnaður	1918 —	109,05	
— —	—	—	1919 —	1509,71	
					kr. 14897,94
				Samtals A—B.	kr. 104584,03

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 11. gr. veitast 158754 kr. 58 a.

A. Dómgæsla og lögreglustjórn.

Við tölulið	4.	Hegningarhúsið	1918 kr.	3355,09	
— —	—	—	1919 —	10040,88	
— —	5.	Sakamálakostnaður o. fl.	1918 —	5482,35	
— —	—	—	1919 —	6555,88	
					kr. 25434,20

B. Ýmisleg útgjöld.

Við tölulið	1. a.	Útgáfa Stjórnartíðinda	1918 kr.	450,00	
— —	—	—	1919 —	450,00	
— —	1. b.	Pappír og prentun	1918 —	7810,32	
				Flyt kr.	21424,96

			Flutt kr.	21424,96		
Við tölulið	2. a. Burðareyrir embættismanna	1918	—	7906,03		
— —	— —	1919	—	12706,32		
— —	2. b. Embættissímskeyti ..	1918	—	47729,72		
— —	— — ..	1919	—	30047,54		
— —	3. Brunaábyrgðargjald o. fl. ..	1918	—	2639,47		
— —	— — ..	1919	—	5224,62		
— —	4. Eftirlitsferðir	1918	—	3921,44		
— —	— —	1919	—	1236,73		
— —	8. Yfirskattanefndir o. fl.	—	—	483,55		
					kr.	133320,38
				Samtals A—B	kr.	158754,58

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. veitast 437976 kr. 47 a.

Við tölulið	11. Röntgenstarfræksla ..	1918	kr.	6135,00		
— —	— — ..	1919	—	1000,00		
— —	14. Holdsveikraspítalinn ..	1918	—	64921,03		
— —	— — ..	1919	—	67124,05		
— —	16. Geðveikrahælið á Kleppi ..	1918	—	29858,88		
— —	— — ..	1919	—	58337,02		
— —	17. Heilsuhælið á Vífilsstöðum	1918	—	112289,31		
— —	— —	1919	—	97216,56		
— —	18. g. Heilbrigðiseftirlit	—	—	1094,62		
					kr.	437976,47

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. veitast 905906 kr. 72. a.

A. Póstmál.

Við tölulið	2. Póstflutningur	1918	kr.	6810,49		
— —	— —	1919	—	20785,12		
— —	3. a.—b. Skrifstofukostnaður ..	1918	—	4435,50		
— —	— — ..	1919	—	762,45		
— —	3. e. Önnur gjöld	1918	—	13844,15		
— —	— —	1919	—	30186,92		
					kr.	76824,63

13			B. Vegabætur.				
27. júní	Við tölulið	I. 1. b.	Ferðakostnaður o. fl.	1918	kr.	269,08	
—	—	I. 2.	Verkfróðra aðstoð ..	—	—	1793,02	
—	—	—	— ..	1919	—	6216,80	
—	—	I. 3.	Skrifstofukostnaður	1918	—	1418,72	
—	—	—	—	1919	—	2052,88	
—	—	I. 4.	Eftirlit með vegum	1918	—	95,08	
—	—	II. 1.	Húnvetningabraut ..	—	—	30365,38	
—	—	—	— ..	1919	—	36834,19	
—	—	II. 3.	Grímsnessbraut ..	1918	—	9449,95	
—	—	II. 6.	Viðh. flutningabrauta	1918	—	92400.80	
—	—	—	—	1919	—	15709,94	
—	—	III. 10.	Vegagerð frá Ljá ..	—	—	5196,76	
—	—	III. 11.	Aðrar vegabætur og viðhald	1918	—	20438,06	
—	—	—	—	1919	—	8835,73	
—	—	V.	Áhöld	—	—	9901,30	
—	—	VII.	Brú á Austur-Hjeraðsvötn	1918	—	43362,37	
—	—	—	—	1919	—	184,61	
							kr. 201364,67
			C. Samgöngur á sjó.				
Við tölulið		II. 1.	Faxaflóaferðir	1918	kr.	3000,00	
—	—	—	—	1919	—	20571,43	
—	—	II. 5.	Langanesbátur	1918	—	12000,00	
—	—	—	—	1919	—	12000,00	
							kr. 47571,43
			D. Símasamband.				
Við tölulið		II.	Til viðauka símakerfa	1918	kr.	14805,01	
—	—	—	—	1919	—	15887,16	
—	—	IV. 1. a.	Laun landssímastjóra..	—	—	3000,00	
—	—	IV. 2.	Laun símaverkfræðings	—	—	1100,00	
—	—	IV. 3.	Aðstoð og annar kostnaður	1918	—	3816,87	
—	—	—	—	1919	—	4136,76	
—	—	IV. 4.	RitsímastöðReykjavíkur	1918	—	31407,45	
—	—	—	—	1919	—	38985,21	
						Flyt kr.	113138,96

				Flutt	kr.	113138,46	
Við tölulið		IV. 5.	Þráðlaus stöð í Reykjavík	1918	—	784,56	
—	—	—	—	1919	—	3614,64	
—	—	IV. 6.	Áhalda- og efnisvörður	—	—	609,50	
—	—	IV. 7.	Ritsímastöð á Akureyri	1918	—	3771,06	
—	—	—	—	1919	—	9176,76	
—	—	IV. 8.	Ritsímastöð á Seyðisfirði	1918	—	4084,92	
—	—	—	—	1919	—	9909,36	
—	—	IV. 9.	Ritsímastöð á Ísafirði..	1918	—	3632,20	
—	—	—	—	1919	—	6153,06	
—	—	IV. 10.	Símastöð á Borðeyri ..	1918	—	1587,48	
—	—	—	—	1919	—	4062,41	
—	—	IV. 11.	Símastöð í Hafnarfirði	1918	—	742,81	
—	—	—	—	1919	—	1844,15	
—	—	IV. 12.	Símastöð í Vestm.eyjum	1918	—	709,05	
—	—	—	—	1919	—	1162,57	
—	—	IV. 13.	Aðrar stöðvar	1918	—	14035,73	
—	—	—	—	1919	—	23752,94	
—	—	V.	Eyðublöð, prentun o. fl	1918	—	26432,07	
—	—	—	—	1919	—	38248,65	
—	—	VI.	Viðbót og viðhald stöðva	1918	—	6906,47	
—	—	—	—	1919	—	23735,22	
—	—	VII.	Ferðalög vegna starfrækslu	1918	—	4438,25	
—	—	—	—	1919	—	3573,88	
—	—	VIII.	Viðhald landssímanna..	1918	—	68088,75	
—	—	—	—	1919	—	63547,43	
—	—	IX.	Alþjóðaskrifstofan í Bern	—	—	97,44	
—	—	X.	Loftskeytastöð í Flatey	—	—	19970,37	
							kr. 457810,19

E. Vitamál.

Við tölulið.	I. a.	Laun vitamálastjóra ..	1919	kr.	3000,00	
— —	I. b.	Verkfræðings aðstoð ..	—	—	1366,66	
— —	I. c.	Skrifstofuhald	1918	—	1843,68	
— —	—	—	1919	—	2223,16	
— —	I. d.	Ferðakostnaður	1918	—	637,63	
— —	III.	Rekstrarkostnaður vita	—	—	26845,18	
— —	—	—	1919	—	30194,03	
— —	IV. a.	Akranesviti	1918	—	14030,86	
			Flyt	kr.	80141,20	

13					Flutt kr.	80141,20	
27. júní	Við tölulið	IV.	d.	Gerðatangaviti	— —	7501,07	
—	—	V.		Sjómerki	— —	1581,58	
—	—	—	—	. . . . .	1919 —	1490,71	
—	—	VI.		Ýmislegt	1918 —	22899,26	
—	—	—	—	. . . . .	1919 —	8721,98	
							kr.122335,80
						Samtals A—E kr.	905906,72

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. veitast 121870 kr. 94 a.

A. Kirkjumál.

Við tölulið	b. 2.	Bráðabirgðauppbót brauða 1919				kr.	250,00

B. I. Háskólinn.

Við tölulið	c. 3.	Kennari í efnafræði	1919	kr.	240,00		
— —	e. 3.	Utanfararstyrkur læknaefna	1918	—	450,00		
— —	—	—	1919	—	750,00		
— —	i.	Líffærameinfræða rannsókn	—	—	630,55		
— —	j.	Eldiviður, ljós og ræsting . .	1918	—	6323,82		
— —	-	—	1919	—	10079,79		
— —	k. 3.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	2323,87		
— —	—	—	. . . . .	1919	—	1802,12	
						kr.	25600,15

B. II. Mentaskólinn.

Við tölulið	c. 2.	Eldiviður, ljós o. fl.	1918	kr.	7126,27		
— —	—	—	. . . . .	1919	—	5044,53	
— —	c. 3.	Skólahús utan og innan. . . .	1918	—	361,28		
— —	—	—	. . . .	1919	—	581,17	
— —	c. 5.	Tímakensla og prófdómendur	—	—	1118,75		
— —	c. 9.	Ýmisleg útgjöld	1918	—	70,41		
— —	—	—	. . . . .	1919	—	262,77	
						kr.	14565,18

B. III. Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

Við tölulið	b. 3.	Bækur og kensluáhöld	1919	kr.	878,83		
— —	b. 5.	Eldiviður og ljós.	1918	—	5076,86		
						Flyt kr.	5955,69

			Flutt kr.	5955,69		
Við tölulið		b. 5. Eldiviður og ljós	1919 —	5893,83		
—	—	b. 9. Ýmisleg útgjöld	— —	805,00		
					kr.	12654,52

B. IV. Kennaraskólinn.

Við tölulið		b. 3. Eldiviður og ljós	1918 kr.	849,07		
—	—	— —	1919 —	768,29		
—	—	b. 6. Viðhaldskostnaður	— —	144,02		
—	—	b. 7. Ýmisleg útgjöld	— —	760,53		
					kr.	2521,91

B. V. Stýrimannaskólinn.

Við tölulið		b. 1. Tímakensla	1918 kr.	915,90		
—	—	— —	1919 —	5591,00		
—	—	b. 2. Áhaldakaup	1918 —	656,46		
—	—	b. 3. Eldiviður og ljós	— —	111,43		
—	—	— —	1919 —	6213,88		
—	—	b. 4. Ýmisleg útgjöld	1918 —	313,48		
—	—	— —	1919 —	986,08		
					kr.	14788,23

B. VI. Vjelstjóraskólinn.

Við tölulið		b. Tímakensla	1918 kr.	1200,00		
—	—	— —	1919 —	1800,00		
—	—	c. Húsnæði m. m.	1918 —	139,46		
—	—	— —	1919 —	1300,00		
—	—	d. Ýmisleg útgjöld	1918 —	250,00		
					kr.	4689,46

B. VII. 1. Bændaskólinn á Hólum.

Við tölulið		b. Aðstoðarkensla	1919 kr.	150.00		
—	—	c. Smíði og dráttlist	1918 —	300,00		
—	—	d. 2. Kensluáhöld	1919 —	80,64		
—	—	d. 3. Eldiviður og ljós	1918 —	1625,00		
—	—	— —	1919 —	5921,81		
—	—	d. 4. Kaup á stórgripavog	1919 —	405,00		
—	—	d. 4. Ýmisleg útgjöld	1919 —	2123,15		
					kr.	10605,60

13 27. júní

B. VII. 2. Bændaskólinn á Hvanneyri.

Við tölulið	d. 3.	Eldiviður og ljós	. . . .	1918 kr.	1186,27		
— —	—	—	. . . .	1919 —	3614,52		
— —	d. 4.	Ýmisleg útgjöld	. . . .	— —	108,68		
						kr.	4909,47

B. XI. Yfirsetukvennaskólinn.

Við tölulið	2. b.	Annar kostnaður	. . . .	1918 kr.	479,56		
— —	—	—	. . . .	1919 —	118,40		
— —	3.	Styrkur til námskvenna	. .	1918 —	6070,00		
— —	—	—	. .	1919 —	9340,00		
— —	4.	Húsaleiga o. fl.	. . . .	1918 —	254,00		
— —	—	—	. . . .	1919 —	20,00		
						kr.	16281,96

B. XIII. Almenn barnafræðsla.

Við tölulið	1.	Til barnaskóla	. . . . .	1919 kr.	656,12		
— —	5.	Prófdómarar	. . . . .	1918 —	1150,26		
— —	—	—	. . . . .	1919 —	2443,08		
						kr.	4249,46

B. XVI. Daufdumbrakensla.

Kenslukostnaður			. . . .	1918 kr.	5070,00		
—			. . . .	1919 —	5685,00		
						kr.	10755,00
						Samtals A—B kr.	121870,94

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. veitast 32565 kr. 38 a.

Við tölulið	2.	Þjóðskjalasafnið:					
— —	2. c.	Til að binda inn skjöl m. m.		1919 kr.		kr.	202,50
— —	5.	Landsbókasafnshúsið:					
— —	5. a.	Eldiviður, ljós o. fl.	. . . .	1918 —	3263,33		
— —	—	—	. . . .	1919 —	19700,00		
— —	5. c.	Viðhald og áhöld	. . . .	1918 —	3722,79		
— —	—	—	. . . .	1919 —	2256,76		
						kr.	28942,88

			Flutt kr.	28942,88		
Við tölulið 15.		Dómasafn	1918 kr.	1460,00		
—	— 21. f.	Listasafnshúsið	1919 —	1500,00		
—	— 28.	Mýrarannsókn m. m.	1918 —	460,00		
					kr.	3420,00
					Samtals kr.	32565,38

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. veitast 49167 kr. 26 a.

Við tölulið 4.		Rannsókn vatnsvirkja	1919 kr.	370,40		
—	— 5.	Miklavatnsmýraráveita	— —	147,52		
—	— 6.	Kaup á skurðgröfu	— —	32558,27		
—	— 8. b.	Laun skógarvarða m. m.	1918 —	5000,00		
—	— 22. b.	Ferðak. síldarmatsmanna	1919 —	1023,00		
—	— 23. b.	Ferðak. ullarmatsmanna	1918 —	184,15		
—	— —	—	1919 —	2444,65		
—	— 29.	Eftirlit með áfengiskaupum	1918 —	352,12		
—	— —	—	1919 —	1187,99		
—	— 38.	Brimbrjótur í Bolungarvík	— —	5899,16		
					kr.	49167,26

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. veitast 469760 kr. 25. a.

Óviss útgjöld	1918 kr.	245846,56		
—	1919 —	185726,55		
Greiðslur samkv. landsreikningi upp á væntanlega aukafjárveitingu	— —	38187,14		
			kr.	469760,25

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Magnús Guðmundsson.

14
27. júní

Lög

um

friðun rjúpna og breyting á lögum um friðun fugla og eggja, nr. 59, frá 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Rjúpur skulu alfriðaðar til 1. okt. 1924. Frá því ári sje friðunarár rjúpna 7. hvert ár, talið frá 1. okt. til 30. sept. árið eftir.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 kr. sekt, er tvöfaldast við ítrekun brotsins. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

15
27. júní

um

veiting ríkisborgararjettar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararjettur veitist prestinum Jóhanni Martin Meulenberg í Landakoti í Reykjavík, sem fæddur er í Þýzkalandi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

16
27. júní

um

breyting á lögum 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Akureyri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

16
27. júní

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða árlegt gjald í bæjarsjóð, sem nefnist lóðargjald. Bæjarstjórnin ákveður upphæð lóðargjaldsins fyrir eitt eða fleiri ár í senn. Þó má eigi ákveða gjaldið lægra en 1% og eigi hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða, og eigi lægra en ½% og eigi hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestulanda og matjurtagarða. Gjaldið má þó aldrei vera minna en 2 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mannvirkja þeirra, sem á þeim hafa verið gerð.

Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess er reglulegt fasteignamat fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd og yfirmatsnefnd kaupstaðarins, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignanefnd, eftir því sem við á, hve mikið af verðinu er innifalið í mannvirkjum, eða hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþyktar af bæjarstjórn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði um lóðargjald af bygðri og óbygðri lóð í 18. gr. laga 8. okt. 1883 um bæjarstjórn á Aureyri.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

17
27. júní

um

stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík eru: Að sunnanverðu Hólsá, og nær verslunarsvæðið þaðan yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir. Að norðanverðu bein lína frá hinum forna Traðarbæ í stekkjartóftina á svo nefndum Bólum, og bein sjónhending þaðan til sjávar, í stefnu á Bjarnarnúp.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

18
27. júní

um

löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

18
27. júní

1. gr.

Á Suðureyri, vestanmegin Tálknafjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

19
27. júní

Lög

um

sölu á kirkjujörðinni Upsum í Svarfdælahreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja Svarfdælahreppi kirkjujörðina Upsir í Svarfaðardal, með þeim gögnum og gæðum, er þeirri jörð fylgja.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

um

eignarnám á vatnsrjettindum í Andakílsá o. fl.

20
27. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sýslunefndunum í Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu er heimilað að taka eignarnámi vatnsrjettindi í Andakílsá og Skorradalsvatni og landspildur við Andakílsá og Skorradalsvatn, svo sem þarf til virkjunar á Andakílsfossum.

Heimild þessi kemur til framkvæmdar þegar sýslunefndirnar hafa ákveðið að koma upp vatnsorkuveri við fossana og raforkuveitu þaðan út um sýslurnar og fengið samþykki ráðherra til fyrirtækisins.

2. gr.

Heimild sú, er ræðir um í 1. gr., er takmörkuð á þann hátt, að enginn sje með virkjuninni sviftur vatni, sem hann þarf að nota til heimilis- og búsþarfa eða til áveitu í ræktunarskyni, nje neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, nje vatni, er nota þarf með þeim hætti, spilt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.

3. gr.

Þegar ráðherra hefir veitt samþykki samkv. 1. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem mannvirkin eiga að ná yfir, skyldir að þola þau á löndum sínum og lóðum, svo og að láta af hendi land og mannvirki og að þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarjetti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhaldi þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem skal ákveða með mati, ef samkomulag næst ekki.

20
27. júní

4. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

21
27. júní

Lög

um

biskupskosningu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðiskennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $^3/_5$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim þeirra þriggja, er flest fengu atkvæðin, sem kirkjustjórnin telur best til þess fallinn.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.

21
27. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Jón Magnússon.

Lög

22
27. júní

um

breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Vátryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909 og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt „Samábyrgðin", tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helmingi eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða eða flutninga við Ísland.

22
27. júní

2. gr.

3. grein laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist með alt að 800.000 kr., að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4½% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

3. gr.

5. gr. laganna:

Í stað orðanna „5000 kr.“ komi: 10000 kr.

4. gr.

6. grein laganna falli burt.

5. gr.

7. grein laganna:

1. málsgrein og stafliður a. orðist þannig:

Um greiðslu og frádrátt skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugerð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur, skulu þar jafnan fast ákveðin þau atriði, er nú skal greina:

a. Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu, til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eigum, vátrygðum í Samábyrgðinni, greiðist að fullu.

6. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Sjórjettarpróf skal halda um hverskonar tjón, sem bóta er krafist fyrir eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

7. gr.

Inn í 12. grein laganna bætist orðið „gerðardómi“, á undan orðunum „ef þess er heldur óskað“.

8. gr.

Í fyrstu málsgr. 13. greinar laganna falla burt orðin „til 5 ára í senn“. Sömuleiðis falla burt í niðurlagi greinarinnar þessi orð: „Til kostnaðar við stofnun fjelagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5000 kr. á ári í fyrstu 5 árin“.

9. gr.

14. grein laganna falli burt.

10. gr. 22
27. júní

16. grein laganna:

Í stað orðanna „1000 kr.“ komi: 2000 kr.; og í stað orðanna „yfirdómi landsins“ komi: hæstarjetti ríkisins.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 54, 30. júlí 1909, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

23
27. júní

um

vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að vjer samkvæmt 11. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarsjóðs fyrir fiskiskip, höfum látið færa breytingar þær og viðauka, sem um ræðir í fyrnefndum lögum, inn í meginmál tjeðra laga nr. 54, 30. júlí 1909, og gefum þau hjer með út sem lög um vátryggingarfjelag fyrir fiskiskip.

1. gr.

Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.

23
27. júní

2. gr.

Vátryggingarfjelag það, sem stofnað var með lögum 30. júlí 1909, og nefnist Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og sem í lögum þessum er nefnt „Samábyrgðin", tekst á hendur:

a. Endurtrygging fyrir íslensk ábyrgðarfjelög skipa og báta, á helmingi eða alt að helmingi þess hluta af tryggingarhæfu verði skipa þeirra og báta, er fjelögin sjálf taka að sjer ábyrgð á.
b. Beina vátrygging á skipum og bátum.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algerðan skiptapa er að ræða.

Fjelagið tekur aðallega ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskveiða eða flutninga við Ísland.

3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með alt að 800000 kr., að fjelagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur ríkissjóður til það, er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef fjelagið hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefir þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4½% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa.

4. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 2. gr. a. fyrir innlent vátryggingarfjelag, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörð þess fjelags, en samþykki veitir stjórnarráðið því aðeins:

a ð starf fjelagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

a ð fjelagsmenn beri ábyrgð á skyldum fjelagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutafje eða ábyrgðarfje sje til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

5. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 10.000 kr., þá er um trygging eftir 2. gr. c. er að ræða, á einstöku fari.

6. gr.

Um greiðslu og frádrátt skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugerð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði, er nú skal greina:

a. Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af vátryggj- **23**
anda hálfu, til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eig- 27. júní
um, vátrygðum í Samábyrgðinni, greiðist að fullu.

b. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20% af skaðabótafjenu. Hafi vátryggjandi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gerst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að borga lán af almanna fje, þar með talin lán úr íslenskum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $^3/_5$ tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

7. gr.

Fjelagið bætir tjón og skaða, er verður af völdum sjávar, storms eða annars óveðurs, af strandi, af því, er skip ber á sker eða grunn, af skipbroti, kollsigling, ásigling, árekstri, eldi og öðrum slysum.

8. gr.

Sjórjettarpróf skal halda um hverskonar tjón, sem bóta er krafist fyrir eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

9. gr.

Þegar vátrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrjetturinn einnig til tryggingarfjárins.

10. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinu vátrygða skipi og gengur fyrir veðskuldum í 2 ár.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að vátrygt skip eða bátur sje í veði fyrir láni af almanna fje, þar í talin lán íslenskra banka og sparisjóða, má eigi fella skipið úr trygging fyrir þá sök, að iðgjöld sjeu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugerðir vátryggingarfjelaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau, er getur um í 1. og 2. málslið greinar þessarar.

11. gr.

Öll skip og bátar, er vátrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita skipum annara fjelaga,

23 hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar
27. júní fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða gerðardómi, ef þess er heldur óskað, af þeim, sem hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánar fyrir um. Þau mega ekki þiggja hjálp hjá öðrum, ef auðið er að fá hjálp hjá skipum úr sama fjelagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

12. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann, en tveir eru gæslustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfjelög, er Samábyrgðin er í samvinnu við; í reglugerðinni, þeirri sem nefnd er í 14. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæslustjóranna.

Kosning gæslustjóra gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Stjórn fjelagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu yfirlit yfir starf fjelagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því líst látið rannsaka allan hag fjelagsins og ef nauðsyn krefur, skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn fjelagsins skulu sett í reglugerð þess.

13. gr.

Ef fjelagið legst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

14. gr.

Ágreiningur milli fjelagsins og þeirra vátryggingarfjelaga, er í samvinnu eru við það, eða vátryggja í því, skal leggja í gerð, ef eigi nemur meira en 2000 kr.; í gerðardóminn kveður hver málsaðili einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr hæstarjetti ríkisins, oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um rjettarfar hans. 23 27. júní

Nánari ákvæði um gerðardóminn skulu sett í reglugerð fjelagsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

24 27. júní

um

breyting á lögum nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 3. gr. 2. málsl. laga nr. 36, 26. okt. 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum og afhending Eiðaeignar til landssjóðs, komi:

Enn fremur skal haldið á hverju vori búnaðarnámsskeið við skólann, 6—7 vikur.

2. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi:

Við skólann skal skipaður skólastjóri og tveir kennarar. Taka þeir laun eftir 26. gr. laga nr. 71, 28. nóvember 1919, um laun embættismanna.

24
27. júní

Auk þessa skal sjeð fyrir nauðsynlegri tímakenslu og búnaðarkenslu við vornámsskeiðin, annað hvort með aðstoð forstöðumanns gróðrarstöðvar þeirrar, sem á Eiðum er, eða á annan veg.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

25
27. júní

Lög

um

einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Háskóli Íslands skal hafa einkarjett til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi.

2. gr.

Háskólaráðið sjer um útreikning almanaksins, útgáfu þess og sölu. Það heldur reikning yfir tekjur og gjöld af útgáfunni og birtir hann árlega í Árbók Háskólans, endurskoðaðan af hálfu Háskólans, með sama hætti sem ársreikningur Háskólans.

3. gr.

Háskólaráðinu er skylt að gefa almanak út árlega, í nægilega mörgum eintökum og svo snemma, að almenningur eigi þess kost að afla sjer þess

fyrir ár það, sem í hönd fer, hjá útsölumönnum í hverri sýslu eða kaupstað fyrir hver áramót. 25 27. júní

4. gr.

Ráðherra ákveður verð almanaka Háskólans, eftir tillögum Háskóla-

5. gr.

Það er brot á einkarjetti Háskólans samkvæmt 1. gr., ef maður:

1. Flytur inn í landið til sölu eða afhendingar með öðrum hætti önnur almanök eða dagatöl en þau, er í 1. gr. segir.
2. Selur hjer í landi eða afhendir með öðru móti önnur almanök eða dagatöl en þau, sem einkarjettur Háskólans nær til.
3. Gefur út hjer á landi á prenti eða með öðrum hætti almanök eða dagatöl eða kafla úr þeim.
4. Prentar upp eða fjölritar almanök Háskólans eða dagatöl, eða kafla úr þeim, til þess að selja eða láta af hendi með öðrum hætti.

6. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögum Háskólaráðs, leyft að gefa út dagatöl og þess konar bækur eða töflur, svo og að flytja inn í landið útlend almanök eða dagatöl, enda greiði útgefandi eða innflytjandi gjald, sem ráðherra ákveður eftir tillögum Háskólaráðs, til Háskólans af hverju eintaki, sem hann gefur út eða flytur inn, og sje nægt eftirlit með því, að eintakafjöldi sje rjett tilgreindur og að leyfi verði ekki notað á annan hátt en til er ætlast.

Heimilt er og að taka kafla úr erlendum almanökum eða almanaki Háskólans í vísindarit eða kenslubækur og þess konar rit til skýringar, einnig að flytja inn í landið og selja samskonar útlend rit með köflum úr almanökum, enda megi þeir teljast, að dómi ráðherra, að eins óverulgur hluti ritsins eða bókarinnar.

7. gr.

Fyrir brot samkvæmt 5. gr. skal refsa með sektum frá 100—2000 kr. ef það er framið af ásetningi eða gáleysi, enda liggi ekki þyngri refsing við að öðrum lögum.

Sektir má taka fjárnámi.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi allar framkvæmdir, sem hjer að lúta, en útgerðarmönnum skal skylt að greiða að skaðlausu allan kostnað, sem þær hafa í för með sjer fyrir sjóðinn.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

5. gr.

12. gr. breytist þannig:

Fyrir „Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum“ komi:

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 króna sektum.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 84, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um slysatrygging sjómanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

32
27. júní

Lög

um

slysatrygging sjómanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: að Vjer samkvæmt 6. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 84, 14. nóv. 1917, um slysatrygging sjómanna, höfum látið færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í fyrnefndum lögum, inn í meginmál tjeðra laga nr. 84, 14. nóv. 1917, og gefum þau hjer með út sem lög um slysatrygging sjómanna.

1. gr.

Skylt skal að tryggja gegn slysum (sbr. 6. gr.) hjerlenda sjómenn, þá er hjer greinir:

1. farmenn og fiskimenn, er lögskráðir eru á íslensk skip.
2. fiskimenn á vjelbátum og róðrarbátum, fjórrónum eða stærri, er stunda fiskveiðar eina vertíð á ári eða lengur.

2. gr.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sjerstaka skrá yfir skipverja samkvæmt 1. gr., hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu.

Þegar formaður á vjelbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skrá yfir skipverjana ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skrána og gjaldið til sýslumanns. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar, stjórn þeirri, sem nefnd er í 9. gr. laga þessara.

3. gr.

Fyrir hvern, sem trygður er samkvæmt lögum þessum, er skylt að greiða í slysatryggingarsjóð þann, er síðar getur um, iðgjald, er nemur 1 krónu fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast iðgjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Annan helming iðgjaldsins greiði sá, sem trygður er, en útgerðarmaður hinn. Þó skulu út-

gerðarmenn róðrarbáta að eins greiða 20 aura vikugjald fyrir hvern skipverja, og útgerðarmenn vjelbáta, sem minni eru en 5 lestir, að eins 30 aura, en það, sem á vantar fult iðgjald greiðist úr ríkissjóði. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin, bæði sinn hluta og hluta skipverjanna; þann hluta iðgjaldanna, sem útgerðarmaður hefir goldið fyrir hönd skipverja, fær hann endurgreiddan af kaupi þeirra eða hlut. Gjald þetta greiðist þegar lögskráning fer fram, og má taka það lögtaki. — Formaður vjelbáts eða róðrarbáts greiðir iðgjöldin fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.), gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum skipverjanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar iðgjöldunum í slysatryggingarsjóð, samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins. Honum ber 3% í innheimtulaun af skipum, sem lögskráð er á, og 6% af róðrar- og vjelbátum, sem eru minni en 12 lestir, og gengur helmingur gjaldsins til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

32
27. júní

4. gr.

Nú forfallast slysatrygður skipverji og gengur ótrygður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldsgreiðslu.

5. gr.

Þeir, sem stunda fiskveiðar á róðrarbátum, en eru ekki tryggingarskyldir samkvæmt lögunum, hafa rjett til þess að tryggja sig í slysatryggingarsjóði á sama hátt sem tryggingarskyldir sjómenn, gegn 50 aura iðgjaldi á viku, og greiðist þá einnig úr landssjóði 50 aurar á viku fyrir hvern þeirra.

6. gr.

Verði sjómaður fyrir slysi á sjó á vátryggingartímabilinu, eða þegar hann er á landi, annaðhvort í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfan sig, í erindum, sem leiða af starfi hans sem sjómanns, skal úr slysatryggingarsjóði greiða upphæðir þær, er hjer segir:

a. Verði sá, er fyrir slysi varð, að læknis dómi algerlega ófær til nokkurrar vinnu þaðan í frá, ber að greiða honum 4000 krónur, en að því skapi lægri upphæð, sem minna skortir á, að hann sje til fulls vinnufær, og ekkert, ef minna skortir en að $^1/_5$ hluta.

b. Valdi slysið dauða innan eins árs frá því að slysið varð, ber að greiða eftirlátnum vandamönnum 2000 kr.

Rjett til skaðabótanna hafa vandamenn í þeirri röð, sem hjer segir:

1. Ekkja hins látna, hafi þau gifst áður en slysið varð og samvistum þeirra hafi þá eigi verið slitið.

32 27. júní

2. Börn hins látna, skilgetin og óskilgetin, hafi á honum hvílt framfærsluskylda eða meðgjafarskylda gagnvart þeim.
3. Foreldrar hins látna.
4. Systkin hins látna, þau er að nokkru eða öllu leyti hafa verið á framfæri hans.

Hljóti ekkja skaðabæturnar, skal að auki greiða 200 kr. fyrir hvert skilgetið barn innan 15 ára aldurs; enn fremur skal greiða óskilgetnum börnum innan sama aldurs 400 kr., er ekkja fær skaðabæturnar. Sje að eins um eftirlátin börn að ræða, ber hverju barni 200 kr. í viðbót; þó skal engin viðbótarupphæð greidd ef eitt barn fær skaðabæturnar.

Frá skaðabótunum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þá upphæð, er greidd hefir verið þeim sjálfum, er fyrir slysinu varð, samkvæmt a-lið.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir rjett til að skerða neitt skaðabætur þær, er greiddar eru samkvæmt þessum lögum, og ekki má leggja á þær löghald nje í þeim gera fjárnám eða lögtak.

7. gr.

Skaðabótakrafa skal, svo fljótt sem auðið er, send sýslumanni (bæjarfógeta) eða hreppstjóra, áleiðis til sýslumanns, í síðasta lagi innan árs frá því er slysið varð eða hlutaðeigandi vandamenn fengu vitneskju um það. Sýslumaður (bæjarfógeti) skal svo senda kröfuna hið fyrsta til stjórnar slysatryggingarsjóðsins, ásamt nauðsynlegum upplýsingum.

8. gr.

Undir eins og stjórn slysatryggingarsjóðsins hafa borist nægar upplýsingar um slysið, úrskurðar hún, hvort greiða skuli skaðabætur fyrir það og ákveður upphæð skaðabótanna. Úrskurðir sjóðsstjórnarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

9. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld í slysatryggingarsjóðinn samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og skulu þá sjómenn þeir, sem skylt var að tryggja, jafnt fyrir það teljast slysatrygðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi útgerðarmaður skal skyldur að endurgreiða sjóðnum tryggingarfje það, sem sjóðurinn kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótrygðu en tryggingarskyldu sjómenn verða fyrir.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi allar framkvæmdir, sem hjer að lúta, en útgerðarmönnum skal skylt að greiða að skaðlausu allan kostnað, sem þær hafa í för með sjer fyrir sjóðinn.

10. gr.

Slysatryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum, er stjórnarráðið

skipar til 3 ára í senn. Stjórnarráðið hefir yfirumsjón með stjórn sjóðsins. Kostnaðurinn við stjórn sjóðsins greiðist úr landssjóði. **32** 27 júní

11. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 30000 kr., að slysatryggingarsjóðurinn standi í skilum. Slysatryggingarsjóðurinn tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 53, 30. júní 1909. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

12. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar slysatryggingarsjóðsins.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—1000 kr. sektum, sem renna að hálfu í slysatryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

33
27. júní

Lög

um

lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja barnakennurum, er leggja niður starf sitt annaðhvort fyrir elli sakir eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri handa ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara, eins og hann verður, er lög þessi koma til framkvæmda.

2. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um stjórn sjóðsins og skipulag hans.

3. gr.

Hver kennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, sem ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af þeim hluta launanna, sem barnakennarar fá greiddan úr ríkissjóði.

4. gr.

Þegar barnakennari er leystur frá starfi sínu annaðhvort fyrir sakir elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 25‰ af samanlögðum öllum þeim launum, er hann hefir greitt iðgjöld af í lífeyrissjóðinn, og einum fjórða hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjöld af í styrktarsjóð barnakennara.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, sem kennarinn hefir haft.

Nú er barnakennari orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að leggja kenslustarf sitt niður og taka lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Verði sú breyting gerð á fræðsluhjeruðum eða skólahjeruðum, sem gerir stöðu kennara óþarfa, svo að hann verði að láta af henni endurgjaldslaust, og fari hann ekki í aðra kennarastöðu, hefir hann rjett til að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, sem hann hefir greitt í sjóðinn. Ef hann kýs það heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þangað til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr.

5. gr.

Ekkja eftir barnakennara, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris, er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með þeim undantekningum, sem segir í 7. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $^1/_5$ af byrjunarlaunum þeirrar kennarastöðu, sem maður hennar var í, þegar hann ljest, eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann eftir því sem ákveðið verður í reglugerð þeirri, er í 2. gr. getur.

7. gr.

Ekkja eftir barnakennara öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára, eða á banasæng manns síns, eða eftir að hann fjekk lausn frá kennarastarfi, eða ef hjónabandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

8. gr.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt:

1. Ef ekkjan giftist af nýju.
2. Ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hún hirðir ekki lífeyri í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Nú missir ekkja lífeyri, af því að hún hefir gifst af nýju, og á hún þá rjett á að fá hinn sama lífeyri, ef hún verður ekkja í annað sinn.

9. gr.

Ekkill konu, sem verið hefir í kennarastöðu, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja barnakennara, með öllum sömu takmörkunum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um styrktarsjóð handa barnakennurum, 9. júlí 1909, og lög um breyting á lögum um styrktarsjóð handa barnakennurum, 20. okt. 1913.

33
27. júní

11. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. jan. 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

34
27. júní

Lög

um

breyting á lögum nr. 71, frá 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátryggingu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum, utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta ennfremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps, sem trygt er, nemi aldrei meiru en ⅓ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.

Lög þessi takmarka verksvið brunabótasjóðanna, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Brunabótasjóður bætir 5/6 alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 50 krónum í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Í staðinn fyrir „fari eigi fram úr 6000 kr.“ í 4. gr. laganna komi:
fari eigi fram úr 12000 kr.

4. gr.

Í staðinn fyrir „þó hærra verði nemi en 6000 kr.“ í 5. gr. laganna komi:
þó hærra verði nemi en 12000 kr.

5. gr.

6. gr. orðist svo:

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

11. gr. orðist þannig:

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; ennfremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og dómkveður þá sýslumaður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun brunabótasjóða, greiða sveitasjóðir kr. 2,50 á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

7. gr.

Í stað orðanna „Nú eru hús veðsett, sem vátrygð eru samkvæmt lögum þessum,“ í upphafi 14. gr. komi:

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátrygt er samkvæmt lögum þessum,

34
27. júní

8. gr.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, er verði 16. gr. og hljóði þannig:

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu.

9. gr.

Í stað orðanna „Til stofnunar þessa sjóðs veitast 10000 kr. úr landssjóði“ í niðurlagi 17. gr. komi:

Ríkissjóður greiði sem stofnfje til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20 þús. krónur.

10. gr.

18. gr. verði 19. gr. og orðist þannig:

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra 5/6 hluta allra híbýla annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

11. gr.

22. gr. verði 23. gr. og orðist svo:

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

12. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

35
27. júní

um

vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátrygging.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 12. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 71, 14. nóv. 1917, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátrygging, höfum látið færa viðauka og breytingar þær, sem ákveðnar eru í fyrnefndum lögum, inn í meginmál laganna nr. 71, 14. nóv. 1917, og gefum þau hjer út sem lög um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna, svo og um lausafjárvátrygging.

I. kafli.

Um brunabótasjóði sveitarfjelaga.

1. gr.

Sveitarfjelögum á Íslandi er heimilt að stofna með skylduábyrgð brunabótasjóði fyrir bæi og hús í hreppum, utan kauptúna.

Brunabótasjóðir þessir geta enn fremur trygt lausafje hreppsbúa gegn eldsvoða, þó þannig að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár hvers hrepps, sem trygt er, nemi aldrei meiru en ⅓ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í brunabótasjóði hreppsins.

Ákvæðin um tryggingu lausafjár koma ekki til framkvæmda fyr en fengin er endurtrygging erlendis.

Lög þessi takmarka verksvið brunabótasjóðanna, en fyrirkomulagið skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Brunabótasjóður bætir ⅚ alls þess brunaskaða á húsum og lausafje, vátrygðu í sjóðnum, sem eiganda, konu hans eða nánustu erfingjum verður eigi kent um að hafa valdið með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, og gildir

35 27. júní

það án tillits til byggingarefnis hússins, nema brunaskaði sje svo lítill, að ekki nemi 50 krónum í húseign eða lausafje, sem er 2000 kr. virði eða meira, eða 1% í minni húseignum eða lausafjáreign, en þá skal eigandi hafa skaðann óbættan. Til brunaskaða teljast skemdir á trygðum húsum eða lausafje, sem stafa af björgunartilraunum.

3. gr.

Til húsa telst alt múrfast og naglfast, þar á meðal eldstór, ofnar, föst rúmstæði o. s. frv.

4. gr.

Skylduábyrgð hvílir á öllum íbúðarhúsum, sem liggja utan kauptúna, úr hverju efni sem þau eru bygð, og geymsluhúsum, sem þeim eru áföst, þó svo, að virðingarverð húsa eða húsaþyrpinga, sem í sameiginlegri brunahættu eru, fari eigi fram úr 12,000 kr. Heimilt er og að vátryggja í brunabótasjóðum hreppanna peningshús, hlöður og önnur hús til ábúðarnota.

Ennfremur er heimilt með samþykki meiri hluta atkvæðisbærra húsráðenda, að taka til ábyrgðar í brunabótasjóði hrepps samskonar hús og í hreppnum, þótt þau sjeu í öðrum hreppi, ef ástæður þar banna, að stofnaður sje brunabótasjóður samkvæmt lögum þessum.

Sá er undanþeginn skylduábyrgð í sjóðnum, er sýnir sveitarstjórn árlega skilríki fyrir því, að hann hafi vátryggt hús sín í áreiðanlegu brunabótafjelagi.

5. gr.

Tekist getur brunabótasjóður á hendur ábyrgð að $\frac{5}{6}$ í húsi eða húsaþyrping í sameiginlegri brunahættu, þó hærra verði nemi en 12000 kr., ef sveitarstjórn og stjórnarráð samþykkja.

6. gr.

Hvergi má tryggja þann sjötta hluta húsa eða lausafjár, sem ekki er vátrygður samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Húsráðendur þeir, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, geta á lögmætum fundi stofnað brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum. Meiri hluti atkvæða allra atkvæðisbærra húsráðenda í hreppnum ræður úrslitum, en þá skal hver húsráðandi, sem jafnframt er eigandi að húseign, sem hann sjálfur notar, og er 500 kr. virði eða meira, hafa 2 atkvæði. Fundur er lögmætur, þá er hreppsnefnd boðar hann öllum húsráðendum með skriflegu fundarboði með tveggja vikna fyrirvara að minsta kosti, enda sje þar til tekið, um hver mál atkvæðisgreiðsla skuli fram fara.

Nú er samþykt að stofna brunabótasjóð eftir því, sem fyr var sagt, og skal þá sveitarstjórn tilkynna það tafarlaust stjórnarráði Íslands.

8. gr.

Sveitarsjóður ábyrgist allar þær skyldur og skuldbindingar, er hvíla á brunabótarsjóði hreppsins, og greiðir brunabætur, ef brunabótasjóðurinn hrekkur ekki til. En brunabótarsjóður endurborgar sveitarsjóði svo fljótt, sem því verður við komið. Skal þá auka iðgjöld til brunabótasjóðs, svo sem sveitarstjórn þykir við þurfa, og eigi minna en svo, að skuldir við sveitarsjóð greiðist á næstu 10 árum af auka-iðgjöldum.

Nú hafa tveir eða fleiri hreppar samþykt að stofna brunabótasjóði, og geta þá sveitarstjórnir þeirra, að fengnu samþykki meiri hluta atkvæða húsráðenda samkvæmt 7. gr. á almennum fundi komið sjer saman um að sameina brunabótasjóði þeirra. Hvíla þá skuldbindingar allar óskiftar á hinum sameiginlega brunabótasjóði þessara hreppa. Tekur hver sveitarsjóður þá tiltölulega þátt í gjöldum til brunabótasjóðsins eftir iðgjöldum þeim, sem greidd eru úr hreppnum. Innheimtu á iðgjöldum, reikningsskil o. fl. annast hver sveitarstjórn í sínum hreppi, eins og ákveðið er í síðasta hlut 9. gr. og 10.—12. gr., en sveitarstjórnin í þeim hreppnum, sem hæst iðgjald greiðir, tekur á móti og ávaxtar iðgjöldin (sbr. 9. gr. 1. málslið), hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir ekki öðruvísi um samið.

9. gr.

Oddviti sveitarstjórnar hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabótasjóðs, og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað með nægri tryggingu. Hann hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa þau sama lögtaksrjett sem sveitarútsvör. Hann hefir á hendi reikningshald sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd til endurskoðunar og úrskurðar um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

Fyrir störf þessi greiðir sveitarsjóður 50 aura fyrir hvert vátrygt býli. Heimilt er sveitarstjórn að fela þessi störf öðrum manni úr sveitarstjórninni en oddvita.

10. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, ef lögmætur sveitarfundur samþykkir árlega, að leggja úr sveitarsjóði fje til stofnunar og styrktar brunabótasjóði hreppsins 10 fyrstu árin, þó eigi meira en jafna upphæð iðgjöldum vátryggjenda.

11. gr.

Nú stofnar hreppur brunabótasjóð samkvæmt lögum þessum, og skal þá sýslumaður nefna til skoðunarmenn, tvo eða fleiri í hreppi, eftir því sem sveitarstjórn ákveður nánar, til þess að gera lýsing og virðing allra húsa, sem vátryggjast eiga í sjóðnum; enn fremur virða lausafje það, sem óskast vátrygt, og annað það, er reglugerð mælir fyrir. Skulu þeir vinna eið að starfi sínu. Endurvirðing fer fram á hverjum 10 ára fresti. Eigandi eða leigjandi húseignar eða lausafjár getur krafist yfirvirðingar á sinn kostnað, og dómkveður þá sýslu-

35 maður til þess 4 menn óvilhalla. Fyrir skoðun þá, er fer fram við stofnun
27. júní brunabótasjóða, greiða sveitasjóðir kr. 2,50 á býli hverjum skoðunarmanni. Fyrir skoðunarkostnað við endurvirðingar og önnur störf skoðunarmanna skal launa sem reglugerð ákveður.

12. gr.

Allar virðingargjörðir rita skoðunarmenn í sjerstaka bók, er sveitarstjórn varðveitir, og sendir hún stjórnarráði Íslands afrit af öllum virðingargjörðum, jafnskjótt og þær eru bókaðar. Húsvirðingabók sje gegndregin og staðfest af yfirvaldi. Í hana rita skoðunarmenn eiðstaf sinn, þá er þeir hefja starf sitt.

13. gr.

Iðgjaldið hvílir á hinni vátrygðu eign, en greiðist af húsráðanda. Sje hann leiguliði, getur hann haldið eftir af eftirgjaldinu eða leigunni iðgjaldinu af þeim húsum, er hann á ekki.

14. gr.

Nú er hús eða lausafje veðsett, sem vátryggt er samkvæmt lögum þessum, og nær sá veðrjettur einnig til brunabótafjárins. Fyrirgjöri veðsetjandi rjetti sínum til brunabóta, hefir veðhafi eigi að síður rjett til brunabótanna að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

15. gr.

Brunabætur úr brunabótasjóðum hreppanna skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum, sem brunnið hafa, nema sveitarstjórn samþykki að öðru vísi sje með farið. Eigi þarf sveitarstjórn að láta brunabót af hendi, nema trygging sje fyrir endurbyggingu jafngóðri og þeirri er brann.

16. gr.

Vátryggjendum er heimilt að taka lausafje sitt úr brunabótatryggingu brunabótasjóðanna við áramót, að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og hafi vátryggjandi greitt iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu.

17. gr.

Heimilt er sveitarstjórn, með samþykki lögmæts sveitarfundar, að gjöra samþykt um björgunartilraunir við eldsbruna. Hefir samþykt sú gildi fyrir alla fulltíða menn í hreppnum, ef hún er staðfest af stjórnarráðinu.

II. kafli.

Um sameiginlegan brunabótasjóð.

18. gr.

Nú hafa 10 hreppar tilkynt stjórnarráði Íslands, að þeir hafi stofnað brunabótarsjóð samkvæmt lögum þessum, og skal það jafnskjótt stofna sameiginlegan brunabótasjóð fyrir sveitahíbýli á Íslandi. Er hlutverk hans að veita endurtrygging brunabótasjóðum hreppanna. Ríkissjóður greiði sem stofn til hins sameiginlega brunabótasjóðs 20 þús. krónur.

19. gr.

Í hinum sameiginlega brunabótasjóði skal endurtryggja helming þeirra 5/6 hluta allra híbýla, annara húsa og lausafjár, sem vátrygt er í brunabótasjóði hreppanna. Helmingur allra fastra iðgjalda frá vátryggjendum gengur til endurtryggingar. Stjórnarráð Íslands mælir fyrir um gjalddaga og greiðslu endurtryggingariðgjalds.

20. gr.

Nú brennur hús, sem vátryggt er samkvæmt lögum þessum, eða skemmist af bruna, svo að nemi brunabótum, og er þá skylt að greiða úr hinum sameiginlega brunabótasjóði helming brunabótanna til hlutaðeigandi brunabótasjóðs, en hann greiðir eiganda allar brunabæturnar (sbr. 2. gr.). Ennfremur greiðir hinn sameiginlegi brunabótasjóður að helmingi við brunabótasjóð hreppsins, kostnað við skoðun þá, er leiðir af bruna.

21. gr.

Stjórnarráð Íslands annast stofnun, stjórn og framkvæmd hins sameiginlega brunabótasjóðs, og ávaxtar fje hans á tryggilegan hátt. Stjórnarráðið getur, þegar því sýnist nauðsyn bera til, falið einum eða fleiri mönnum stjórn hins sameiginlega brunabótasjóðs á hendur, gegn endurgjaldi af sjóðnum, sem það ákveður.

22. gr.

Nú verða brunar svo miklir á húsum sem endurtryggð eru í sjóði þessum, að hann hrekkur eigi til endurtryggingar, og skal þá landssjóður lána vaxtalaust það, er á skortir, og endurborgast það eftir því, sem tekjur sjóðsins vinnast til. En fari svo að lán þetta nemi meiri upphæð en 10000 kr., skal leggja á alla brunabótasjóði hreppanna aukagjald að rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra ár hvert, svo sem þörf krefur, til þess að sá hluti lánsins, sem umfram er 10000 kr., greiðist landssjóði að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

35 27. júní

23. gr.

Nú fær stjórnarráðið líkur fyrir, að of há sje brunabótavirðing á húsum eða lausafje í fleiri eða færri af hreppum þeim, er stofnað hafa brunabótasjóði samkvæmt lögum þessum, og er því þá heimilt að skipa fyrir um endurvirðingu. Lækki virðing á þeim húsum eða lausafje til jafnaðar við endurvirðingu, greiðist kostnaðurinn við hana úr brunabótasjóði hlutaðeigandi hrepps, en standi hún í stað eða hækki, greiðist kostnaðurinn úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

24. gr.

Stjórnarráð Íslands setur reglur um nánara fyrirkomulag á brunabótasjóðum hreppanna og hinum sameiginlega brunabótasjóði. Skal þar, meðal annars, segja fyrir um flokkun hinna vátryggðu húsa eftir brunahættu og ákveða upphæð iðgjalda. Reglugjörð þessa sendir stjórnarráðið síðan öllum sveitarstjórnum á Íslandi.

25. gr.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skuli eldstæðum og reykpípum í húsum, vátryggðum samkvæmt lögum þessum, svo og um annað það, er nauðsynlegt er til varúðar gegn eldsvoða. Eru reglur þessar og skilyrði gildandi fyrir alla vátryggjendur. Síðan lætur stjórnarráðið prenta eyðublöð fyrir ábyrgðar-skírteini handa öllum vátryggjendum, og sje þar á prentuð vátryggingarskilyrðin og þau ákvæði laganna, er einkum varða hvern vátryggjanda. Byrjar ábyrgð brunabótasjóðs, þá er vátryggjandi hefir í hendur fengið vátryggingarskírteini eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi. Ennfremur lætur stjórnarráðið prenta önnur nauðsynleg eyðublöð fyrir brunabótasjóði hreppanna og hinn sameiginlega sjóð. Prentunarkostnaður samkvæmt þessari grein greiðist úr hinum sameiginlega brunabótasjóði.

26. gr.

Húsvirðingabækur og gjörðabækur fyrir brunabótasjóði hreppanna lætur stjórnarráðið tilbúa á kostnað landssjóðs, og fá sjóðirnir þær ókeypis. Húsvirðingabækur sjeu lands eign og sendist Landsskjalasafninu, þá er þær eru fullskrifaðar fyrir nokkru, og nýjar bækur komnar, eftir því sem stjórnarráðið nánar ákveður. Vanskil á bókunum varða sektum alt að 50 kr., er renna í landssjóð.

27. gr. 35

Brot vátryggjanda og vanræksla á lögum þessum, og reglum þeim og skil- 27. júní
yrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettarmissi til bunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugjörð tiltekur nánar. Svo má og reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—100 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

28. gr.

Með mál út af brotum mót lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

36
27. júní

um

samvinnufjelög.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. kafli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll fjelög, er starfa á samvinnugrundvelli, með því markmiði að efla hagsæld fjelagsmanna, í rjettu hlutfalli við þátttöku þeirra

36 27. júní

í fjelagsstarfinu, og hafa það verksvið og skipulag, sem nánar er tekið fram í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Verksvið samvinnufjelaga er:

1. að kaupa vörur til heimilisþarfa handa fjelagsmönnum, eða hluti, er þeir þarfnast til afnota fyrir sjálfa sig, á þann hátt, að vörurnar fáist sem beinasta leið frá framleiðendum og sparist útgjöld við óþarfa milliliði (kaupfjelög, pöntunarfjelög).
2. Að selja afurðir af búum fjelagsmanna, eða vörur, er þeir framleiða sjálfir með eigin atvinnurekstri, enda sje lögð stund á vöruvöndun og hún háð opinberu eftirliti eða trygð á annan hátt (sláturfjelög, smjörbú).
3. Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur, starfræksla iðnaðarfyrirtækja og útvegun lána til atvinnurekstrar.

3. gr.

Aðaleinkenni á skipulagi samvinnufjelaga eru:

1. Aðgangur frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum.
2. Sameiginleg ábyrgð allra fjelagsmanna í öllum fjárreiðum fjelagsins.
   Þó nægir takmörkuð ábyrgð í þeim fjelögum, sem um er rætt í 2. og 3. lið 2. greinar.
3. Atkvæðisrjettur jafn, þannig að hver fjelagsmaður hafi eitt atkvæði, án tillits til eigna eða viðskifta í fjelaginu.
4. Í varasjóð greiðist árlegt fjártillag af óskiftum tekjum fjelagsins.
5. Tekjuafgangi í ársreikningi fjelagsins, er stafar af því, sem útsöluverð á keyptum vörum fjelagsmanna hefir verið ofan við kostnaðarverð, ellegar útborgað verð fyrir seldar vörur þeirra hefir reynst neðan við fullnaðarverð, skal úthlutað eftir viðskiftamagni hvors um sig.
6. Í stofnsjóð leggist sem sjereign hvers fjelagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim, er kemur í hans hlut við reikningslok.
7. Arður af viðskiftum, er utanfjelagsmenn kunna að hafa við fjelagið, skal lagður í varasjóð, nema honum sje varið á annan hátt til almenningsþarfa.
8. Vextir af inneignum fjelagsmanna, hvort heldur í stofnsjóði eða innlánsdeild, ellegar viðskiftareikningi, eigi hærri en 1½% ofan við innlánsvexti í bönkum, enda eigi úthlutað arði á annan hátt.
9. Nafnaskrá skal haldin yfir fjelagsmenn, svo að jafnan sje fyrir hendi óræk skýrsla um fjelagatal.
10. Innstæðufje í óskiftilegum sameignarsjóðum sje ekki útborgað við fjelagsslit, heldur skal það, að loknum öllum skuldbindingum, sem á fjelagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi hjeraðsstjórnar, unz samvinnufjelag eða samvinnufjelög með sama markmiði taka til starfa á

fjelagssvæðinu. Fær það fjelag eða þau fjelög þá umráð sjóðeignarinnar, að áskildu samþykki sýslunefndar, eða bæjarstjórnar, og atvinnumálaráðherra. 36 27. júní

II. kafli.

Fjelagsstofnun.

4. gr.

Nú vilja menn stofna samvinnufjelag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem fjelaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sjer saman um fjelagsstofnun og bindast samtökum um að gerast fjelagsmenn, setja þeir fjelaginu samþyktir, í samræmi við lög þessi, og er þá fjelagið löglega stofnað.

5. gr.

Í samþyktum skulu greind eftirfarandi atriði:

1. Heiti fjelagsins fullum stöfum og skammstafað heimilisfang og varnarþing.
2. Markmið fjelagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Tilhögun á stjórn fjelagsins og vald hennar í fjelagsmálum.
4. Deildaskipun fjelagsins, ef gert er ráð fyrir því fyrirkomulagi, og fulltrúakosning deilda.
5. Skipun framkvæmdarstjóra og starfsvið hans.
6. Vald og verksvið fjelagsfunda og á hvaða tímabili aðalfund skal halda ár hvert.
7. Sjóðstofnanir og lántökuheimildir.
8. Ábyrgð fjelagsmanna gagnvart skuldbindingum fjelagsins.
9. Reikningsskil, endurskoðun og úrskurðir reikninga.
10. Breytingar á samþyktum og viðaukar, svo og fjelagsslit.

6. gr.

Jafnskjótt sem fjelag er stofnað og samþyktir settar, skal kjósa stjórn og endurskoðendur.

7. gr.

Í samþyktum skulu ákveðin skilyrði fyrir inngöngu nýrra fjelagsmanna. Við inngöngu skrifar hver fjelagsmaður undir skuldbindingu um, að hann sje háður samþyktum fjelagsins eins og þær eru eða verða á hverjum tíma.

Inngöngueyrir er minst 10 kr., er rennur í varasjóð eða annan óskiftilegan sameignarsjóð.

36
27. júní

8. gr.

Enn fremur skulu í samþyktum ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr fjelaginu og ástæður, er heimili brottrekstur fjelagsmanns. Úrsögn sendist fjelagsstjórn og sömuleiðis tilkynning um andlát fjelagsmanns eða burtflutning af fjelagssvæðinu. Fjelagsmaður, er fer úr fjelaginu, eða bú þess, er deyr, ber ábyrgð á þeim skuldbindingum fjelagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en 2 ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema mál hafi risið út af skuld, er bíði úrslita dómstólanna.

III. kafli.

Skrásetning.

9. gr.

Samvinnufjelag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlast rjettindi á hendur mönnum með samningi, og aðrir á hendur því.

Í fjelagi, sem ekki er skrásett, bera stjórnendur þess eða fjelagsmenn sem einstaklingar ábyrgð á þeim skuldbindingum, er þeir gera fyrir fjelagsins hönd.

10. gr.

Skrásetning annast lögreglustjóri, þar sem fjelagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

11. gr.

Á mánaðarfresti eftir að fjelag er stofnað skal stjórn þess tilkynna það til skrásetningar. Fjelög, sem stofnuð eru áður en lög þessi öðlast gildi, hafa tilkynningarfrest frá fyrsta aðalfundi, sem tækifæri hefir haft til að breyta fjelagssamþyktum í það horf, sem lög þessi mæla fyrir. Í tilkynningu skulu greind þessi atriði:

1. Heiti fjelagsins, heimili og varnarþing.
2. Tilgangur fjelagsins og starfsemi.
3. Dagsetning fjelagssamþykta.
4. Full nöfn, staða og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
5. Hver heimild hafi til að skuldbinda fjelagið með samningum og hvernig undirskrift sje hagað.
6. Hvernig boða skuli fjelagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþyktir fjelagsins í 2 eintökum, svo og lögboðin gjöld. 36 27. júní

12. gr.

Nú setur samvinnufjelag útibú í öðru lögsagnarumdæmi en heimili þess er, og skal fjelagið þá einnig skrásett þar. Tilkynning sje komin til lögreglustjóra, þegar útibúið tekur til starfa, og skal auk þess, sem fyr greinir, geta þess, hver stýri útibúi og skuldbindi fjelagið vegna þess.

Ef fjelag setur útibú í sama lögsagnarumdæmi og heimili þess er, skal tilkynna til skrásetningar stofnun útibúsins og hver skuldbindi fjelagið vegna þess.

13. gr.

Ef samþyktum fjelags er breytt eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar. Bústaðaskifti þarf þó eigi að tilkynna, nema maður taki sjer bólfestu utanlands, nje heldur breytingu á heimilisfangi fjelags innan sama lögsagnarumdæmis. En sje heimili þess flutt í annað lögsagnarumdæmi, skal fjelagið skrásett þar.

14. gr.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda, svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu uns úr er bætt. Rjett er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

15. gr.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaði, á kostnað tilkynnanda.

Skrá yfir allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á ári hverju, lætur atvinnumálaráðherra birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Um firmu samvinnufjelaga fer samkvæmt ákvæðum firmalaganna.

Sama er um varnarþing, stefnubirtingu og stefnufrest í málum á hendur fjelagi.

17. gr.

Það sem skrásett hefir verið og birt samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik sjeu svo vaxin, að telja megi hann hvorki hafa haft vitneskju um það nje að til þess verði ætlast af honum.. Nú hefir lög-

36 skipuð birting eigi fram farið, og hefir skrásetningin þá eigi þýðingu gagn-
27. júní vart öðrum en þeim, er sannanlega höfðu vitneskju um hana.

IV. kafli.

Fjelagsstjórn.

18. gr.

Fjelagsfundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Einn aðalfund skal halda ár hvert. Aukafund getur fjelagsstjórn boðað, þegar henni þykir þess þörf. Enn fremur er stjórninni skylt að boða til aukafundar, ef fjórðungur fjelagsmanna eða þriðjungur fjelagsdeilda krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Nú hefir stjórn eigi boðað fund innan 14 daga, eftir að henni barst krafan, og geta hlutaðeigendur þá sjálfir kvatt til fundar sbr. og 22. gr.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

19. gr.

Á fundum í fjelagi, sem er óskift heild, hafa atkvæði allir fjelagsmenn. En í fjelagi, sem skiftist í deildir, hafa fulltrúar deildanna einir atkvæðisrjett. Hve marga fulltrúa hver fjelagsdeild má senda á fund með fullu umboði, fer eftir tölu fjelagsmanna í deildinni, svo sem samþyktir fjelagsins nánar ákveða.

Aðalfundur er lögmætur, er meira en þriðjungur fjelagsmanna eða fulltrúar frá meira en helmingi fjelagsdeilda sækja fundinn, enda sje á fundinum meiri hluti þeirra fulltrúa, sem þar eiga atkvæðisrjett.

Úrslitum mála á fjelagsfundum ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða fjelagssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

20. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn, aðalmenn og varamenn, og gengur varamaður til fulls í stjórnina, ef aðalmaður deyr, gengur úr fjelaginu eða víkur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþyktum skal tiltaka tölu stjórnenda og kjörtíma, og sjeu þeir eigi færri en þrír. Skulu þeir ganga úr á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári, nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn nema hann sje fjelagsmaður.

21. gr.

Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi. Stjórnin fer með málefni fjelagsins milli funda samkvæmt lögum og

samþyktum fjelagsins. Úrslitum ræður afl atkvæða, en sjeu þau jöfn, ræður atkvæði formanns. 36 27. júní

Stjórnendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók fjelagsins.

22. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur og aðra tvo til vara. Kosning þeirra gildir um 2 ár, og ganga þeir úr sitt árið hvor.

Endurskoðendur skulu vera fjelagsmenn, en mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeim er skylt að sannprófa, að reikningum beri saman við bækur fjelagsins, enda eigi þeir aðgang að öllum bókum og skjölum, hve nær sem er á starfstíma fjelagsins, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Enn fremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu fjelagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta fjelaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin, svo fljótt sem þörf krefur. En takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í fjelaginu og bera málið þar upp til úrlausnar.

Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

23. gr.

Reikningsár fjelagsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið svo tímanlega, að endurskoðun geti farið fram áður en ársfundur er haldinn.

Á aðalfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir umliðið ár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fram fara eftir þeim reglum, er fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni, skal af nýju boða til fundar, er tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

V. kafli.

Skyldur og rjettindi.

24. gr.

Árgjald í varasjóð fjelags og aðra óskiftilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþyktum, eigi minna samtals en svarar 1% af viðskiftaveltu. — Vexti af innstæðu skal árlega leggja við höfuðstól. Fje má ekki greiða úr varasjóði, nema eftir tillögu fjelagsstjórnar, í samráði við endurskoðendur og með samþykki aðalfundar, enda sjeu tillögunni fylgjandi eigi færri en ⅔ þeirra fjelagsmanna eða fulltrúa, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum.

36
27. júní

25. gr.

Í samþyktum skal ákveða árlegt tillag í stofnsjóð fjelagsins, hve mikið það skuli vera frá hverjum fjelagsmanni og hvernig það skuli greitt. Má það eigi vera minna en svarar 3% af verði aðkeyptrar vöru í þeim fjelögum, er hafa vörukaup sem aðalverksvið. Fje stofnsjóðs skal notað sem veltufje í þarfir fjelagsins, og skulu vextir lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Stofnsjóðseign hvers fjelagsmanns fellur til útborgunar:

a. Við andlát hans.
b. Við burtflutning af fjelagssvæði.
c. Við gjaldþrot hans.
d. Verði hann fátækrastyrksþurfi.

Þegar stofnsjóðseign fjelagsmanns verður meiri en svo, að nemi árlegri úttekt hans, eins og hún hefir verið að meðaltali 5 næstliðin ár, má greiða það, sem umfram er, enda hafi hann ekki skift við fjelagið skemur en 15 ár.

Aldrei má þó borga út stofnsjóðseign, fyr en eigandi hefir int af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar, er á honum hvíla sem fjelagsmanni.

Að öðru leyti er stofnsjóðsfje óuppsegjanlegt, og verður ekki selt nje af hendi látið á annan hátt, nema með samþykki fjelagsstjórnar.

26. gr.

Samvinnufjelög með samábyrgð hafa heimild til að stofna og starfrækja innlánsdeild, er tekur við innlögum frá fjelagsmönnum til ávöxtunar sem rekstrarfje. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum fjelagssamþykta.

Til tryggingar fyrir fje því, sem lagt er í innlánsdeild, er varasjóður fjelagsins og aðrar eignir þess, ásamt sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna.

27. gr.

Heimilt er samvinnufjelögum, er leysa borgarabrjef, að hafa verslunarviðskifti við utanfjelagsmenn, hvort heldur er aðaldeild fjelagsins eða útibú. Enn fremur er þeim heimilt að hafa útsölustaði í sama kauptúni, svo marga sem viðskiftaþörf krefur.

VI. kafli.

Samvinnusambönd.

28. gr.

Ef 3 eða fleiri samvinnufjelög með líku verksviði koma sjer saman um að mynda samband sem sjerstakt fjelag, skulu um stofnun þess, skrásetn-

ingu og skipulag gilda sömu ákvæði sem um samvinnufjelög yfirleitt, að því leyti sem þau eiga við. 36 27. júní

Hvert það fjelag, sem fullnægir ákvæðum laga þessara og skilyrðum þeim, er sambandið setur, hefir rjett til upptöku.

29. gr.

Æðsta vald í sambandsmálum er í höndum fulltrúafunda. Fulltrúar eru kosnir af fjelögum þeim, sem eru í sambandinu, og fer tala þeirra, er hvert fjelag má senda á sambandsfund, eftir tölu fjelagsmanna, svo sem samþyktir sambandsins nánar ákveða.

Einn aðalfund skal halda ár hvert, og aukafundi þá er stjórn þess þykir nauðsyn á eða meiri hluti fulltrúa óskar. Sambandsfundur er lögmætur, þegar meiri hluti fulltrúa sækir fundinn. Úrslitum mála ræður afl atkvæða, nema þar sem lög þessi eða sambandssamþyktir mæla fyrir um aukinn meiri hluta.

30. gr.

Sambandsstjórn skal kosin á aðalfundi, og sjeu í henni eigi færri en þrír menn. Stjórnin boðar til fulltrúafunda og undirbýr fundarmálefni, framkvæmir fundarályktanir og annast störf milli funda, leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðeignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum, og gætir hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Sambandsstjórn ræður framkvæmdarstjóra til þess að standa fyrir starfrækslu sambandsins, sjá um viðskifti og annast reikningsskil. Hún gerir við hann starfssamning, er skal lagður fyrir fulltrúafund til álita.

31. gr.

Endurskoðun reikninga hafa á hendi tveir menn, er aðalfundur kýs. Þeir skulu rannsaka reikningsskil, starfrækslu og allan hag sambandsins. Tillögur þeirra skulu lagðar fyrir aðalfund til úrskurðar ásamt ársreikningum.

Heimilt er sambandsstjórn að hafa eftirlit með öllum fjelögum í sambandinu, á þann hátt að láta trúnaðarmann sinn rannsaka reikninga þeirra, starfshætti og efnahag. Yfirskoðunarmaður þessi hlutast til um, að bót sje á ráðin, ef misfellur eru, og gefur fjelagsstjórn leiðbeiningar í því, sem betur má fara, en lætur sambandsstjórn í tje skýrslu um árangur af rannsókninni.

36
27. júní

VII. kafli.

Fjelagsslit.

32. gr.

Samvinnufjelagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykt á tveim lögmætum fjelagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi málið verið borið undir fjelagsmenn milli funda og samþykt af þeim með meiri hluta atkvæða.

33. gr.

Þegar fundur ákveður fjelagsslit, getur hann annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið skilanefnd til þess að fara með mál fjelagsins, meðan á fjelagsslitum stendur. Í skilanefnd er einn maður eða fleiri, löggiltir af dómsmálaráðherra. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur og ábyrgð. En fjelagsfundur getur sett nefndarmenn frá starfinu, hve nær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um fjelagsfundi, reikningsskil og endurskoðun.

Um meðferð skilanefndar á fjelagsbúi gilda ákvæði skiftalaganna, að því leyti sem við á, og ber skilanefnd að haga störfum sínum eftir þeim. Fjelagsslit skal jafnan tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu fjelagsins.

34. gr.

Sömu aðiljar, sem ráða fjelagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið fjelagsbúið aftur afhent sjer í hendur og haldið áfram starfsemi fjelagsins af nýju. En þar að lútandi ályktun skal vera samþykt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um fjelagsslitin.

35. gr.

Stjórn samvinnufjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur sem einstökum mönnum til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna til skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

36. gr.

Ef svo ber til, að samvinnufjelag, sem skrásett hefir verið, fullnægir ekki ákvæðum laga þessara, og þess er ekki kostur að koma því aftur í löglegt horf, er stjórn fjelagsins skylt, innan eins árs, að tilkynna það lögreglustjóra, svo að skrásetning þess verði afmáð, enda nýtur það úr því engra rjettinda samkvæmt lögum þessum.

37. gr. 36

Bækur fjelags, sem slitið er, eru ríkiseign, og skal afhenda þær á þjóð- 27. júní
skjalasafnið. Sama gildir um bækur annara fjelaga, sem orðnar eru eldri en svo, að nota þurfi í þarfir fjelagsins.

VIII. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

38. gr.

Þangað til fram hefir farið gagngerð endurskoðun á löggjöfinni um tekjur sveitar- og bæjarsjóða, greiða samvinnufjelög gjöld til þeirra sem hjer segir:

1. Skatt af lóðum og öðrum fasteignum, eftir því sem lög mæla fyrir.
2. Útsvar af arði, sem leiðir af skiftum við utanfjelagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum, samkvæmt ákvörðun skattanefndar, bygðri á skýrslu, er hlutaðeigandi fjelag gefur henni. En vanræki fjelagið þetta framtal, skal skattanefnd áætla tekjur af þessum viðskiftum, og byggist útsvarið á því.
3. Skatt, alt að 2% af virðingarverði þeirra húsa, sem fjelagið notar við starfrækslu sína. Þó skulu ekki þar með talin hús, sem notuð eru aðallega til líknarstarfsemi eða fræðslu, t. d. sjúkrahús, bókasöfn, skólar o. s. frv. Skatturinn fellur jafnt á, hvort sem fjelagið á húseignina eða tekur hana á leigu, og skal jafnan vera bygður á síðasta fasteignamati.

Um gjöld til ríkissjóðs fer eftir almennum lögum.

39. gr

Ef stjórnendur eða skilanefndarmenn herma vísvitandi rangt eða villandi í skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til fjelagsfunda eða forráðamanna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, alt að 2000 kr., ef þeir herma vísvitandi eða af stórfeldu gáleysi rangt eða villandi í öðrum skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um eignir og efnahag fjelags, er þeir stýra.

Enn fremur varðar það sektum, alt að 1000 kr., að vanrækja tilkynningu til skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

40. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem almenn lögreglumál .Sektir renna í ríkissjóð.

36
27. júní

41. gr.

Þó fer framfærsluskylda föður (meðlagsskylda) gagnvart barninu, nema um hana sje samið, og skylda hans gagnvart móður þess eftir áður gildandi lögum.

Ennfremur gilda erfðanýmæli 36. gr. eigi um önnur börn en þau, sem fædd eru 10 mánuðum þrítugnættum eftir að lögin ganga í gildi.

46
27. júní

45. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: N. L. 5. 2 33 og 71—74, sbr. konungsbrjef 17. febr. 1769, og D. L. 5. 2. 33 og 70—73, sbr. 2. gr. tilsk. 25. sept. 1850, N. L. 6. 13. 5, sbr. kbr. 2. maí 1732, 9. gr. í tilsk. 25. sept. 1850, niðurlag 3. gr. fátækralaganna 10. nóv. 1905, 6.—8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., 10.—13. gr. og síðari setning 1. mgr. 15. gr. sömu laga.

Þá ógildast og önnur ákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

46. gr.

Lögin öðlast gildi 1. janúar 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

47
27. júní

Lög

um

breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

21. gr. orðist svo:

Aukaniðurjöfnun skal fram fara í síðari hluta júnímánaðar og skattur þá lagður á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því er áður segir.

Ennfremur getur bæjarstjórn ákveðið niðurjöfnun samkv. 19. gr. 2. málsgr., og skal sá skattur áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfru skemri en við aðalniðurjöfnun. **47** 27. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Fjáraukalög

48 27. júní

fyrir árin 1920 og 1921.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum 1920 og 1921, veitast 1237482 kr. 73 a., til útgjalda þeirra, sem um getur hjer á eftir.

2. gr.

til viðbótar við 10. gr. fárlaganna (til ráðuneytisins) veitast 6000 kr.
Dýrtíðaruppbætur til ráðherranna, 2000 kr. til hvers . . . . . kr. 6000,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (til gjalda við dómgæslu o. fl.) veitast 2000 kr.
Til Guðm. L. Hannessonar bæjarfógeta á Siglufirði, launabót fyrir 1920 . . . . . kr. 2000,00

48 21. júní

4. gr.

Sem viðbót við 12. gr. fjárlaganna (læknaskipun o. fl.) veitast 205960 kr.

1.	Til þess að ljúka við að reisa læknisbústað á Vífilstöðum og koma fyrir barnadeild í herbergjum þeim, er læknir áður notaði til íbúðar	kr.	55000,00
2.	Heimilt skal stjórninni að verja fje til að leiða rafmagn frá orkustöðinni við Elliðaár til Vífilstaða.		
3.	Viðbótarstyrkur til aðgerðar og nýbyggingar sjúkrahússins Gudmanns Minde á Akureyri	—	20000,00
4.	Kostnaður af milliþinganefnd um varnir gegn berklaveiki	—	12000,00
5.	Styrkur handa Guðnýju Jónsdóttur, til hjúkrunarnáms í New-York	—	1000,00
6.	Til varnarráðstafana vegna kvefpestar	—	90000,00
7.	Til berklahjúkrunarfjelagsins Líknar	—	3000,00
8.	Til rafmagnstækja handa Röntgenstofnuninni og kaupa á Finsenslömpum	—	18000,00
9.	Til Neshrepps í Norðfirði, endurgreiðsla á lækniskaupi 1920	—	460,00
10.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, utanfararstyrkur	—	2500,00
11.	Til Jóns Kristjánssonar læknis, styrkur til utanfarar og áhaldakaupa	—	2500,00
12.	Til Magnúsar Einarsonar dýralæknis, utanfararstyrkur	—	1500,00

Samtals kr. 205960,00

5. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (til samgöngumála) veitast 310900 kr.

1.	Til undirbúnings endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram ⅓ kostnaðar	kr.	7000,00
2.	Til dragferju á Lagarfljóti 1919 (Endurveiting)	—	300,00
3.	Til dragferju á Hjeraðsvötnum (Þar af 300 kr. endurveiting fyrir 1919)	—	700,00
4.	Til Skaftfellingabáts 1919 (Endurveiting)	—	6000,00
5.	Til Austfjarðabáts 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
6.	Viðbótastyrkur til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp, 11000 kr. hvort árið	—	22000,00
7.	Til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land	—	80000,00
8.	Aukafjárveiting til Breiðafjarðarbáts fyrir árið 1921	—	3000,00
9.	Til mótorbátaferða frá Reykjavík til kauptúnanna í Árnessýslu, alt að ⅓ flutningskostnaðar	—	5000,00

Styrkurinn veitist eftir tillögu sýslunefndar Árnesinga.

Flyt kr. 133000,00

Flutt kr. 133000,00 **48**

10. Aukafjárveiting til Rangárbáts árið 1921, alt að ⅓ flutningskostnaðar .. .. — 8000,00 27. júní
11. Til bátaferða á Hvalfirði .. .. — 1000,00
12. Til mótorbátsferða frá Hornafirði norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss .. .. — 8000,00
    Styrkurinn veitist eftir meðmælum sýslunefndar Austur-Skafafellssýslu.
13. Til mótorbátsferða milli Grímseyjar og lands árið 1921, alt að — 1000,00
    Styrkurinn veitist eftir tillögum sýslunefndanna í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum.
14. Til mannflutningaferða milli Borgarness og Reykjavíkur á hentugum tímum, alt að .. .. — 2500,00
15. Til Eimskipafjelags Íslands, fyrir áætlunarferðir skipsins Goðafoss árið 1921, alt að .. .. — 60000,00
    Styrkurinn miðast við 3 ferðir út og 4 ferðir utan frá 3. júlí til ársloka milli Reykjavíkur og Kaupmannahafnar, með áskildum viðkomum austanlands og norðan.
16. Til að kaupa símstöðvarhús í Vestmannaeyjum .. .. — 50000,00
17. Til endurbyggingar vitanna í Sandgerði .. .. — 10000,00
18. Til endurbyggingar og endurbóta á Arnarnesvita við Ísafjarðardjúp .. .. — 20000,00
19. Til breytingar og aðgerðar á Elliðaeyjarvita. .. .. — 25000,00
20. Til Gests Guðmundssonar, vitavarðar við Arnarnesvitann, lífeyrir sökum meiðsla við vinnu í þarfir starfsins .. .. .. — 400,00

Samtals kr. 310900,00

6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast 110153 kr. 24 a.

1. Til húsaabóta á prestssetrinu Útskálum .. .. kr. 8000,00
2. Styrkur til að reisa hús á prestssetrinu Stað í Grunnavík .. — 8000,00
   Þessar fjárveitingar eru bundnar því skilyrði, að húsin verði jarðareign.
3. Dýrtíðarbætur til háskólaritara .. .. — 600,00
4. Til líkhúss handa háskólanum .. .. — 4000,00
5. Til utanfarar rektors mentaskólans .. .. — 2500,00
6. Dýrtíðaruppbót á námsstyrk mentaskólanemenda 1921 .. — 3000,00
7. Kostnaður við starf mentamálanefndar .. .. — 10000,00
8. Aðgerð og málning mentaskólans .. .. — 25500,00

Flyt kr. 61600,00

48 27. júní

		Flutt kr.	61600,00
9.	Launabætur til kennaranna Sigurbjörns Á. Gíslasonar og Guðmundar Kristjánssonar fyrir 1920	—	3000,00
10.	Þóknun til Svbj. Egilssonar fyrir fyrirlestrahald við Stýrimannaskólann	—	300,00
11.	Utanfararstyrkur skólastjórans á Eiðum	—	3000,00
12.	Uppbót á borgun fyrir smíða- og dráttlistarkenslu á Hólum og Hvanneyri	—	3600,00
13.	Fyrir bætur á Hólum í Hjaltadal, með hjáleigunni Hofi, og umbætur á bústofni þar	—	19703,24
14.	Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	1200,00
15.	Uppbótarstyrkur til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði	—	2000,00
16.	Til unglingaskólans í Hjarðarholti	—	3000,00
17.	Til Hvítárbakkaskólans, viðbótarstyrkur	—	3000,00
18.	Til Flensborgarskólans, viðbótarstyrkur	—	5450,00
19.	Fyrir aðgerð á daufdumbraskólanum	—	1500,00
20.	Kenslu- og utanfararstyrkur blindrar stúlku, gegn því, sem til vantar, annarsstaðar frá	—	1000,00
21.	Til Páls Erlingssonar sundkennara, í viðurkenningarskyni	—	1800,00
		Samtals kr.	110153,24

7. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (vísindi, bókmentir og listir) veitast 107490 kr. 52 a.

1.	Til útgáfu minningarrits landsbókasafnsins	kr.	4500,00
2.	Styrkur til dr. Jóns Þorkelssonar, til útgáfu fornbrjefasafnsins, 800 kr. hvort árið	—	1600,00
3.	Styrkur handa sama manni til að sækja fund norrænna sagnfræðinga í Kristíaníu	—	1200,00
4.	Styrkur handa dr. Jóni Aðils, í sama skyni	—	2500,00
5.	Styrkur handa magister Boga Th. Melsted, í sama skyni	—	400,00
6.	Styrkur til kvenrjettindafjelagsins, til að sækja alþjóðafund Kvenrjettindasambandsins í Sviss	—	2500,00
7.	Viðbót við utanfararstyrk Sigfúsar Einarssonar	—	1500,00
8.	Til að fullgera hús yfir listaverk Einars Jónssonar	—	50000,00
9.	Til Einars Jónssonar myndhöggvara, í viðurkenningarskyni	—	2000,00
10.	Fyrir að flytja mold í kirkjugarðinn í Reykjavík og fyrir landspildu undir hann	—	23065,19
		Flyt kr.	89265,19

		Flutt kr.	89265,19	**48**
11.	Til að gefa út þýðingu af fyrri hluta Göethes Faust	—	2500,00	27. júní
12.	Til Jóh. L. L. Jóhannssonar. Endurgreiðsla á prentkostnaði	—	725,33	
13.	Til sama, dýrtíðaruppbót	—	3000,00	
14.	Til Steins Emilssonar, til fullnaðarnáms í Þýskalandi (lokaveiting)	—	2000,00	
15.	Til Valdemars Sveinbjörnssonar íþróttanema (lokaveiting)	—	1500,00	
16.	Til Brynjólfs Stefánssonar verkfræðinema, til framhaldsnáms	—	2000,00	
17.	Til hjónanna Arnórs Sigurjónssonar og Helgu Kristjánsdóttur til fullnaðarnáms	—	2000,00	
18.	Til Steins Steinssonar verkfræðinema, til að ljúka námi	—	2000,00	
19.	Til Ásmundar Sveinssonar, námsstyrkur	—	1000,00	
20.	Styrkur til Jóhannesar Kjarvals listmálara	—	1500,00	
		Samtals kr.	107490,52	

8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 251972 kr. 40 a.

1.	Styrkur til Jóns H. Þorbergssonar, til utanfarar í ullarmatserindum	kr.	1000,00
2.	Til aðgerðar sjóvarnargarðs á Siglufirði	—	6000,00
3.	Utanfararstyrkur Jóhanns Fr. Kristjánssonar	—	2500,00
4.	Dýrtíðaruppbætur til sama manns 1920 og 1921	—	7719,90
5.	Til Búnaðarfjelagsins, til verkfærasýningar	—	20000,00
6.	Til Einars Sæmundssonar skógarvarðar, launabætur fyrir 1920	—	440,00
7.	Dýrtíðaruppbætur handa starfsmönnum Búnaðarfjelags Íslands, Garðyrkjufjelags Íslands, Búnaðarsambandanna og Fiskifjelags Íslands	—	56000,00
8.	Til skógræktar (eftirgjöf á láni)	—	5000,00
9.	Styrkur til heimilisiðnaðarfjelaga 1919 (Endurveiting)	—	1000,00
10.	Til heimilisiðnaðarsýningar í Reykjavík	—	2000,00
11.	Fyrir mulningsvjel	—	1000,00
12.	Til Skeiðaáveitunnar, ¼ kostnaðar	—	29000,00
13.	Til erindreka á Spáni og Ítalíu, 20000 kr. á ári	—	40000,00
14.	Til sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, upp í kostnað við rannsókn Andakílsárfossanna, alt að þó ekki yfir helming kostnaðar.	—	5000,00
15.	Til bryggjugerðar á Akranesi, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar	—	8000,00
		Flyt kr.	184659,90

48
27. júní

Flutt kr. 184659,90

Styrkurinn er veittur hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, og skal bryggjan vera til almenningsnota. Verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.

16. Til aðstoðarmanns húsagerðarmeistara 1921 . . . . . — 8312,50
17. Til viðgerðar bátabryggju á Blönduósi, þó ekki yfir einn þriðja kostnaðar, alt að . . . . . — 19000,00
18. Styrkur til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, til þess að halda úti björgunarskipinu „Þór“ frá 1. jan. til 1. maí 1921, þó ekki yfir helming kostnaðar, alt að . . . . . — 40000,00

Samtals kr. 251972,40

9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 20006 kr. 57 a.

1. Til Sigurðar Jónssonar fyrv. atvinnumálaráðherra . . . . . kr. 12619,90
2. Uppbót á eftirlaunum frú Sigríðar Hjaltadóttur . . . . . — 900,00
3. Uppbót á eftirlaunum frú Ingileifar Aðils . . . . . — 500,00
4. Uppbót á eftirlaunum prestsekkjunnar Ingibjargar Sigurðardóttur . . . . . — 240,00
5. Eftirlaun handa frú Guðrúnu Runólfsdóttur, ekkju sr. Matthíasar Jochumssonar, 2000 kr., ásamt dýrtíðaruppbót eftir launalögum . . . . . — 4746,67
6. Til Kristínar Grímsdóttur, helmingur af styrk þeim, sem syni hennar, Jóhannesi Helgasyni, var veittur í 62. lið 15. gr. núgildandi fjárlaga . . . . . — 1000,00

Samtals kr. 20006,57

10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 223000 kr.

1. Kostnaður vegna fyrirhugaðrar komu Hans Hátignar konungsins og Hennar Hátignar drotningarinnar . . . . . kr. 200000,00
2. Styrkur handa Sigurði Jónssyni trjesmið, Berlín . . . . . — 500,00
3. Styrkur til Ara sýslumanns og bæjarfógeta Arndals, 9500 krónur, Sigvalda hjeraðslæknis Kaldalóns, 8000 krónur, og Kristjáns hjeraðslæknis Kristjánssonar, 5000 krónur, til þess að leita sjer heilsubótar . . . . . — 22500,00

Samtals kr. 223000,00

11. gr.

Stjórninni er heimilt

1. að ábyrgjast nauðsynleg rekstrarlán handa Landsbankanum.
2. að ábyrgjast alt að 325 þúsund kr. viðbótarlán fyrir Reykjavíkurkaupstað til raforkuveitunnar.
3. að lána Guðmundi sýslumanni Björnssyni í Borgarnesi alt að 60000 krónum, til þess að reisa þar íbúðarhús, þó ekki yfir ⅘ hluta alls byggingarkostnaðar gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda. Lánið er veitt til 40 ára og ávaxtast með 6%. Skal það standa afborgunarlaust fyrstu 2 árin, en endurgreiðist síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.
4. að lána Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum 8000 krónur, til að kaupa fyrir jörð til læknisseturs fyrir Reykhólahjerað. Lánið skal veitt gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með 6% og endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
5. að láta virkja og starfrækja á ríkiskostnað silfurbergsnámuna í Hegustaðafjalli, og að taka alt að 70000 kr. lán til stofnkostnaðarins, gegn veði í námunni sjálfri. Rentur og afborganir af láninu teljast með árlegum rekstrarkostnaði, en mismunur á tekjum og gjöldum námunnar færist á landsreikning árlega.
6. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 80000 kr. lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að taka fyrir hönd bæjarsjóðs Vestmannaeyja til að greiða rekstrarkostnað björgunarskipsins „Þórs“ árið 1920.
7. að verja fje til að leggja slitlag úr efninu „Terrazzo“ á gólfin í listasafnshúsi Einars Jónssonar, í safnahúsi ríkisins og öðrum opinberum byggingum, eftir því sem þörf krefur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

49
27. júní

Lög

um

viðauka við og breytingar á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Siglufirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarfógetinn á Siglufirði skal frá 1. jan. 1921 hafa sömu laun og sýslumenn í lægra launaflokki, sbr. 11. gr. 3. málsgr. laga nr. 71, 28. nóv. 1919.

2. gr.

Fyrir síðari málslið 22. gr. komi:

Skal skatturinn áfallinn þann dag, sem niðurjöfnunin er undirrituð af niðurjöfnunarnefnd.

Aukaniðurjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma, á sama hátt og fyr greinir, og frestir allir vera hálfu skemri en við aðalniðurjöfnun.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

50
27. júní

um

húsnæði í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.

2. gr.

Í reglugerðinni má ákveða 200—2000 króna sekt fyrir brot á ákvæðum hennar, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Með mál útaf brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Stjórnarráðið staðfestir reglugerðina. Skal reglugerðin endurskoðuð eigi sjaldnar en á 2 ára fresti, enda falla úr gildi, sje ný reglugerð eigi staðfest áður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og jafnskjótt og búið er að setja reglugerð samkvæmt þeim, falla úr gildi lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík, og lög nr. 45, 28. nóv. 1919, um viðauka við tjeð lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

51
27. júní

Lög

um

Lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli eða vanheilsu, geymdan lífeyri, svo og lífeyri ekkjum þeirra. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans. Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr., og verja til þess 7% af árslaunum sínum.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

4. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27‰ af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Lífeyrir þessi má þó aldrei fara fram úr ¾ hámarkslauna þeirra, er embættismaðurinn hefir haft.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

Nú er embætti lagt niður og embættismaðurinn flyst eigi jafnframt í annað embætti, og skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóð-

inn. Ef hann kýs heldur, mega iðgjöld hans standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, og fær hann þá lífeyri samkvæmt 4. gr. og ekkja hans samkvæmt 5. gr. 51 27. júní

5. gr.

Ekkja eftir embættismann, sem hafði rjett til lífeyris eða naut lífeyris er hann ljest, fær lífeyri úr sjóðnum, með undantekningum þeim, sem segir í 7. og 9. gr.

Lífeyrir ekkju nemur $^1/_5$ af byrjunarlaunum þess embættis, er maður hennar var í, er hann ljest eða fjekk lausn frá embætti.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með $^1/_{12}$ fyrirfram á hverjum mánuði.

7. gr.

Embættismaður, sem á eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum og eigi er skyldur til að tryggja ekkju sinni lífeyri í sjóðnum, sbr. lög nr. 71, 28. nóv. 1919, 7. gr. 2. málsgr., greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launaviðbót þeirri, sem hann kann að hafa fengið samkvæmt nefndum lögum, enda nýtur ekkja hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.

Embættismaður, sem er eldri en 50 ára, þegar lög þessi ganga í gildi, og á ekki eftirlaunarjett samkvæmt eldri lögum, greiðir sem iðgjald í lífeyrissjóð 5% af launum sínum, enda nýtur hann að eins sjálfur lífeyris úr sjóðnum, en ekkja hans eigi.

8. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 5. gr., nýtur ennfremur úr ríkissjóði árlega $^1/_{10}$ af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögunum.

Ekkjur, sem eftir eldri lögum eiga rjett til hærri eftirlauna en líffjeð nemur, halda þeim rjetti.

Í viðbót við líffjeð getur konungur veitt ekkju 50—100 kr. árlegan uppeldisstyrk henda hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins, til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

9. gr.

Embættismannsekkja öðlast ekki rjett til lífeyris úr sjóðnum nje líffjár úr ríkissjóði, ef hún hefir gifst eldra manni en 60 ára eða á banasæng

51 hans, eða eftir að hann fjekk lausn frá embætti með lífeyri, eða ef hjóna-
27. júní bandinu var gersamlega slitið áður en maðurinn dó.

10. gr.

Rjettur ekkju til líffjár fellur burt:

1. ef ekkjan giftist af nýju;
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs;
3. ef hún hirðir ekki líffje í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll;
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almenningsáliti er svívirðilegur.

Er ekkja missir líffje, af því hún hefir gifst af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

Rjettur ekkju til lífeyris fellur burt eftir sömu reglum sem rjettur til líffjár samkvæmt stafl. 1—3, þó þannig, að taki hún sjer bústað utanríkis, kemur samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins í stað samþykkis konungs. Og á sama hátt öðlast hún aftur rjett til lífeyris, ef hún verður ekkja í annað sinn.

11. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt, hverju um sig, 100—200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

12. gr.

Ekkill konu, sem gegnt hefir embætti, hefir sama rjett til lífeyris úr sjóðnum sem ekkja embættismanns, með öllum sömu takmörkunum.

13. gr.

Embættismenn, sem sitja í embætti þegar lög þessi öðlast gildi og eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum,, halda þeim rjetti, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna (nr. 71, 28. nóv. 1919). Hið sama galdir um rjettindi ekkna þeirra og barna.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 72, 28. nóv. 1919, um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri, og lög nr. 73, 28. nóv. 1919, um ekkjutrygging embættismanna.

15. gr.

Þeir, sem kunna að hafa trygt ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum

nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða að eins 5% af launum sínum í lífeyrissjóðinn á ári, enda njóta ekkjur þeirra eigi neins úr sjóðnum. 51 27. júní

16. gr.

Ákvæði þessara laga gilda frá 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Lög

52
27. júní

um

læknaskipun í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk hjeraðslæknis skal í Reykjavík skipa bæjarlækni.

2. gr.

Bæjarlæknir skal taka laun úr ríkissjóði, og verða þau ákveðin í lögum um laun embættismanna.

52
27. júní

3. gr.

Heilbrigðisstjórn ríkisins skiftir störfum milli þessa embættismanns og hjeraðslæknis með tilskipun.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

53
27. júní

Lög

um

hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar botnvörpuskip, sem skrásett er hjer á landi, er í höfn við fermingu eða affermingu, fer um vinnu háseta eftir því, sem venja hefir verið, nema annars sje getið í ráðningarsamningi háseta.

2. gr.

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu, skal jafnan skifta sólarhringnum í 4 vökur. Skulu ¾ hlutar háseta skyldir að vinna í einu, en ¼ hluti þeirra eiga hvíld, og skal svo skifta vökunum, að hver háseti hafi að minsta kosti 6 klst. óslitna hvíld í sólarhring hverjum.

Fyrirfram gerðir samningar um lengri vinnutíma í senn en fyrir er mælt í þessari grein eru ógildir, en ekki skal það talið brot á ákvæðum hennar, þó háseti, eftir eigin ósk í einstök skifti, vinni lengur í senn en þar er um mælt.

3. gr.

Engin af fyrirmælum 1. og 2. gr. gilda, þá er skip er í sjávarháska eða líf skipshafnar í hættu.

4. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sje fylgt. 53 27. júní

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr. Mál útaf slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

54 27. júní

um

sölu á prestsmötu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að greiða, að fá þær keyptar af sjer, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin, þannig að 5% af verðhæð-

54 27. júní

inni veiti sömu vaxtaupphæð, sem hið árlega prestsmötugjald hefir numið að meðaltali, eftir verðlagsskrárverði á smjöri, síðastliðin 10 ár í sýslu þeirri, er kaupbeiðandi á heima í. Kaup skulu svo gerð áður ár sje liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.

3. gr.

Kaupandi greiðir að minsta kosti $^1/_{10}$ hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabrjef, með veði í fasteign, eða annari tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

4. gr.

Andvirði prestsmötu renni í prestlaunasjóð, er greiðir síðan viðkomandi presti vexti þá, er fást af andvirði prestsmötu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Lög

55
27. júní

um

skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. Um mælingar bæja.

1. gr.

Í öllum íslenskum kauptúnum og sjávarþorpum, sem hafa 500 íbúa eða fleiri, skal mæla vandlega höfnina, alt svæðið, sem kauptúnið er bygt á, og eigi minna land umhverfis en ætla má að fullnægi vexti kauptúnsins í næstu 50 árin. Eftir mælingum þessum skal síðan gera uppdrátt af höfninni, bænum og nágrenni hans. Undanþegnir eru þó þeir bæir, sem áður hafa látið mæla land sitt og gera uppdrætti af því, sem fullnægi ákvæðum laga þessara og reglugerðar þeirrar, sem ræðir um í 5. gr. Þá má og undanfella að mæla höfnina, ef sæmilegir uppdrættir eru til af henni, eða hvorki eru líkindi til þess að hún verði endurbætt, henni lokað eða hafskipabryggja gerð, nje útvegur geti eflst í bænum á næstu áratugum.

2. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ annast mælingarnar og lætur gera uppdrættina, en verkið skal unnið af mælingarfróðum mönnum, sem stjórnarráðið samþykkir og telur hæfa til þess. Það getur krafist þess, að verkfræðingur leysi verkið af hendi, sjerstaklega ef bærinn er fjölmennur eða mælingin vandasöm.

3. gr.

Allur kostnaður við mælingar og uppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

4. gr.

Stjórnarráðið ákveður með hæfilegum fyrirvara, hvenær byrja skuli á

55 mælingum, og um leið hvenær uppdráttum skuli lokið í hverjum bæ og hvenær
27. júní eftirrit af þeim og lýsingum, sem þeim fylgja, skuli send stjórnarráðinu.

5. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um mælingarnar og hversu uppdrættir skuli gerðir, en fullnægja skuli þeir eftirfarandi skilyrðum:

a. Mælikvarði sje eigi minni en 1 : 1000. Rjettar áttir (hánorður) sjeu sýndar.
b. Á uppdrættina skulu markaðar allar byggingar og helstu mannvirki, sem bygð eru þegar uppdráttur er gerður, allar útmældar lóðir, bryggjur, götur og vegir, vatnbsól, vatnsveita og frárenslispípur neðanjarðar, opin ræsi og síma- og rafmagnsleiðslur.
c. Mishæðir á landi skulu sýndar með hæðarlínum frá ákveðnu sjávarmáli, og ákveður stjórnarráðið, hve þjettur þær skulu vera í hverjum bæ.
d. Jarðveg skal merkja með litum eða glöggum merkjum, svo sjá megi, hvað ræktað er og hvernig (tún, garðar), og hversu óræktaða landið er (klappir, sandur, móar, mýrar. Þá skal annaðhvort sýnt á uppdráttum eða í lýsingum, er þeim fylgja, hverjum hlutum svæðisins kann að vera hætta búin af ágangi vatns, sjávar, snjóflóða og því um líkt.
e. Uppdráttunum skulu fylgja skriflegar skrár eða lýsingar, svo sem mælt verður fyrir í reglugerð (skrá yfir götur, lóðir og því líkt), sem gefi glöggar upplýsingar um öll mikilvæg atriði, er snerta ástand og skipulag bæjarins, að svo miklu leyti sem uppdrættir bera það ekki með sjer.

6. gr.

Vanræki bæjarstjórn eða hreppsnefnd að framkvæma mælingarnar á þeim tíma og á þann hátt, sem stjórnarráðið hefir mælt fyrir um hvern bæ, eða ljúka uppdráttum og lýsingum í tæka tíð, er stjórnarráðinu heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi kauptúns.

II. Um skipulagsuppdrætti.

7. gr.

Skipulagsuppdrætti skal gera yfir öll íslensk kauptún og sjávarþorp, sem hafa 500 íbúa eða fleiri. Uppdrættir þessir skulu sýna skipulagsbreytingar á bygða svæðinu og fyrirhugað skipulag á eigi minna af óbygða bæjarstæðinu en ætla má að nægi 50 50 ára vexti bæjarins; ennfremur fyrirhugað skipulag á höfn og aðalbryggju, nema undanfelt hafi verið að mæla höfnina samkvæmt heimild síðast í 1. gr.

8. gr.

Ríkisstjórnin annast alla framkvæmd á skipulagsuppdráttum. Hún lætur sjerfróða menn (húsameistara, verkfræðinga) gera uppdrættina, í samráði við bæjarstjórn eða hreppsnefnd í hverjum bæ, helstu atvinnurekendur bæjarins, heilbrigðisnefnd, ef til er, og hjeraðslækni. Hún getur og boðið til samkepni um skipulag fjölmennustu bæjanna, áður en farið er að vinna að fullkomnum skipulagsuppdrætti, einnig þeirra bæja, þar sem skipulagið sýnist tiltölulega vandasamt, eða líkindi eru til þess að bærinn vaxi hraðfara.

55
27. júní

9. gr.

Stjórnarráðið ákveður á ári hverju, hvar gera skuli skipulagsuppdrætti og hvenær þeim skuli lokið.

10. gr.

Allur kostnaður við skipulagsuppdrætti greiðist að hálfu úr ríkissjóði, að hálfu úr bæjar- eða hreppssjóði.

11. gr.

Stjórnarráðið semur reglugerð um alla gerð skipulagsuppdrátta, en fullnægja skulu þeir eftirfarandi atriðum:

a. Markað sje fyrir öllri hagnýtingu bæjarstæðisins, fiskreitum utanbæjar og öðru landi, sem nauðsynlegt kann að vera fyrir atvinnurekstur bæjarins.
b. Á bæjarstæðinu skal glögglega sýnd skifting bygðar, hvar hús skuli bygð samstæð, hvar í sundurlausum röðum og hvar dreifð í smáhýsi. Þá skal og sýnt, hvar byggja megi þrílyft hús eða hærri, ef ráð er fyrir þeim gert. Þá skal og eigi að eins markað fyrir götum, heldur og fremri og aftari húsalínum, torgum, leikvöllum og því líku. Á sjerstökum uppdrætti eða uppdráttum skal sýna skipulag frárennslis og vatnsveitu, að svo miklu leyti, sem gert er ráð fyrir slíkum mannvirkjum.
c. Við gerð skipulagsins skal vandlega tekið tillit til atvinnu bæjarbúa, heilbrigðis- og þrifnaðarnauðsynja, greiðrar umferðar, brunahættu og fegurðar bæjarins. Sjerstaklega skal þess gætt, að opinberum og öðrum helstu byggingum sje smekklega skipað, að götur sjeu ekki með lengdarbungum, hafi hæfilegan halla og lokist á smekklegan hátt. Fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum skulu að jafnaði miðaðar við það, að hornið milli lárjettrar línu neðst úr gluggum íbúðarherbergja á aðalsólarhlið húsa og línu frá næsta húsmæni, sem ber við loft, sje eigi meira en 26°, nema skipulag bygða þorpsins eða halli á bæjarstæðinu geri það ókleift, en ætíð skal miðað við þá húshæð, sem skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir. Þá skal og leitast við, að breytingar á bygða svæðinu skerði ekki óþarflega hagsmuni lóðareigenda.
d. Mælikvarði skipulagsuppdráttar skal eigi minni en 1 : 2000.

55 27. júní

e. Skipulagsuppdrætti skal fylgja skrifleg lýsing, sem skýri frá öllum helstu atriðum, sem varða skipulagið og eigi eru auðsæ af uppdráttum, eftir því, sem reglugerð um uppdrætti ákveður.

Þar sem um smáþorp er að ræða, og lítil líkindi þykja til að þau taki fljótum framförum, skal þó stjórnarráðinu heimilt að ákveða, að uppdrættirnir sjeu nokkru einfaldari en hjer er gert ráð fyrir.

12. gr.

Þegar skipulagsuppdrætti er lokið, skal það opinberlega auglýst, og uppdrátturinn, ásamt lýsingu, hafður almenningi í bænum til sýnis, eigi skemur en 4 vikur. Eigendum þeirra húsa eða lóða, sem uppdrátturinn breytir tilfinnanlega, skal auk þess send skrifleg tilkynning um það samtímis. Skulu þeir hafa sent athugasemdir sínar eða mótmæli til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar áður en sýningarfrestur er á enda. Þegar honum er lokið og leitað hefir verið álits byggingar- og veganefndar, þar sem slíkarnefndir eru skipaðar, ræðir bæjarstjórn eða hreppsnefnd málið og afgreiðir það, með tillögum sínum og athugasemdum, til stjórnarráðsins, ásamt þeim skýrslum, sem fram hafa komið í málinu, eða eftirriti af þeim.

13. gr.

Eftir að skipulagsuppdráttur hefir verið lagður fram til sýnis fyrir almenning, má engin mannvirki gera, sem komi í bága við hann, nema stjórnarráðið hafi auglýst breytingar á honum.

14. gr.

Áður en skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, skal það hafa skipað 3 manna skipulagsnefnd í Reykjavík, sem sje stjórninni til aðstoðar, er dæma skal um skipulagsuppdrætti. Í nefndinni skal eiga sæti einn fulllærður húsameistari, sem átt hefir kost á að kynna sjer sjerstaklega skipulag erlendra bæja, einn verkfræðingur og kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann.

Nefndin er skipuð til 5 ára, en heimilt er að skipa sömu menn á ný í nefndina.

Stjórnin ákveður hæfilega þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Þóknun til nefndarmanna og annar kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

15. gr.

Jafnóðum og skipulagsuppdrættir berast stjórnarráðinu, sendir það þá ásamt fylgiskjölum, skipulagsnefnd þeirri, sem ræðir um í 14. gr. Skal hún athuga vandlega öll atriði skipulagsins og sjerstaklega allar þær breytingartillögur og athugasemdir, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir senda með uppdráttunum, og síðan gera rökstuddar tillögur um, á hvern hátt hún álítur skipu-

lagi hvers bæjar best ráðið til lykta. Tillögunum skulu fylgja uppdrættir, þar sem þess kann að vera þörf. 55 27. júní

16. gr.

Hafi skipulagsnefnd gert breytingar á skipulagsuppdrætti einhvers bæjar, skal stjórnarráðið senda þær bæði þeim, sem skipulagsuppdráttinn gerðu, og hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til umsagnar. Þá er leitað hefir verið endanlegra tillagna skipulagsnefndar, staðfestir stjórnarráðið skipulagsuppdráttinn, ef það sjer sjer það fært, óbreyttan eða með þeim breytingum, sem það álítur, að til bóta sjeu, og fær hann þá gildi sem lögmæt samþykt fyrir bæinn, þegar er hann hefir verið opinberlega auglýstur.

17. gr.

Heimilt er stjórnarráðinu að ákveða, að ákvæði laga þessara skuli taka til kauptúns eða sjávarþorps, þótt íbúar sjeu þar færri en 500, ef hreppsnefnd óskar þess eða skipulagsnefnd gerir tillögu um það og stjórnarráðinu þykir sjerstök ástæða til.

Eftirrit af uppdráttum yfir kauptún, svo og skipulagsuppdráttum, ásamt lýsingum, er þeim fylgja, skal geyma í Þjóðskjalasafninu.

III. Um breytingar á skipulagi bæja og eftirlit með því.

18. gr.

Ef eldur eyðir mörgum húsum samtímis í kauptúni eða sjávarþorpi, skal bæjarstjórn (eða hreppsnefnd) tafarlaust athuga, hvort ekki sje ástæða til þess að gera skipulagsbreytingar á brunasvæðinu, og tilkynna stjórnarráðinu álit sitt og óskir um það.

Hvort heldur sem bæjarstjórn æskir skipulagsbreytinga eða ekki, skal leita umsagnar skipulagsnefndar um málið.

Síðan úrskurðar stjórnarráðið, hvort breyta skuli skipulaginu eða ekki.

19. gr.

Nú vill bæjarstjórn færa út bæjarstæðið, eða að einhverju leyti breyta því skipulagi, sem ákveðið er með skipulagsuppdrætti, og skal hún þá senda stjórnarráðinu beiðni um það, ásamt uppdráttum og upplýsingum, sem sýni ljóslega, hverrar breytingar er óskað og hver nauðsyn beri til hennar. Stjórnarráðið úrskurðar, hvort breyta skuli skipulaginu eða auka það, eftir að það hefir fengið umsögn skipulagsnefndar um málið.

20. gr.

Nú hefir stjórnarráðið úrskurðað, að breyta skuli skipulagi bæjar eða

55 auka það, og skal þá, er um mikilvægar skipulagsbreytingar er að ræða, haga
27. júní framkvæmdum svo sem mælt er fyrir í 8. og 10.—15. gr. Smávægilegar breytingar staðfestir stjórnarráðið, ef meiri hluti skipulagsnefndar fellst á tillögur bæjarstjórnar. Allar skipulagsbreytingar skulu auglýstar opinberlega, nema þær sjeu svo lítilfjörlegar, að þær snerti að eins hagsmuni fárra manna. Ef svo er, nægir að bæjarstjórn tilkynni þær brjeflega þeim, sem hlut eiga að máli.

21. gr.

Skylt skal öllum bæjarstjórnum að geyma vandlega öll skjöl og uppdrætti, sem lúta að skipulagi bæjarins, og auka þá eða breyta þeim, jafnóðum og bygðin eykst eða breytist, svo að ætíð megi glögglega sjá, hversu bærinn er bygður og öll veruleg mannvirki, sem gerð hafa verið.

22. gr.

Stjórnarráðið felur húsameistara eða öðrum manni, sem það telur hafa nægilega sjerþekkingu á skipulagi bæja, að hafa eftirlit með byggingu hvers kauptúns, sem skipulagsuppdráttur er samþyktur fyrir, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Hann skal rannsaka vandlega, hvort skipulagsákvæðum er fyllilega hlýtt og hvort uppdrættir eru varðveittir, auknir og lagfærðir, svo sem vera ber. Í þeim bæjum, þar sem ekki er völ á hæfum manni til þess starfs, skal það framkvæmt af eftirlitsmanni stjórnarinnar. Á ferðum sínum skal eftirlitsmaður eftir föngum leiðbeina byggingarnefndum og bæjarstjórnum um alt, er að skipulagi lýtur. Að lokinni eftirlitsferð gefur hann stjórnarráðinu skýrslu um öll þau atriði, sem áfátt kann að vera í hverjum bæ.

Kostnað við eftirlitið skal greiða úr ríkissjóði.

23. gr.

Nú kemur það í ljós við eftirlitið eða á annan hátt, að skipulagsákvæði eru brotin, og skal þá stjórnarráðið gera tafarlausa gangskör að því, að mannvirki þau, sem tvímælalaust fara í bága við skipulagið (svo sem bygt fyrir götu eða á svæði, sem ákveðið var, að skyldi vera óbygt), sjeu rifin niður, nema um bráðabirgða-mannvirki sje að ræða, t. d. byggingu eftir bæjarbruna, sem stjórnarráðið hefir fallist á.

Kostnað þann, sem af slíkum breytingum leiðir, og skaðabætur, skal greiða úr bæjar- eða hreppssjóði.

IV. Um eignarnám og skaðabætur.

24. gr.

Heimilt skal að taka lóðir og hús eignarnámi, ef þess gerist nauðsyn

vegna skipulagsins. Um framkvæmd eignarnámsins fer sem mælt er fyrir í lögum nr. 61, frá 14. apríl 1917, um framkvæmd eignarnáms. 55 27. júní

25. gr.

Hús og lóðir, sem að meira eða minna leyti ónýtast við skipulagsgerð, skal meta þannig, að jafnt tillit sje tekið til þess hagnaðar og óhagnaðar, sem stafa kann af skipulaginu, og koma þá skaðabætur því að eins til greina, að eign hafi í heild sinni rýrnað í verðmæti.

26. gr.

Hafi hús eða lóð rýrst svo mjög við skipulagið, að eigi megi nýta til byggingar, getur eigandi krafist, að öll fasteignin sje keypt eftir mati. Þá getur og bærinn krafist þess, að honum sjeu seldar, eftir mati, afklippur af lóðum, sem eru minni en svo, að nota megi til byggingar.

27. gr.

Nú hefir skipulag breytt svo lóðum eða viðhorfi þeirra á byggingareitum, að þær verða óhentugar til afnota; þá skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd leitast við að fá samkomulag milli eigendanna um hentugri lóðaskiftingu á reitum. Ef samkomulag næst ekki, getur bæjarstjórn eða hreppsnefnd krafist þess, að ný lóðaskifting sje gerð, svo framarlega sem ⅔ eigenda eru því samþykkir og skipulagsnefnd styður málið.

28. gr.

Allar skaðabætur, svo og þóknun til matsmanna, skulu greiðast úr bæjar- eða hreppssjóði, nema um yfirmat sje að ræða. Þó verður eigi krafist, að skaðabætur sjeu greiddar fyr en sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda, sem skaðabæturnar eru goldnar fyrir.

29. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld málsgrein A. og B. í 6. gr. laga nr. 19, 20. okt. 1905, um byggingarsamþyktir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

56
27. júní

Lög

um

bifreiðaskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal árlega greiða í skatt til ríkissjóðs 8 kr. af hverri hestarku vjelarinnar.

Sama gjald greiðist af reiðhjólum með hreyfivjel.

2. gr.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til flutninga, greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 1. gr.

3. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenskir ríkisborgarar.

Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

Stjórnarráðið getur undanþegið skatti þessum bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar í opinberar þarfir.

4. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti 1922, og innheimtist af lögreglustjóra þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1921, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtst. Skatturinn telst að eins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal slept.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum. 56 27. júní

5. gr.

Lögreglustjórar innheimta skattinn, og fer um reikningskil eftir því, sem stjórnarráðið skipar fyrir.

Af skattinum skal stofna sjerstakan sjóð, sem landstjórnin geymir. Heimilt er að verja fje úr sjóðnum, eftir tillögum vegamálastjóra, til þess að greiða aukakostnað, er af því stafar að gera slitlag á vegum utan kaupstaða úr grjótmulningi, tjörusteypu eða öðru efni, er hæfir umferð bifreiða, þegar slíkir vegir eru endurbygðir eða endurnýja þarf slitlag þeirra. Skulu þeir vegir ganga fyrir, þar sem mest er umferð bifreiða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Lög

57 27. júní

um

afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. kap.

Um það, hver börn sjeu skilgetin.

1. gr.

Þau börn eru skilgetin, sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjóna-

57 bandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sje ekki
27. júní vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau sjeu skilgetin.

2. gr.

Faðerni verður að eins vefengt af eiginmanni, barninu sjálfu, eða, að eiginmanni látnum, af þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hann.

3. gr.

Nú vefengir eiginmaður, að barn konu hans sje skilgetið, og skal hann þá höfða mál gegn lögráðamanni barnsins áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að honum var kunnugt um fæðingu þess, enda hafi hann ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

Nú næst ekki til lögráðamanns, eða hann er, að dómi hjeraðsdómara, ekki fær um að gæta rjettar barnsins, og skal þá dómari setja því svaramann á ríkiskostnað.

Nú er eiginmaður sviftur lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og gengur þá lögráðamaður í hans stað.

4. gr.

Nú er eiginmaður látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fjekk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmanns, enda hafi eiginmaður ekki gengist við barninu eftir fæðinguna.

5. gr.

Barn getur stefnt eiginmanni móður sinnar til vefengingar faðerninu, eða, að honum látnum, þeim erfingja hans, er gengur jafnhliða því eða næst að erfðum eftir hann.

Nú er barnið ólögráða vegna æsku, eða svift lögræði vegna vitskerðingar eða fávits, og getur lögráðamaður þess þá höfðað málið.

6. gr.

Dómara ber af sjálfsdáðum að leita allra sannana um faðerni barnsins, þar á meðal skýrslu móður. Játning aðilja kemur að eins til greina sem sönnunargagn. Aðildareiður er óheimill.

Málið skal reka innan luktra dyra, nema báðir aðiljar sjeu á annað sáttir.

7. gr.

Dómkrafa stefnanda verður því aðeins tekin til greina, að telja megi víst, að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess.

Nú hefir eiginmaður höfðað málið, og má þá dæma það honum í vil, þótt eigi standi svo á, sem getur í næstu málsgrein á undan, ef barnið er getið áður en hjónin voru gefin saman, eða eftir að hjónin skyldu að borði og sæng, enda sjeu líkur til þess, að hjónin hafi eigi haft samfarir á þeim tíma, er barnið getur verið getið. 57 27. júní

8. gr.

Nú er barn, er 1. gr. laga þessara tekur eigi til, skilgert samkvæmt 37. eða 38. gr. laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og telst það barn þá skilgetið.

9. gr.

Nú er barn getið eða fætt í hjónabandi, en hjónabandið er síðar dæmt ógilt, og hefir barnið þá öll rjettindi skilgetins barns gegn foreldrum sínum.

Nú var annað foreldranna grandalaust um ógildingarástæðuna, er barnið var getið, og hefir það þá öll rjettindi foreldris gagnvart barninu, sem skilgetið væri.

II. kap.

Framfærsla og uppeldi.

10. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul.

11. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að uppala börn sín þangað til þau eru 16 ára gömul.

Sjerstaklega ber foreldrum að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og að innræta þeim iðjusemi og siðgæði.

12. gr.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra og uppala stjúpbarn sitt, svo sem barnið væri skilgetið barn þess, enda hafi stjúpforeldri eigi skilið við eiginkonu sína eða eiginmann að lögum og barnið fylgt foreldri sínu.

13. gr.

Nú eru foreldrar, vegna efnaskorts, eigi færir um að inna lögmælta framfærslu og uppeldi af hendi, en börnin eiga eignir, og má þá verja eignum barnanna þeim til framfærslu og uppeldis, meðan fjárbrestur bagar foreldrana.

57 27. júní

Nú vill lögráðamaður barns eigi láta fje þess laust, því til framfærslu eða uppeldis, og leggur þá valdsmaður úrskurð á ágreininginn.

14. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að hafa fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng, og annað þeirra fullnægir ekki lögmæltri framfærslu- og uppeldisskyldu sinni, og getur þá hitt hjónanna, eða annar lögráðamaður barnanna, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með þeim börnum, sem á vegum þess eru.

Sje það foreldri, sem krafið er meðlags, heimilisfast eða statt hjer á landi,, skal leita valdsmanns þess um úrskurðun meðlagsins, en ella valdsmanns þess foreldris eða lögráðamanns, er meðlagskröfuna gerir.

Meðlagsupphæðin fari eftir högum beggja foreldra. Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir ½ ár í senn.

Meðlagsúrskurði má breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun.

15. gr.

Nú hefir annað foreldri yfirgefið hitt, án þess leyfi til skilnaðar að borði og sæng hafi verið fengið, eða það hefir valdið samvistaslitum á annan ólöglegan hátt, og getur þá hitt foreldrið, auk meðlags með börnunum samkvæmt næstu grein á undan, krafist úrskurðar valdsmanns um meðlag með sjer af hendi þess, er samvistarslitunum olli.

Meðlagsupphæðin fer eftir högum beggja, enda má breyta meðlagsúrskurði, ef hagur aðilja breytist að mun.

Meðlagið greiðist fyrirfram fyrir einn mánuð í senn.

16. gr.

Nú hefir foreldri verið gert að greiða meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en það innir meðlagið eigi af hendi, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans gengið eftir meðlaginu, með sama hætti og heimta má meðlag með óskilgetnu barni.

Nú hefir dvalarsveit greitt meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., og getur hún þá látið taka það lögtaki hjá framfærsluskyldu foreldri, eða krafið framfærslusveit þess um endurgreiðslu meðlagsins. Greiði framfærsluskyldur eigi meðlagið, telst það fátækrastyrkur honum til handa.

17. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi til skilnaðar að borði og sæng hefir verið fengið, og getur konan þá krafist þess, að valdsmaður banni eiginmanni hennar að raska sameign þeirra, meðan þau eru óskilin að borði og sæng eða að lögum.

Valdsmaður getur heimtað, að viðlögðum alt að 10 kr. dagsektum, að

eiginmaður láti sjer í tje, innan tiltekins tíma, sundurliðaða skýrslu, að viðlögðum drengskap, um allan hag fjelagsbúsins.

Nú hefir valdsmaður orðið við beiðni húsfreyju og eiginmanni verið birt bann valdsmanns, en eiginmaður brotið það, og varðar það hann þá allt að tveggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

Mál samkvæmt næstu málsgrein á undan sæta meðferð almennra lögreglumála, enda sje eigi um sviksamlegt athæfi að ræða.

18. gr.

Nú hefir foreldri verið skyldað til að inna af hendi meðlag samkvæmt 14. eða 15. gr., en ókunnugt er um verustað þess, og getur þá meðlagsþegi eða lögráðamaður hans krafist fulltingis lögreglustjórnar til þess að leita uppi verustað foreldris.

Þá getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans og neytt 60. gr. fátækralaganna, þegar svo stendur á, sem þar er lýst.

Nú fer framfærsluskylt foreldri af landi burt og hefir eigi sett slíka tryggingu, sem getur í nefndri fátækralagagrein, og getur meðlagsþegi eða lögráðamaður hans þá heimtað lögtak á gjaldkræfum og löghald fyrir ógjaldkræfum meðlagskröfum í eignum foreldris hjer á landi.

19. gr.

Foreldrar skulu, svo sem þeir eru færir um, ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, og mega börnin ekki verða sveitarþurfar meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau.

Söm er skylda barns gagnvart foreldri.

III. kap.

Foreldravald.

20. gr.

Foreldrar ráða báðir saman, sjeu þeir samvistum, verustað barna sinna og öðrum persónulegum högum þeirra. Slíkt hið sama gildir um stjúpforeldri, meðan stjúpbarnið er á framfæri þess.

Nú greinir foreldra, sem eru samvistum, á um einhverja ráðstöfun viðvíkjandi börnunum, enda valdi hún fjárframlögum, og ræður þá það hjónanna, er leggja vill fram fje til hennar af sjereign sinni, eða framfærir aðallega heimilið og gætir rjettar barnanna, að því leyti, er þá ráðstöfun snertir.

Umráðarjettur foreldra yfir börnunum helst þangað til börnin verða 16

57 27. júní

ára gömul og nefnist foreldravald, enda er foreldrunum frjálst að halda börnunum til hlýðni með valdi.

Foreldrar mega fela öðrum að fara með þetta vald sitt um stundarsakir eða um óákveðinn tíma, en eigi til fullnaðar. Hins vegar getur almannavaldið svift foreldri valdi yfir börnum þess, að svo miklu leyti sem lög leyfa.

21. gr.

Nú eru hjón skilin að samvistum, án þess að leyfi hafi verið fengið til skilnaðar að borði og sæng, og ræður þá hvort foreldri þeim börnum, sem á vegum þess eru.

22. gr.

Nú fer barn í leyfisleysi af heimili foreldris eða húsbónda, og getur þá heimilisráðandi sótt barnið með valdi og, þurfi á að halda, krafist fulltingis lögreglustjórnar til að ná barninu á sitt vald.

Nú heldur maður barni fyrir foreldri, og getur foreldrið þá höfðað mál gegn þeim manni, til þess að hann láti barnið laust, eða, eftir atvikum, krafist fulltingis fógeta til að ná barninu.

23. gr.

Nú verður barnið brotlegt gegn almannavaldi eða einstaklingi, og fer þá um ábyrgð foreldris á broti barnsins, hvort heldur til refsingar eða skaðabóta, eftir almennum reglum.

24. gr.

Nú er heilsu eða högum barns þannig varið, að ástæða er til að ætla, að það verði ósjálfbjarga eða kunni ekki með fje að fara, og geta foreldrar þá, báðir saman eða hvor í sínu lagi, ákveðið í erfðaskrá, að geyma skuli arf barnsins eftir þá, annan eða báða, svo sem fje þeirra, sem ófjárráða eru.

Nú kemur slík erfðaskrá fram eftir látið foreldri, og skal skiftaráðandi þá þegar í stað hlutast til um, að lögráðamaður taki við erfðafjenu fyrir hönd eiganda, enda fer upp frá því um meðferð fjárins eins og fje þeirra, sem ófjárráða eru.

25. gr.

Nú verður sú breyting á högum eiganda erfðafjárins, að óhætt þykir að fela honum meðferð þess, og getur stjórnarráðið þá úrskurðað, að sleppa skuli fjenu við hann.

IV. kap.

Ýmisleg ákvæði.

26. gr.

Fullkomin sjereign er með foreldri og barni, enda varði fjárskuldir annars eigi hitt, umfram það, sem getur í 13. og 19. gr.

27. gr.

Um nafn barns, ríkisfesti, þingfesti, sveitfesti og sóknarfesti fer að lögum.

28. gr.

Lög þessi raska í engu skyldu foreldra gagnvart fátækrastjórn, til að framfæra og uppala börn sín.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin D. og N. L. 5. 2. 32, og orðin „skilgetin eða óskilgetin" í 1. málsgr. 4. gr. fátækralaganna, nr. 44, 1905, og orðið „skilgetin" í 2. málsgr. sömu lagagreinar, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lögin.

30. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

58
27. júní

Lög

um

breyting á lögum nr. 21, 9. júlí 1909, um fiskimat.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau **með samþykki Voru:**

1. gr. laganna orðist svo:

Allur saltfiskur, verkaður og óverkaður, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar, Ítalíu eða annara Miðjarðarhafslanda, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirmatsmanna.

Sömu meðferð skal hafa á öðrum saltfiski, sem verkaður er í landinu og ætlaður er til útflutnings.

Óverkaður saltfiskur, sem gengur kaupum og sölum innanlands, skal metinn á sama hátt, ef hann er ætlaður til verkunar í landinu og útflutnings.

Yfirmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, sem hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirmatsmanns, ritað á farmskrána.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar, bæði við útflutning og í útflutningsskipunum, skulu settar í erindisbrjefum yfirmatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

59
27. júní

um

veiting ríkisborgararjettar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararjettur veitist útvegsmanni Ole Andreas Olsen Tynes á Siglufirði, sem fæddur er 7. febrúar 1877 í Sökkelven-hreppi á Sunnmæri í Noregi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Lög

60
27. júní

um

útflutningsgjald af síld o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í ríkissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli og fóðurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

60
27 júní

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr., greiðist af þar töldum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu, eða í skipum, sem stunda síldveiðar í landhelgi, þótt síldin sje eigi flutt í land. Ennfremur nær gjaldið til síldar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

Endurgreiða má hjer búsettum ríkisborgurum og öðrum hjer búsettum mönnum, er sama rjett hafa að lögum, ⅔ útflutningsgjalds síldar, ef þeir sanna áður ár líður frá útskipun, með staðfestu vottorði lögskipaðs miðlara á sölustað síldarinnar, eða á annan hátt, að hún hafi selst undir kostnaðarverði.

Lögreglustjóri á útskipunarhöfn annast endurgreiðsluna, að fengnu samþykki stjórnarráðsins.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skipið er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra þar, sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu, eftir því sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilríki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

9. gr.

Með mál útaf brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti, sem þau eru eigi áður numin úr lögum, og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

61
27. júní

Lög

um

breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala, þá greiðir framfærslusveit hans ⅖ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 krónur á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfjelagi. Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti, sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er fyrir sjúkrahúsvist, en undir hann telst lyf og læknishjálp, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofannefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin „200 kr. um árið“ skal koma:
   400 kr. um árið, þó ekki yfir ⅖ hluta styrksins.
2. „200 kr.“ á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

62
27. júní

um

einkasölu á áfengi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum áfengi og vínanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en 2¼ % af vínanda (alcohol) að rúmmáli. Sendimenn annara ríkja halda þó rjetti sínum til innflutnings áfengis.

Lög þessi taka ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef með það er farið samkvæmt bannlögum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissöluna. Í þeim reglum skal það tiltekið, hve mikið áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala, svo að mest sje á hverju ári eða um tiltekið tímabil.

Ennfremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kauptúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita þessari verslun forstöðu. Hann skal hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Honum skal og skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir ríkissjóð og lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, er talin verða í lyfsöluskránni. Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns verslunarinnar verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

62
27. júní

5. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í 2. gr., kveður ríkisstjórnin á um, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að vera, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð, eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

7. gr.

Á vínanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, skal leggja 25—75%, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi, svo og önnur lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem toll- og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða af áfengi og vínanda fyrirliggjandi í Reykjavík. Kostnað við sendingu varanna innanlands greiði viðskiftamenn verslunarinnar. Pantaðar vörur samkv. 4. gr. getur verslunin látið senda beint frá útlöndumm til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er.

11. gr.

Ríkisstjórnin setur hámarksverð í smásölu á þær vörur, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr. 62

Með mál útaf lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál. 27. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Lög 63 27. júní

um

eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi til skipsuppsáturs fyrir almenning landspildu á Bolungarvíkurmölum, kringum brimbrjótinn, ásamt leigurjettindum og kvöðum, er á spildunni hvíla, og öllum mannvirkjum og byggingum, er á henni standa.

2. gr.

Stærð spildunnar er 4000 fermetrar, 78 metrar á lengd og 51 til 52 metrar á breidd að meðaltali; takmarkast hún að norðanverðu af ytri lóðarmerkjum Árna E. Árnasonar, Jóns I. Nordkvists og Hannesar Guðjónssonar, að sunnanverðu af ytri lóðarmerkjum svonefndrar Eyfirðingalóðar, að vestanverðu af götunni og að austanverðu af sjónum.

63
27. júní

3. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

64
27. júní

Lög

um

stofnun Ríkisveðbanka Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Banka skal stofna í Reykjavík, er nefnist „Ríkisveðbanki Ísland". Tilgangur hans er:

1. að veita lán, trygð með veði í fasteignum á Íslandi.
2. að veita lán, trygð með ábyrgð bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga.
3. að veita lán til löggiltra fjelaga fasteignaeigenda, er hafa með höndum samvinnumannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem áveitur á engi, raforkuveitur, samgirðingar eða önnur álíka mannvirki, og sjeu lánin trygð með veði í afgjöldum af eignunum, með samskonar forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum sem opinberir skattar væru.

4. að veita lán eða kaupa skuldabrjef, trygð með veði í fasteign og auk þess með fullri ábyrgð ríkisins.
5. að gefa út og selja bankavaxtabrjef fyrir þeim fjárhæðum, er bankinn ver til útlána samkvæmt ofansögðu, alt að áttfaldri upphæð stofnsjóðs bankans.

Öll lán bankans skulu veitt til endurgreiðslu með ákveðnum afborgunum um langt árabil, en afborgunarlaus föst lán má aldrei veita.

2. gr.

Bankinn tekur við allri forsjá og stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, með öllum hennar skyldum og rjettindum. Að öðru leyti skulu lög og reglugerðir þær, sem nú gilda um veðdeild landsbankans, framvegis gilda um þessa deild Ríkisveðbanka Íslands, þar til allir fjórir flokkar bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar eru að fullu innleystir.

3. gr.

Ríkissjóður leggur bankanum til stofnfje, að upphæð 3 miljónir króna. Stofnfje þetta er eign ríkisins, en endurgreiðslu þess verður ekki krafist fyrri en bankinn hefir fullnægt öllum skuldbindingum sínum.

Stofnsjóð bankans má auka með nýjum fjárframlögum úr ríkissjóði eða með yfirfærslum úr varasjóði bankans. Með yfirfærslum úr varasjóði verður stofnsjóðurinn þó eigi hækkaður um meira en eina miljón kr., nema ný lagaheimild komi til.

4. gr.

Stofnfje bankans greiðir ríkissjóður af hendi þannig:

1. Úr ræktunarsjóði Íslands, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
2. Úr kirkjujarðasjóði, í skuldabrjefum, bankavaxtabrjefum eða peningum, eina miljón kr.
3. Úr viðlagasjóði, í skuldabrjefum eða peningum, eina miljón kr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, rennur andvirði þeirra þjóðjarða og kirkjujarða, er hjer eftir verða seldar, inn í stofnsjóð bankans og bætist við eign ræktunarsjóðs og kirkjujarðasjóðs í stofnsjóðnum.

Nú kemur fram tap á skuldabrjefum þeim, sem verða lögð út stofnsjóðnum samkvæmt 1.—3. lið þessarar greinar, og minkar þá eign ríkissjóðs í stofnsjóðnum eins og tapinu nemur; en ef sjóðurinn við það lækkar niður fyrir 3 miljónir kr., bætir ríkissjóður honum það, er á vantar.

Af stofnfjenu greiðir bankinn 2% ársvexti fyrstu 10 árin eftir stofnun hans, en úr því 4% á ári. Renna vextirnir til ræktunarsjóðs, kirkjujarðasjóðs og viðlagasjóðs, að tilltölu við eign hvers þeirra í stofnsjóði bankans.

Nú hrökkva eigi tekjur bankans til þess að greiða vexti af stofnfjenu, og færir þá bankinn það, sem vantar á vextina, ríkissjóði til tekna, og greiðist sú inneign, án vaxta, þegar hagur bankans leyfir.

64
27. júní

5. gr.

Hreinn ágóði af rekstri bankans skal lagður í varasjóð. Nú verður bankinn fyrir tapi, eða árstekjur hans hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

6. gr.

Bankinn gefur út skuldabrjef, er hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en nafnskrá má þau í bókum bankans, og skal þá jafnframt ritað á brjefin, hver sje eigandi þeirra. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð vaxtabrjefanna, en sá af ráðherrum Íslands, er hefir yfirstjórn bankans, skal hafa samþykt orðalag þeirra og efni. Til þess að vaxtabrjefin sjeu skuldbindandi fyrir bankann, skulu þau vera undirrituð af bankastjórn, og auk þess á þau ritað vottorð ráðherra um, að þau sjeu skrásett í stjórnarráði Íslands. Brjefin skulu kveða á um greiðslu í íslenskri krónumynt. Þó má jafnframt á brjefunum telja upphæðina reiknaða til útlendra peninga.

Eigendur bankavaxtabrjefanna geta fengið bankanum brjef sín til geymslu, gegn viðtökuskírteini, eða fengið þau innrituð og gerð óframseljanleg og óveðhæf um sinn, með áritun bankans á brjefin, hvorttveggja eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

Aldrei má vera í umferð meira af bankavaxtabrjefum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins, nje meira en nemur fjárhæð þeirri, er bankinn á í skuldabrjefum fyrir lánum, að frádregnum greiddum afborgunum af þeim, en að viðbættu því fje, er afborgað kann að hafa verið af lánunum og bíður þess að verða notað til innlausnar vaxtabrjefum. Eigi mega heldur vaxtabrjef í umferð bera hærri vöxtu en tilsvarandi skuldabrjef fyrir lánum.

Þó má bankinn, með samþykki stjórnarráðsins, gefa út og selja fyrirfram bankavaxtabrjef fyrir alt að einni miljón kr. í einu. Skal þá andvirði þeirra, meðan það bíður þess að verða notað til útlána samkv. 1. gr., ávaxtað í Landsbanka Íslands eða á annan fulltryggan hátt, er stjórnarráð samþykkir.

7. gr.

Til tryggingar vaxtabrjefum bankans er:

1. Skuldabrjef þau, er bankinn fær frá lántakendum, og aðrar kröfur hans.
2. Varasjóður bankans.
3. Stofnsjóður bankans.
4. Ábyrgð ríkissjóðs fyrir 12½% af upphæð bankavaxtabrjefa í umferð, þegar taka þarf til ábyrgðarinnar.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem þær eru hjer taldar.

8. gr.

Vaxtabrjef bankans skulu gefin út í flokkum (seríum). Ákveður banka-

stjórn, hvenær lokið skuli hverjum flokki; þó skal það ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því, er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo flokka opna samtímis. 64 27. júní

9. gr.

Bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir reglugerð fyrir bankann, er breyta má eða bæta við þegar þörf gerist; þó mega ný reglugerðarákvæði ekki ná til bankavaxtabrjefa þeirra, sem áður eru út gefin.

Í reglugerð skal ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabrjefa hvers flokks skal vera lokið. Þó skal aldrei ákveða innlausnartímann lengri en 55 ár, talið frá því er flokkur er opnaður.

Í reglugerðinni skal einnig kveðið á um vaxtahæð brjefanna; en hafa má í sama flokki tvær eða fleiri deildir með misháum vöxtum, og með happvinningum (sbr. 35. gr.) eða án þeirra.

10. gr.

Vaxtamiðar bankavaxtabrjefanna og útdregin vaxtabrjef skulu innleyst í bankanum sjálfum og í þeim peningastofnunum öðrum eða verslunarhúsum, innanlands eða utan, er bankastjórnin ákveður með samþykki stjórnarráðsins. Í reglugerð skal fyrirmælt, hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fje fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

11. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum, og vaxtabrjef hans skulu ávalt njóta sama skattfrelsis sem skuldabrjef ríkisins. Svo á bankinn og rjett á að fá ókeypis eignar- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

Ákveða má íreglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga skuli endurgjaldslaust, eða gegn hæfilegri þóknun, er bankinn greiðir, veita honum upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda frá lántakendum eða sölu bankavaxtabrjefa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir bankann.

II. Tryggingar fyrir lánum.

12. gr.

Fje bankans má lána gegn veði í hverskonar fasteign, sem vera skal, ef eignin, að áliti bankastjórnar og samkvæmt reglugerðarákvæðum bankans, er

64 27 júní tryggilegt veð fyrir láni til langs tíma. Lánsupphæðin má aldrei fara fram úr ⅗ hlutum af virðingarverði fasteignarinnar, en innan þeirra takmarka má í reglugerð bankans ákveða, hve mikinn hluta verðs má mest lána út á fasteignir einstakra tegunda eða flokka.

Nú hefir bankinn minna fje en svo til umráða, að hann geti sint öllum lánbeiðnum, þótt tryggingar sjeu nægar, og skulu þá lán til landbúnaðar sitja fyrir öðrum. Nánari fyrirmæli til tryggingar því, að landbúnaðarlán njóti forgangsrjettar, skulu sett með reglugerðarákvæðum.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, má því að eins taka gild sem veð, að þau sjeu vátrygð gegn brunahættu í vátryggingarstofnun, er bankastjórn og ráðherra telja góða og gilda.

Hús, sem notuð eru til iðnrekstrar eða eru ætluð til einhverrar sjerstakrar, óvenjulegrar starfrækslu, skulu eigi metin hærra til lántöku en þau mundu verð til almennrar notkunar.

Að jafnaði skal eigi lánað nema gegn fyrsta veðrjetti. En það telst fyrsti veðrjettur, þótt áður hvíli fyrsta veðrjettarskuld á eigninni, ef lánið skal notað til þess að greiða hina eldri skuld og bankinn hefir uppfærslurjett á eftir henni, enda haldi hann þá eftir af láninu nægilegri upphæð til að losa öll eldri veðbönd af eigninni. — Það telst og fyrsti veðrjettur, er bankinn lánar út á eign, sem áður er veðsett honum eða veðdeild Landsbankans, til viðbótar við lán það, er hann eða veðdeildin hefir áður veitt.

Í reglugerð má þó ákveða, að bankinn geti tekið gildan veðrjett næst á eftir veðtrygðum skuldum eða kvöðum ákveðinnar tegundar, eða til ákveðinna stofnana, þó svo, að lán bankans, að viðbættum eldri skuldbindingum á eigninni, fari eigi fram úr ⅗ af verðgildi hennar. Af slíkum lánum má taka sjerstakt áhættugjald, er greiðist með auknu tillagi til varasjóðs, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

13. gr.

Eignir þær, er bankinn tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður tiltekið í reglugerðum bankans, og skal þar meðal annars ákveða, hvernig virðingarmenn skuli útnefndir.

Þó má í reglugerð ákveða, að sjerstök virðing vegna lántökunnar þurfi eigi að fara fram, ef lánið fer eigi fram úr ákveðnum hluta af virðingarverði eignarinnar til skatts, alt að hálfri skattvirðingarupphæðinni, og önnur skilríki eru fyrir hendi, er reglugerð nánar tiltekur.

Lántakendur skulu, svo oft sem stjórn bankans krefst, láta honum í tje skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðin hafi eigi rýrnað í verði, svo að bankanum geti eigi verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki samkvæmt kröfu bankans, eða hafi bankastjórn orðið þess vör,að veðsett eign hefir rýrnað í verði, getur bankinn látið fara fram skoðun eða nýja virðingu, á kostnað lántakanda.

14. gr.

Í virðingargerðum getur bankinn látið tilgreina sjerstaklega verð hverrar fasteignar, eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða grunnsins, og hins vegar sjerstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á jörðinni eða grunninum, svo sem jarðbóta allskonar, bygginga og annara umbóta. Má í reglugerð bankans ákveða, að eigi skuli að jafnaði veitt hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því að eins svo hátt, að lánið verði ekki yfir ⅗ af virðingarverði allrar eignarinnar. Skal þá í reglugerðinni kveða nánar á um sundurgreining virðingarverðsins, og má meðal annars ákveða, að jarðabætur skuli, eftir nánar tiltekinn árafjölda teljast til jarðarinnar sjálfrar, en eigi lengur til mannvirkja, er ætla má, að þær hafi löngu borgað kostnað sinn að fullu.

15. gr.

Ef lán það, sem sótt er um, er að öllu eða nokkru leyti ætlað til jarðabóta eða annara endurbóta á fasteignum, er hafa í för með sjer varanlega verðhækkun eignarinnar, má við virðingargerð meta sjerstaklega þá verðhækkun og miða lánsupphæðina við virðingarverð eignarinnar, að meðtaldri verðhækkuninni. Af láninu má þó eigi greiða út í byrjun meira en lána mætti út á eignina óbætta, en afganginn jafnóðum og endurbótin er gerð og kemur að gagni til verðhækkunar eigninni.

Áður en slíkt lán er veitt, skal vera fyrir hendi lýsing á mannvirkinu, kostnaðaráætlun og áætlun um arð af endurbótinni eða verðhækkun vegna hennar. Á undan hverri útborgun fari fram skoðun eða bráðabirgðamat á mannvirkinu, og skal aldrei meira útborgað af láninu en svo, að nemi ⅗ af verði eignarinnar eins og endurbótinni er komið á hverjum tíma, þótt eigi yrði meira að henni unnið að sinni.

Í reglugerð skal gefa nánari fyrirmæli um lántökuskilyrði og útborgun slíkra lána.

16. gr.

Lán til bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelaga, eða trygð með ábyrgð þeirra, skulu því að eins veitt, að stjórnarráðið eða önnur yfirskipuð stjórnarvöld, þau er hlut eiga að máli, hafi samþykt lántökuna eða ábyrgðina.

Bankinn getur hve nær sem er krafið bæjar-, sýslu- eða sveitarfjelagið um skýrslu um eignir þess og efnahag og upplýsingar um alt það, er máli getur skift um trygging lánsins.

Í reglugerð bankans skal nánar ákveðið um lántökuskilyrði og trygging fyrir slíkum lánum.

17. gr.

Lán samkvæmt 3. lið 1. gr. veitir bankinn að eins þeim fjelögum, er stofnuð kunna að verða samkvæmt sjerstökum lögum og fá lögvarinn rjett

64 til að leggja afgjaldskvaðir á fasteignir, til greiðslu kostnaðar við samvinnu-
27. júní fyrirtæki, til umbóta á þeim, með forgangsrjetti fyrir öllum veðskuldum. Skal taka upp í reglugerðir bankans nánari fyrirmæli um lán þessi og þess sjerstaklega gætt, að afgjaldskröfur þær, er bankinn fær að tryggingu, geti á engri fasteign orðið hærri en svara mundi til lánsupphæðar þeirrar, er bankinn gæti veitt gegn veði í eigninni samkvæmt lögum þessum og öðrum útlánsreglum bankans.

18. gr.

Nú verða stofnuð veðlánsfjelög, er ná yfir takmörkuð landssvæði, með sameiginlegri ábyrgð fjelagsmanna, og fjelagssamþyktir þeirra öðlast staðfesting stjórnarráðsins, enda telji bankastjórn og ráðherra útlánsreglur fjelaganna jafn-tryggilegar og Ríkisveðbankans; getur þá bankinn keypt skuldabrjef slíkra fjelaga eða veitt þeim lán, gegn tryggingu í veðskuldabrjefum fjelagsmanna og öðrum eignum hvers fjelags, auk sameiginlegrar ábyrgðar lántakenda fjelagsins. Skal þá bankinn hafa nákvæmt eftirlit með rekstri hvers fjelags, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, og jafnan hafa í vörslum sínum eða umboðsmanns síns veðskuldabrjef einstakra fjelagsmanna, að minsta kosti fyrir jafnmikilli upphæð og lán bankans til veðlánsfjelagsins nema á hverjum tíma.

Tillög til varasjóðs (sbr. 22. og 25. gr.) af þessum lánum skulu sjerstaklega ákveðin með reglugerð, og mega þau lægri vera en af öðrum lánum bankans.

19. gr.

Bankinn getur veitt lán eða keypt veðskuldabrjef eða vaxtabrjef, sem í sjálfu sjer eru trygð með nægilegu fasteignaveði, þótt veðin sjeu eigi eins tryggileg og krafist er annars í lögum þessum og reglugerðum bankans, ef lánin eða brjefin auk þess eru trygð með fullri ábyrgð ríkissjóðs. Tekur bankinn brjef þessi með því gengi, er stjórn bankans og stjórnarráði Íslands kemur saman um, og skal gengið miðað við, að bankinn verði skaðlaus af kaupunum.

20. gr.

Í reglugerð má ákveða hæstu og lægstu upphæð einstaks láns. Þar skal og ákveða, hvað lánstíminn má vera lengstur fyrir hverja tegund tryggingar. Þó má eigi ákveða lengri útlánstíma fyrir neina tegund lána en 45 ár.

III. Skyldur og rjettindi lántakenda.

21. gr.

Lán þau, er bankinn veitir, má hann greiða, eftir vali hans sjálfs, í bankavaxtabrjefum, eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum, með þeirri

upphæð, sem hann getur fengið fyrir brjefin eða hefir þegar selt þau fyrir, að frádregnum beinum kostnaði við söluna. Semja má um sölu bankavaxta- brjefa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki stjórnarráðið söluverðið. 64 27. júní

Um leið og lán er tekið skal lántakandi greiða í varasjóð bankans hundraðsgjald af lánsupphæðinni, er reglugerð bankans ákveður, þó eigi hærra en 1%.

Lántakandi er skyldur að tilkynna bankanum þegar í stað, ef hann gerir verulegar breytingar á veðsettri fasteign, svo að eignin við það verði verðminni; sömuleiðis ef eignin rýrnar til muna í verðgildi af honum ósjálfráðum orsökum. Vanræki hann slíkar tilkynningar, getur stjórn bankans krafið hann um gjald til varasjóðs, alt að 1% af veðskuld hans.

Þegar veðsett fasteign er seld, skal kaupandi tilkynna bankanum eigendaskiftin skriflega innan 2 mánaða, að viðlagðri sekt, alt að 1% af veðskuldinni, er rennur í varasjóð.

Öll gjöld og sektir til varasjóðs skulu trygð með veði í eignum þeim, er bankinn hefir að tryggingu, á sama hátt og lánin sjálf og vextir af þeim.

23. gr.

Lánum þeim, er bankinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefir undirgengist. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á rjettum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátrygðum húseignum, er að veði eru og taldar eru með í virðingu til lántöku, eða sje auglýst sala á eigninni, vegna veðskuldar með forgangsrjetti fyrir veði bankans, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfum bankans, eða sje bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta, eða brjóti lánþegi í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum bankans eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust.

Þegar eigendaskifti verða að veðsettri eign, getur bankinn heimtað lánið endurgreitt að nokkru eða öllu leyti. En vilji nýr eigandi taka að sjer lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Ávalt þegar lán er fallið í gjalddaga, getur bankinn, til lúkningar höfuðstóli lánsins, vöxtum og rjettkræfum gjöldum til varasjóðs, látið selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða látið leggja það bankanum út til eignar, ef þörf er á. Bankinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldu-

64 nauts til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á rökum bygð, og eigi er heldur
27. júní hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómsskoti.

Bankinn hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sje rjett og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðast á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Bankinn getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

Í stað þess að veðsett eign verði seld á uppboði, getur skuldunautur, ef hann kýs það heldur og bankastjórnin samþykkir, afhent bankanum eignina til fullra umráða og gefið honum óafturkallanlegt umboð til að selja hana eða verja henni til greiðslu skuldarinnar á hvern hátt, er bankastjórn telur hentugt. Skal þá bankinn að síðustu gera eiganda reikningsskil og skila honum því, er hann kann að hafa haft upp úr eigninni umfram veðskuldina og allan kostnað sinn; en að sjálfsögðu greiði skuldunautur það, er á vantar, ef eignin hefir eigi hrokkið fyrir veðskuldinni.

Nú greiðist eigi veðskuld að fullu með söluverði veðsettrar eignar, og getur bankinn þá látið taka fjárnámi aðrar eignir skuldunauts fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, eins og fyrir hendi væri dómur eða sátt, fallin í gjalddaga. En skuldunaut er frjálst að höfða mál gegn bankanum, til endurgreiðslu og skaðabóta, ef hann telur kröfur bankans eigi rjettmætar.

24. gr.

Þegar veðsettar eru eignir, er eldur getur grandað og taldar eru með í virðingu til lántöku, skal lántakandi framselja bankanum kröfu sína til brunabótanna, ef þær skyldu brenna. Getur bankinn krafist þess að annast sjálfur greiðslu hinna árlegu vátryggingariðgjalda, gegn því, að árleg ákvæðisgjöld lánþega til bankans hækki að sama skapi, svo að bankinn verði skaðlaus.

Nú verður brunatjón á veðsettri eign, og skal þá bankinn hefja brunabæturnar og greiða lánþega af þeim svo mikið, sem stjórn bankans telur óhætt, svo að lánið sje fulltrygt. Eftirstöðvar brunabótanna getur bankinn, eftir ósk lánþega, geymt og ávaxtað um alt að tveggja ára tíma, og greitt lánþega fjeð er hann hefir endurreit eignina, að öllu eða svo miklu leyti, að bankastjórn telji veðið tryggilegt. Ella skal taka fjeð upp í lánið sem aukaafborgun.

25. gr.

Skuldunautar bankans skulu greiða vexti, afborganir og tillög til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga, en gjalddagar sjeu einn eða tveir ár hvert, eftir ákvæðum reglugerðar.

Vextir af hverju láni skulu ávalt jafnháir og bankinn greiðir af bankavaxtabrjefum þeim, sem út eru gefin vegna lánsins. Ef brjefin eru happvinningabrjef (sbr. 35. gr.), skal þó í þessu sambandi telja til vaxta af þeim hundr-

aðsgjald það, er bankinn skuldbindur sig til að verja árlega til happvinninga af brjefum þess flokks, er þau tilheyra. 64 27. júní

Afborgunargjaldið skal að minsta kosti nema svo miklu hundraðsgjaldi af upprunalegri upphæð lánsins, að því verði lokið innan þess tíma, er reglugerð ákveður lengstan fyrir lán af hverri tegund. Bankastjórn getur þó leyft, að afborgun af lánum til jarðabóta eða til fjelagsmannvirkja (sbr. 1. gr. 3. lið) sje frestað um 1 eða 2 fyrstu ár lánstímans, gegn því að ákvæðisgjöldin verði upp frá því tiltölulega hærri, svo að láninu verði alt að einu lokið á tilskildum tíma.

Upphæð árstillagsins til varasjóðs skal ákveðið í reglugerð bankans; þó skal það eigi minna vera en ¼% og eigi hærra en ¾% af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. Má tillagið vera mishátt, eftir því, hverrar tegundar lánið er.

Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu eða endurborga hana að öllu leyti með bankavaxtabrjefum sama flokks og flokksdeildar og þau brjef voru, er hafa verið gefin út vegna lánsins, eftir ákvæðisverði brjefanna. Útdregin bankavaxtabrjef (sbr. 28. gr.) verða þó eigi notuð til slíkrar endurgreiðslu lána eða aukaafborgana.

Nú vill skuldunautur greiða í peningum aukaafborganir á ákveðnum gjalddögum, eða endurgreiða þannig lán sitt að fullu milli gjalddaga, og skal þá bankinn taka við greiðslunni fyrirvaralaust, ef hann getur það sjer að skaðlausu. Ella má hann krefjast uppsagnar á láninu með svo löngum fyrirvara til næsta innlausnardags bankavaxtabrjefa, að tilsvarandi upphæð brjefa verði þá innleyst, eða krefja skuldunaut um aukagjald, svo hátt, að bankinn geti sjer að skaðlausu geymt fjeð, þar til bankavaxtabrjefin geta orðið innleyst.

26. gr.

Bankinn getur krafist þess, að jafnframt umsókn um lán sje fyrirfram greiddur áætlaður kostnaður við skoðun og virðingu eignar þeirrar, sem boðin er að veði, og annar undirbúningskostnaður, sem eigi verður hjá komist, þótt ekki verði úr lántökunni.

Í reglugerð skal ákveða ferðakostnað og þóknun til virðingarmanna, er bankinn kann að útnefna, og þeirra starfsmanna bankans, er framkvæma skoðun veðsettra eigna samkv. 15. gr., eða önnur störf, er lántakendum ber að greiða.

27. gr.

Hver lántakandi er skyldur að hlíta lögum og reglugerðum bankans, með þeim breytingum, sem löglega verða á þeim gerðar, og skal þar að lútandi ákvæði tekið upp í skuldabrjef þau, er lántakendur undirskrifa.

64
27. júní

IV. Sjóðir bankans og vaxtabrjef.

28. gr.

Hver flokkur og hver vaxtadeild innan flokks, ef fleiri eru en ein, skal hafa sjerstakan árgjaldasjóð, og skulu í hann lögð öll árgjöld lántakenda, að frádregnum árstillögum til varasjóðs.

Af sjóðum þessum skal fyrst og fremst greiða vexti af bankavaxtabrjefum í umferð, en því, sem þá er eftir í hverjum sjóði, skal árlega varið til að innleysa vaxtabrjef þess flokks eða flokksdeildar, er í hlut á. Skulu vaxtabrjef þau, er á að innleysa, dregin út eftir hlutkesti, er notarius publicus hefir umsjón með, og fer fram í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, en hinn bankastjórnin. Þá hlutkesti hefir fram farið, skal auglýsa, með minst 6 mánaða fyrirvara, númerin á bankavaxtabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Í reglugerð bankans skulu sett nánari ákvæði um auglýsingar þessar.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist fyrir þann tíma, er önnur lán sama flokks eiga að vera öll greidd. Ella skal þessu fje varið til að innleysa bankavaxtabrjef, er skulu dregin út eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða keypt inn til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef sín í stærri stíl, eða innkalla heilan flokk eða flokksdeild vaxtabrjefa til innlausnar í einu, með auglýsingu og sama fyrirvara. Þó getur bankastjórn, með samþykki sttjórnarráðs, afsalað sjer rjetti til að innkalla þannig heilan flokk eða flokksdeild brjefa um ákveðinn árafjölda frá útgáfudegi þeirra.

29. gr.

Í varasjóð renna tekjur samkv. 22. gr., árstillög samkv. 25. gr., vextir af varasjóðnum sjálfum og allar aðrar tekjur bankans, sem eigi eru sjerstaklega ákveðnar til annars. Í varasjóð bankans renna og varasjóðir veðdeildarflokka Landsbanka Íslands, jafnóðum og bankavaxtabrjef hvers flokks eru að fullu innleyst.

Sjóðurinn skal í heild sinni vera til tryggingar öllum útgefnum bankavaxtabrjefum, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því, sem ástæða þykir til.

Af fje varasjóðs má veita lántakendum aukalán í peningum, alt að þeirri upphæð, er afföll af bankavaxtabrjefum þeim nema, er þeir fá lán sín greidd með. Þó má aðallán og aukalán til samans ekki fara fram úr ⅗ hluta virðingarverðs eignar þeirrar, sem að veði er, og skulu aukalánin endurgreidd á eigi lengri tíma en 5 árum.

Fje varasjóðs skal að öðru leyti ávaxtað í bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða á annn tryggilegan hátt, er reglugerð ákveður og stjórnarráð samþykkir. 64 27. júní

Nú hefir bankinn orðið að taka að sjer veðsetta eign (sbr. 23. gr.), og hafi hún eigi selst innan árs frá því, er bankinn tók hana að sjer, og skal þá úr varasjóði greiða veðskuldina, eða að minsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni sjeu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, nje heldur hærri en boðið var hæst í eignina, ef uppboð var reynt á henni. Upphæð þeirri, er varasjóður þannig greiðir til lækkunar veðskuldinni eða til lúkningar henni, skal varið til innlausnar bankavaxtabrjefa þess flokks eða flokksdeildar, er lánið tilheyrir. — Skal eignin síðan seld, svo fljótt sem unt er eða sýnt þykir, að eigi sje ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur þá kaupandi tekið að sjer eftirstöðvar lánsins. Meðan bankinn hefir slíka eign á höndum sjer, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess. Í ársreikningum bankans skal gera sjerstaklega grein fyrir hverri eign, er þannig er ástatt um.

30. gr.

Jafnóðum og bankinn innheimtir lán þau, er stofnsjóður verður útlagður með samkv. 4. gr., skal ávaxta stofnsjóðinn í íslenskum ríkisskuldabrjefum, bankavaxtabrjefum bankans sjálfs eða öðrum verðbrjefum, er bankastjórn og stjórnarráð telja trygg. Meðan fje sjóðsins kann að bíða þess að verða þannig komið fyrir, skal það ávaxtað í Landsbanka Íslands eða annari tryggri peningastofnun, er stjórnarráðið samþykkir. Má og verja því fje til útlána um stuttan tíma, ekki yfir 6 mánuði, gegn handveði í bankavaxtabrjefum bankans eða öðrum verðbrjefum, er stofnsjóðinn má geyma í samkvæmt þessari grein. Handveðslán þessi mega eigi hærri vera en 8% fyrir neðan gangverð hinna veðsettu brjefa á þeim tíma, er lán er veitt.

Nú hefir bankinn orðið fyrir tapi, og varasjóður hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef sjóðurinn á þennan hátt lækkar um 10%, má bankinn eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabrjef eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að bankinn skuli halda áfram störfum og með hvaða skilyrðum.

31. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal samkvæmt 28. gr., geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

Ef áritun á brjef sýnir, að það sje eða hafi verið eign ákveðins manns, verður andvirði þess því aðeins greitt handhafa, að eigi verði annað sjeð en

64 27. júní að hann sje rjettur eigandi samkvæmt óslitnum framsölum, rituðum á brjefið, eða það hafi aftur verið framselt til handhafa; en bankinn ber eigi ábyrgð á því, þótt framsölin sjeu fölsuð eða röng að öðru leyti.

Vaxtabrjef bankans og vaxtamiðar þeirra eru undanþegin kyrsetning og löghaldi, og greiðsla andvirðis þeirra til rjettra eigenda eða löglegra handhafa verður eigi hindruð með neinskonar lögbanni.

32. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð bankans, sje höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

33. gr.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum bankans, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í þeim blöðum útlendum, er bankastjórn ákveður með samþykki stjórnarráðs. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt brjef, með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa fer eftir almennum reglum.

34. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal auðkenna þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu, þar til þau, við næstu reikningslok, verða brend í viðurvist endurskoðenda og notarii publici, ásamt vaxtamiðum þeim er innleystir hafa verið það reikningsár.

35. gr.

Bankinn má gefa út sjerstaka deild bankavaxtabrjefa með happvinningum, þann veg, að eigendum eða handhöfum brjefanna sjálfra eða vaxtamiðum þeirra verði, auk höfuðstóls brjefanna eða vaxta, greiddir vinningar eftir hlutkesti, er fram fer undir umsjón notarii publici. Í reglugerð skal kveða nánar á um fyrirkomulag hlutaveltunnar, og má þar meðal annars ákveða, hversu miklu fje eða hve háum hundraðshluta af upphæð happvinningabrjefa í umferð má mest verja árlega til happvinninga. Þar má og ákveða, hversu hár hinn hæsti vinningur má vera.

Bankinn hefir einkarjett til að gefa út vaxtabrjef með happvinningum, þó að óskertum rjetti ríkissjóðs til að gefa út slík brjef.

36. gr.

Fje ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabrjef bankans, þó eigi hærra verði en kauphallarverð eða alment gangverð brjefanna er á þeim tíma, er kaupin eru gerð. Alt það geymslufje, er samkv. lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í þess stað geyma í bankavaxtabrjefum Ríkisveðbanka Íslands.

64
27. júní

37. gr.

Auk hinnar almennu ábyrgðar ríkisins, samkv. 7. gr. 4. lið, heimilast ríkisstjórninni að taka fyrir ríkissjóðsins hönd sjerstaklega ábyrgð á greiðslu vaxta og höfuðstóls einstakra deilda af bankavaxtabrjefum bankans, er kunna að verða gefnar út eingöngu til sölu utanlands.

V. Stjórn bankans og reikningsskil.

38. gr.

Í stjórn bankans eru 3 menn, er stjórnarráðið skipar, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórn frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

Nánari fyrirmæli um daglega stjórn bankans og um samband bankastjóranna sín á milli getur ráðherra sett.

39. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirðir bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, alt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Fyrst um sinn má þó fresta skipun bókara og fjehirðis, og skal þá Landsbanka Íslands falið að annast út- og innborganir bankans og aðrar daglegar afgreiðslur, að svo miklu leyti, sem unt er, gegn þóknun, er stjórnum bankanna kemur saman um eða stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum þeirra.

Aðra starfsmenn bankans ræður bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

40. gr.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, er gefa skal út eða framselja bankavaxtabrjef, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er

64 bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess
27. júní að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra.

Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

41. gr.

Aðalbankastjóri hefir laun og dýrtíðaruppbót eins og bankastjóri landsbanka Íslands, þó svo, að í stað hundraðshluta af ársarði komi $^1/_{20}$% af samanlagðri upphæð allra bankavaxtabrjefa, er í gildi verða við lok hvers reikningsárs, samt aldrei af hærri upphæð en 10 milj. króna.

Meðstjórnendur hafa hvor um sig helming fastra launa og dýrtíðaruppbótar á móti aðalbankastjóra, auk $^1/_{60}$% af upphæð bankavaxtabrjefa.

Fyrst um sinn skulu þó tveir af bankastjórum Landsbanka Íslands, er stjórnarráðið tilnefnir, gegna störfum sem meðstjórnendur Ríkisveðbankans, án sjerstakrar þóknunar.

Laun bankastjóra og allra starfsmanna greiðast af bankans fje.

Aðalbankastjóri má ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfur aðra atvinnu.

42. gr.

49. Til Brynjólfs Stefánssonar, lokastyrkur . .		2000
50. Til Baldvins B. Bárðdals, fyrir 1. bindi af endurminningum hans, enda fái Landsbókasafnið handritið		600
51. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 2500 kr., með verðstuðulsuppbót . . . . . enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns.		5500
52. Til J. C. Poestion í Wien, til þess að vinna áfram að ritverkum sínum um íslensk fræði		1500
Samtals		280970

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja er veitt:

	kr	kr.
1. Til Búnaðarfjelags Íslands		200000
2. Til sandgræðslu		15000
Styrkveitingar af lið þessum veitast þeim einum, sem leggja fram helming kostnaðar eða meira.		
3. Til búnaðarfjelaga		30000
Styrknum skal skift milli búnaðarfjelaganna, eftir dagsverkatölu, og varið til verkfærakaupa og styrktar sameiginlegri starfsemi innan fjelaganna.		
Flyt		245000

71
27. júní

		kr.	kr.
	Flutt		245000
4.	Til Garðyrkjufjelags Íslands:		
	a. Laun garðyrkjustjóra	7000	
	b. Styrkur til fjelagsins	1000	8000
5.	Til skógræktar:		
	a. Laun	14080	
	b. Til skóggræðslu	21000	35080
6.	Til framhalds landmælinga		40000
7.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	25740	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	500	
	c. Til eins manns, til að læra dýralækningar erlendis	800	
	Nemandanum ber að senda stjórnarráðinu tvisvar á ári vottorð frá kennurum sínum um iðni og ástundun.		27040
8.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum ..		600
9.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar	5000	
	b. Til húsaleigu	1200	
	c. Til ljósa eldsneytis og ræstingar	2000	8200
10.	Til leiðbeiningar um raforkunotkun		10000
11.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarnema til náms erlendis		4000
12.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
13.	Til Fiskifjelagsins		60000
	Þaraf 500 kr. til kenslu á Ísafirði skipstjóraefna á smáskipum.		
14.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	26400	
	b. 4 síldarmatsmanna	14080	
	c. 4 ullarmatsmanna	3200	
	d. 5 kjötmatsmanna	6000	
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	12000	61680
	Flyt		505600

	kr.	kr.
Flutt		505600
15. Til gerlarannsókna		2400
16. Til Gísla Guðmundssonar, til kjötrannsókna		5000
17. Til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga		5000
Af þessum lið gangi 600 kr. til handavinnuskóla Halldóru Bjarnadóttur á Akureyri, verði honum haldið áfram.		
18. Til Þórdísar Ólafsdóttur frá Fellsenda, til þess að halda uppi í Dalasýslu kenslu í hannyrðum og öðrum kvennafræðum		500
19. Þóknun til vörumerkjaskrásetjara		1200
20. Handa Ungmennafjelagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu		2000
Fjelagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fjenu er varið.		
21. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi, til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd		800
22. Styrkur til ábúandans í Fornahvammi, til að halda þar uppi bygð og gisting		1000
23. Styrkur til ábúandans á Hrauntanga á Öxarfjarðarheiði, til þess að halda þar við bygð og veita ferðamönnum gisting og beina . ..		200
24. Styrkur til ábúandans í Bakkaseli, til að halda þar uppi bygð og gisting		1000
25. Til eftirlits með silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli, og til námurannsókna, alt að		10000
26. Til bjargráðasjóðs		22000
27. Til landhelgisjóðs		20000
28. Til löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda:		
a. Laun forstöðumanns	7040	
b. Ferðakostnaður	500	
		7540
29. Til verndar lóðum á Sauðárkróki, alt að ..		5000
Flyt		589240

71
27. júní

		kr.	kr.
	Flutt		589240
	gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá.		
30.	Til byggingarfjelags Reykjavíkur, samvinnufjelags, 5% byggingarkostnaðar, gegn hálfu meira, 10%, frá Reykjavíkurbæ, þó ekki yfir		6000
	Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki lög fjelagsins.		
31.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
32.	Laun húsagerðarmeistara		9500
33.	Laun aðstoðarmanns húsagerðarmeistara, 3500 kr., með verðstuðulsuppbót		7700
34.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita:		
	a. Laun leiðbeinanda 3500 kr., með verðstuðulsuppbót	7700	
	enda tekur hann enga borgun fyrir leiðbeiningu eða vinnu við þá húsagerð.		
	b. Ferðakostnaður, alt að	1000	
	c. Skrifstofukostnaður	600	
			9300
35.	Til Sigurðar Ólafssonar, Hellulandi í viðurkenningarskyni		1000
36.	Til sendimanns á Spáni		20000
37.	Til bryggjugerðar sunnan Blönduóss, þriðjungur kostnaðar (endurveiting)		10000
38.	Til hafskipabryggju á Búðareyri, þriðjungur kostnaðar (3500 endurveiting)		12000
	Kaupfjelagi Hjeraðsbúa er veittur styrkurinn, en bryggjan skal vera til almenningsnota		
39.	Til lendingarbóta í Rifsósi, þriðjungur kostnaðar		5000
40.	Til viðgerðar og endurbótar á brimbrjótnum í Bolungarvík, þriðjungur kostnaðar ..		10000
	Verkið skal unnið undir umsjón verkfræðings.		
41.	Til þess að dýpka siglingaleiðir inn til Stokkseyrar, þriðjungur kostnaðar		8000
	Flyt		688740

	kr.	kr.
Flutt		688740
42. Til sjóvarnargarðs á Eyrarbakka (uppbót)		750
43. Til útgerðar björgunarskipsins Þórs í Vestmannaeyjum		40000
44. Til gistihúss Hjálpræðishersins í Hafnarfirði		5000
45. Til sjómannahælis og gistihúss Hjálpræðishersins á Ísafirði		5000
46. Uppbót á skurðgrefti í Miklavatnsmýri ..		1800
47. Til Þórðar Jónssonar blinda á Mófellsstöðum, gegn 500 kr. annarsstaðar að		1500
48. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli		3000
Eftirgjaldið af Staðarfelli rennur í ríkissjóð.		
Samtals		745790

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna eru veittar 4000 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

	kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:		
a. Embættismenn	28762 09	
b. Embættismanna ekkjur og börn	15129 88	
c. Uppgjafaprestar	1321 66	
d. Prestsekkjur	4800 40	
		50014 03
Flyt		50014 03

71
27. júní

	kr.	kr.
Flutt		50014 03
II. Styrktarfje og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:		
a. Embættismenn.		
1. Til Ásgeirs Blöndals læknis 250		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis .. 300		
3. — Sigurðar Jónssonar fyrv. ráðherra 1500		
	2050	
b. Embættismannaekkjur og börn.		
1. Til Elísabetar R. Jónsdóttur, læknisekkju 150		
2. — Magneu Ásgeirsson, læknisekkju 200		
3. — Ólivu Guðmundsson 175		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur 400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur 400		
	1325	
c. Uppgjafaprestar.		
1. Til Gísla Kjartanssonar 800		
2. — Stefáns Stephensens 147		
3. — Stefáns M. Jónssonar 325		
4. — Bjarnar Jónssonar 475		
	1747	
d. Prestsekkjur.		
1. Til Ástu Þórarinsdóttur.. 130		
2. — Auðar Gísladóttur 300		
3. — Bjargar Einarsdóttur 500		
4. — Guðrúnar Björnsdóttur .. 300		
5. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur 300		
6. — Guðrúnar Ólafsdóttur 100		
7. — Guðrúnar Pjetursdóttur .. 300		
8. — Guðrúnar Torfadóttur 300		
9. — Ingunnar Loftsdóttur 300		
10. — Jóhönnu S. Jónsdóttur.. .. 300		
11. — Kirstínar Pjetursdóttur .. 300		
12. — Kristínar Sveinbjarnardóttur 300		
Flyt 3430	5122	50014 03

		kr.	kr.
Flutt	3430	5122	50014 03
13. Til Ragnheiðar Jónsdóttur	106		
14. — Sigrúnar Kjartansdóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	400		
15. — Hlífar Bogadóttur, 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700		
16. — Þórunnar Stefánsdóttur ..	400		
17. — Ingibjargar Sigurðardóttur	400		
18. — Steinunnar Pjetursdóttur ..	300		
		5736	
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300		
2. — 3 barna hennar	300		
3. — Bjargar Jónsdóttur..	300		
4. — Guðlaugar Zakaríasdóttur..	360		
5. — Hjartar Snorrasonar	500		
6. — Jónasar Eiríkssonar..	500		
7. — Magnúsar Einarssonar.. ..	500		
8. — Elínar Briem Jónsson..	300		
9. — Gyðríðar Þorvaldsdóttur ..	300		
10. — 3 barna hennar	300		
11. — Janusar Jónssonar præp.hon.	720		
12. — Pjeturs Guðmundssonar ..	500		
13. — Steinunnar Frímannsdóttur ekkju Stefáns Stefánssonar skólameistara..	450		
		5330	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra.			
1. Til Árna Gíslasonar	300		
2. — Guðm. Kristjánssonar	300		
3. — Böðvars Jónssonar	200		
4. — Hallgríms Krákssonar	200		
5. — Jóhanns Jónssonar	200		
6. — Þóru Matthíasdóttur	300		
7. — Daníels Jónssonar	200		
Flyt	1700	16188	50014 03

71
27. júní

		kr.	kr.
	Flutt 1700	16188	50014 03
8. Til Jens Þórðarsonar	100		
9. — Friðriks Möllers	1200		
10. — Kristínar Jóelsdóttur	200		
11. — Eliesers Eiríkssonar	200		
12. — Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum	300		
13. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
		4000	
g. Rithöfundar:			
1. Til Þorvalds Thoroddsens	2000		
2. — Indriða skrifstofustjóra Einarssonar	3500		
3. — Valdimars Briems	1200		
4. — Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum	300		
5. — Önnu Thorlacius	300		
		7300	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Helgu Eiríksdóttur Ólafsson	300		
2. — Jakobínu Pjetursdóttur	200		
3. — tveggja barna Þorsteins Erlingssonar	600		
4. — Arnbjargar Einarsdóttur, 300 kr., og auk þess 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð	700		
5. Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
6. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
7. — 3 barna hennar	300		
8. — Valgerðar Arnljótsdóttur	300		
9. — Guðrúnar Runólfsdóttur, ekkju Matthíasar Jochumssonar	2000		
		5000	
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur:			
1. Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu	400		
	Flyt 400	32488	50014 03

	kr.	kr.
Flutt 400	32488	50014 03
2. Til Sigurðar Eiríkssonar fyrv. regluboða 500		
3. — Petreu Jónsdóttur, 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
4. — Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar .. 300		
5. — Páls Erlingssonar 1000		
6. — Erlends Zakaríassonar 1000		
7. — Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
8. — Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsmanns Guðmundssonar 400		
	3700	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ingeborg Sigurjónsson	1800	
k. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimikennara	1200	
		39188
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a—i		101209 11
IV. Tillag til ellistyrktarsjóða		40000
Samtals		230411 14

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

Af þessari upphæð skal greiða lögreglustjórum kostnað þann, er þeir kunna að hafa við lögregluefirlit, þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem við lögregluefirlit með fiskveiðum í landhelgi o. fl.

20000 krónum af fjárhæðinni skal varið til að endurgreiða Ásgeiri kaupm. Pjeturssyni nokkurn hluta af síldartunnutolli frá árinu 1919.

71
27. júní

20. gr.

Til gjalda árið 1922 er veitt:

Samkvæmt	7. gr.	kr.	1629470,95	
——	8. —	—	60000,00	
——	9. —	—	276000,00	
——	10. —	—	305400,00	
——	11. —	—	734420,00	
——	12. —	—	825992,00	
——	13. —	—	2504650,00	
——	14. —	—	1672718,28	
——	15. —	—	280970,00	
——	16. —	—	745790,00	
——	17. —	—	4000,00	
——	18. —	—	230411,14	
——	19. —	—	100000,00	
				kr. 9369822,37

En tekjur eru áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.	kr.	6740000,00	
——	3. —	—	40050,00	
——	4. —	—	577000,00	
——	5. —	—	22400,00	
				— 7379450,00

Tekjuhalli kr. 1990372,37

21. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi í honum:

1. Alt að 10000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafjelögum, eftir tillögum Búnaðarfjelagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, sjeu afborgunarlaus 4 fyrstu árin, en greiðist síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.
2. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
3. Stefáni skáldi Sigurðssyni frá Hvítadal 10000 kr. til jarðræktar og húsa-

gerðar á jarðarhluta þeim, sem hann hefir keypt, við þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og 6% í vöxtu og greiðslu á 20 árum.

4. Alt að 5000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánið veitist að eins gegn ábyrgð bæjarfjelaga, og eigi meira en 400 kr. fyrir verkamann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Til sýslufjelaga, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar, gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 15000 kr.
6. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 120 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% ársvöxtum. Verði fje eigi fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er kaupstaðurinn kann að taka í þessu skyni.
7. Til Vestmannaeyjakaupstaðar, til aukningar rafveitunni, alt að 80 þúsund kr. til 30 ára, gegn 6% vöxtum. Verði fje ekki fyrir hendi, er stjórninni heimilt að ábyrgjast lán, alt að jafnhárri upphæð, er bæjarstjórnin kann að taka í þessu skyni fyrir hönd bæjarsjóðs.
8. Til að koma á fót kjötniðursuðuverksmiðju við hveri í Reykholtsdalshreppi í Borgarfjarðarsýslu gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum, 30000 kr.
9. Dalasýslu til kaupa á Jörðinni Hjarðarholti fyrir skólasetur 30000 kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin telur gildar, og gegn 6% í ársvöxtu og endurgreiðslu á 30 árum.

22. gr.

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast alt að 200000 króna lán fyrir klæðaverksmiðjuna Álafoss.

Ábyrgðin er veitt með þessum skilyrðum:

1. Að verksmiðjan segi stjórninni allan sinn hag, og telji stjórnin fyrirtækið trygt.
2. Að ríkið fái veð í eignum og mannvirkjum verksmiðjunnar og þær tryggingar aðrar, er stjórnin telur nauðsynlegar.
3. Að ríkið hafi á sinn kostnað nákvæmt eftirlit með efniskaupum verksmiðjunnar, húsagerð og vjelakaupum, og síðan með rekstri hennar og bókfærslu, og endurgreiði verksmiðjan kostnaðinn árlega.

Ennfremur er stjórninni heimilt að taka, fyrir hönd ríkissjóðs, ábyrgð á skuldum, er eigendur íslenskra botnvörpuskipa hafa komist í á Englandi, vegna skipakaupanna, alt að 200000 kr. fyrir hvert skip, er stjórnin telur fært að taka ábyrgð á, og með þeim skilmálum og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar.

71
27. júní

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Albert Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1922, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir, og enn Önnu, ekkju Stefáns Stephensens, 1000 kr. án uppbótar.

24. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1921 og hafa í för með sjer tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Lög

72
27. júní

um

afsals- og veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Áður en liðinn er mánuður frá staðfestingu laga þessara skal sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gefa út áskorun til allra þeirra, er telja sig eiga hlutbundin rjettindi yfir fasteignum í þeirri sýslu, þar á meðal rjettindi yfir húsum, sem standa kunna á landi annars manns eða lóð, um að tilkynna þau innan 18 mánaða frá útkomudegi þess eintaks Lögbirtingablaðsins, sem flytur áskorunina fyrsta skifti, á skrifstofu sýslumanns og skila þangað skjölum þeim, sem í 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., segir, enda hafi þau skjöl ekki verið afhent á skrifstofu sýslunnar eftir 12. nóv. 1920.

2. gr.

Áskorun samkvæmt 1. gr. skal birta í Lögbirtingablaðinu, og auk þess í 2 blöðum, sem gefin eru út í Reykjavík, og í 1 blaði í hverjum hinna kaupstaðanna, þar sem blað eða blöð eru gefin út, þegar birta á áskorun. Birta skal áskorun þrisvar sinnum í hverju blaða þessara, með þriggja mánaða bili milli hverrar birtingar. Ennfremur skal festa áskorun upp í þinghúsi hvers hrepps í sýslunni.

3. gr.

Jafnskjótt sem skjöl þau, sem í 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., segir, berast á skrifstofu sýslunnar, skal sýslumaður rita á þau vottorð um móttöku þeirra. Svo skal hann og rita hjá sjer athugasemd um tilkynningar um rjettindi, sem engin skjöl fylgja. Að liðnum 18 mánaða frestinum, samkvæmt 1. gr., skal sýslumaður gera afsals- og veðmálabækur af nýju, eftir gögnum þeim, sem honum hafa borist og þinglýst hefir verið fyrir 12. nóv. 1920 eða þinglýst verður eftir þann tíma, sbr. 10. gr., samkvæmt gildandi lögum, og geta þess við hvert skjal og tilkynningu, bæði í afsals- og veðmálabók og registrum, með skírskotun til laga þessara, hve nær því eða henni var veitt móttaka.

72
27. júní

4. gr.

Sönnun fyrir eignarrjetti að fasteign skal færa með afsalsbrjefi eða öðrum skjölum, sem í þess stað koma, ef þess er kostur. Nú er það ekki unt, og getur þá vottorð sýslumanns um það, að eignin sje vitanlega eign aðilja, komið í stað heimildarskjals, enda skal skrá vottorðið í afsals og veðmálabækur og geta þess í registrum. Nú er hvorugra þessara gagna kostur, og er aðilja þá rjett að leita eignardóms að eigninni, og skal mál í því skyni fara eftir fyrirmælum 9. og 10. gr. laga nr. 46, 10. nóv. 1905, að undanteknum sjerstöku ákvæðunum í greinum þessum um hefð.

5. gr.

Nú telur maður sig hafa takmörkuð hlutbundin rjettindi yfir fasteign, og skal hann þá sanna þau með frumriti skjals þess, sem rjettindin hafa verið skráð á, ef grundvallarreglur tilsk. 9. febr. 1798 og laga nr. 18, 4. nóv. 1887, 7. gr., taka til þess. Ef rjettindin hafa verið skráð á skjal annars eðlis, má sanna þau með eftirriti, staðfestu af þar til hæfum embættismanni. Ef skjal telst glatað, er rjett að leita ógildingardóms, svo sem lög mæla, og verður þá sá dómur heimildarskjal. Nú verður ekki svo með farið, og er aðilja þá rjett að höfða mál gegn eiganda fasteignar eða öðrum, sem vefengir rjett hans, til viðurkenningar rjettindum sínum, og kemur viðurkenningardómur þá í stað heimildarskjals.

6. gr.

Rjettindi þau, er þinglýsa þarf að lögum og aðilji hefir ekki haldið við lögum þessum samkvæmt, með því að tilkynna eignarrjett sinn eða fá vottorð sýslumanns um hann samkvæmt 4. gr., með því að skila skjali samkvæmt 4. og 5.gr. eða taka út stefnu til ógildingardóms, eignardóms, eða viðurkenningardóms, samkvæmt sömu greinum, áður en liðinn er 18 mánaða fresturinn eftir 1. gr., skulu víkja fyrir rjettindum, sem stofnuð voru fyrir 12. nóv. 1920 og haldið hefir verið við lögum þessum samkvæmt, nema sannað verði, að eigendur rjettindanna hafi vitað um rjettindi þau, er ekki hefir verið haldið við með ofannefndum hætti. Um innbyrðis afstöðu rjettinda, sem ekki hefir verið haldið við samkvæmt lögum þessum og þinglýsa þarf, og um afstöðu þeirra gagnvart slíkum rjettindum, stofnuðum eftir 12. nóvember 1920, fer samkvæmt tilsk. 24. apríl 1833 og opnu brjefi 28. apríl 1841, þannig að framvísun skjals, vottorð sýslumanns samkvæmt 4. gr. og afhending ógildingardóms eða viðurkenningardóms, sbr. 4. og 5. gr., skifta sama máli sem innritun skjals eða þinglýsing (sbr. 10. gr.), svo sem við á.

7. gr.

Ákvæði undanfarandi greina taka og til rjettinda yfir skipum, samkvæmt II. kap. siglingalaga, nr. 56, 30. nóv. 1914, sjálfsvörsluveðs í lausafje

og annara rjettinda, sem þinglýsa þarf og bókuð eru í afsals- og veðmálabækur. 72
27. júní

8. gr.

Í áskorun samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., skal einnig skorað á alla þá, sem hafa í vörslum sínum gildandi skrár eða önnur gildandi gögn, þar sem ákveðin eru landamerki milli jarða í Mýra-og Borgarfjarðarsýslu, að skila þeim á skrifstofu sýslunnar innan loka 18 mánaða frestsins samkvæmt 1. gr. Skal sýslumaður síðan gera landamerkjabækur sýslunnar eftir framkomnun gögnum. Nú koma gögn ekki fram áður en frestur er liðinn, og skal þá ákveða merki samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaganna.

9. gr.

Ríkissjóður greiði kostnað af birtingum áskorunar samkvæmt 2. gr. og endurnýjun afsals- og veðmálabóka og landamerkjabóka.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að veita þeim, sem mál kunna að höfða til ógildingar eða viðurkenningar samkvæmt 4. og 5. gr., sbr. 7. gr., unanþágu frá greiðslu rjettargjalda í hjeraði.

10. gr.

Ekki skal þinglýsa skjölum (sbr. 4., 5. og 7. gr.) af nýju, sem bera það með sjer, að þeim hafi verið þinglýst fyrir 12. nóv. 1920. Önnur skjöl skal innrita og þinglýsa þeim á kostnað aðilja, ef hann óskar þess, gildandi lögum samkvæmt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

73
21. júní

Lög

um

heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikninga, lýsingar, kostnaðaráætlanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnaðardrátta að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til.

2. gr.

Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar, þannig að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna alt rannsóknartarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sjer framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein.

3. gr.

Landstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra, og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annara en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. 73 27. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Lög

74 27. júní

um

tekjuskatt og eignarskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I.

Um tekjuskatt.

1. gr.

Hver maður heimilisfastur hjer á landi er skyldur, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í ríkissjóð af tekjum sínum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hjer á landi, og skal hann þá gjalda skatt, eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hjer á landi, en á hjer eignir og hefir tekjur af þeim eða af atvinnu eða sýslan, sem hjer eða hjeðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt annarsstaðar, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skatt-

74 heimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sje sá maður búsettur á skatt-
27. júní svæði skattheimtumanns.

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefir aðsetur hjer á landi, en hefir laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða tekjur frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eða arð af hlutafje í innlendu hlutafjelagi eða öðrum fyrirtækjum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

3. gr.

Tekjuskatt greiða ennfremur:

a. Hlutafjelög, samlagshlutafjelög og önnur fjelög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sje einungis varið til almennra þarfa.
b. Gagnkvæm ábyrgðarfjelög, kaupfjelög, smjörbú, sláturfjelög og önnur samvinnufjelög.
c. Önnur fjelög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sjerstaklega undanþegin skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 fjelagar í verslunarfjelagi eða öðru atvinnufjelagi með pesónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á fjelagið sjálft, heldur hvern einstakan fjelaga, ef ósk kemur fram um það frá fjelaginu um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks fjelaga.

Slík fjelög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hjer á landi, en eiga hjer eignir og hafa tekjur af þeim, eða af starfsemi, sem hjer eða hjeðan er rekin, skulu greiða skatt í ríkissjóð af tekjum þessum.

4. gr.

Undanþegin öllum tekjuskatti eru konungur og borðfje hans og ættmanna hans, ríkissjóður og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón landsstjórnarinnar, sveitarfjelög og bæjarfjelög, kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og ennfremur sjóðir, fjelög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða skattfrelsi er veitt með sjerstökum lögum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu sjóðs, fjelags eða stofnunar, leggur stjórnarráðið úrskurð á málið, en heimilt er þó hlutaðeigendum að leggja málið undir úrskurð dómstólanna.

5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar annara ríkja og starfsmenn erlendra sendisveita eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna úr ríkissjóði eða frá alþjóðlegri stofnun innlendri, eiga hjer fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í einhverju atvinnufyrirtæki hjer á landi. Sama er um konsúla annara ríkja, sem ekki eru íslenskir þegnar, svo og um aðra útlenda menn, er dvelja hjer samtals skemur en helming skattársins.

6. gr. 74

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn 27. júní
skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Frá	1000	kr.	til	2000	greiðist	10	kr. af	1000	kr. og	2% af afgangi.
—	2000	—	—	3000	—	30	—	2000	—	3— —
—	3000	—	—	4000	—	60	—	3000	—	4— —
—	4000	—	—	5000	—	100	—	4000	—	5— —
—	5000	—	—	6000	—	150	—	5000	—	6— —
—	6000	—	—	8000	—	210	—	6000	—	7— —
—	8000	—	—	10000	—	350	—	8000	—	8— —
—	10000	—	—	15000	—	510	—	10000	—	9— —
—	15000	—	—	20000	—	960	—	15000	—	10— —
—	20000	—	—	30000	—	1460	—	20000	—	11— —
—	30000	—	—	40000	—	2560	—	30000	—	12— —
—	40000	—	—	50000	—	3760	—	40000	—	13— —
—	50000	—	—	75000	—	5060	—	50000	—	14— —
—	75000	—	—	100000	—	8560	—	75000	—	15— —
—	100000	—	—	150000	—	12310	—	100000	—	16— —
—	150000	—	—	200000	—	20310	—	150000	—	17— —
—	200000	—	—	300000	—	28810	—	200000	—	18— —
—	300000	—	—	400000	—	46810	—	300000	—	19— —
—	400000	—	—	500000	—	65810	—	400000	—	20— —
—	500000	—	—	600000	—	85810	—	500000	—	21— —
—	600000	—	—	700000	—	106810	—	600000	—	22— —
—	700000	—	—	800000	—	128810	—	700000	—	23— —
—	800000	—	—	900000	—	151810	—	800000	—	24— —
—	900000	—	og þar yfir		—	175810	—	900000	—	25— —

7. gr.

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnanana, er um ræðir í 3. gr., reiknast þannig:

Þegar skattskyldar tekjur í hlutfalli við innborgað hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje nema undir 2%, greiðist 5% af þeim.

2— 5%,	greiðist	5%	af fyrstu	2% og 10% af afg.
5—10%,	—	8%	— —	5% — 15% — —
10—20%,	—	11½%	— —	10% — 20% — —
20—50%,	—	15¾%	— —	20% — 25% — —
50% og þar yfir	—	$21^{3}/_{10}$%	— —	50% — 30% — —

Skattgjald innlendra fjelaga og stofnana án innborgaðs hlutafjár eða stofnfjár, svo og skattgjald útlendra fjelaga, reiknast eftir reglunum í 6. gr., þó aldrei lægra en 5% af hinum skattskyldu tekjum.

74 27. júní

Af skattskyldum tekjum þeirra fjelaga, sem um ræðir í 3. gr. b, greiðist jafnan 6%.

8. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, allskonar arður, laun eða gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verslun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sjerhverjum öðrum atvinnuvegi; ennfremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmenta eða fyrir hverskonar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í tje í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 11. gr. b.). Ennfremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og allskonar styrktarfje.

c. Landskuld af leigujörðum og arður af allskonar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum er eigandi notar sjálfur. Ennfremur leigur eftir innstæðukúgildi á jörðum, sem eru í leiguábúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafje, sem á leigu er selt.

d. Vextir eða arður af skuldabrjefum, hlutabrjefum og öðrum innlendum eða útlendum verðbrjefum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt brjef sje eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sjerhverri annari arðberandi innstæðu.

e. Ágóði við sölu á fasteign eða lausafje, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina eða öðlast hana á annan hátt í því skyni að selja hana aftur með ágóða, eða hún hefir verið í eigu hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku.

9. gr.

Til skattskyldra tekna fjelaga þeirra og stofnana, sem um ræðir í 3. gr., telst eigi aðeins það, sem greitt er hluthöfum eða fjelögum sem vextir eða arður af innborguðu fje, heldur einnig afborganir af skuldum á árinu, óvenjulegar fyrningar og yfirfærslur á tekjuafgangi í varasjóð, tryggingarsjóð og aðra slíka sjóði, þar með þó ekki taldar þær fjárhæðir, sem ábyrgðarfjelög leggja frá til tryggingar skuldbindingum við þá, sem trygðir eru hjá þeim.

Kaupfjelög, pöntunarfjelög og önnur slík fjelög, sem aðeins selja vörur

til fjelagsmanna sinna, mega og draga frá það, sem úthlutað er fjelags- 74
mönnum í árslok, í hlutfalli við vörukaup þeirra hjá fjelaginu, og telst það 27. júní
eigi skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Á sama hátt mega fjelög, sem aðeins vinna úr og selja afurðir fjelagsmanna sinna, draga frá það, sem þau úthluta fjelagsmönnum sínum, í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum, en það telst til skatts hjá hinum einstöku fjelagsmönnum sem afrakstur af atvinnu þeirra.

Ef kaupfjelag selur einnig öðrum vörur heldur en fjelagsmönnum sínum, er allur arðurinn af slíkri sölu talinn skattskyldar tekjur hjá fjelaginu. Ef fjelagið getur ekki gert skýra grein fyrir viðskiftunum við utanfjelagsmenn, skal telja allan hagnaðinn af starfsemi fjelagsins skattskyldar tekjur.

Nánari ákvæði má setja með reglugerð.

10. gr.

Til tekna telst ekki:

a. Sá eignaauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði — hins vegar kemur heldur ekki til frádráttar tekjur, þótt slíkir fjármunir lækki í verði —, ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbrjefum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignarverslun, eða húa falli undir ákvæðin í 8. gr. e; þegar svo stendur á, telst verslunarhagnaðurinn af sölunni til tekna, og eins má draga frá honum þann skaða, sem orðið kynni að hafa á samskonar sölu á árinu.

b. Eignaauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta og þess háttar.

c. Tekjur, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða lántöku.

d. Dagpeningar og endurgreiðsla ferðakostnaðar, sem skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi frá heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.

11. gr.

Þegar finna skal skattskyldar tekjur, ber að draga frá:

a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vextir af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Nánari ákvæði um, hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald til frádráttar skulu sett í reglugerð, sem stjórnarráðið semur.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefir varið sjer og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, nje neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sjer í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja með rekstrarkostnaði vexti af fje, sem

74 hann hefir sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, nje fjelag eða stofnun vexti
27. júní af hlutafje, stofnfje eða tryggingarfje.

b. Frá embættistekjum ber að draga þann kostnað, skrifstofukostnað o. s. frv., sem embættisreksturinn hefir haft í för með sjer, svo og lögmæltar kvaðir, er á embættinu hvíla.

c. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sjer eða konu sinni eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annari lögboðinni persónutryggingu. Ennfremur má draga frá tekjum þeirra manna, sem eigi eru lögum skyldir til að tryggja sjer eða konum sínum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri eða lífsábyrgð, sem greidd hafa verið, þó ekki hærra iðgjald nje af hærri tryggingarupphæð en embættismanni með sömu tekjum ber að kaupa. Að öðru leyti skulu iðgjöld af lífsábyrgðum eigi dregin frá skattskyldum tekjum.

d. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem umræðir í stafl. a.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, fjelaga eða stofnana, sem ekki eiga heimili hjer á landi (sbr. 2. gr. og síðari málsgr. 3. gr.), má aðeins draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess,, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefir þær sjer og skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sje, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sjer fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

12. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt sjereign sje eða sjeratvinna, enda ábyrgist bóndi skattgreiðslu. Rjett er bónda eða erfingjum hans að krefjast endurgjalds af konu eða erfingjum hennar á þeim hluta skattsins, er að rjettum tölum kemur á sjereign hennar eða sjeratvinnu.

Tekjur barna, sem eru í foeldrahúsum (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) skulu taldar sjerstaklega til skattgjalds, ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sje endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

13. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hjer á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 500 kr., en 1000 kr., ef um hjón er að ræða, sem samvistum eru, og er sú upphæð skattfrjáls. Ennfremur framfærslueyri fyrir börn (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt fast meðlag með), 300 kr. fyrir hvert, ef þau eru eigi fullra 14 ára í

byrjun þess almanaksárs, sem skatturinn er lagður á, og hafa eigi sjálf efni á að kosta framfæri sitt. Sama er um aðra skylduómaga.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum, á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtist til framfæris þeim og menningar.

Frá hreinum tekjum innlendra fjelaga og stofnana, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt 11. gr., skal draga 4% af innborguðu hlutafje eða innborguðu stofnfje, innborguðum hlutum af tryggingarsjóði o. s. frv.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuhæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og við hann miðast skattgjaldið samkvæmt 6. og 7. gr.

Ef tekjurnar, eftir allan lögákveðinn frádrátt, nema ekki fullum 100 kr., greiðist enginn skattur af þeim.

14. gr.

Skattinn ber að miða við tekjurnar næsta almanaksár á undan niðurjöfnuninni, nema annað sje venjulegt rekstrarár í atvinnugrein hlutaðeiganda eða hann sýni, þegar hann telur fram tekjur sínar, að hann noti annað reikningsár en almanaksárið. Þegar svo er ástatt, getur skattanefndin látið það rekstrar- eða reikningsár, sem um er að ræða, koma í staðinn fyrir almanaksárið.

II.

Um eignarskatt.

15. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt í ríkissjóð svo sem hjer segir:

Af fyrstu 5000 kr. greiðist enginn skattur.

Af	5000—	15000	kr.	greiðist	1‰	(af þús.)	af því,	sem er	umfram	5000	kr.	
—	15000—	20000	—	—	10	kr. af	15000	kr. og	1,2‰	af	afganginum.	
—	20000—	30000	—	—	16	— —	20000	— —	1,5—	—	——	
—	30000—	50000	—	—	31	— —	30000	— —	2	— —	——	
—	50000—	100000	—	—	71	— —	50000	— —	3	— —	——	
—	100000—	200000	—	—	221	— —	100000	— —	4	— —	——	
—	200000—	500000	—	—	621	— —	200000	— —	5	— —	——	
—	500000—	1000000	—	—	2121	— —	500000	— —	6	— —	——	
—	1000000 kr. og þar yfir			—	5121	— —	1000000	— —	7	— —	——	

Nemi skatturinn samkvæmt þessu ekki 1 kr., skal honum slept.

74 27. júní

16. gr.

Eignarskatt greiða allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign eða eignarjettindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafjelög og önnur fjelög hafa leyfi til að draga hlutafje sitt eða stofnfje frá eignaupphæðinni áður en skattur er á lagður. Menn, sem eigi eru heimilisfastir hjer á landi, og útlend fjelög greiða aðeins eignarskatt af eignum sínum hjer á landi, og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 15. gr., þó aldrei lægri en 2‰ af hinum skattskyldu eignum.

17. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

18. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 15. og 16. gr., allar fasteignir og alt lausafje skattgreiðanda, að frádregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vjelar, vörubirgðir, peningar og verðbrjef, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarrjettindi, ennfremur húsgögn og aðrir innanstokksmunir, skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgr. 16. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sjer nokkrar tekjur eða engar.

19. gr.

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

a. Skilyrðisbundin fjárrjettindi, svo sem rjettur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er enn fallið til útborgunar.
b. Rjettur til eftirlauna, lífeyris eða annarar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn, svo og leigulaus bústaður og önnur afnotarjettindi.

20. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati.
b. Verðlag á skipum og öðru lausafje skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru vátrygðar.
c. Hlutabrjef, skuldabrjef og önnur slík verðbrjef skal meta eftir nafnverði, nema þau hafi annað gangverð eða áætlað söluverð.

d. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki. Óvissar skuldir má færa niður eftir áætlun og ófáanlegar skuldir skulu ekki taldar með.

e. Rjettindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.

Nánari reglur um virðingu getur stjórnarráðið sett.

21. gr.

Heimilisfaðir greiðir skatt af eignum konu og barna, þegar tekjur þeirra teljast með tekjum hans til tekjuskatts.

22. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksárs. Þó mega þeir, sem nota annað eikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan niðurjöfnuninni.

Upphæð sú, sem skattur er talinn af, skal ávalt deilanlegur með 100. Því, sem fram yfir er, skal slept.

III.

Um skattanefndir o. fl.

23. gr.

Um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík skal skipa fyrir með konunglegri tilskipun, eftir að um það hefir verið samið við bæjarstjórn Reykjavíkur. Með þeirri tilskipun má breyta skipun niðurjöfnunarnefndar bæjarins, bæði tölu nefndarmanna og kosningu, og veita landsstjórninni heimild til að skipa mann eða menn til að framkvæma starf niðurjöfnunarnefndar og skattanefndar.

24. gr.

Utan Reykjavíkur er tekjuskattur og eignarskattur til ríkisins ákveðinn af skattanefndum, sem skipaðar eru til þess, ein í hverjum hreppi og kaupstað. Í skattanefnd sitja 3 menn, í kaupstöðum bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn maður kosinn af bæjarstjórn, en í hreppum hreppstjóri og ásamt honum einn maður tilnefndur af sýslumanni og annar kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum, þar sem ekki er sjerstakur bæjarstjóri, annar en bæjarfógeti, tilnefnir bæjarfógeti tvo menn í skattanefnd. Auk þess skal kjósa tvo varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna. Annan varamanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

74
27. júní

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, sem bæjarfógeti nefnir til, en annarsstaðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kýs skattanefndin sjálf formann um stundarsakir.

25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskattanefnd. Þar, sem bæjarfógetaembætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskattanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og 2 menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður.

26. gr.

Sami maður má eigi sitja í skattanefnd og yfirskattanefnd. Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, aðrir en formenn, skulu skipaðir til 6 ára, þannig að annar nefndarmanna fer frá 3. hvert ár, í fyrsta skifti eftir hlutkesti. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá af öðrum ástæðum, áður en starfstími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja. Formenn skattanefnda í kaupstöðum, sem koma í stað bæjarstjóra, skulu ætíð skipaðir til 6 ára.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa aftur svo oft sem vill. Þó er enginn, sem setið hefir 6 ár í nefnd, skyldur að taka við skipun af nýju uns 6 ár eru liðin frá því, að hann gekk úr nefndinni. Sextugur maður að aldri er ekki heldur skyldur að taka við starfinu, en annars getur enginn skorast undan því, sem náð hefir lögaldri og er eigi öðrum háður sem hjú.

27. gr.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn, sem eigi hafa áður unnið eið embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, sem þeir eru á, undirrita í gerðabók nefndarinnar æru- og drengskaparheit um, að þeir skuli gegna starfi sínu hlutdrægnislaust eftir bestu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu sinnar um þau atriði, er lúta að eignum og tekjum gjaldþegna og þeir fá vitneskju um vegna starfs síns.

28. gr.

Þá er skattanefnd kveður á um skattskyldar tekjur og eign einhvers af nefndarmönnum, barna hans, foreldra eða systkina, má hann ekki taka þátt í gerðum nefndarinnar.

Ef sá, er kærir ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, er sjálfur í þeirri skattanefnd eða í yfirskattanefndinni, tekur varamaður sæti í nefndinni, þá er úrskurður er feldur um kæru hans.

29. gr.

Skattanefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt eins og hjer segir:

1. Um borgun til skattanefndar í Reykjavík fer eftir samningum þeim, er í 23. gr. getur. Hið sama er um yfirskattanefnd þar, ef hún verður skipuð.
2. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, skal greiða skattanefnd alt að 2% af tekjuskattinum og eignarskattinum, eins og hann verður í kaupstaðnum eða kauptúninu samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar, þó þannig, að borgunin far eigi fram úr 8 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
3. Annarsstaðar á landinu skal greiða skattanefnd alt að 4% af skattinum í hreppnum, eins og hann verður eftir úrskurði yfirskattanefndar, enda sje dagkaup ekki hærra en 8 kr. fyrir hvern nefndarmann.
4. Yfirskattanefndarmenn fá í þóknun 8 kr. á dag. Borgun til formanna telst þó innifalinn í embættislaunum þeirra.
5. Þóknunin til skattanefnda og yfirskattanefnda greiðist úr ríkissjóði. Formaður yfirskattanefndar úrskurðar reikninga skattanefnda, og greiðist hann á manntalsþingum. Stjórnarráðið úrskurðar reikninga yfirskattanefnda.

IV.

Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

30. gr.

Gjaldendur skulu venjulega settir í skatt þar, sem þeir eru búsettir, þegar skattanefndir taka til starfa. Hlutafjelög og önnur atvinnufjelög skulu, ef þau eru innlend, sett í skatt þar, sem þau hafa heimili, en sjeu fjelögin útlend, skulu þau sett í skatt þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hjer á landi eru búsettir, enda bera tjeðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins. Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hjer á landi, greiða skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur eða eignir.

Stjórnarráðið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

31. gr.

Allir þeir, sem hafa skattskyldar tekjur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert — eða ef þeir reka atvinnu á fleirum stöðum en einum, í síðasta lagi 20. mars — afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðastliðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er veitir forstöðu verslun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn fjelags eða stofnunar og á þeim, sem hefir á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður.

Nú þykist framteljandi eigi sjálfur fær um að gefa fullnægjandi skýrslu

74 27. júní

um tekjur sínar, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess. En hann er skyldur að láta skattanefnd í tje allar upplýsingar, er hún þarf til þess að gera tekjuframtal hans sem rjettast, svo sem sundurliðaða skýrslu um eignahag hans í ársbyrjun og árslok, um kostnað til fjölskyldu hans, um allar greiðslur gjalda og tekna, er heimili hans og atvinnuveg snerta, o. s. frv. Skattanefnd getur og æfinlega krafist, að 1 eða 2 nefndarmenn fái að kynna sjer bókhald gjaldanda, og getur nefndin einnig falið þá rannsókn 1 eða 2 reikningsfróðum mönnum utan nefndarinnar. Þó má ekki velja til slíkrar rannsóknar keppinaut gjaldanda, nema gjaldandi veiti samþykki sitt til þess.

32. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka, sparisjóða, hlutafjelaga og annara fjelaga og stofnana eru skyldir að láta skattanefndum ókeypis í tje allar þær skýrslur, er þær beiðast og með þurfa, svo sem skýrslur um starfslaun, um skuldabrjef, vaxtabrjef og hlutabrjef, sem eigandi er nafngreindur að, um vaxtafje í bönkum og sparisjóðum og annað því um líkt. Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir að skýra frá, hvaða kaup þeir greiði hverjum manni.

33. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanefnd tekur gildar, skal hún kveða á um tekjuupphæð og eign hvers eins. Þyki nefndinni skýrsla einhvers tortryggileg, skal hún skora á hann að láta nefndinni í tje frekari skýringar og sannanir. Fái skattanefnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir framtalinu innan þess tíma, er hún hefir tiltekið, skal hún áætla tekjur hans og eign eftir bestu vitund. Dvelji hann utanlands eða svo langt í burtu, að erfitt er að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans og eign svo ríflega, að ekki sje hætt við, að upphæðin sje sett lægri en hún á að vera í raun rjettri, enda skal hún að minsta kosti vera 10% hærri heldur en skattmat næsta árs á undan, og ef vanrækslan er ítrekuð, skal hækkunin vera minst tvöföld á við hækkunina árið á undan.

34. gr.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattgreiðanda, þá getur skattanefndin að vísu ekki veitt honum neina linun þess vegna, en hún má taka við umsókn til skattanefndar um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni, og sendir hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, og enn-

fremur getur hún af eigin hvötum gert tillögur um lækkun á skattgjaldi, þegar svo er ástatt. 74 27. júní

35. gr.

Innan marsmánaðarloka skal skattanefnd hafa lokið við ákvörðun tekna og eigna og samið skrá um alla þá, sem tekjuskatt eða eignaskatt eiga að greiða í hreppnum eða kaupstaðnum.

Skattskráin skal framlögð 1. dag aprílmánaðar á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og í kaupstöðum á bæjarþingstofunni eða skrifstofu bæjarfógeta, og liggja þar til sýnis til 15. dags sama mánaðar.

Nú glatast bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, og má þá fá það ógilt með dómi lögum samkvæmt. Í samþyktum hlutafjelags má heimila fjelagsstjórninni að gefa út nýtt bráðabirgðaskírteini eða hlutabrjef, í stað glataðs, ef fjelagsstjórnin telur nægar sönnur færðar á, að skírteinið eða hlutabrjefið hafi eyðilagst, enda nemi upphæðin ekki meiru en 200 kr.

Ef hlutabrjef eða bráðabirgðaskírteini skemmist, en þó verður eigi vilst um tölu skjalsins og efni, getur handhafi fengið nýtt brjef í staðinn á sinn kostnað, enda skili hann því, sem skemt var.

V. kafli.

Um stjórn hlutafjelaga, hluthafafundi o. fl.

30. gr.

Hluthafafundur hefir æðsta vald í málefnum fjelags, með þeim hætti, sem lög ákveða og samþyktir þess.

Halda skal reglulegan hluthafafund einu sinni ár hvert (ársfund). Þar að auki getur fjelagsstjórn boðað til hluthafafundar (aukafundar) hvenær sem henni þykir þess þörf. Ennfremur er stjórn skylt að boða til aukafundar, ef hluthafar, sem ráða yfir fimtungi hlutafjár, nema öðruvísi segi í samþyktum, krefjast þess skriflega og greina fundarefni. Nú hefir stjórn ekki boðað fund innan 14 daga eftir að henni barst krafan, og geta hluthafar þá sjálfir gert það.

Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Á ársfundi skal ávalt leggja fram endurskoðaða reikninga fjelags fyrir umliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Þá skal og kjósa stjórn, 3 menn eða fleira, og 2 eða fleiri endurskoðendur reikninga fjelagsins.

31. gr.

Hluthafafundir eru lögmætir, ef 3 hluthafar hið fæsta eða umboðsmenn þeirra sækja fund, nema samþyktir fjelagsins mæli öðruvísi.

77 Afl atkvæða ræður á hluthafafundum, nema öðruvísi sje kveðið á í
27. júní samþyktum. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en $^1/_5$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. Að skylda hluthafa til þess að leggja fram fje eða annað í fjelagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar.
b. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum að einhverju leyti eða öllu, nema fjelagi sje slitið eða hlutafje löglega fært niður.
c. Að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum.
d. Að ákveða, að áskrifendur hafi fyrirgert rjetti sínum til þess að fá hluti, fyrir það að greiðsludráttur hefir orðið af þeirra hendi á nokkrum hluta þess, sem þeir hafa lofað.
e. Að breyta tilgangi fjelagsins að verulegu leyti.
f. Að breyta ákvæðum samþyktanna um atkvæðisrjett, um forrjettindi, sem hlutum í fjelaginu fylgja, eða hlutdeild manna í því eða jafnrjetti hluthafa sín á milli, enda sje slíkt eigi áskilið í stofnsamningi.

32. gr.

Engan má kjósa í stjórn hlutafjelags, nema hann eigi hlut í fjelaginu, sje lögráður, hafi óflekkað mannorð, sje fjár síns ráðandi og fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem fjelagið rekur eða ætlar að reka, og til þess að mega eiga þær eignir, sem fjelagið á eða ætlar að eignast.

Fjelagsstjórn fer með málefni fjelagsins milli hluthafafunda. Hún ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, hefir umsjón með rekstri atvinnunnar, gerir reikningsskil og skuldbindur fjelagið, alt samkvæmt lögum og samþyktum fjelagsins.

33. gr.

Gera skal reikning yfir tekjur og gjöld hlutafjelags ár hvert og efnahagsreikning svo tímanlega, að hann verði endurskoðaður áður en ársfundur er haldinn.

Hluthöfum má að eins úthluta þeim hreinágóða, sem eftir verður, þegar afskrifað hefir verið og lagt til hliðar svo mikið, sem í samþyktum fjelags greinir, og eftir að unninn er upp reikningshalli, er vera kann frá fyrra ári.

Ef fjelag á sjóð eða sjóði, ætlaða til að vinna upp tap, má nota þá til þess, enda þótt tekjuafgangur verði á reikningsárinu. Sömuleiðis má hafa sjerstaka sjóði til tryggingar greiðslu arðs af hlutunum, er illa gengur, og það þó að reikningshalli verði.

34. gr.

Endurskoðendur mega ekki vera í stjórn fjelagsins. Þeir skulu vera lögráðir, með óflekkað mannorð og fjár síns ráðandi. Þeim er skylt að sann-

prófa það, að reikningunum beri saman við bækur fjelagsins, enda eiga þeir 77
aðgang að öllum bókum og skjölum fjelagsins, og er stjórn þess skylt að veita 27. júní
þeim allar upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar til starfa síns.

35. gr.

Nú fellir ársfundur tillögu um að samþykkja reikninga, og getur hann þá þegar ákveðið, að ný endurskoðun skuli fram fara og hverjir skuli framkvæma hana. Að þeirri endurskoðun lokinni skal boða til hluthafafundar af nýju, og skal hann taka ákvörðun um reikningana.

Aðalniðurstöðu reikninga ár hvert skal tilkynna til hlutafjelagaskrár og skrásetja.

36. gr.

Í samþyktum fjelags skal greina:

1. Nafn fjelags og heimili.
2. Tilgang þess.
3. Hlutafje og skifting þess í hluti, og, ef því er að skifta, um skyldu hluthafa til að þola lausn á hlutum, ákvæði um forrjettindahluti, hvort hlutabrjef skuli hljóða á nafn og hvort hömlur sjeu lagðar á meðferð hluthafa á þeim.
4. Reikningagerð og skifting arðs.
5. Um stjórn fjelagsins.
6. Um framkvæmdarstjóra og skipun hans eða þeirra.
7. Um endurskoðendur.
8. Um tilkynningar til fjelaga, hluthafafundi, atkvæðisrjett hluthafa og fundarsköp.
9. Um fjelagsslit.
10. Hvernig samþyktum megi breyta.

37. gr.

Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rjett að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn fjelags innan 3 mánaða eftir að ályktun var gerð. Dómsúrslit skal stjórnin þegar tilkynna til skrásetningar, hvort sem dómi hefir verið áfrýjað eða ekki.

Ákvæði 1. málsgr. um málshöfðunarfrest gildir ekki um ákvarðanir hluthafafundar samkvæmt 31. gr. 2. málsgr. a—f.

77
27. júní

VI. kafli.

Um fjelagsslit o. fl.

38. gr.

Slíta skal hlutafjelagi, ef hluthafar verða færri en 5, nema úr sje bætt innan 3 mánaða eftir að fjelagsstjórn fjekk vitneskju um þetta. Ef fjelagi er haldið áfram að þessum fresti liðnum, ábyrgjast þeir, er vísvitandi um ástandið gerðu saman samning fyrir hönd fjelags, allir fyrir einn og einn fyrir alla, efndir hans, auk fjelagsins.

Jafnskjótt sem fjelagsstjórn kemst að raun um, að svo er ástatt, sem í 1. málsgr. segir, ber henni að kveðja til hluthafafundar. Skal þá taka ákvörðun um fjelagsslit eða breytingar til að koma fjelaginu í löglegt horf. Ef eigi hefir verið úr bætt eða skilanefnd kosin á þeim tíma, sem fyrir segir, eða fjelagsbú fengið skiftarjetti til meðferðar, skal stjórnin fá skiftarjetti fjelagsbúið í hendur til opinberra skifta.

Ákvæði greinar þessarar eiga þó ekki við, ef annað fjelag, eða önnur fjelög, sem lög þessi taka til, verður eigandi að öllum hlutabrjefum fjelagsins, en í gjalddaga eru þá þegar fallnar allar kröfur á hendur fjelagi, er rennur þannig saman við annað fjelag.

39. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið fjelagsslit, nema fjelag megi ekki halda áfram eða bú þess sje tekið til gjaldþrotaskifta. Hluthafafundur getur annaðhvort afhent fjelagsbúið skiftarjetti til meðferðar eða kosið einn mann eða fleiri (skilanefnd) til þess að fara með mál fjelagsins meðan á fjelagsslitum stendur, og löggildir dómsmálaráðherra skilanefndarmenn. Skilanefnd kemur í stað stjórnar fjelagsins og hefir samskonar vald og skyldur, að því leyti sem við á, en sett getur hluthafafundur þá frá starfinu hvenær sem er. Meðan skilanefnd stjórnar fjelagi, gilda reglur laga þessara um hluthafafundi, reikningsskil og endurskoðun.

Skilanefnd skal jafnan fullum stöfum setja það orð með nöfnum sínum, er hún undirritar fyrir hönd fjelagsins.

40. gr.

Skilanefnd skal þegar gera efnahagsreikning fjelagsins, og reikningsskil síðan ár hvert, uns störfum hennar er lokið. Þó má efnahagsreikningur bíða, ef liðnir eru meira en 6 mánuðir af yfirstandandi reikningsári þegar hún tekur við, til loka þess reikningsárs.

41. gr.

Skilanefnd skal birta áskorun til skuldheimtumanna fjelagsins um að lýsa kröfum sínum fyrir henni, með sama hætti og sömu verkun sem í 22. gr. skiftalaga, nr. 3, 12. apríl 1878, og 10. gr. 1. málsgr. og 13. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, segir.

Um rjettindi skuldheimtumanna og hluthafa, um eigandaskifti að hlutabrjefum og ábyrgð skilanefndar og hluthafa skal fara eftir 26. gr. 2.—6. málsgr., eftir því sem við á.

Þegar skuldir eru greiddar eða trygging sett og hluthafafundur hefir samþykt fullnaðarreikninga skilanefndar, má greiða hluthöfum það, sem skuldlaust kann að verða eftir.

Ágreining um skuldakröfur og um skiftingu fjelagseigna með hluthöfum má bera undir skiftarjett þann, er átt hefði að fara með bú fjelagsins, ef það hefði verið tekið til opinberra skifta.

Skilanefnd ber að afhenda bækur fjelagsins á Þjóðskjalasafnið, og skal geyma þær þar að minsta kosti 10 ár eftir að fjelagsslitum er lokið.

42. gr.

Hluthafafundur einn getur ákveðið að afsala öðru hlutafjelagi öllum eigum sínum eða sameinast því. Tilkynna skal ákvörðun um þetta til skrásetningar innan viku, og þegar ákvörðunin er framkvæmd, þá skal og tilkynna það lögum þessum samkvæmt. Að öðru leyti skal með fara samkvæmt 39.—41. gr., svo sem við á.

43. gr.

Nú er ákveðið að minka hlutafje fjelags um meira en helming, og skal þá fara eftir fyrirmælum 39.—41. gr., eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórn hlutafjelags er rjett og skylt að framselja bú þess til gjaldþrotaskifta með sama hætti sem einstaður maður getur gert eða skal gera það um bú sitt. Á henni hvíla samsvarandi skyldur til þess að veita skiftarjetti upplýsingar um búið sem einstökum mönnum, enda liggur sama við, ef út af er brugðið.

Skiftarjettur skal tilkynna skrásetningar upphaf og lok gjaldþrotaskifta.

77
27. júní

VII. kafli.

Um erlend hlutafjelög.

45. gr.

Hlutafjelög, sem heimili eiga erlendis og lögleg eru samkvæmt þarlandslögum, mega starfa hjer á landi undir samsvarandi skilyrðum sem annara ríkja þegnar eða menn heimilisfastir erlendis.

Þá starfar erlent hlutafjelag hjer, ef það hefir hjer skrifstofu eða atvinnustöð, hvers kyns sem er, þar á meðal til þess að safna tilboðum (agentur).

46. gr.

Eigi má erlent hlutafjelag taka til starfa fyrr en það er skrásett hjer á landi þar sem bækistöð þess, sbr. 45. gr. 2. málsgr., er, og ef í fleiri lögsagnarumdæmum eru, þá í hverju þeirra áður en fjelagið hefur starf sitt þar. Um tilkynning til skrásetningar fer svo sem við á eftir 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 2. málsgr. c-lið. Tilkynningu skal ennfremur fylgja:

1. Vottorð þarum bærs embættismanns, staðfest af ræðismanni, um að fjelagið sje löglegt samkvæmt þarlandslögum og eigi þar heimilisfang.
2. Yfirlýsing frá stjórn fjelagsins, staðfest af notarius publicus, um að fjelagið undirgangist, að viðskifti þess hjer fari eftir íslenskum lögum, að umboðsmaður þess hjer sje bær um að sættast á þau hjer og svara til sakar vegna þeirra skifta fyrir íslenskum dómstólum.
3. Einkaumboð handa manni, einum eða fleirum, til þess að fara með málefni fjelagsins hjer á landi, og fullnægi umboðsmaður lögmæltum skilyrðum til þess að reka atvinnu fjelagsins hjer í sjálfs sín nafni.
4. Skilríki fyrir því, að fjelagið eigi hjer eignir, eigi minna en 10 þúsund króna virði, til tryggingar greiðslu þeirra skulda, er fjelagið kann að komast í vegna starfa sinna hjer, svo og skýrslu um, hvernig verðmæti þeirra eigna er ákveðið, ef þær eru eigi í peningum.

47. gr.

Ef erlent fjelag byrjar störf hjer á landi án þess það sje löglega tilkynt til skrásetningar, ábyrgjast þeir, sem hjer koma fram fyrir þess hönd, einn fyrir alla og allir fyrir einn, skuldir þær, sem hjer verða til vegna starfsins.

48. gr.

Umboðsmanni erlends fjelags ber að tilkynna til skrásetningar allar breytingar á hverju því, sem skrásett hefir verið, sbr. 14. gr. Reikninga starfseminnar hjer, sbr. 33. gr., skal senda lögreglustjóra til skrásetningar 3 mánuðum eftir lok reikningsárs hvers.

49. gr.

Sá eða þeir, sem skuldbinda erlent fjelag hjer, skulu við undirskrift sína nefna hlutafjelagið fullu nafni og heimili þess, Og ef fjelag er undir forræði skilanefndar, þá skal þess einnig geta.

50. gr.

Nú sannar skuldheimtumaður með aðfarargerð, að erlent fjelag, sem starfar hjer á landi, á hjer eigi nægar eignir til þess að greiða kröfu hans, og skal þá afmá fjelagið úr hlutafjelagaskrám hjer, ef hann krefst þess, og auglýsa það þegar í Lögbirtingablaðinu, enda má eigi fyrr skrásetja fjelagið hjer aftur en skuldin er greidd eða samþykki skuldheimtumanns kemur til.

51. gr.

Ef erlent fjelag verður gjaldþrota, er umboðsmanni þess hjer skylt að tilkynna þetta, þegar er hann veit um það, til hluthafaskrár og skiftarjettar þar, sem fjelagið starfar hjer. Ella bakar hann, eða þeir ef fleiri eru, sjer ábyrgð á skuldum, sem eftir það verða til vegna atvinnunnar hjer, samkvæmt 47. gr.

VIII. kafli.

Ákvæði um refsingar o. fl.

52. gr.

Nú vanrækja stofnendur, stjórnendur, skilanefnd eða umboðsmenn erlendra hlutafjelaga að inna af hendi skylduverk sín samkvæmt lögum þessum, samþyktum fjelagsins eða ályktun hluthafafundar, og getur þá atvinnumálaráðherra boðið þeim, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, að inna verkið af höndum. En rjett er þeim, sem sektaður er, að bera lögmæti skipunar ráðherra undir dómstóla innan mánaðar frá birtingu skipunar. Mál það má höfða á hendur ráðherra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags, sbr. 18. gr. 2. málsgr. og 46. gr. 2. tölul.

53. gr.

Það varðar stofnendur, stjórnendur, skilanefndarmenn og umboðsmenn erlendra fjelaga hjer sektum eða fangelsi, sbr. 26. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, enda sje verkið ekki svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmæt, ef þeir:

1. Herma vísvitandi rangt eða villandi í boðsbrjefi, skýrslum, reikningum, auglýsingum eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða annara forráðamanna fjelags eða í tilkynningu til hlutafjelagaskrár.

77 27. júní

2. Brjóta vísvitandi ákvæði laga þessara um útgáfu hlutabrjefa eða bráðabirgðaskírteina, um greiðslu arðs eða endurgreiðslu hluta.

54. gr.

Það varðar sektum, alt að 2000 kr., ef þeir, er í 53. gr. segir:

1. Gerast sekir af stórfeldu gáleysi um brot þau, er í 53. gr. segir, eða
2. Herma vísvitandi rangt eða villandi, en án þess, að 53. gr. eða önnur lög taki þar til, í skjölum, viðskiftabrjefum, umburðarbrjefum eða tilkynningum um efnahag eða eignir fjelags þess, er þeir stýra eða fara með umboð þess, sbr. 46. gr. 3. tölul.

55. gr.

Sá, er vanrækir tilkynningar til hlutafjelagaskrár lögum þessum samkvæmt, skal sæta sektum, alt að 1000 krónum.

56. gr.

Hluthafi, sem þiggur fje til þess að neyta ekki atkvæðisrjettar síns eða greiða atkvæði fjelaginu í óhag, sætir sektum, nema verkið sje svo vaxið, að þyngri refsing sje lögmælt.

57. gr.

Stjórnendur, skilanefndarmenn eða umboðsmenn erlendra fjelaga sæta sektum, ef þeir vanrækja verulega starf sitt í þarfir fjelagsins eða gera ráðstafanir gegn betri vitund, fjelaginu í óhag, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

58. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

Með mál útaf brotum þeim, er í 53.—57. gr. segir, skal fara sem almenn lögreglumál.

59. gr.

Hlutafjelög, stofnuð áður lög þessi öðlast gildi, svo og erlend fjelög, er starfa hjer, skulu tilkynt til skrásetningar fyrir 1. júlí 1922. Í tilkynningu skal vera greinargerð samkvæmt 12. gr. 1. málsgr. 1.—4. og 6.—16. tölul. og 3. málsgr. og 13. gr., ef því er að skifta, og 46. gr. Svo skulu tilkynningu og fylgja skjöl þau, er í 12. gr. 2. málsgr. c og d getur, að því leyti sem við á.

Frá því er fjelag samkvæmt 1. málsgr. er skrásett, skal fara eftir fyrirmælum 1., 2., 11. og 13.—58. gr. laga þessara, eftir því, sem við á. Nú fullnægir stjórn fjelags ekki ákvæðum 32. gr. 1. málsgr., eða umboðsmaður fyrirmælum 46. gr. 3. tölul., og getur atvinnumálaráðherra veitt alt að 2 ára frest til þess að koma málinu í löglegt horf.

Nú er fjelag ekki tilkynt áður frestur sá, er í 1. málsgr. segir, er liðinn eða máli eigi komið í löglegt horf samkvæmt 2. málsgr. 2. málslið, og skal þá slíta fjelaginu eða strika erlent fjelag út af hlutafjelagaskrám. Ef lögreglu-

stjóri synjar skrásetningar eða ágreiningur er um hæfileika stjórnenda eða umboðsmanns, má bera málið undir atvinnumálaráðherra og dómstóla. Nú skýtur aðili ákvörðun lögreglustjóra til ráðherra eða dómstóla innan 2 mánaða eftir að hún varð honum kunn og ákvörðunin verður staðfest, og skal þá eigi slíta fjelagi eða strika það af skrá, ef aðili bætir um það, er áfátt var, innan 4 mánaða frá dagsetning úrskurðar ráðherra eða uppsögu fullnaðardóms í málinu. Ef aðili vill eigi una úrskurði ráðherra, getur hann skotið málinu til dómstóla innan 2 mánaða frá dagsetning úrskurðar, og ef þar verður sama niðurstað, fer um fjelagsslit og útstrikun af skrá sem áður segir.

Mál útaf þeim atriðum, er hjer segir, skal höfða á hendur lögreglustjóra fyrir gestarjetti á varnarþingi fjelags eða starfstöðvar, sbr. 46. gr.

Nú er fjelagi eigi slitið svo sem boðið er í þessari grein, og skal þá fara svo sem í 38. gr. 1. og 2. málsgr. 2. málslið og 47. gr. segir.

60. gr.

Gjöld fyrir störf þau er lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

Fyrir að taka við og skrásetja tilkynningu um fjelag, sem eigi hefir verið skrásett áður ..... 30 kr.

Fyrir tilkynningu og skrásetningu útibús og starfstöðvar erlendra fjelaga greiðist ..... 20 —

Fyrir að taka við og skrásetja breytingar á eða viðauka við það, sem áður hefir verið skrásett ..... 15 —

Fyrir eftirrit úr hlutafjelagaskrá greiðist lögreglustjóra samkvæmt 10. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, 1. málsgr., og fyrir munnlegar skýrslur um einstakt hlutafjelag 2. kr.

Heimilt er öllum yfirvöldum að krefjast ókeypis eftirrits eða munnlegrar skýrslu um einstök atriði úr hlutafjelagaskrá.

61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Frá sama tíma eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 42, 13. nóv. 1903, um tilkynningar og skrásetning hlutafjelaga þeirra, sem lög þessi taka til, svo og ákvæði 36. gr. sömu laga um gjöld fyrir skrásetningu o. fl. þessara fjelaga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

78
27. júní

Lög

um

heimild handa ríkisstjórninni til að hafa á hendi útflutning og sölu síldar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa á hendi sölu allrar síldar, sem verkuð er til útflutnings hjer á landi.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar, fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir eigendum söluverð síldar þeirrar, er hún selur, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Pjetur Jónsson.

Konungsbrjef

79
3. júlí

um

stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Oss hefir þótt það rjett, til þess að geta veitt þeim mönnum og konum, innlendum og útlendum, sem skarað hafa fram úr öðrum í því að efla heiður og hag fósturjarðarinnar að einhverju leyti, opinbera viðurkenning, að stofna íslenska orðu, sem Vjer viljum að sje nefnd „Íslenski fálkinn", og viljum Vjer setja um hana þessa

Reglugjörð:

1. gr.

Hin konunglega íslenska fálkaorða er stofnuð til þess að sæma með henni þá menn, innlenda og útlenda, og þær konur, sem öðrum fremur hafa eflt hag og heiður fósturjarðarinnar.

2. gr.

Konungur Íslands er stórmeistari orðunnar.

3. gr.

Öllum málefnum orðunnar ræður nefnd 5 manna. Konungsritari er sjálfkjörinn í nefndina og er orðuritari. Ríkisstjórnin tilnefnir tvo nefndar-

79 manna, en Alþingi kýs tvo; mega engir þeirra vera ráðherrar og skulu kosnir
3. júlí til 6 ára í senn. Fyrstu fjóra nefndarmennina tilnefnir ríkisstjórnin alla. Orðuritarinn tekur við öllum tillögum um orðuveiting, sjer um að tillögurnar komi undir atkvæði allra nefndarmanna, greiðir sjálfur, síðastur nefndarmanna, atkvæði og gerir tillögu um veitinguna til konungs samkvæmt vilja meiri hluta nefndarinnar. Þegar sjerstaklega stendur á og málið þolir ekki bið, getur konungur einn sæmt útlendinga orðunni. Orðuritari geymir reglugjörð orðunnar, innsigli hennar, bækur og önnur skjöl.

Allur kostnaður orðunnar greiðist úr ríkissjóði; gerir orðuritarinn ráðuneytinu árlega skil fyrir honum og lætur fylgja skrá yfir þær orður, sem eru í hans vörslum. Nefndarmenn fá ekki laun fyrir starfa sinn.

4. gr.

Orðubræður skiftast í:
Stórkrossriddara,
Stórriddara,
Riddara.

5. gr.

Við hátíðleg tækifæri ber stórmeistarinn, auk stórkrossstjörnunnar, merkið í gullnri keðju um hálsinn. Keðjan liðast í blásteinda skildi með silfrum fálka og fangamörk stofnandans, Christians konungs Tíunda, til skiftis.

6. gr.

Sameiginlegt merki orðunnar er gullrendur, innskorinn, hvítsteindur kross og álmuhornin stýfð af innávið. Framan á krossinum miðjum er gullrendur, blásteindur skjöldur, og á honum silfurfálki, er lyftir vængjum til flugs. Aftan á krossinum miðjum er fangamark stofnandans með kórónunni yfir, gylt á hvítu. Utan um fangamarkið blásteind, gullrend rönd, og á hana letrað með gullnum stöfum: Fyrsti desember 1918.

Krossinn ber kórónu konungs.

Krossar stórkrossriddara og stórriddara eru jafnstórir. Riddarakrossar minni.

Band orðunnar er heiðblátt, en jaðrar hvítir með hárauðri rönd; band stórkrossriddara breiðast, en riddara mjóst.

Stórkrossriddarar bera krossinn á hægri mjöðm í bandinu um vinstri öxl. Stórriddarar bera hann í bandinu um hálsinn, en riddarar á brjóstinu vinstra megin.

Stórkrossriddarar bera ennfremur á brjóstinu, vinstra megin, átthyrnda silfurstjörnu, og á henni krossmerkið, kórónulaust. Embættismenn kirkjunnar og vígðir kennarar í guðfræðisdeild Háskólans, sem eru stórkrossriddarar, bera krossinn, þegar þeir eru í einkennisbúningi kirkjunnar, í bandi um hálsinn. 79 3. júlí

7. gr.

Orðuritari ber, stöðu sinnar vegna, stórkrossstjörnuna á brjóstinu, hægra megin.

8. gr.

Stórmeistarinn skrifar undir útnefningarbrjefið, sem orðuritarinn semur. Orðuritari og allir nefndarmenn skrifa einnig nafn sitt á brjefið.

9. gr.

Í innsigli orðunnar er stórkrossstjarnan og letrað á það: Sigillum ordinis regii falconis Islandiæ. Á bandi fyrir ofan stjörnuna standa einkunnarorð Jóns forseta Sigurðssonar: Aldrei að víkja. Fyrir neðan stjörnuna: Christianus: X Fundator.

10. gr.

Stórmeistarinn ákveður hvort ástæða sje til að svifta orðubróður rjetti til að hafa orðuna, enda hafi orðunefndin áður látið uppi álit sitt um málið.

11. gr.

Nú deyr einhver orðubræðra, og ber þá þegar að skila orðuritara orðunni eða orðunum aftur. Í útlöndum má fá sendiherranum eða verslunarerindrekanum orðurnar, til frekari fyrirgreiðslu. Stórriddurum ber við útnefningu að skila aftur riddarakrossinum, hafi þeir verið sæmdir honum áður.

12. gr.

Nú er íslenskur ríkisborgari sæmdur orðunni, og ber honum þá tafarlaust að senda orðuritara stutta æfiferilsskýrslu sína, og gjöra það síðan aft-

79 3. júlí

ur, ef útnefndur er á ný. Skýrslu þessa afhendir orðuritari ríkisskjalasafninu að manninum látnum.

Um leið og Vjer lýsum því yfir, að Vjer með brjefi þessu stofnum hina konunglegu íslensku fálkaorðu,, og að Vjer viljum vera stórmeistari hennar og verndari og bera hana Sjálfur samkvæmt reglugjörð þeirri, er nú höfum Vjer sett, tilnefnum Vjer eftirnefnda menn, auk konungsritara, í orðunefndina: konsúl Ásgeir Sigurðsson, alþingismann Björn Kristjánsson, bæjarfógeta Jóhannes Jóhannesson og landritara Klemens Jónsson.

Ritað í Reykjavík, 3. júlí 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Stjórnartíðindi 1921, A 3.

Póstsamningar

við erlend ríki.

Samþyktir á póstþinginu í Madrid 30. nóvember 1920.

Aðalsamningur.

Reykjavík, Isafoldarprentsmiðja h. f.

80 Convention Postale Universelle

conclue entre

l'Allemagne; les États-Unis d'Amérique, les îles Philippines, les autres Possessions insulaires des États-Unis d'Amérique, la République Argentine, l'Autriche, la Belgique, et la Colonie du Congo Belge, la Bolivie, le Brésil, la Bulgarie, le Chili, la Chine, la République de Colombie, la République de Costa-Rica, la République de Cuba, le Danemark, la République Dominicaine, l'Égypte, l'Équateur, l'Espagne et les Colonies Espagnoles, l'Éthiopie, la Finlande, la France, l'Algérie, les Colonies et Protectorats Français de l'Indochine, l'ensemble des autres Colonies Françaises, la Grande-Bretagne et divers Dominions, Colonies et Protectorats Britanniques, l'Inde Britannique, la Commonwealth de l'Australie, le Canada, la Nouvelle-Zélande, l'Union de l'Afrique du Sud, la Grèce, le Guatemala, la République d'Haïti, la République du Honduras, la Hongrie, l'Islande, l'Italie et les Colonies Italiennes, le Japon, le Chosen, l'ensemble des autres Dépendances Japonaises, la République de Libéria, le Luxembourg, le Maroc (à l'exclusion de la Zone Espagnole), le Maroc (Zone Espagnole), le Mexique, le Nicaragua, la Norvège, la République de Panama, le Paraguay, les Pays-Bas, les Indes Néerlandaises, les Colonies Néerlandaises en Amérique, le Pérou, la Perse, la Pologne, le Portugal, les Colonies Portugaises de l'Afrique, les Colonies Portugaises de l'Asie et de l'Océanie, la Roumanie, la Russie, la République de St-Marin, le Salvador, le Territoire de la Sarre, le Royaume des Serbes, Croates et Slovènes, le Royaume de Siam, la Suède, la Suisse, la Tchécoslovaquie, la Tunisie, la Turquie, l'Uruguay et les États-Unis de Venezuela.

Les soussignés, plénipotentiaires des Gouvernements des pays ci-dessus énumérés, s'étant réunis en Congrès à Madrid, en vertu de l'article 25 de la Convention postale universelle conclue à Rome le 26 mai 1906 ont, d'un commun accord et sous réserve de ratification, revisé ladite Convention conformément aux dispositions suivantes:

Aðalsamningur alþjóðapóst-sambandsins

80

gerður milli

Þýskalands; Bandaríkja Ameríku; Filippseyja; Annara eyjaeigna Bandaríkjanna; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu og belgisku Congo; Bolivíu; Brasilíu; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Costa-Rica; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Equators; Spánar og spánskra nýlenda; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlenda og verndaðu landa í Indókína, Allra annara franskra nýlenda; Stórabretlands og lýðríkja þess; Hinna bresku nýlenda og verndaðu landa; Breska Indlands; Hins ástralska sambands (Commonwealth of Australia); Canada; Nýja Sjálands; Suður-Afríku sambandsins; Grikklands; Guatemala; Lýðveldisins Haïti; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Íslands; Ítalíu og ítalskra nýlenda; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lýðveldisins Líberíu; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spanska hlutanum); Marokkó (spanski hlutinn); Mexikó; Nicaragua; Noregs; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og Ástralíu; Rúmeníu; Rússlands; Lýðveldisins San Marino; Salvador Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba, Króata og Slovena; Konungsríkisins Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Urugay og Bandaríkja Venezuela.

Samkvæmt 25. grein aðalsamnings alþjóðapóstsambandsins er gerður var í Róm 26. maí 1906 hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofannefndum löndum, eftir að hafa setið á þingi í Madrid, í sameiningu og með þeim fyrirvara að fullgilding fáist, breytt aðalsamningi þessum sem hjer segir:

80

Article 1.

Définition de l'Union postale.

Les pays entre lesquels est conclue la présente Convention, ainsi que ceux qui y adhèreront ultérieurement forment, sous la dénomination d'Union postale universelle, un seul territoire postal pour l'échange réciproque des correspondances entre leurs bureaux de poste.

Article 2.

Envois auxquels s'applique la Convention.

Les dispositions de cette Convention s'étendent aux lettres, aux cartes postales simples et avec réponse payée, aux imprimés de toute nature, aux papiers d'affaires et aux échantillons de marchandises originaires de l'un des pays de l'Union et à destination d'un autre de ces pays. Elles s'appliquent également à l'échange postal des objets ci-dessus entre les pays de l'Union et les pays étrangers à l'Union, toutes les fois que cet échange emprunte les services de deux des parties contractantes au moins.

Article 3.

Transport des dépêches entre pays limitrophes; services tiers.

1. — Les Administrations des postes des pays limitrophes ou aptes à correspondre directement entre eux sans emprunter l'intermédiaire des services d'une tierce Administration, déterminent, d'un commun accord, les conditions du transport de leurs dépêches réciproques à travers la frontière ou d'une frontière à l'autre.

2. — A moins d'arrangement contraire, on considère comme services tiers les transports maritimes effectués directement entre deux pays, au moyen de paquebots ou bâtiments dépendant de l'un d'eux, et ces transports, de même que ceux effectués entre deux bureaux d'un même pays, par l'intermédiaire de service maritimes ou territoriaux dépendant d'un autre pays, sont régis par les dispositions de l'article suivant.

3. — Les hautes parties contractantes s'engagent à ne pas imposer, au titre postal, d'obligations spéciales aux paquebots affectés à des services réguliers de transport des correspondances et dépendant d'un pays de l'Union, en échange des avantages et privilèges qui pourraient exister ou être institués en faveur d'une catégorie quelconque de navires marchands, notamment pour les formalités et opérations au départ des ports ou à l'arrivée.

1. grein. 80

Skilgreining á „l'Union postale".

Lönd þau, er gert hafa þennan aðalsamning á milli sín, sem og þau lönd, er seinna kunna að ganga að honum, mynda eitt póstsvæði, er heitir Alþjóðapóstsambandið (Union postale universelle), til gagnkvæmra skifta á póstsendingum milli pósthúsa sinna.

2. grein.

Sendingar þær, sem aðalsamningurinn nær til.

Ákvæði aðalsamnings þessa ná til brjefa, spjaldbrjefa — bæði einfaldra og með borguðu svari — allskonar prents, verslunarskjala og sýnishorna af vörum, frá einu landi til annars lands í sambandinu. Þau ná einnig til póstflutnings á ofannefndum sendingum milli landa sambandsins og landa er standa fyrir utan það, svo framarlega sem póstskifti þessi fara fram þannig, að tvö lönd að minsta kosti, sem í sambandinu eru, taki þátt í flutningnum.

3. grein.

Póstflutningur milli nágrannalanda. — Póststarf þriðja lands.

1. — Póststjórnir nágrannalanda eða þeirra landa, er geta komið við beinum flutningum innbyrðis, án þess að nota einhverja þriðju póststjórn sem millilið, ákveða í sameiningu skilyrðin fyrir flutningi á pósti hvors um sig yfir landamærin eða frá og til landamæranna.

2. — Sje enginn annar samningur fyrir hendi, er sjóflutningur beint á milli landanna með póstskipum eða öðrum skipum, sem eru í þjónustu annars landsins, álitinn póststarf þriðju póststjórnar, og er sjóflutningur þessi, sem og aðrir flutningar milli tveggja pósthúsa sama lands, er framkvæmdir eru til lands eða sjávar með fargögnum, sem þriðja land á, háðir skilyrðum þeim, sem nefnd eru í næstu grein.

3. — Háttvirtir samningsaðilar skulbinda sig til þess, að leggja ekki með póstlögum neinar sjerstakar kvaðir á póstskip þau, sem halda uppi reglulegum póstflutningi og eru í þjónustu einhvers landanna í sambandinu gegn ívilnunum eða forrjettindum, sem kunna að vera eða verða sett til hagnaðar fyrir einhvern flokk kaupskipa, sjerstaklega hvað snertir reglur og athafnir við burtför úr og komu til hafnar.

80 Article 4.

Frais de transit et d'entrepôt.

1. — La liberté du transit est garantie dans le territoire entier de l'Union.

Les Administrations ont le droit de supprimer le service postal avec tout pays qui n'observerait pas les dispositions de l'alinéa précédent. Ces Administrations doivent donner préalablement, par télégramme, avis de cette mesure à l'Administration intéressée.

2. — Les diverses Administrations postales de l'Union peuvent s'expédier réciproquement par l'intermédiaire d'une ou de plusieurs d'entre elles, tant des dépêches closes que des correspondances à découvert, suivant les besoins du trafic et les convenances du service postal.

3. — Les correspondances échangées en dépêches closes entre deux Administrations de l'Union, au moyen des services d'une ou de plusieurs autres Administrations de l'Union, sont soumises, au profit de chacun des pays traversés ou dont les services participent au transport, aux frais de transit suivants, savoir:

1° pour les parcours territoriaux:

a) à 1 franc 50 centimes par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 20 centimes par kilogramme d'autres objets, si la distance parcourue n'excède pas 3000 kilomètres;

b) à 3 francs par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 40 centimes par kilogramme d'autres objets, si la distance parcourue est supérieure à 3000 kilomètres, mais n'excède pas 6000 kilomètres;

c) à 4 francs 50 centimes par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 60 centimes par kilogramme d'autres objets, si la distance parcourue est supérieure à 6000 kilomètres, mais n'excède pas 9000 kilomètres;

d) à 6 francs par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 80 centimes par kilogramme d'autres objets, si la distance parcourue excède 9000 kilomètres.

2° pour les parcours maritimes:

a) à 1 franc 50 centimes par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 20 centimes par kilogramme d'autres objets, si le trajet n'excède pas 300 milles marins. Toutefois, le transport maritime sur un trajet n'excédant pas 300 milles marins est gratuit si l'Administration intéressée reçoit déjà du chef des dépêches transportées, la rémunération afférente au transit territorial;

b) à 4 francs par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 50 centimes par kilogramme d'autres objets, pour les échanges effectuée sur un parcours excédant 300 milles marins, entre pays d'Europe, entre l'Europe et les ports d'Afrique et d'Asie sur la Méditerranée et la mer Noire ou

4. grein. 80

Transít- og geymslugjald.

1. — Transít er heimiluð yfir alt svæði sambandsins.

Póststjórnirnar hafa rjett til þess að hætta póstviðskiftum við hvert það land, sem ekki heldur ákvæðin í ofannefndri málsgrein. Þó skulu póststjórnirnar áður hafa tilkynt símleiðis þessa ákvörðun þeirri póststjórn, sem í hlut á.

2. — Póststjórnir hinna ýmsu landa í sambandinu, geta sent hver annari fyrir milligöngu einnar eða fleiri póststjórna innan sambandsins póstsendingar, hvort heldur er í lokuðum póstpokum eða í stykkjatali eftir samgönguþörfum og tilhögun póststarfsins.

3. — Fyrir sendingar þær, sem sendar eru í lokuðum póstpokum milli tveggja póststjórna í sambandinu, með tilstyrk einnar eða fleiri annara póststjórna í sambandinu, skal greiða hverju landi, sem flutningurinn hefir farið yfir, eða hefir tekið þátt í flutningum, transítgjald það er hjer greinir:

1° Fyrir landflutning:

a. 1 franka og 50 sentíma fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 20 sentíma fyrir hvert kg. af öðrum sendingum, ef fjarlægðin er ekki yfir 3000 kílómetra.

b. 3 franka fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 40 sentíma fyrir hvert kg. af öðrum sendingum, ef fjarlægðin er yfir 3000 km. en undir 6000 km.

c. 4 franka og 50 sentíma fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 60 sentíma fyrir hvert kg. af öðrum sendingum, ef fjarlægðin er yfir 6000 km., en undir 9000 km.

d. 6 franka fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 80 sentíma fyrir hvert kg. af öðrum sendingum, ef fjarlægðin er yfir 9000 km.

2° Fyrir sjóflutning:

a. 1 franka og 50 sentíma fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 20 sentíma fyrir hvert kg. af öðrum sendingum, ef leiðin er ekki yfir 300 sjómílur. Þó skal sjóflutningur á leið, sem er undir 300 sjómílum, vera ókeypis, svo framarlega sem póststjórn sú, er í hlut á, tær þóknun þá, sem ákveðin er fyrir landtransit fyrir hina fluttu póstpoka.

b. 4 franka fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 50 sentíma fyrir hvert kg. af öðrum sendingum, þegar póstur er fluttur leið, sem er yfir 300 sjómílur, milli landa í Evrópu, milli Evrópu og hafna í Afríku og Asíu við Miðjarðarhaf og Svartahaf, eða milli þessara hafna innbyrðis, og milli Evrópu og Norður-Ameríku.

80 de l'un à l'autre de ces ports, et entre l'Europe et l'Amérique du Nord. Les mêmes prix sont applicables aux transports assurés dans tout le ressort de l'Union entre deux ports d'un même Etat, ainsi qu'entre les ports de deux Etats desservis par la même ligne de paquebots lorsque le trajet maritime n'excède pas 1500 milles marins;

c) à 8 francs par kilogramme de lettres et de cartes postales et à 1 franc par kilogramme d'autres objets, pour tous les transports ne rentrant pas dans les catégories énoncées aux alinéas a et b ci-dessus.

En cas de transport maritime effectué par deux ou plusieurs Administrations, les frais du parcours total ne peuvent pas dépasser 8 francs par kilogramme de lettres et de cartes postales et 1 franc par kilogramme d'autres objets; ces frais sont, le cas échéant, répartis entre les Administrations participant au transport, au prorata des distances parcourues, sans préjudice des arrangements différents qui peuvent intervenir entre les parties intéressées.

4. — L'entrepôt, dans un port, de dépêches closes apportées par un paquebot et destinées à être reprises par un autre paquebot, donne lieu au payement d'une rémunération fixée à 50 centimes par sac au profit de l'Office des postes du lieu d'entrepôt, pourvu que cet Office ne reçoive pas de payement pour un service de transit territorial ou maritime. Toutefois, le simple transbordement de paquebot à paquebot ne donne lieu à aucun payement.

5. — Les correspondances échangées à découvert entre deux Administrations de l'Union sont soumises, par article et sans égard au poids ou à la destination, aux frais de transit suivants, savoir:

lettres ..... 6 centimes pièce;
cartes postales ..... 2½ centimes pièce;
autres objets ..... 2½ centimes pièce.

6. — Les prix de transit spécifiés au présent article ne s'appliquent pas aux transports dans l'Union au moyen de services extraordinaires spécialement créés ou entretenus par une Administration sur la demande d'une ou de plusieurs autres Administrations. Les conditions de cette catégorie de transports sont réglées de gré à gré entre les Administrations intéressées.

En outre, partout où le transit, tant territorial que maritime, est actuellement gratuit ou soumis à des conditions plus avantageuses ce régime est maintenu.

7. — Les frais de transit et d'entrepôt sont à la charge de l'Administration du pays d'origine.

8. — Le décompte général de ces frais a lieu sur la base de relevés établis une fois tous les trois ans, pendant une période de 28 jours à déterminer dans le Règlement d'exécution de la présente Convention.

9. — Sont exemptes de tous frais de transit territorial ou maritime, les correspondances mentionnées aux §§ 3 et 4 de l'article 13 ci-après; les cartes postales-réponse renvoyées au pays d'origine; les objets réexpédiés ou mal

Hið sama gjald greiðist fyrir flutninga á öllu svæði sambandsins, milli tveggja hafna í sama ríki, sem og milli hafna tveggja ríkja, þegar sama skipafjelag starfrækir póstflutninginn og sjóleiðin er ekki yfir 1500 sjómílur. 80

c. 8 franka fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 1 franka fyrir hvert kg. af öðrum sendingum fyrir alla flutninga, sem ekki falla undir þær tegundir, sem nefndar eru á undan í málsgreinunum a. og b.

Þegar tvær eða fleiri póststjórnir framkvæma sjóflutninginn, má alt flutningsgjaldið ekki fara fram úr 8 frönkum fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 1 franka fyrir hvert kg. af öðrum sendingum; flutningsgjald þetta skiftist svo á milli póststjórnanna hlutfallslega eftir vegalengdinni, þó án þess að koma í bága við samninga, er mæla á móti þessu og kynnu að verða gerðir milli hlutaðeigandi aðila.

4. — Fyrir geymslu í höfn á lokuðum póstpokum, sem fluttir hafa verið með póstskipi og ætlaðir þaðan til flutnings með öðru póstskipi, má greiða þóknun, sem ákveðin er 50 sentímar á poka, til póststjórnar geymslustaðarins, þó með því skilyrði, að póststjórn þessi fái ekki borgun fyrir land- eða sjótransít. Fyrir einfalda umskipun, úr póstskipi og í, greiðist engin borgun.

5. — Fyrir sendingar, sem tvær póststjórnir í sambandinu skiftast á, í stykkjatali, skal fyrir hvert stykki, án tillits til þyngdar eða ákvörðunarstaðar greiða transitgjald það er hjer segir:

brjef	6	sentíma	fyrir	stykkið
spjaldbrjef	2½	—	—	—
aðrar sendingar	2½	—	—	—

6. — Transitgjöld þau, sem um ræðir í grein þessari, ná ekki til flutninga innan sambandsins, sem framkvæmdir eru með sjerstökum ferðum, sem eingöngu er stofnað til eða haldið við af einni póststjórn eftir ósk annarar eða fleiri póststjórna. Skilyrðin fyrir þess konar flutningum eru ákveðin eftir sameiginlegum samningi milli hlutaðeigandi póststjórna.

Alstaðar þar sem transit, hvort heldur á sjó eða landi, fer fram ókeypis eða eftir hagfeldari skilmálum, þá skal sú tilhögun gilda áfram.

7. — Transit- og geymslugjöld greiðir póststjórn þess lands, sem sendir.

8. — Aðalreikningur yfir gjöld þessi skal saminn þannig, að lagðir sjeu til grundvallar reikningar, sem búnir eru til þriðja hvert ár, um 28 daga tímabil, sem nánar er ákveðið í starfsreglugerð aðalsamnings þessa.

9. — Undanskildar öllu transitgjaldi, bæði á sjó og landi, eru sendingar þær, sem ræðir um í 3. og 4. lið í 13. grein hjer á eftir, spjaldbrjef með svari, er send eru til baka til landsins sem sendi, áframsendar eða skakt sendar send-

80 dirigés; les rebuts; les avis de réception; les mandats de poste et tous autres documents relatifs au service postal.

10. — Lorsque le solde annuel des décomptes des frais de transit et d'entrepôt entre deux Administrations ne dépasse pas 1000 francs, l'Administration débitrice est exonérée de tout payement de ce chef.

Article 5.

Services aériens.

Sont assimilés aux services extraordinaires dont il est fait mention à l'article 4, § 6, les services aériens établis pour le transport de correspondances entre deux ou plusieurs pays.

Les conditions du transport sont déterminées de gré à gré entre les Administrations intéressées. Toutefois, les frais de transit afférents à chaque parcours effectué par voie aérienne sont uniformes pour toutes les Administrations qui font emploi de ce service sans participer aux frais d'exploitation.

Article 6.

Taxes, surtaxes et conditions générales applicables aux envois.

1. — Les taxes pour le transport des envois postaux dans toute l'étendue de l'Union, y compris leur remise au domicile des destinataires dans les pays de l'Union où le service de distribution est ou sera organisé, sont fixées en cas d'affranchissement comme il suit:

1° pour les lettres, à 50 centimes pour le premier poids de 20 grammes et à 25 centimes par chaque poids de 20 grammes au-dessus du premier poids de 20 grammes.

2° pour les cartes postales, à 30 centimes pour la carte simple ou pour chacune des deux parties de la carte avec réponse payée.

3° pour les imprimés de toute nature, les papiers d'affaires et les échantillons de marchandises, à 10 centimes par chaque objet ou paquet portant une adresse particulière et par chaque poids de 50 grammes ou fraction de 50 grammes, pourvu que cet objet ou paquet ne contienne aucune lettre ou note manuscrite ayant le caractère de correspondance actuelle et personelle, et soit conditionné de manière à pouvoir être facilement vérifié.

La taxe des papiers d'affaires ne peut être inférieure à 50 centimes par envoi; la taxe des échantillons ne peut être inférieure à 20 centimes par envoi.

Exceptionnellement, les impressions en relief, à l'usage spécial des aveugles, sont admises au tarif de 5 centimes par envoi et par chaque poids de 500 grammes ou fraction de 500 grammes.

ingar, sendingar sem ekki verður komið til skila, móttökukvittanir, póst- 80
ávísanir og öll önnur skjöl póstmálum viðvíkjandi.

10. — Þegar reikningsmunur yfir árið á transit- og geymslureikningum milli tveggja póststjórna fer ekki yfir 1000 franka, er sú póststjórn, sem borga átti, laus við alla borgun af þessu tagi.

5. grein.

Flutningur með loftförum.

Flutningur á pósti með loftförum milli tveggja eða fleiri póststjórna telst með hinum sjerstöku flutningum, sem getið er um í 6. lið 4. greinar.

Skilyrðin fyrir flutningnum eru ákveðin með sameiginlegum samningi milli hlutaðeigandi póststjórna. Þó eru transítgjöld fyrir hverja ferð loftleiðis, samskonar fyrir allar póststjórnir, sem nota þessar ferðir, án þess að taka þátt í starfrækslukostnaðinum.

6. grein.

Burðargjöld, aukaburðargjöld og almenn skilyrði viðvíkjandi sendingunum.

1. — Þegar sendingarnar eru fullborgaðar fyrirfram skulu burðargjöld fyrir flutning á póstsendingum í öllu umdæmi sambandsins, þar í innifalin skil á heimili viðtakenda í þeim löndum sambandsins, þar sem útburður sendinga er eða verður stofnaður, vera sem hjer segir:

1° Fyrir brjef, 50 sentímar fyrir hin fyrstu 20 grömm og 25 sentímar fyrir hver 20 gr. eða brot úr 20 gr., sem fram yfir eru hin fyrstu 20 gr.

2° Fyrir spjaldbrjef, 30 sentímar fyrir einfalt spjaldbrjef eða fyrir hvort fyrir sig þegar um spjaldbrjef með borguðu svari er að ræða.

3° Fyrir prent allskonar, verslunarskjöl og sýnishorn af vörum 10 sentímar undir hver 50 gr. eða brot úr 50 gr. fyrir hvern hlut eða pakka með sjerstakri utanáskrift, svo framarlega sem þessi hlutur eða pakki inniheldur ekki brjef eða skrifaðar athugasemdir, sem geta talist reglulegt einkabrjef, enda sje hann þannig útbúinn, að hæglega megi rannsaka hann.

Lægsta burðargjald undir verslunarskjöl er 50 sentímar og undir sýnishorn af vörum 20 sentímar, talið fyrir hverja sendingu.

Undantekið hjer frá er prent með upphleyptu letri, sem eingöngu er handa blindum mönnum, og er burðargjaldið 5 sentímar undir hver 500 gr. eða brot úr 500 gr. fyrir hverja sendingu.

80 2. — Il peut être perçu, en sus des taxes fixées par le paragraphe précédent pour tout objet transporté par des services dépendant d'Administrations étrangères à l'Union, ou par des services extraordinaires dans l'Union donnant lieu à des frais spéciaux, une surtaxe en rapport avec ces frais.

Lorsque le tarif d'affranchissement de la carte postale simple comprend la surtaxe autorisée par l'alinéa précédent, ce même tarif est applicable à chacune des parties de la carte postale avec réponse payée.

Le pays de destination est autorisé à percevoir, pour les objets adressés poste restante, une surtaxe spéciale d'après sa législation interne. La surtaxe ne suit pas l'objet en cas de réexpédition ou de mise en rebut.

3. — En cas d'absence ou d'insuffisance d'affranchissement, les objets de correspondance de toute nature sont passibles, à la charge des destinataires, d'une taxe double du montant de l'affranchissement manquant ou de l'innsuffisance, sans que cette taxe puisse être inférieure à 30 centimes.

4. — Les objets autres que les lettres et les cartes postales doivent être affranchis au moins partiellement.

La faculté de ne pas affranchir ou d'affranchir partiellement ne s'applique pas aux lettres et cartes postales ni aux autres objets expédiés avec l'intention évidente d'éviter l'affranchissement.

5. — Les lettres ne peuvent pas dépasser le poids de 2 kilogrammes, ni présenter sur aucun de leurs côtés une dimension supérieure à 45 centimètres, ou, si elles ont la forme de rouleau, 75 centimètres de longueur et 10 centimètres de diamètre.

6. — Les paquets d'échantillons de marchandises ne peuvent renfermer aucun objet ayant une valeur marchande; ils ne doivent pas dépasser le poids de 500 grammes, ni présenter des dimensions supérieures à 30 centimètres en longueur, 20 centimètres en largeur et 10 centimètres en épaisseur ou, s'ils ont la forme de rouleau, à 30 centimètres de longueur et 15 centimètres de diamètre.

7. — Les paquets de papiers d'affaires et d'imprimés ne peuvent pas dépasser le poids de 2 kilogrammes, ni présenter, sur aucun de leurs côtés, une dimension supérieure à 45 centimètres. On peut, toutefois, admettre au transport par la poste les paquets en forme de rouleau dont le diamètre ne dépasse pas 10 centimètres et dont la longueur n'excède pas 75 centimètres.

Les paquets d'imprimés destinés à l'usage spécial des aveugles ainsi que les volumes imprimés expédiés isolément peuvent atteindre le poids de 3 kilogrammes mais ne peuvent dépasser les dimensions prévues pour les autres catégories d'imprimés.

8. — Sont exclus de la modération de taxe les timbres ou formules d'affranchissement, oblitérés ou non, ainsi que tous imprimés constituant le signe représentatif d'une valeur, sauf les exceptions autorisées par le Règlement d'exécution de la présente Convention.

2. — Auk burðargjalds þess, sem ákveðið er í liðnum hjer á undan, má 80
taka aukaburðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt er með tækjum í þjónustu póststjórna, sem ekki eru í sambandinu, eða með aukaflutningum innan sambandsins, er hafa aukinn kostnað í för með sjer, og skal aukaburðargjaldið hlutfallslega miðað við þennan kostnað.

Þegar í burðargjaldstaxta fyrir einfalt spjaldbrjef er innifalið aukaburðargjald það, sem leyft er í síðustu málsgrein, skal sami taxti gilda um hvern hluta fyrir sig af spjaldbrjefi með borguðu svari.

Fyrir sendingar, sem skrifað er utan á „poste restante", má ákvörðunarlandið heimta sjerstakt aukagjald eftir innlendum lögum. Aukagjalds verður ekki krafist fyrir sendinguna, sje hún áframsend eða henni verði ekki komið til skila.

3. — Sjeu sendingar óborgaðar fyrir fram eða vanborgaðar, skal fyrir þær allar hverrar tegundar sem er, greiða á kostnað móttakanda gjald er nemi tvöföldu burðargjaldi því, sem ávantar, eða hinu ónóga burðargjaldi, án þess þó að þetta gjald verði lægra en 30 sentímar.

4. — Að undanteknum brjefum og spjaldbrjefum skal vera borgað undir allar aðrar sendingar að minsta kosti að nokkru leyti.

Heimildin til þess að senda sendingar, sem eigi er borgað undir fyrirfram eða aðeins er borgað undir að nokkru leyti, nær ekki til brjefa, spjaldbrjefa eða annara sendinga, sem sendar eru í þeim bersýnilega tilgangi, að komast hjá borgun á burðargjaldi.

5. — Brjefin mega ekki vega yfir 2 kg., nje vera stærri en 45 sm. á neinn veg, eða ef þau hafa sívalningslag, 75 sm. á lengd og 10 sm. að þvermáli.

6. — Pakkar, sem í eru sýnishorn af vörum, mega ekki innihalda neinn hlut, sem hefir verslunargildi; þeir mega ekki vega yfir 500 gr. nje vera stærri á neinn veg en 30 sm. á lengd, 20 sm. á breidd og 10 sm. á þykt, eða, ef þeir eru með sívalningslagi, 30 sm. á lengd og 15 sm. að þvermáli.

7. — Pakkar með verslunarskjölum og prenti mega ekki vega yfir 2 kg. eða á neina hlið vera stærri en 45 sm. Þó má leyfa póstflutning á pökkum með sívalningslagi, sem ekki eru yfir 10 sm. að þvermáli og 75 sm. á lengd.

Pakkar með prenti, sem ætlað er blindum mönnum, svo og prentuð bindi, sem send eru einstök, mega vega alt að 3 kg., en ummáls ekki fara fram úr ákvæðum þeim, er gilda um aðrar tegundir prentmáls.

8. — Undanskilin burðargjaldslækkun eru frímerki og önnur merki til lúkningar á póstgjöldum, stimpluð og óstimpluð, svo og alt prent, sem notað er til þess að tákna verð, að undanteknu því, sem leyft er í starfsreglugerð þessa samnings.

80

Article 7.

Objets recommandés; avis de réception; demandes de renseignements.

1. — Les objets désignés dans l'article 6 peuvent être expédiés sous recommandation.

Toutefois, les parties „Réponse" adhérentes aux cartes postales ne peuvent être recommandées par les expéditeurs primitifs de ces envois.

2. — Tout envoi recommandé est passible, à la charge de l'expéditeur:

1° du prix d'affranchissement ordinaire de l'envoi, selon sa nature;

2° d'un droit fixe de recommandation de 50 centimes au maximum, y compris la délivrance d'un bulletin de dépôt à l'expéditeur.

3. — L'expéditeur d'un objet recommandé peut obtenir un avis de réception de cet objet en payant au moment du dépôt, un droit fixe de 50 centimes au maximum. Le double de ce droit peut être perçu pour les avis de réception demandés postérieurement au dépôt de l'objet et pour les demandes de renseignements relatives aux objets ordinaires ou recommandés. S'il s'agit de demandes de renseignements concernant des objets recommandés, aucune taxe n'est perçue si l'expéditeur a déjà acquitté le droit spécial pour obtenir un avis de réception.

Article 8.

Envois contre remboursement.

1. — Les correspondances recommandées peuvent être expédiées grevées de remboursement dans les relations entre les pays dont les Administrations conviennent d'assurer ce service.

Les objets contre remboursement sont soumis aux formalités et aux taxes des envois recommandés.

L'expéditeur paie, en outre, un droit fixe de remboursement de 10 centimes.

Le maximum du remboursement est égal à celui fixé pour les mandats de poste à destination du pays d'origine de l'envoi.

Sauf arrangement contraire entre les Administrations intéressées, le montant du remboursement est exprimé dans la monnaie du pays de destination.

2. — Sous la même réserve, le montant encaissé du destinataire doit être transmis à l'expéditeur au moyen d'un mandat de poste après déduction d'un droit d'encaissement de 15 centimes et de la taxe ordinaire des mandats calculée sur le montant du reliquat.

Les mandats de remboursement, qui n'ont pas été payés aux bénéficiaires pour un motif quelconque ne sont pas remboursés à l'Office d'émission, et le

7. grein. 80

Ábyrgðarsendingar. — Móttökukvittanir. — Beiðni um upplýsingar.

1. — Sendingar þær, sem getur um í 6. grein, má senda sem ábyrgðarsendingar.

Þó verða ekki svarkort „Réponse", sem áföst eru við spjaldbrjefin, send með ábyrgð af hinum upprunalegu sendendum slíkra sendinga.

2. — Fyrir hverja ábyrgðarsendingu skal sendandi greiða:

1° hið vanalega burðargjald sendingarinnar eftir eðli hennar;

2° ákveðið ábyrgðargjald alt að 50 sentímum og þar í innifalin borgun fyrir póstkvittun til sendanda.

3. — Sendandi ábyrgðarsendingar getur fengið móttökukvittun fyrir sendingunni gegn því að borga, þegar hann skilar henni á póst, gjald alt að 50 sentímum. Þessa upphæð tvöfalda má taka fyrir móttökukvittanir, sem beðið er um eftir að sendingin hefir verið sett á póst, og fyrir beiðni um upplýsingar um almennar- og ábyrgðarsendingar. Ef um beiðni um upplýsingar um ábyrgðarsendingu er að ræða, skal ekkert gjald tekið, hafi sendandi þegar borgað fyrir móttökukvittun.

8. grein.

Póstkröfusendingar.

1. — Ábyrgðarsendingar má senda með póstkröfu í sambandi milli landa, þar sem hlutaðeigandi póststjórnir koma sjer saman um þessi skifti.

Póstkröfusendingar skal farið með og borgað undir eins og ábyrgðarsendingar.

Þar að auki greiðir sendandi póstkröfugjald, sem er ákveðið 10 sentímar.

Hámark póstkröfuupphæðar er jafnt og hámark póstávísunarupphæðar til þess lands, sem póstkröfuna sendir.

Ef ekki er öðruvísi um samið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal upphæð póstkröfunnar stíluð í mynt ákvörðunarlandsins.

2. — Með sama fyrirvara skal hin innheimta upphæð send sendanda með póstávísun, þegar búið er að draga frá innheimtugjaldið, sem er 15 sentímar, og hið vanalega ávísanagjald, reiknað af upphæðinni, sem eftir er.

Póstkröfuávísanir, sem einhverra orsaka vegna hafa ekki orðið útborgaðar viðtakanda, verða ekki greiddar aftur þeirri póststjórn, sem gaf ávísan-

80 montant en revient définitivement à l'Administration du pays expéditeur des envois grevés de remboursement, après l'expiration du délai légal de prescription.

A tous les autres égards les mandats de remboursement sont soumis aux dispositions fixées par l'Arrangement concernant le service des mandats de poste.

3. — La perte d'un envoi recommandé grevé de remboursement engage la responsabilité du service postal envers l'expéditeur dans les conditions déterminées par l'article 10 ci-après pour les envois recommandés.

4. — Les sommes encaissées régulièrement du destinataire, déduction faite de la taxe du mandat et du droit d'encaissement, sont garanties à l'expéditeur dans les conditions déterminées par l'Arrangement concernant le service des mandats de poste pour les sommes converties en mandats de poste, sauf dans le cas prévu au 2e alinéa du § 1 de l'article 10 ci-après.

5. — Si l'envoi a été livré au destinataire sans encaissement du montant du remboursement, l'expéditeur a droit à une indemnité, à moins que le non-encaissement ne soit dû à une faute ou une négligence de sa part. L'indemnité ne pourra dépasser, dans aucun cas, le montant du remboursement. Il en est de même, si la somme encaissée du destinataire, est inférieure au montant du remboursement indiqué. Par le fait du payement de l'indemnité, l'Administration est subrogée dans les droits de l'expéditeur pour tout recours éventuel contre le destinataire ou les tiers.

La responsabilité incombe à l'Office du pays de destination, à moins que celui-ci ne puisse prouver que le non-encaissement du remboursement ou l'encaissement d'une somme inférieure est dû à la non-observation d'une disposition réglementaire par l'Office du pays d'origine.

6. — Pour les envois grevés de remboursement dont le montant encaissé régulièrement du destinataire n'a pas été transmis à l'expéditeur, l'Office d'origine est autorisé à payer ce montant à l'ayant droit au plus tard dans le délai d'un an à partir du jour qui suit celui de la réclamation. Ce payement a lieu pour le compte de l'Office destinataire. L'indemnité éventuelle pour les envois grevés de remboursement livrés au destinataire sans encaissement du montant indiqué ou contre encaissement d'une somme inférieure, ainsi que pour les envois dont le montant a été encaissé frauduleusement, doit être payée par l'Office d'origine à l'ayant droit dans le même délai. Le payement se fait également pour le compte de l'Office destinataire, si la responsabilité incombe à cet Office en vertu des dispositions du § 5 précédent. Il en est de même, si l'Office destinataire régulièrement saisi a laissé s'écouler six mois sans donner de solution à l'affaire. Ce délai est porté à neuf mois dans les relations avec les pays d'outre-mer. Les délais comprennent le temps nécessaire pour l'expédition de la demande à l'Office destinataire et son renvoi à l'Office d'origine.

Toutefois, l'Office d'origine peut différer exceptionnellement le

irnar út, en falla algerlega til póststjórnar þess lands, sem póstkröfusendinguna 80
sendi, eftir að löglegur fyrirskipaður frestur er útrunninn.

Að öllu öðru leyti eru póstkröfuávísanir háðar þeim skilyrðum, sem sett eru í samningnum um póstávísanaviðskiftin.

3. — Glatist sending, sem póstkrafa hvílir á, ber póststjórnin ábyrgð gagnvart sendanda, eftir skilyrðum þeim, sem sett eru í 10. grein hjer á eftir, um ábyrgðarsendingar.

4. — Þegar búið er að draga frá póstávísanagjald og innheimtugjald, skal ábyrgjast sendanda upphæðir þær, sem hafa verið reglulega innheimtar hjá viðtakanda eftir skilyrðum þeim, sem sett eru í póstávísanasamningnum um upphæðir í póstávísunum, að undanteknu því, sem tekið er fram í 2. málsgrein 1. liðs 10. greinar hjer á eftir.

5. — Hafi sendingin verið afhent viðtakanda, án þess að póstkröfuupphæðin hafi verið innheimt, á sendandi heimtingu á skaðabótum, nema hans eigin óaðgætni eða hirðuleysi sje um að kenna, að innheimtan hefir ekki verið framkvæmd. Skaðabæturnar geta, hvernig sem á stendur, eigi farið fram úr póstkröfuupphæðinni.

Sama gildir og ef upphæð sú, sem innheimt hefir verið af móttakanda, er lægri en upphæð sú, sem tilgreind er á póstkröfunni. Með því að borga skaðabæturnar, öðlast póststjórnin rjettindi sendanda viðvíkjandi öllum endurgreiðslurjetti, ef til kemur, á hendur móttakanda eða þriðja manni.

Ábyrgðin hvílir á póststjórn ákvörðunarlandsins, nema hún geti sannað, að það, að upphæðin hafi ekki verið innheimt, eða lægri upphæð innheimt, sje því að kenna, að póststjórn landsins, sem sendi, hafi ekki fylgt einhverjum hinna fyrirskipuðu ákvæða.

6. — Viðvíkjandi póstkröfusendingum, þar sem upphæðin hefur verið löglega innheimt af viðtakanda, en ekki send sendanda, þá má póststjórn landsins, sem sendi, borga upphæð þessa rjettum hlutaðeiganda í síðasta lagi með ársfresti að telja frá deginum næst á eftir þeim, sem krafan er sett fram. Borgun þessi fer fram fyrir reikning póststjórnar ákvörðunarlandsins. Skaðabætur, sem kunna að falla á fyrir sendingar með póstkröfu, sem afhentar eru viðtakanda, án þess að hin tilgreinda upphæð sje innheimt eða lægri upphæð innheimt, sem og fyrir sendingar, er póstkröfuupphæðin hefur verið innheimt á sviksamlegan hátt, skulu greiddar af póststjórn þess lands, sem sendi, rjettum hlutaðeiganda með sama fresti. Borgun þessi greiðist einnig fyrir reikning póststjórnar ákvörðunarlandsins, ef ábyrgðin fellur á þá póststjórn samkvæmt ákvæðunum í 5. lið hjer á undan. Sama gildir og, ef póststjórn ákvörðunarlandsins hefur verið gert aðvart löglega og hún látið sex mánuði líða hjá, án þess að hafa leitt málið til lykta. Þessi frestur er lengdur upp í 9 mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu. Fresturinn nær yfir þann tíma, sem nauðsynlegur er til þess að senda fyrirspurn til póststjórnar ákvörðunarlandsins, og þaðan aftur til póststjórnar landsins sem sendi.

80 dédommagement de l'expéditeur au delà du délai précité, lorsque, à l'expiration de ce délai, il n'est pas encore fixé sur le sort de l'envoi grevé de remboursement ou sur les responsabilités encourues.

L'Office destinataire est tenu de restituer à l'Office expéditeur les sommes avancées dans les conditions prévues au § 5 précédent.

Article 9.

Cartes d'identité.

1. — Chaque Administration peut délivrer, aux personnes qui en font la demande, des cartes d'identité destinées à servir de pièces justificatives pour toutes les transactions effectuées par les bureaux de poste. Ces cartes sont valables dans tous les pays de l'Union sauf dans ceux qui notifieraient leur non-adhésion à ce service.

2. — L'Administration qui délivre une carte d'identité est autorisée à percevoir, de ce chef, une taxe qui doit être représentée en timbres-poste sur la carte; cette taxe ne peut être supérieure à un franc.

3. — Les Administrations sont dégagées de toute responsabilité lorsqu'il est établi que la livraison d'un envoi postal ou le payement d'un mandat a eu lieu sur la présentation d'une carte d'identité régulière.

4. — Le titulaire d'une carte d'identité est responsable des conséquences que peut entraîner la perte, la soustraction ou l'emploi frauduleux de la carte.

5. — La carte d'identité est valable pendant deux ans à partir du jour de son émission. Si, pendant le délai de validité de la carte, la physionomie du titulaire s'est modifiée à tel point qu'elle ne concorde plus avec la photographie ou le signalement, la carte doit être renouvelée, même avant l'expiration de ce délai.

Article 10.

Responsabilité en matière d'envois recommandés.

1. — En cas de perte d'un envoi recommandé et sauf le cas de force majeure, l'expéditeur a droit à une indemnité de 50 francs.

Toutefois, les Administrations sont dégagées de toute responsabilité pour la perte d'envois recommandés dont le contenu tombe sous le coup des interdictions prévues à l'article 18, § 2, de la présente Convention.

2. — Les pays disposés à se charger des risques pouvant dériver du cas de force majeure sont autorisés à percevoir de ce chef sur l'expéditeur une surtaxe de 50 centimes au maximum pour chaque envoi recommandé.

3. — L'obligation de payer l'indemnité incombe à l'Administration

Þó getur póststjórn landsins, sem sendi, einstaka sinnum frestað skaða- 80
bótagreiðslunni til sendanda fram yfir hinn tilgreinda tíma, þegar fresturinn er útrunninn og einskis hefur orðið vísara um afdrif póstkröfusendingarinnar eða á hvern ábyrgðin fellur.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er skyld að endurgreiða póststjórn landsins, sem sendi, hinar lánuðu upphæðir eftir skilyrðunum í 5. lið hjer að framan.

9. grein.

Skilríkis-spjöld.

1. — Sjerhver póststjórn getur gefið út handa þeim, er æskir, skilríkisspjöld, sem ætluð eru til notkunar sem sönnunargögn við störf þau, sem framkvæmd eru af pósthúsunum. Spjöld þessi gilda í öllum löndum póstsambandsins nema þeim, sem tilkynna að þau taki ekki þátt í þessu póststarfi.

2. — Sú póststjórn, sem gefur út skilríkisspjald, má fyrir það taka gjald, og skulu frímerki að tilsvarandi upphæð límd á spjaldið; gjald þetta má ekki fara fram úr 1 franka.

3. — Póststjórnirnar eru úr allri ábyrgð, ef sannað verður að afhending á póstsendingu eða útborgun á ávísun hafi átt sjer stað gegn sýningu á löglega útbúnu skilríkisspjaldi.

4. — Eigandi skilríkisspjalds ber ábyrgð á afleiðingum þeim, sem kunna að verða, ef spjaldið glatast, týnist eða er notað á sviksamlegan hátt.

5. — Skilríkisspjald gildir í 2 ár frá útgáfudegi að telja. Ef útlit eigandans hefur breyst svo mjög á meðan spjaldið er í gildi, að það svari ekki lengur til myndarinnar eða lýsingarinnar á honum, skal spjaldið endurnýjast, enda þótt fresturinn sje ekki útrunninn.

10. grein.

Ábyrgð viðvíkjandi sendingum, sem mælt er með.

1. — Glatist ábyrgðarsending og stafi ekki af ofurefli (vis major), á sendandi rjett til skaðabóta að upphæð 50 franka.

Þó eru póststjórnirnar lausar við alla ábyrgð á glataðri ábyrgðarsendingu, ef innihaldið fellur undir vörur þær, sem bannað er að flytja með pósti, og tekið er fram í 2. lið 18. greinar þessa samnings.

2. — Lönd þau, sem vilja taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major), mega fyrir það taka aukagjald af sendanda alt að 50 sentímum fyrir hverja ábyrgðarsendingu.

3. — Skyldan til að bæta skaðann hvílir á þeirri póststjórn, sem sendi-

80 dont relève le bureau expéditeur. Est réservé à cette Administration le recours contre l'Administration responsable, c'est-à-dire contre l'Administration sur le territoire ou dans le service de laquelle la perte a eu lieu.

En cas de perte, dans des circonstances de force majeure, sur le territoire ou dans le service d'un pays se chargeant des risques mentionnés au paragraphe précédent, d'un objet recommandé provenant d'un autre pays, le pays où la perte a eu lieu en est responsable devant l'Office expéditeur, si ce dernier se charge, de son côté, des risques en cas de force majeure à l'égard de ses expéditeurs.

4. — Jusqu'à preuve du contraire, la responsabilité incombe à l'Administration qui, ayant reçu l'objet sans faire d'observation, et étant mise en possession de tous les moyens réglementaires d'investigation, ne peut établir ni la délivrance au destinataire, ni, s'il y a lieu, la transmission régulière à l'Administration suivante. Pour les envois adressés poste restante, ou conservés en instance à la disposition des destinataires, la responsabilité cesse par la délivrance à une personne qui a justifié de son identité suivant les règles en vigueur dans le pays de destination, et dont les noms et qualité sont conformes aux indications de l'adresse.

5. — Le payement de l'indemnité par l'Office expéditeur doit avoir lieu le plus tôt possible et, au plus tard, dans le délai de six mois à partir du jour de la réclamation. Ce délai est porté à neuf mois dans les relations avec les pays d'outre-mer.

L'Office expéditeur a la faculté de différer exceptionnellement le règlement de l'indemnité au delà du délai précité lorsque, à son expiration, il n'est pas encore fixé sur le sort de l'objet recherché ou lorsque la question de savoir si la perte de l'envoi est due à un cas de force majeure n'est pas encore tranchée.

Toutefois, l'Office d'origine est autorisé à désintéresser l'expéditeur pour le compte de l'Office intermédiaire ou destinataire qui, régulièrement saisi, a laissé s'écouler six mois (neuf mois dans les relations avec les pays d'outre-mer) sans donner de solution à l'affaire.

L'Office responsable ou pour le compte duquel le payement est effectué en conformité de l'alinéa précédent est tenu de rembourser à l'Office expéditeur le montant de l'indemnité et, le cas échéant, des intérêts dans le délai de trois mois après avis du payement. Ce remboursement s'effectue sans frais pour l'Office créditeur, soit au moyen d'un mandat de poste ou d'une traite, soit en espèces ayant cours dans le pays créditeur. Passé le délai de trois mois, la somme due à l'Office expéditeur est productive d'intérêts, à raison de 7 % l'an, à dater du jour de l'expiration dudit délai.

Dans le cas où un Office dont la responsabilité est dûment établie, a tout d'abord décliné le payement de l'indemnité, il doit, en outre, prendre à

pósthúsið heyrir undir. Þessari póststjórn er svo geymdur endurgreiðslurjettur 80
móti póststjórninni, sem ábyrgðin hvílir á, þ. e. a. s. þeirri póststjórn, sem sendingin hefir glatast hjá, meðan hún var á hennar svæði eða í hennar vörslum.

Glatist ábyrgðarsending frá einu landi á póstsvæði eða í vörslum annars lands, sem tekið hefir á sig ábyrgð þá, sem getur um í næsta lið á undan, sakir óviðráðanlegra atvika (vis major), ber landið, þar sem sendingin hefur glatast, ábyrgð gagnvart póststjórn landsins, sem sendi, ef hið síðarnefnda að sínu leyti hefur tekið á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major) gagnvart sendendum sínum.

4. — Þangað til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin á þeirri póststjórn, sem eftir að hafa tekið móti sendingunni athugasemdalaust og eftir að hafa fengið í sínar hendur öll fyrirskipuð gögn til eftirgrenslunar, getur hvorki sýnt fram á, að sendingin hafi verið afhent viðtakanda eða, ef svo ber undir, hafi verið send á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar. Sje um sendingar að ræða, sem skrifað er utan á „poste restante", eða eru geymdar samkvæmt beiðni til umráða fyrir viðtakanda, hættir ábyrgðin við afhendingu sendingarinnar til manns, sem hefur sýnt greinileg skilríki fyrir því hver hann sje, samkvæmt gildandi reglum í ákvörðunarlandinu, enda komi nafn hans og staða heim við það, sem greint er í utanáskriftinni.

5. — Skaðabótagreiðsla af hálfu póststjórnar sendilandsins, skal fara fram eins fljótt og unt er, og í síðasta lagi innan 6 mánaða frá þeim degi að telja, er krafan var sett fram. Frestur þessi er lengdur upp í 9 mánuði í sambandi við lönd utan Evrópu.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur póststjórn sendilandsins frestað reikningsskilum á skaðabótum fram yfir hinn tiltekna tíma, þegar fresturinn er útrunninn og einskis hefur orðið vísara um afdrif sendingarinnar og eigi er útkljáð um, hvort skaðinn stafar af ofurefli (vis major). Þó má póststjórn sendilandsins bæta sendanda skaðann á kostnað milliliggjandi póststjórnar eða viðtökupóststjórnar, þegar þær eftir löglega aðvörun hafa eigi leitt málið til lykta innan 6 mánaða (9 mánaða í sambandi við lönd utan Evrópu).

Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnað greiðslunnar samkvæmt næstu málsgrein hjer á undan, er skyld að greiða póststjórn sendilandsins skaðabótaupphæðina með vöxtum, ef svo ber undir, innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna. Borgun þessi fer fram póststjórninni, sem á inni, að kostnaðarlausu, annaðhvort með póstávísun eða víxli eða peningum, er hafa gangverð í landinu, sem á inni. Sje hinn tilgreindi þriggja mánaða frestur útrunninn, falla vextir á upphæð þá, sem póststjórn sendilandsins er talin til skuldar, 7% á ári frá þeim degi að telja, er fresturinn er útrunninn.

Ef svo ber undir að póststjórn, sem rjettilega hefur sannast á, að ábyrgðina beri, neitar strax að greiða skaðabæturnar, skal hún einnig á sinn kostnað

80 sa charge tous les frais accessoires résultant du retard non justifié apporté au payement.

6. — Il est entendu que la réclamation n'est admise que dans le délai d'un an, à compter du jour qui suit le dépôt à la poste de l'envoi recommandé; passé ce terme, le réclamant n'a droit à aucune indemnité.

7. — Si la perte a eu lieu en cours de transport sans qu'il soit possible d'établir sur le territoire ou dans le service de quel pays le fait s'est accompli, les Administrations en cause supportent le dommage par parts égales.

8. — Les Administrations cessent d'être responsables des envois recommandés dont les ayants droit ont donné reçu et pris livraison, ainsi que des envois dont elles ne peuvent rendre compte par suite de la destruction des documents de service pour cause de force majeure.

Article 11.

Retrait de correspondances; modification de l'adresse ou des conditions d'envoi.

1. — L'expéditeur d'un objet de correspondance peut le faire retirer du service ou en faire modifier l'adresse, tant que cet objet n'a pas été livré au destinataire.

2. — La demande à formuler à cet effet est transmise par voie postale ou par voie télégraphique aux frais de l'expéditeur, qui doit payer, savoir:

1° pour toute demande par voie postale, la taxe applicable à une lettre simple recommandée;

2° pour toute demande par voie télégraphique, la taxe du télégramme d'après le tarif ordinaire.

3. — L'expéditeur d'un envoi recommandé grevé de remboursement peut, aux conditions fixées pour les demandes de modification de l'adresse, demander le dégrèvement total ou partiel du montant du remboursement.

Article 12.

Fixation des équivalents par rapport au franc pour les taxes à percevoir et les comptes à régler.

Le franc pris pour base des taxes postales s'entend du franc-or conforme au poids et au titre des monnaies d'or établis par la législation en vigueur dans les divers pays qui ont adopté cette unité monétaire.

Dans tous les pays de l'Union les taxes sont établis d'après une équivalence correspondant, aussi exactement que possible, dans la monnaie actuelle de chaque pays, à la valeur du franc-or.

bera allan aukakostnað, sem kann að leiða af hinum órjettmæta drætti á borguninni. 80

6. — Menn hafa komið sjer saman um, að skaðabótakröfu megi aðeins framsetja innan eins árs að telja frá deginum eftir að ábyrgðarsendingin hefur verið sett á póst; eftir þann tíma hefur krefjandi engan rjett til skaðabóta.

7. — Ef sendingin glatast í flutningum, án þess hægt sje að komast fyrir á hvaða póstsvæði eða í vörslum hvaða póststjórnar atvikið hafi komið fyrir, skal skaðabótagreiðslunni skift jafnt niður á hlutaðeigandi póststjórnir.

8. — Ábyrgð póststjórnanna á sendingum, sem mælt er með, fellur niður undir eins og rjettir hlutaðeigendur hafa kvittað fyrir þær og tekið við þeim, svo og ábyrgð á þeim sendingum, sem þær geta ekki gert grein fyrir vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagst af óviðráðanlegum atvikum (vis major).

11. grein.

Afturköllun sendinga. — Breyting á utanáskrift eða ásigkomulagi sendingar.

1. — Sendandi getur afturkallað sendinguna eða breytt á henni utanáskriftinni á meðan hún hefir ekki verið afhent viðtakanda.

2. — Beiðni um þetta sendist póstleiðis eða símleiðis á kostnað sendanda, og ber honum að greiða:

1° fyrir hverja beiðni, sem send er póstleiðis, borgun eins og undir einfalt ábyrgðarbrjef,

2° fyrir hverja beiðni, sem send er símleiðis, borgun skeytisins eftir vanalegum taxta.

3. — Sendandi ábyrgðarsendingar, sem póstkrafa hvílir á, getur, með sömu skilmálum og settir eru um beiðni um breytingu á utanáskriftinni, beðið um algert afnám á póstkröfuupphæðinni eða að nokkru leyti.

12. grein.

Fastákveðið jafngildi peninga í hlutfalli við gullfranka fyrir burðargjald og reikningsskil.

Með frankanum sem grundvallareiningu fyrir póstgjöldunum er átt við gullfranka, er svari bæði að þyngd og efnisgæðum til gullpeninga þeirra, er slegnir eru samkvæmt gildandi lögum hinna ýmsu landa, er hafa tekið upp þessa mynteiningu.

Í öllum löndum sambandsins skulu gjöldin miðast við eins nákvæmt jafngildi og frekast er unt, á gildandi peningum hvers lands, við gildi gullfrankans.

80 Quant aux règlements qu'ont à se faire entre eux les Offices postaux des divers pays en exécution des dispositions de la présente Convention, pour solde de leurs comptes réciproques, ils se font sur la base du franc-or.

Article 13.

Affranchissement des envois; coupons-réponse; franchise de port.

1. — L'affranchissement de tout envoi quelconque peut être opéré soit au moyen de timbres-poste valables dans le pays d'origine pour la correspondance des particuliers, soit au moyen d'empreintes de machines à affranchir, officiellement adoptées et fonctionnant sous le contrôle immédiat de l'Administration.

Sont considérés comme dûment affranchis: les cartes-réponse portant des timbres-poste du pays d'émission de ces cartes, les envois régulièrement affranchis pour leur premier parcours et dont le complément de taxe a été acquitté avant leur réexpédition ainsi que les journaux ou paquets de journaux dont la suscription porte le mention „Abonnements-poste" ou une mention équivalente et qui sont expédiés en vertu de l'Arrangement particulier sur les abonnements aux journaux, prévu à l'article 21 de la présente Convention.

2. — Des coupons-réponse peuvent être mis en vente dans les pays dont les Administrations ont accepté de se charger de ce débit. Le prix de vente minimum du coupon-réponse est de 50 centimes ou de l'équivalent de cette somme dans la monnaie du pays qui le débite.

Ce coupon est échangeable dans tout pays de l'Union contre un timbre ou des timbres représentant l'affranchissement d'une lettre simple originaire de ce pays à destination de l'étranger. Toutefois, l'échange doit se faire avant l'expiration du deuxième mois qui suit celui de l'émission; ce délai est majoré de quatre mois dans les relations avec les pays d'outre-mer. Le Règlement d'exécution de la Convention détermine les autres conditions de cet échange et notamment l'intervention du Bureau international dans la confection, l'approvisionnement et la comptabilité desdits coupons.

3. — Les correspondances officielles relatives au service postal, échangées entre les Administrations postales, entre ces Administrations et le Bureau international, entre les bureaux de poste de pays de l'Union, et entre ces bureaux et les Administrations sont admises à la franchise de port.

4. — Il en est de même des correspandances concernant les prisonniers de guerre, expédiées ou reçues, soit directement, soit à titre d'intermédiaire, par les bureaux de renseignements qui seraient établis éventuellement pour ces personnes, dans des pays belligérants ou dans les pays neutres ayant recueilli des belligérants sur leur territoire.

Hvað snertir reikningsskil þau, sem póststjórnir hinna ýmsu landa 80
þurfa að gera sín á milli, samkvæmt ákvæðunum í samningi þessum, til jafnaðar á gagnkvæmum reikningum sínum, þá skal og gullfrankinn lagður þar til grundvallar.

13. grein.

Frímerking sendinga. — Svarmerki. — Engin frímerking.

1. — Frímerking hverrar sendingar sem er, má framkvæma, annað hvort með því að líma á hana póstfrímerki, sem gilda í sendilandinu fyrir einkabrjef, eða með stimplun með frímerkingarvjelum, sem eru opinberlega teknar til notkunar og undir beinu eftirliti póststjórnarinnar.

Löglega frímerkt skoðast: svarspjaldbrjef, sem bera frímerki útgáfulands spjaldbrjefanna, sendingar, sem eru reglulega frímerktar yfir hið fyrsta svæði, sem þær fara, og aukaburðargjald hefur verið borgað fyrir áður en þær eru sendar á ný, svo og blöð og blaðapakkar, sem utanáskriftarmegin bera athugasemdina „Abonnements-poste“ eða tilsvarandi athugasemd, og sendir eru samkvæmt hinum sjerstaka samningi um áskrift á blöðum og nefndur er í 21. grein samnings þessa.

2. — Svarmerki má selja í þeim löndum, þar sem póststjórnirnar hafa gengið að því að taka þátt í þessari sölu. Lægsta söluverð svarmerkis er 50 sentímar eða jafngildi þessarar upphæðar í peningum landsins, sem selur merkin.

Þessu merki má skifta í öllum löndum sambandsins fyrir eitt eða fleiri frímerki, er fullnægja frímerkingu á einföldu brjefi frá þessu landi til útlanda. Þó verða skiftin að fara fram fyrir lok annars mánaðar á eftir þeim mánuði, sem merkin eru gefin út í; frestur þessi er lengdur til 4 mánaða í sambandi við lönd utan Evrópu. Starfsreglugerð samningsins ákveður önnur skilyrði fyrir skiftum þessum og sjerstaklega afskifti alþjóðaskrifstofunnar í Bern viðvíkjandi tilbúningi, úthlutun og reikningsskilum nefndra merkja.

3. — Þjónustusendingar um póstmál, milli póststjórnanna, milli póststjórnanna og alþjóðaskrifstofunnar í Bern, milli pósthúsa í löndum sambandsins, og milli pósthúsanna og póststjórnanna, eru fluttar án frímerkingar.

4. — Sama gildir og um sendingar, er snerta herfanga, sem sendar eru eða mótteknar annaðhvort beint eða til að áframsendast af upplýsingaskrifstofum, sem kynnu að verða settar á stofn til hjálpar þessum mönnum, í ófriðarlöndunum eða hlutlausum löndum, sem hafa tekið við herskyldum mönnum á sitt svæði.

80 Les correspondances, à l'exception des envois grevés de remboursement, destinées aux prisonniers de guerre ou expédiées par eux sont également affranchies de toutes taxes postales, aussi bien dans les pays d'origine et de destination que dans les pays intermédiaires.

Les belligérants recueillis et internés dans un pays neutre sont assimilés aux prisonniers de guerre proprement dits, en ce qui concerne l'application des dispositions ci-dessus.

5. — Les correspondances déposées en pleine mer dans la boîte d'un paquebot ou entre les mains des agents des postes embarqués ou des commandants de navires peuvent être affranchies, sauf arrangement contraire entre les Administrations intéressées, au moyen des timbres-poste et d'après le tarif du pays auquel appartient ou dont dépend ledit paquebot. Si le dépôt à bord a lieu pendant le stationnement aux deux points extrêmes du parcours ou dans l'une des escales intermédiaires, l'affranchissement n'est valable qu'autant qu'il est effectué au moyen des timbres-poste et d'après le tarif du pays dans les eaux duquel se trouve le paquebot.

Article 14.

Attribution des taxes.

1. — Chaque Administration garde en entier les sommes qu'elle a perçues en exécution des divers articles de la présente Convention, sauf la bonification due pour les mandats prévus au § 2 de l'article 8 et exception faite en ce qui concerne les coupons-réponse (art. 13).

2. — En conséquence, il n'y a pas lieu, de ce chef, à un décompte entre les diverses Administrations de l'Union, sous les réserves prévues au § 1 du présent article.

3. — Les lettres et autres envois postaux ne peuvent, dans le pays d'origine, comme dans celui de destination, être frappés à la charge des expéditeurs ou des destinataires, d'aucune taxe ni d'aucun droit postal autres que ceux prévus par la présente Convention.

Article 15.

Envois exprès.

1. — Les objets de correspondance de toute nature sont, à la demande des expéditeurs, remis à domicile par un porteur spécial immédiatement après l'arrivée, dans les pays de l'Union qui consentent à se charger de ce service.

2. — Ces envois, qui sont qualifiés „exprès", sont soumis à une taxe spéciale de remise à domicile; cette taxe est fixée à un franc en sus du port

Allar sendingar, að póstkröfusendingum undanteknum, sem eiga að 80
fara til herfanga eða sendar eru frá þeim, eru einnig undanþegnar öllu póstgjaldi, jafnt í sendilandi sem ákvörðunar- og milliliðslöndum.

Herskyldir menn, sem teknir hafa verið og vistaðir í hlutlausu landi, skoðast sem eiginlegir herfangar, að því er snertir beitingu á framangreindum ákvæðum.

5. — Sendingar, sem látnar eru á rúmsjó í brjefakassa póstskips eða fengnar í hendur póstmönnum á skipinu eða skipstjóra skipsins, má frímerkja, nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, með frímerkjum og eftir taxta þess lands, sem á skipið eða hefir það í sinni þjónustu. Sje sendingin látin í póst á skipsfjöl, meðan skipið liggur á annari hvorri endastöð leiðarinnar, eða á millihöfnum, gildir frímerkingin ekki nema hún sje gerð með frímerkjum og eftir taxta þess lands, sem skipið er í landhelgi við.

14. grein.

Um hver fær burðargjaldið.

1. — Sjerhver póststjórn heldur algerlega þeim upphæðum, sem hún hefur fengið, samkvæmt hinum ýmsu greinum samnings þessa, að undantekinni þóknuninni fyrir ávísanirnar, sem getið er um í 2. lið 8. greinar, og svarmerkjum (13. gr.).

2. — Þar af leiðandi eiga sjer engin reikningsskil stað í þessu efni milli hinna ýmsu póststjórna í sambandinu, með þeim fyrirvara, sem getur um í 1. lið þessarar greinar.

3. — Brjefum og öðrum póstsendingum má hvorki í sendi- nje ákvörðunarlandi íþyngja á kostnað sendanda eða viðtakanda með neinum peningaálögum eða póstgjöldum öðrum en þeim, sem nefnd eru í þessum samningi.

15. grein.

Hraðboðasendingar.

1. — Ef sendandi æskir þess, verða brjefasendingar allskonar, í þeim löndum sambandsins, sem taka þetta starf að sjer, bornar á heimili viðtakanda af sjerstökum brjefbera undir eins og pósturinn er kominn.

2. — Fyrir sendingar þessar, sem kallast hraðboðasendingar („exprès"), skal greiða sjerstakt heimburðargjald; gjald þetta er ákveðið einn franki auk

80 ordinaire et doit être acquittée complètement et à l'avance, par l'expéditeur. Elle est acquise à l'Administration du pays d'origine.

3. — Lorsque le domicile du destinataire se trouve en dehors du rayon de la distribution gratuite du bureau de destination, ce bureau peut percevoir une taxe complémentaire, jusqu'à concurrence du prix fixé pour la remise par exprès dans le service interne, déduction faite de la taxe fixe payée par l'expéditeur, ou de son équivalent dans la monnaie du pays qui perçoit ce complément.

La taxe complémentaire prévue ci-dessus, reste exigible en cas de réexpédition ou de mise en rebut de l'objet; elle est acquise à l'Administration qui l'a perçue.

4. — Les objets exprès non complètement affranchis pour le montant total des taxes payables à l'avance sont distribués par les moyens ordinaires, à moins qu'ils n'aient été traités comme exprès par le bureau d'origine.

Article 16.

Réexpédition; rebuts.

1. — Il n'est perçu aucun supplément de taxe pour la réexpédition d'envois postaux dans l'intérieur de l'Union.

2. — Les correspondances tombées en rebut ne donnent pas lieu à restitution des droits de transit revenant aux Administrations intermédiaires, pour le transport antérieur desdites correspondances.

3. — Les lettres et les cartes postales non affranchies et les correspondances de toute nature insuffisamment affranchies, qui font retour au pays d'origine par suite de réexpédition et de mise en rebut, sont remises aux destinataires ou aux expéditeurs contre payement des taxes dont elles étaient grevées au départ ou à l'arrivée ou en cours de route par suite de réexpédition au delà du premier parcours.

Article 17.

Echange de dépêches closes avec les bâtiments de guerre.

1. — Des dépêches closes peuvent être échangées entre les bureaux de poste de l'un des pays contractants et les commandants de divisions navales ou bâtiments de guerre de ce même pays en station à l'étranger ou entre le commandant d'une de ces divisions navales ou bâtiments de guerre et le commandant d'une autre division ou bâtiment du même pays, par l'intermédiaire des services territoriaux ou maritimes dépendant d'autres pays.

2. — Les correspondances de toute nature comprises dans ces dépêches doivent être exclusivement à l'adresse ou en provenance des états-majors et des

hins venjulega burðargjalds, og skal það vera fullborgað fyrirfram af sendanda. 80
Gjald þetta fellur til póststjórnar sendilandsins.

3. — Þegar heimili móttakanda liggur utan svæðis þess, sem ókeypis útburður fer fram á frá ákvörðunarpósthúsinu, má það taka aukagjald, er nemi alt að þeirri upphæð, sem ákveðin er hraðboðagjald í innanlands þjónustu, eftir að dregið hefir verið frá hið ákveðna gjald, sem sendandi borgar eða jafngildi þess í peningum landsins, sem tekur þetta aukagjald.

Hið framangreinda aukagjald má eins taka, þótt sendingin verði send á ný eða henni ekki komið til skila; það fellur til póststjórnarinnar sem innheimtir það.

4. — Hraðboðasendingum, sem eru ekki nægilega frímerktar fyrir öllum gjöldum, sem borga ber, skal koma til skila á venjulegan hátt, nema sendipósthúsið hafi farið með þær sem hraðboðasendingar.

16. grein.

Áframsendar sendingar. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

1. — Ekkert aukaburðargjald er tekið fyrir áframsendingu á póstsendingum innan póstsambandsins.

2. — Endurgreiðsla á transitgjöldum, sem fallið hafa til milliliggjandi póststjórna fyrir undangenginn flutning á óskilasendingum, kemur eigi til greina.

3. — Ófrímerkt brjef og spjaldbrjef, og allar vanfrímerktar sendingar sem sendar eru til baka til sendilandsins vegna áframsendingar eða af því, að þeim verði ekki komið til skila, skulu afhentar viðtakendum eða sendendum gegn greiðslu á gjaldi því, sem á þeim hvíldi við burtför eða komu eða á leiðinni vegna áframsendingar út fyrir fyrsta svæði.

17. grein.

Skifti á lokuðum póstpokum við herskip.

1. — Með því að nota lands- eða sjávarflutningsgögn annara landa má skiftast á lokuðum póstpokum milli pósthúsa einhvers lands í sambandinu og yfirforingja yfir flotadeildum eða herskipum sama lands, sem hafa varðstöðu í útlöndum, eða milli yfirforingja einnar flotadeildar eða herskips, og yfirforingja annarar flotadeildar eða herskips, er hvorttveggja tilheyrir sama landi.

2. — Sendingar þær, hverju nafni sem nefnast, sem eru í póstpokum þessum, skulu eingöngu vera til eða frá yfirmönnum og skipshöfnum ákvörðun-

80 équipages des bâtiments destinataires ou expéditeurs des dépêches; les tarifs et conditions d'envoi qui leur sont applicables sont déterminés, d'après ses règlements intérieurs, par l'Administration des postes du pays auquel appartiennent les bâtiments.

3. — Sauf arrangement contraire entre les Offices intéressés, l'Office postal expéditeur ou destinataire des dépêches dont il s'agit est redevable, envers les Offices intermédiaires, de frais de transit calculés conformément aux dispositions de l'article 4.

Article 18.

Interdictions.

1. — Sauf les exceptions prévues par la présente Convention et le Règlement d'exécution il n'est pas donné cours aux envois qui ne remplissent pas les conditions requises, pour chaque catégorie de correspondances.

2. — Il est interdit d'expédier:

a) des échantillons et autres objets qui, par leur nature, peuvent présenter du danger pour les agents postaux, salir ou détériorer les correspondances;
b) des matières explosibles, inflammables ou dangereuses; des animaux et insectes, vivants ou morts, sauf les exceptions mentionnées au Règlement d'exécution de la présente Convention;
c) des échantillons dont le nombre expédié par un même expéditeur à l'adresse d'un même destinataire montre l'intention évidente d'éviter la perception des droits de douane dus au pays de destination;
d) des objets passibles de droits de douane;
e) de l'opium, de la morphine, de la cocaïne et autres stupéfiants;
f) des objets obscènes ou immoraux;
g) des objets quelconques dont l'entrée ou la circulation sont interdites dans les pays d'origine ou de destination.

3. — Les envois tombant sous les prohibitions du présent article et qui auraient été à tort admis à l'expédition doivent être renvoyés au timbre d'origine, sauf le cas où l'Administration du pays de destination serait autorisée, par sa législation ou par ses règlements intérieurs, à en disposer autrement.

Toutefois, les matières explosibles, inflammables ou dangereuses et les objets obscènes ou immoraux ne sont pas renvoyés au timbre d'origine; ils sont détruits sur place par les soins de l'Administration qui en constate la présence.

4. — Est d'ailleurs réservé le droit du Gouvernement de tout pays de l'Union de ne pas effectuer, sur son territoire, le transport ou la distribution, tant des objets jouissant de la modération de taxe à l'égard desquels

ar- eða sendiskipa póstsins; taxtar og sendingarskilyrði, sem póstflutningur þessi er háður, skulu ákveðin af póststjórn þess lands, sem skipin tilheyra, eftir innanríkisreglum hennar. 80

3. — Nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal sendi- eða ákvörðunarpóststjórn umrædds póstflutnings greiða milliliggjandi póststjórnum transitgjöld, sem reiknast samkvæmt ákvæðunum í 4. grein.

18. grein.

Forboð.

1. — Með þeim undantekningum, sem getur um í samningi þessum, og starfsreglugerð hans, eru þær sendingar útilokaðar frá flutningi, sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem heimtuð eru fyrir hverja tegund sendinga.

2. — Bannað er að senda:

a. sýnishorn af vörum og aðra hluti, sem samkvæmt eðli sínu geta verið hættulegir lífi póstmanna, eða óhreinkað eða skemt aðrar sendingar.;
b. sprenghætta, eldfima og hættulega hluti; dýr og skordýr, lifandi eða dauð, með þeim undantekningum, sem greinir í starfsreglugerð samnings þessa;
c. sýnishorn af vörum, þegar tala sendinganna frá sama sendanda til sama viðtakanda ber augljósan vott um, að verið sje að komast hjá löglegu tollgjaldi til ákvörðunarlandsins;
d. tollskylda hluti;
e. ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfandi meðul;
f. klámfenga og ósæmilega hluti;
g. alla hluti, sem bannaður er innflutningur eða útbreiðsla á í sendi- eða ákvörðunar landinu.

3. — Sendingar þær, sem falla undir forboð þessarar greinar og sem af óaðgætni kunna að hafa verið teknar til flutnings, skulu sendar aftur til sendistaðar, nema póststjórn ákvörðunarlandsins megi, samkvæmt innanlandslögum sínum eða reglum, fara öðruvísi með þær.

Þó skulu sprenghættir, eldfimir eða hættulegir hlutir, svo og klámfengir og ósæmilegir hlutir ekki sendast aftur til sendistaðar; hlutir þessir skulu eyðilagðir á staðnum með ráðstöfunum af hálfu þeirrar póststjórnar, sem orðið hefir þeirra vör.

4. — Að öðru leyti er stjórn hvers lands í sambandinu áskilinn rjettur til þess að framkvæma ekki, á sínu póstsvæði, flutning eða útbýtingu á sendingum, sem fluttar eru gegn lægra burðargjaldi, þegar ekki hefir verið tekið

80 il n'a pas été satisfait aux lois, ordonnances ou décrets qui règlent les conditions de leur publication ou de leur circulation dans ce pays, que des correspondances de toute nature qui portent ostensiblement des inscriptions, dessins, etc., interdits par les dispositions légales ou réglementaires en vigueur dans le même pays.

5. — Les hautes parties contractantes s'engagent à prendre ou à proposer à leurs pouvoirs législatifs les mesures nécessaires pour empêcher et, le cas échéant, punir l'insertion dans les envois énumérés à l'article 2 de la présente Convention, d'opium, de morphine, de cocaïne et autres stupéfiants.

Article 19.

Relations avec les pays étrangers à l'Union.

1. — Les Offices de l'Union qui ont des relations avec des pays situés en dehors de l'Union, doivent prêter leur concours à tous les autres Offices de l'Union:

1° pour la transmission, par leur intermédiaire, soit à découvert, soit en dépêches closes, si ce mode de transmission est admis d'un commun accord par les Offices d'origine et de destination des dépêches, des correspondances à destination ou provenant des pays en dehors de l'Union;

2° pour l'échange des correspondances, soit à découvert, soit en dépêches closes, à travers les territoires ou par l'intermédiaire de services dépendant desdits pays en dehors de l'Union;

3° pour que les correspondances soient soumises en dehors de l'Union, comme dans le ressort de l'Union, aux frais de transit déterminés par l'article 4.

2. — Les frais totaux de transit maritime dans l'Union et en dehors de l'Union ne peuvent pas excéder 15 francs par kilogramme de lettres et de cartes postales et 1 franc par kilogramme d'autres objets. Le cas échéant, ces frais sont répartis au prorata des distances, entre les Offices intervenant dans le transport.

3. — Les frais de transit, territorial ou maritime, en dehors des limites de l'Union comme dans le ressort de l'Union, des correspondances auxquelles s'applique le présent article, sont constatés dans la même forme que les frais de transit afférents aux correspondances échangées entre pays de l'Union au moyen des services d'autres pays de l'Union.

4. — Les frais de transit des correspondances à destination des pays en dehors de l'Union postale sont à la charge de l'Office du pays d'origine, que fixe les taxes d'affranchissement dans son service desdites correspondances, sans que ces taxes puissent être inférieures au tarif normal de l'Union.

5. — Les frais de transit des correspondances originaires des pays en dehors de l'Union ne sont pas à la charge de l'Office du pays de destination,

tillit til laga þeirra, fyrirskipana og ákvæða, sem gilda um útgáfu eða útbreiðslu þessara hluta í landinu, sem og allskonar sendingum, er bera greinilegar áritanir, teikningar o. s. frv., sem bannaðar eru með gildandi laga- eða reglugerðaákvæðum í sama landi. 80

5. — Háttvirtir samningsaðilar skuldbinda sig til þess, að gera eða leggja fyrir löggjafarvöld sín að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra og refsa fyrir, ef svo ber undir, að ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfandi meðul sjeu látin í sendingar þær, sem taldar eru í 2. grein samnings þessa.

19. grein.

Sambönd við lönd, er standa utan póstsambandsins.

1. — Þær póststjórnir sambandsins, sem hafa viðskifti við lönd, er standa utan póstsambandsins, eru skyldar að veita öllum öðrum póststjórnum sambandsins aðstoð:

1° til flutnings fyrir þeirra milligöngu, á sendingum til eða frá löndum utan sambandsins, hvort heldur í stykkjatali eða í lokuðum póstpokum ef slíkur flutningur er leyfður, eftir samkomulagi milli sendi- og móttöku-póststjórna póstflutningsins.

2° til skifta á sendingum, annaðhvort í stykkjatali eða í lokuðum póstpokum, yfir svæði er tilheyra löndum þeim, er utan sambandsins standa, eða með fargögnum er þau eiga.

3° til þess að sendingarnar, jafnt utan sem innan svæðis póstsambandsins sjeu háðar transítgjöldum þeim, sem ákveðin eru í 4. grein.

2. — Hin samanlögðu sjótransítgjöld innan póstsambandsins og utan þess, mega ekki fara fram úr 15 frönkum fyrir hvert kg. af brjefum og spjaldbrjefum og 1 franka fyrir hvert kg. af öðrum sendingum. Þegar því er að skifta, skal gjöldum þessum skift milli póststjórnanna er taka þátt í flutningnum, hlutfallslega eftir vegalengdinni.

3. — Land- eða sjótransitgjöld , jafnt innan sem utan sambandsins, fyrir sendingar þær, sem grein þessi fjallar um, skulu reiknuð út á sama hátt og transitgjöld fyrir sendingar, sem skiftst er á milli landa sambandsins fyrir milligöngu annara landa sambandsins.

8. — Frímerki, sem ekki hafa verið ónýtt, annað hvort af athugaleysi eða gleymsku á sendipósthúsinu, skulu ónýtt á vanalegan hátt af því pósthúsi, sem verður misfellanna vart.

X.

Engin eða ófullnæg frímerking.

1. — Þegar sending er ófrímerkt eða vanfrímerkt, setur sendipósthúsið, með stimpli eða öðruvísi, upphæðina, sem taka ber af móttakanda, í frönkum og sentímum með vel læsilegum tölum í efra hægra hornið utanáskriftarmegin.

2. — Eftir þessum upplýsingum heimtir svo ákvörðunarpósthúsið upphæð hins tilgreinda burðargjalds samkvæmt fyrirmælum 3. liðs 6. greinar í aðalsamningnum.

3. — Hafi ógild frímerki verið notuð til frímerkingar, skal ekkert tillit tekið til hennar. Þetta skal táknað með tölunni núll (0), sem sett er við hliðina á frímerkjunum.

XI.

Útbúnaður almennra og ábyrgðarsendinga.

1. — Sendingar með fangamarki (initiales) sem utanáskrift og sendingar, sem skrifað er utan á með blýanti, nema blekblýanti, verða ekki teknar sem ábyrgðarsendingar.

Utanáskriftir „poste restante“-sendinga skulu greina fult nafn við-

takanda; að nota fangamark, tölur, gerfinöfn eða nokkur merki, sem menn hafa komið sjer saman um, er ekki leyfilegt á þessum sendingum. 80

2. — Sendingar í algerlega gagnsæju umslagi eða í umslagi með opinni rúðu eru ekki leyfðar.

Eftirfylgjandi skilyrði ná til sendinga í umslagi með gagnsærri rúðu:

a. hin gagnsæja rúða skal vera heildarhluti af umslaginu og þannig löguð, að lengd hennar sje jafnhliða lengd umslagsins, þannig að utanáskrift viðtakanda sjáist í sömu stefnu; hún skal og vera þannig sett, að hún komi ekki í bága við dagstimpilinn;

b. rúðan skal vera svo skær, að auðvelt sje að lesa utanáskriftina, eins í tilbúnu ljósi, og hún má heldur ekki hindra það, að hægt sje að skrifa í viðbót.

Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu eru teknar í ábyrgð.

3. — Með þeim einum undantekningum, sem ræðir um í undanfarandi liðum, er ekki krafist neinna sjerstakra skilyrða á lögun eða lokun ábyrgðarsendinga. Sjerhver póststjórn hefur rjett til að fara með þessar sendingar eftir reglum þeim, sem gilda í innanlandsþjónustu hennar.

4. — Ábyrgðarsendingar skulu í efra vinstra horni utanáskriftarmegin bera miða eins eða líkan fyrirmynd B, er fylgir þessari reglugerð, og skal á honum með latneskum bókstöfum tilgreint nafn sendipósthússins svo og hlaupanúmer það, sem sendingin er skrifuð undir í bókum þess.

Þó skal póststjórnum þeim, er, sem stendur, ekki nota miða þessa í innanlandsþjónustu sinni, heimilt að fresta því, að láta þetta ákvæði ganga í gildi, og halda áfram að nota stimpla til þess að merkja með ábyrgðarsendingar.

Þó skulu pósthúsin, sem ekki hafa tekið upp miðann eftir fyrirmynd B, ætíð merkja sjerhverja ábyrgðarsendingu með hlaupanúmeri hennar. Númer þetta skal skrifað í efra vinstra horn utanáskriftarmegin. Póststjórnir þær, sem áframsenda slíkar sendingar, eru skyldugar að tákna þær með hinu upprunalega **númeri.**

5. — Ábyrgðarsendingar, sem eru ófrímerktar eða vanfrímerktar, skal farið með sem almennar sendingar, hvað burðargjaldið snertir, sem ávantar. Gjöldin, sem ber að borga í báðum tilfellum, skulu innheimt og þeim haldið af því landinu, sem annast afhendingu sendinganna.

6. — Góðgerðamerki má líma aftan á allar tegundir sendinga, sem ræðir um í 2. grein aðalsamningsins.

XII.

Móttökukvittanir ábyrgðarsendinga.

1. — Þær sendingar, sem sendandi óskar móttökukvittunar fyrir, skulu bera á sjer greinilega skrifað „Avis de réception" eða stimplaða stafina: A. R.

80 2. — Þeim skal fylgja eyðublað að stærð og þjettleik eins og spjaldbrjef og eins og eða líkt fyrirmynd C, er hjer með fylgir; eyðublað þetta útbýr sendipósthúsið, eða eitthvert annað pósthús, sem sendipóststjórnin tiltekur, og festir það vandlega utan á sendinguna, sem það tilheyrir. Komi það ekki fram á ákvörðunarpósthúsinu, á það pósthús sjálft að gefa út nýja móttökukvittun.

Móttökukvittanir skulu stílaðar á frönsku eða þá með franskri þýðingu undir línunum.

3. — Þegar ákvörðunarpósthúsið hefur fylt út eyðublaðið C, eins og vera ber, sendir það það opið og burðargjaldsfrítt til sendanda sendingarinnar.

4. — Þegar sendandi óskar móttökukvittunar fyrir ábyrgðarsendingu, eftir að hún hefur verið látin á póst, skal sendipósthúsið skrifa á eyðublað C mjög nákvæma lýsingu á ábyrgðarsendingunni (hvers konar sending, sendipósthús, dagsetningu, þegar hún er látin á póst, númer og fulla utanáskrift viðtakanda).

Þetta eyðublað er svo fest við fyrirspurnareyðublað eftir fyrirmynd I og er á það límt frímerki, er svarar til gjaldsins fyrir móttökukvittun, og er farið með það eftir fyrirmælum XXIX. greinar í þessari reglugerð, að því undanteknu, að sje um rjetta afhendingu að ræða á sendingunni, sem móttökukvittunin á við, heldur ákvörðunarpósthúsið eftir eyðublaðinu I, en sendir eyðublaðið C til baka, þegar búið er að fylla út aftari síðuna, eins og vera ber, eins og fyrir er mælt í 3. lið hjer á undan.

5. — Ef móttökukvittun, sem á vanalegan hátt hefur verið beðið um af sendanda um leið og sendingin var látin á póst, er ekki komin til baka á rjettum tíma, skal spurst fyrir um kvittunina, sem vantar, eftir reglum þeim, sem settar eru í 4. lið hjer á undan. Þá skal ekki taka aftur burðargjald og sendipósthúsið skal skrifa á hausinn á eyðublaði C „Duplicata de l'avis de réception, etc.“

6. — Hinum sjerstöku ákvæðum, sem póststjórnirnar hafa samþykt, samkvæmt 5. lið XXIX. greinar í reglugerð þessari, viðvíkjandi sendingu á fyrirspurnum um ábyrgðarsendingar, má einnig beita, þegar óskað er móttökukvittunar fyrir ábyrgðarsendingar eftir að þær hafa verið látnar í póst.

XIII.

Ábyrgðarsendingar með póstkröfu.

1. — Ábyrgðarsendingar með póstkröfu skulu efst framan á bera áletranina „Remboursement“ skrifað eða prentað mjög greinilega, og þar næst tilgreind upphæð póstkröfunnar. Upphæðin skal skrifuð með latneskum bókstöfum, fullum stöfum og tölum án yfirstrikana eða leiðrjettinga, jafnvel þótt

þær sje samþyktar. Annað hvort framan eða aftan á skal sendandi rita nafn sitt og heimilisfang, líka með latneskum bókstöfum.

2. — Ábyrgðarsendingar með póstkröfu skulu á framhliðinni bera gulleitan (orange) miða eins og fyrirmynd D sýnir, er fylgir þessari reglugerð.

3. — Póststjórnirnar geta tekið að sjer að borga hinar innheimtu fjárhæðir inn í pósthlaupareikninga ákvörðunarlands sendingarinnar. Skilmálar, taxtar og önnur atriði, viðvíkjandi þessari þjónustu, skulu sett eftir samkomulagi milli hlutaðeigandi póststjórna.

4. — Ef viðtakandi hefur ekki greitt upphæð póstkröfunnar innan 7 daga, í viðskiftum milli Evrópulanda og innan 15 daga í viðskiftum milli Evrópulanda og landa utan hennar eða þessara landa innbyrðis, að telja frá deginum eftir komu sendingarinnar á ákvörðunarpósthúsið, skal sendingin send aftur til sendipósthússins.

Þennan frest má lengja alt að 28 dögum mest, hjá þeim póststjórnum, sem neyðast til þess vegna löggjafar sinnar. Sendandi getur þó krafist með athugasemd, er skrifuð sje á máli, sem er þekt í ákvörðunarlandinu, að sendingin sje tafarlaust send til baka eftir utanáskrift hans, ef sendandi neitar að borga póstkröfuna við fyrstu tilkynningu.

5. — Sje ekki öðruvísi ákveðið, skal hinni innheimtu upphæð, eftir að dregið hefur verið frá innheimtugjaldið, sem getur um í 2. lið 8. greinar aðalsamningsins, og hið vanalega póstávísanagjald, breytt í póstávísun, sem efst á framhliðina sje merkt „Remb.“ og að öðru leyti útbúin samkvæmt starfsreglugerð póstávísanasamningsins. Á afklipping ávísunarinnar skal skrifað nafn og heimilisfang viðtakanda póstkröfusendingarinnar, svo og staðurinn, ásamt dagsetningu, þar sem hún hefur verið látin á póst.

6. — Sje ekki öðruvísi ákveðið, má senda póstkröfusendingar áfram úr einu landi til annars, er taka þátt í þessum póstviðskiftum. Þegar um áframsendingu er að ræða, skal engin breyting gerð á hinni upprunalegu beiðni um póstkröfu, eins og sendandi hefur gengið frá henni. Póststjórn hins endanlega ákvörðunarstaðar ber svo að breyta póstkröfuupphæðinni í sína mynt, eftir gildandi töflu fyrir póstávísanir; henni ber og að breyta póstkröfunni í ávísun til sendilandsins.

7. — Póstkröfuávísanir, sem ekki hefur verið unt að afhenda viðtakendum, skulu, þegar fresturinn er útrunninn, sem þær gilda, kvittaðar af þeirri póststjórn, sem hefur þær með höndum, og færðar í reikning við þá póststjórn, sem hefur gefið þær út.

8. — Í stað póstkröfuávísana, sem hafa verið afhentar viðtakendum, og ekki hafa verið heimtaðar útborgaðar, skulu koma útborgunarheimildir. Þær eru útbúnar af póststjórninni, sem hefur gefið ávísanirnar út, jafnskjótt og hún hefur komist að raun um, að hinar upprunalegu ávísanir hafa ekki verið borgaðar út áður en fresturinn, sem þær voru gildar, var liðinn. Þær skulu kvitt-

80 aðar af póststjórn ákvörðunarlandsins, og skal hún færa þær í næsta reikning, er fylgir, eftir sendinguna.

XIV.

Spjaldbrjef.

1. — Spjaldbrjef skulu efst á framhliðinni hafa áletrað „Carte postale“ á frönsku, eða sams konar þýðingu á öðru máli. Þó verður þess ekki krafist, að spjaldbrjef, sem tilbúin eru af einstökum mönnum, beri þessa yfirskrift.

Stærð spjaldbrjefa má ekki fara fram úr 14 sm. á lengd og 9 sm. á breidd, nje vera minni en 10 sm. á lengd og 7 sm. á breidd. Spjaldbrjef skulu send opin, þ. e. a. s. án krossbands eða umslags.

Spjaldbrjef skulu búin til úr pappa eða pappír, er sje úr svo þykku efni, að það hamli ekki póstmeðferð spjaldbrjefanna.

2. — Frímerkin skulu, að svo miklu leyti sem unt er, sett í efra horn framhliðar hægra megin. Utanáskrift viðtakanda og upplýsingar í þarfir póstþjónustunnar (ábyrgð, móttökukvittun o. s. frv.) skulu einnig vera á framhliðinni, og skal annar helmingur hennar, að minsta kosti, geymdur þessum upplýsingum. Sendandi hefur ráð yfir bakhlið spjaldbrjefsins og vinstra helming framhliðar, þó með þeim skilyrðum, er tekin eru fram í næsta lið hjer á eftir.

3. — Öllum er bannað að sameina eða festa sýnishorn af vöru eða líkum hlutum við spjaldbrjef. Þó má festa við þau vignettur (skrautmyndir), ljósmyndir, allskonar merki, pappírsræmur eða samanbrotin blöð fyrir utanáskrift, miða og allskonar smáseðla, með þeim skilyrðum, að hlutir þessir sjeu þess eðlis, að þeir breyti ekki útliti spjaldbrjefsins, og að þeir sjeu úr pappír eða öðru mjög þunnu efni, og sjeu algerlega áfastir við spjaldbrjefið. Að undanteknum utanáskriftarræmunum eða miðunum, má ekki líma hluti þessa annarsstaðar á spjaldbrjefið en á bakhliðina eða vinstri helming framhliðar.

4. — Spjaldbrjef með borguðu svari skulu á framhliðinni bera á frönsku þessa áletrun: á fremra spjaldbrjefinu: „Carte postale avec réponse payée“, og á því aftara: „Carte postale réponse“. Bæði spjaldbrjefin skulu að öðru leyti, hvort um sig, uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um einföld spjaldbrjef; þau skulu brotin saman, hvort að öðru, og má á engan hátt vera hægt að loka þeim.

Utanáskriftarhlið svarspjaldbrjefsins skal snúa inn, þegar þau eru brotin saman. Leyfilegt er sendanda spjaldbrjefs með borguðu svari, að setja nafn sitt og heimilisfang á framhlið spjaldsins „Réponse“, hvort heldur skrifað eða með því að líma nafnmiða á það.

Frímerking spjaldsins „Réponse“ með póstfrímerkjum þess lands, sem hefur gefið út spjaldbrjefið, er því að eins gild, að báðir hlutar spjaldbrjefs-

ins með borguðu svari hafi komið samfastir frá sendilandinu og að svarspjaldbrjefið „Réponse“ sje sent frá því landi, sem það hefir komið til með póstinum, til sendilandsins sem ákvörðunarlands. Sje þessum skilyrðum ekki fullnægt, skal farið með það sem ófrímerkt spjaldbrjef.

5. — Spjaldbrjef þau, sem ekki uppfylla skilyrði þau, sem sett eru í þessari grein, um slíka tegund sendinga, hvað snertir ofangreindar athugasemdir, stærð og ytra útlit, skal farið með sem brjef.

XV.

Verslunarskjöl.

1. — Sem verslunarskjöl, er leyfður er flutningur á gegn lægra burðargjaldi eins og ákveðið er í 6. grein aðalsamningsins, skulu skoðast öll skjöl, sem eru skrifuð eða teiknuð með hendinni að öllu eða nokkru leyti og geta ekki álitist að vera hreinar persónulegar brjefaskriftir, svo sem opin brjef og spjaldbrjef með gamalli dagsetningu, sem þegar hafa náð sínum upprunalega ákvörðunarstað, málsskjöl og allskonar skjöl, sem útbúin eru af opinberum starfsmönnum, hleðslu- eða farmskírteini, vöruskrár, viss skjöl vátryggingarfjelaga, afrit eða útskriftir af skjölum búið til af einstökum mönnum og ritað á stimplaðan eða óstimplaðan pappír, handrituð partitúr eða nótur, handrit að bókum eða blöðum, þegar þau eru send einstök, óleiðrjett og leiðrjett verkefni frá lærisveinum án nokkurra upplýsinga, sem ekki beinlínis eiga við vinnuna á verkinu.

2. — Um lögun og útbúnað verslunarskjala fer eins og ákveðið er í skilyrðum fyrir prentað mál (XVII. hjer á eftir).

XVI.

Sýnishorn af vöru og snið.

1. — Sýnishorn af vöru og snið njóta ekki burðargjaldslækkunar þeirrar, sem þeim er heimiluð í 6. gr. aðalsamningsins, nema með skilyrðum þeim, sem hjer segir:

Þau skulu send í pokum, öskjum eða lausum umslögum, þannig, að auðvelt sje að rannsaka þau.

Umbúða er ekki krafist um sendingar í einu heilu stykki, svo sem muni úr trje, málmum o. s. frv., sem ekki er verslunarvani að setja í umbúðir, með því skilyrði, ef svo ber undir, að utanáskrift og frímerki sjeu á áföstum miða.

Það er leyfilegt að skrifa, með hendinni eða á annan hátt, utan eða innan á sendinguna nafn, titil, starf og heimilisfang sendanda eða viðtakanda, svo og dagsetningu þegar hluturinn er sendur, undirskrift, símanúmer, símnefni og kóda, póst- eða bankahlaupareikning sendanda, merki verksmiðjunn-

80

ar eða kaupmannsins, hlaupanúmer, verð og upplýsingar, er snerta þyngd, mál og stærð, og hversu mikið sje til af vörunni, og nauðsynlegar upplýsingar, sem ákveða nánar, hvaðan varan sje og hverrar tegundar.

2. — Hlutir úr gleri, sendingar er innihalda fljótandi efni, olíur, fituefni, þur duft með litarefni eða ekki, svo og sendingar, er innihalda lifandi býflugur, skulu teknar til flutnings sem sýnishorn af vöru gegn því að þau sjeu útbúin sem nú skal greina:

1° Hlutir úr gleri skulu vera vandlega útbúnir (í málmöskjum, öskjum úr trje eða bárupappa úr sterku efni) þannig, að af þeim stafi engin hætta, hvorki fyrir póstsendingarnar nje starfsmennina.

2° Fljótandi efni, olíur og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu látin í glerflöskur lofthelt lokaðar með töppum. Skal hver flaska látin í sjerstaka öskju úr trje eða bárupappa úr sterku efni og stoppuð með trjesagi, baðmull eða svampkendu efni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef flaskan skyldi brotna.. Sjálf skal askjan síðan, ef hún er úr trje, vera í öðru hylki úr málmi, trje með skrúfuðu loki, bárupappa úr sterku efni eða sterku og þjettu leðri.

Þegar notuð er askja sem búin er til úr heilum trjekubb, sem er holaður innan og minst 2½ millimetri á þykt, þar sem hann er þynstur, og með loki yfir, þá þarf ekki að láta kubb þenna í annað hylki.

3° Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburðir, blaut sápa, harpiks o. s. frv. og, sem minni óþægindi stafa af við flutninginn, skulu fyrst látin í hylki (öskju,, ljereftspoka, pergament o. s. frv.), er síðan skal látið í aðra öskju úr trje, málmi eða sterku og þjettu leðri.

4° Litarefni, svo sem anilín o. s. frv., er ekki leyft að flytja nema í sterkum járndósum, er aftur skulu settar í trjeöskjur með sagi á milli; þur duft, sem ekki hafa litarefni í sjer, skal láta í málm-, trje- eða pappaöskjur. Þessar öskjur skal síðan aftur láta í ljerefts- eða pergamentspoka.

5° Sýnishorn af fljótandi efnum, fituefnum, svo og þau, sem eru í ósterkari ljerefts- eða pappírsumbúðum, skulu bera miða, helst úr pergamenti, er sje á utanáskrift viðtakanda, frímerki og dagstimpill. Utanáskriftin skal og sett á sendinguna sjálfa.

6° Lifandi býflugur skulu látnar í öskjur, er sje þannig gerðar, að engin hætta stafi af og auðvelt sje að rannsaka innihaldið.

7° Alla hluti, sem kynnu að skemmast, ef þeir væru útbúnir eins og sagt er um í 1. lið, má, sem undantekningu, leyfa flutning á í loftheldum umbúðum. Ef slíkt kemur fyrir, geta hlutaðeigandi póststjórnir krafist þess, að sendandi eða viðtakandi ljetti undir við rannsóknina á innihaldinu, annaðhvort með því að opna einhverjar sendingarnar, sem þær tiltaka, eða á einhvern annan fullnægjandi hátt.

3. — Fyrir sama gjald og fyrir sýnishorn af vöru er einnig leyfður

flutningur á prentmyndamótum (clichés), einstökum lyklum, nýjum afskornum blómum, hlutum er lúta að náttúrufræði (þurkuðum og prepareruðum jurtum og dýrum, jarðfræðilegum sýnishornum o. s. frv.) serumhylkjum og líffræðilegum hlutum, sem gerðir hafa verið óskaðlegir á þann hátt, sem þeir eru prepareraðir og umbúnir. Hluti þessa má ekki senda í verslunaraugnamiði, að undanskildum serumhylkjum, sem send eru vegna almenningsheilla af rannsóknarstofum eða stofnunum, sem hlotið hafa opinbera viðurkenningu. Umbúðir þessara hluta skulu svara til hinna almennu fyrirmæla um sýnishorn af vöru. 80

XVII.

Alls konar prent.

1. — Sem prent allskonar, er leyfður er flutningur á gegn lægra burðargjaldi, samkvæmt 6. grein aðalsamningsins, skal skoðast blöð og tímarit, heftar bækur og bundnar, smárit, nótur, nafnspjöld og adressuspjöld, prófarkir með eða án tilheyrandi handrita, koparstungur og stálstungur, ljósmyndir og albúm með ljósmyndum, myndir, teikningar, grunnteikningar, landabrjef, vöruskrár (katalog), áskriftartilboð, auglýsingar og allskonar tilkynningar, prentaðar, stungnar, litógraferaðar eða autógraferaðar, og, yfir höfuð, alt prent á pappír, pergament eða pappa, með prentun, kopar- og stálstungu, litógrafi og autógrafi, eða með hverjum öðrum hætti, sem auðvelt er að ákveða hvernig það er gert, nema kalkeringu og ritvjel.

Sem prent skoðast einnig margfaldanir af hand- eða vjelrituðum texta, þegar þær eru gerðar með fjölritunarvjel (chromografi o. s. frv.); en til þess að afrit þessi geti notið ívilnunar í burðargjaldi, verður að skila þeim á sjálf pósthúsin og minst 20 eintökum í einu, er sje nákvæmlega eins útlítandi.

2. — Með lægra burðargjaldi verður ekki flutt prent með merkjum, er ætla má að tákni aftalað mál, nje heldur, nema með þeim undantekningum, sem leyfðar eru í þessari grein, prent, sem breytt hefur verið eftir að það kom úr prentun.

3. — Leyfilegt er:

a. að skrifa með hendinni eða á annan hátt, utan eða innan á sendinguna, nafn, titil, stöðu og heimilisfang sendanda eða viðtakanda, svo og dagsetningu, þegar hluturinn er sendur, undirskrift, símanúmer, símnefni og kóda, og póst- eða bankahlaupareikning sendanda;

b. að bæta við skriflega á prentuð nafnspjöld, jólakort og nýárskort, heimilisfangi sendanda og stöðu, svo og óskum, heillaóskum, þakklæti, samhrygðarvottun eða öðrum kurteisis kveðjum, er sje látið í ljós með fimm orðum mest, eða með algengum skammstöfunum (p. f. (pour feliciter) o. s. frv.);

80 c. að láta handrit fylgja leiðrjettum próförkum og gera á próförkum þessum breytingar og viðbætur, er snerta prófarkalesturinn, brotið og prentunina. Vanti rúm má setja viðbæturnar á sjerstök blöð;

d. að leiðrjetta prentvillur á öðru prenti en próförkum;

e. að strika út hluta úr prentuðum texta;

f. að undirstrika orð eða staði í textanum, sem menn vilja vekja eftirtekt á;

g. að bæta við eða breyta, með penna eða á annan hátt, tölum í verðskrám, auglýsingatilboðum, gengisákvæðum kauphalla og markaða, verslunarumburðarskjölum og áskriftartilboðum, sömuleiðis á auglýsingum umferðasala, nafn hans, dagsetningu, stund og staðarnafn, þar sem hann ætlar að fara um, svo og staðinn, þar sem hann lendir;

h. að bæta við skriflega í auglýsingum um komu og burtför skipa, dagsetningu og stund, þegar skipin fara og koma, svo og nafni skipanna og burtfarar- og komuhöfn;

i. að bæta við skrifaðri, einfaldri tileinkun á bækur, smárit, blöð, ljósmyndir, kopar- og stálstungur, nótur og yfir höfuð á öll bókfræðileg rit og listarit, prentuð, stungin, litograferuð eða autograferuð, svo og að láta fylgja þeim vöruskrá, er snertir sjálfan hlutinn, sem sendur er;

j. að lita tískumyndir, landabrjef o. s. frv.

k. að bæta við, með hendinni eða á annan hátt, á úrklippur úr blöðum og tímaritum, titli, dagsetningu, tölublaði og heimilisfangi blaðsins eða ritsins, sem úrklippan er tekin úr.

l. að bæta við skriflega á pöntunar- eða áskriftarskrár, er snerta bókaverslunarvörur, bækur, blöð, kopar- og stálstungur og sönglög, verkum, sem menn óska eða eru boðin, og strika út eða undirstrika alt eða nokkuð af hinu prentaða máli.

4. — Prentið skal vera útbúið þannig, að auðvelt sje að rannsaka það. Skal það annað hvort vera í krossbandi, í sívalning, milli pappaspjalda, í hylki, sem opið sje til beggja hliða, eða í báða enda, eða í opnu umslagi, eða þá vafið með seglgarni, sem auðvelt sje að leysa, eða blátt áfram brotið saman, en þó þannig, að aðrar sendingar geti ekki runnið inn í brotin.

5. — Adressuspjöld og alt prent, sem er í lagi og að efni til eins og óbrotið spjald, má senda án krossbands, umslags, utanumbindingar eða samanbrots.

6. — Spjöld með titlinum „Carte postale", eða tilsvarandi titli, á hvaða máli sem er, skulu tekin til flutnings með prenttöxtum, svo framarlega sem þau uppfylla skilyrði þau, sem sett eru í þessari grein, um þessa tegund sendinga. Þau, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, skulu skoðuð sem spjaldbrjef og farið með þau eftir því, þó með þeim fyrirvara, að beitt sje við þau, ef ástæða er til, ákvæðum 5. liðs XIV. greinar í reglugerð þessari.

XVIII. 80

Samanblandaðar sendingar.

Leyfilegt er að sameina sýnishorn af vöru, prent og verslunarskjöl í sömu sendingu, en þó með því skilyrði:

1° að hver tegund útaf fyrir sig fari ekki fram úr takmörkum þeim, sem ákveðin eru fyrir hana, um þyngd og ummál;

2° að þyngdin samanlögð fari ekki fram úr 2 kg. á sendingu, með undantekningu á prentuðu máli fyrir blinda;

3° að minsta burðargjald sje 50 sentímar, ef í sendingunni eru verslunarskjöl, en 20 sentímar þegar í henni er eingöngu prent og sýnishorn af vöru.

XIX.

Sendiskrár.

1. — Skrár þær, sem fylgja póstflutningum, sem skifst er á milli tveggja pósthúsa í sambandinu, skulu vera eins og fyrirmynd E, er fylgir þessari reglugerð. Þær skulu látnar í umslag, blátt að lit, er beri með stóru letri utanáskriftina „Feuille d'avis".

2. — Í efra horn hægra megin skal skrifa tölu poka þeirra eða pakka, sem eru í þeirri sendingu, er skráin á við.

Sje ekki öðruvísi ákveðið, skulu sendipósthúsin tölusetja skrárnar í efra vinstra horni með áframhaldandi númeri fyrir hvert ár, fyrir sjerhvert sendipósthús og sjerhvert viðtökupósthús, og undir númerinu geta leiðarinnar, sem á að nota, og, ef um sjóflutning er að ræða, nafnsins á póstskipinu eða skipinu, sem flytur póstinn.

Sjerhver póstflutningur fær sjerstakt númer, jafnvel þótt kynni að vera að ræða um aukapóstflutning, er notaði sömu leið, sama póstskip eða skip og hinn vanalegi flutningur.

Í byrjun hvers árs skal við fyrsta póstflutninginn tilfæra á skránni, auk númersins, sem hann hefur, númer síðasta póstflutnings á árinu á undan.

3. — Efst á skránni skal tilgreina aðaltölu ábyrgðarsendinga, pakka eða poka með slíkum sendingum, og með stimpli, álímdum miða eða skrifaðri athugasemd, hversu margar sendingar sjeu, sem á að bera út með hraðboða.

4. — Ábyrgðarsendingar skulu færðar hver um sig á töfluna nr. I á skránni með þessum athugasemdum: nafni sendipósthússins og innritunarnúmeri sendingarinnar þar, eða: nafni sendipósthússins, nafni viðtakanda og ákvörðunarstað.

5. — Það má nota einn eða fleiri sjerstaka lausa lista, er annaðhvort komi í staðinn fyrir töflu I á sendiskránni, eða sje viðbótarskrá.

80 Þegar notaðir eru margir listar, skulu þeir vera tölusettir. Tala ábyrgðarsendinga, sem má færa á einn og sama lista, er ákveðin 30.

Tala ábyrgðarsendinga, sem færðar eru á listunum, tala listanna og tala pakkanna eða pokanna, sem geyma þessar sendingar, skulu færðar á skrána.

6. — Á töflu nr. II á skránni skal tilfæra, með þeim athugasemdum, sem taflan gefur leiðbeiningar um, lokaða póstpoka, sem eru með hinum beina póstflutningi, er skráin tilheyrir.

7. — Í dálkinum „Indications de service" skal tilfæra opin þjónustu brjef, tilkynningar og alls konar meðmælingar frá sendipósthúsinu, er snerta póstviðskiftin, svo og tölu tómra endursendra poka.

8. — Þegar nauðsynlegt þykir í vissum viðskiftum, að búa til nýjar töflur eða dálka á sendiskrána, geta hlutaðeigandi póststjórnir gert það eftir samkomulagi.

9. — Hafi viðskiftapósthús engan hlut að senda til pósthúss, sem það er í sambandi við, skal það engu að síður senda póstflutning á vanalegan hátt, sem þá er ekki annað en auð skrá.

10. — Þegar lokaðir póstpokar úr einu landi eru fengnir í hendur öðru landi til flutnings með kaupskipum, skal tala eða þyngd brjefa og annara sendinga tilfærð á skrána og á utanáskrift pokanna, þegar póststjórn sú, sem á að sjá um útskipun póstflutningsins, krefst þess.

XX.

Flutningur ábyrgðarsendinga.

1. — Ábyrgðarsendingar og, ef þörf krefur, hinir sjerstöku listar, sem getur um í 5. lið XIX. greinar, skulu sett saman í einn eða fleiri sjerstaka pakka eða poka, og skulu þeir vera hæfilega lokaðir og innsiglaðir, eða lokaðir með plombum, þannig að innihaldinu sje óhætt. Ábyrgðarsendingunum skal raðað í sjerhvern pakka eftir töluröð sinni. Þegar notaðir eru margir lausir listar, skal hver þeirra bundinn með þeim ábyrgðarsendingum, sem hann tilheyrir. Undir engum kringumstæðum má blanda saman ábyrgðarsendingum og almennum sendingum.

2. — Utan á pakkann, sem ábyrgðarsendingarnar eru í, skal festa með seglgarnskrossbandi, hið sjerstaka umslag með sendiskránni; þegar ábyrgðarsendingar eru látnar í poka, skal umslagið fest við pokaopið.

Sjeu fleiri en einn pakki eða poki með ábyrgðarsendingum, skal á sjerhvern pakka eða poka setja miða, er gefi upplýsingar um innihaldið.

Pakkar og pokar með ábyrgðarsendingum skulu settir í miðjan póstinn og þannig, að þeir veki eftirtekt póstmanns þess, sem opnar póstinn.

3. — Framangreind aðferð við útbúnað og flutning á ábyrgðarsendingum gildir aðeins við vanaleg póstsambönd. Sje um mikilsverð póstsambönd

að ræða, ber hlutaðeigandi póststjórnum sín á milli og eftir samkomulagi að leggja fyrir sjerstök ákvæði, með þeim fyrirvara í hvorutveggja tilfelli, að forstöðumenn viðskiftapósthúsanna geti gert sjerstakar ráðstafanir til flutnings á ábyrgðarsendingum, sem að eðli sínu, lögun og ummáli ekki kynnu að álítast hentugar til flutnings innan um annan póst.

XXI.

Flutningur á sendingum, sem skila skal með hraðboða.

1. — Almennar sendingar, sem skila skal með hraðboða, eru bundnar saman í sjerstök bundin, og láta viðskiftapósthúsin bundinin í umslag sendiskrárinnar, sem fylgir póstflutningnum.

Ef ástæða er fyrir hendi, skal á þetta bundin festur miði er tilkynni, að í póstflutningnum finnist slíkar sendingar, sem sakir fjölda, lögunar eða ummáls ekki hefur verið hægt að setja með skránni. Þessar sendingar skulu bundnar saman í eitt eða fleiri bundin og festur við þau seðill með orðinu „Exprès" með stóru letri, og síðan settar í pokann, sem skráin er í.

2. — Ábyrgðarsendingar, sem skilað skal með hraðboða, skulu settar í sinni röð meðal annara ábyrgðarsendinga á skrána, og athugasemdinni „Exprès" bætt í dálkinn „Observations" út undan hverri sendingu.

XXII.

Meðferð á póstflutningnum.

1. — Sem höfuðregla gildir, að sendingar póstflutningsins skulu aðskildar og bundnar saman eftir því hverrar tegundar þær eru, frímerktar sendingar sjer og ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar sjer.

Á brjef, sem bera með sjer að þau hafi opnast eða skaddast, skal gera athugasemd um það og stimpla þau með dagstimpli þess pósthúss, sem verður vart við þetta.

Póstávísanir, sem sendar eru opnar, skulu settar í sjerstakan pakka, eftir að búið er að skifta þeim, ef með þarf, í eins mörg bundin og ákvörðunarlöndin eru. Þenna pakka lætur svo viðskiftapósthúsið í umslagið sem sendiskrá póstflutningsins er í eða, ef það er ekki hægt, í pokann, sem skráin er í.

2. — Í póstviðskiftum landveg, skal hver pakki, þegar búið er að binda um hann með seglgarni, vafinn í sterkan og nógan pappír, til þess að forða innihaldinu frá skemdum, síðan vafinn utan með seglgarni og innsiglaður með lakki og signeti pósthússins, eða lokaður með blýi. Skal síðan sett á hann prentuð utanáskrift, er greini nafn sendipósthússins með smærra letri og nafn ákvörðunarpósthúss með stærra letri „de.....pour" (frá.....til).

Póstsendingar, sem sendar eru sjóleiðis, skulu látnar í poka, sem síðan

80 skulu lokaðir, innsiglaðir með lakki eða blýi og merktir eins og vera ber. Sama gildir og um brjefapakka, sem sendir eru landveg, þegar ummál þeirra krefst þess. Þegar um auðar skrár er að ræða, má búa þær út í pakka með pappír utanum, í þeim viðskiftum, þar sem hlutaðeigandi póststjórnir hafa komið sjer saman um slíkt.

3. — Miðarnir á brjefapökkum þeim, sem látnir eru í poka, skulu vera úr ljerefti, leðri eða pergamenti eða pappír, sem límdur sje á trjespjald. Skal miðinn með læsilegu letri tilgreina sendi- og ákvörðunarpósthús, og í viðskiftum við lönd utan Evrópu, dagsetningu, þegar flutningurinn er sendur og númer hans. Í viðskiftum milli pósthúsa nágrannalanda má nota miða úr sterkum pappír.

4. — Þegar annaðhvort fjöldi eða ummál sendinga krefst að notaður sje meira en einn poki, skal, að svo miklu leyti sem unt er, nota sjerstaka poka:

a. undir brjef og spjaldbrjef;
b. undir aðrar sendingar.

Án tillits til fjölda eða ummáls sendinga, skulu og notaðir sjerstakir pokar, að svo miklu leyti sem unt er, þegar póststjórn einhvers milliliggjandi lands, eða póststjórn ákvörðunarlandsins æskja þess. Þegar notaðir eru sjerstakir pokar, skal á hverjum þeirra tilgreina innihaldið.

Poki sá, sem sendiskráin er í, skal merktur með bókstafnum F skrifuðum á miðann þannig, að hann sje augsýnilegur.

5. — Þyngd hvers poka má ekki fara yfir 30 kílógrömm.

6. — Pokarnir skulu sendir tómir aftur til sendilandsins með næsta pósti, nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna.

Heimsending tómra póstpoka skal framkvæmd af viðskiftapósthúsum þeim, sem hlutaðeigandi póststjórnir hafa fyrirfram komið sjer saman um að skuli gera það.

Hinir tómu pokar skulu vafðir saman og bundnir í hæfilega stór bundin; trjeplöturnar með merkjunum skulu, ef svo ber undir, látnar innan í pokana. Á pakkana skal festur miði, er tilgreini nafn viðskiftapósthússins, sem þeir hafa verið mótteknir frá, í hvert skifti sem þeir eru sendir fyrir milligöngu annars viðskiftapósthúss.

Ef hinir tómu, endursendu pokar eru ekki of margir, má láta þá í poka, sem póstsendingar eru í; annars skulu þeir látnir í sjerstaka, innsiglaða poka, er sjeu merktir með nafni hlutaðeigandi viðskiftapósthúsa. Á miðanum skal standa athugasemdin „Sacs vides“.

XXIII. 80

Athugun á póstflutningi.

1. — Viðskiftapósthús, sem tekur á móti póstflutningi athugar, hvort upplýsingarnar á sendiskránni og, þegar svo ber undir, á skránum yfir ábyrgðarsendingar, sjeu rjettar.

Póstflutningnum skal skila ósköddudum. Þó er eigi hægt að neita móttöku á póstflutningi vegna þess að hann sje illa til reika. Ef um er að ræða póstflutning til annars pósthúss en þess, sem tekið hefur við honum, skal búið um hann á ný, en þó með því að halda hinum upprunalegu umbúðum, eins og hægt er. Áður en hinar nýju umbúðir eru settar utan um sendinguna, skal innihaldið athugað, ef ætla má að það hafi skaddast.

2. — Þegar viðskiftapósthúsið verður vart við villur eða að slept hefur verið úr, skal það þegar í stað gera hinar nauðsynlegu leiðrjettingar á skránum eða listunum, þannig, að gæta þess, að strika út hinar skökku athugasemdir, en svo, að hægt sje að lesa það, sem upprunalega hefur verið skrifað.

3. — Leiðrjettingar þessar skulu gerðar af tveim póstmönnum. Þær gilda frekar en hinar upprunalegu upplýsingar, nema um bersýnilega villu sje að ræða.

4. — Ákvörðunarpósthúsið býr síðan út leiðrjettingarskýrslu, eins og fyrirmynd G, sem fest er við þessa reglugerð, og sendir hana tafarlaust til sendipósthússins sem þjónustusendingu, með ábyrgð.

Í tilfelli, eins og getur um í 1. lið þessarar greinar, skal láta afrit af leiðrjettingarskýrslunni í póstinn, sem búið hefur verið um á ný.

5. — Þegar sendipósthúsið hefur athugað leiðrjettingarskýrsluna sendir það hana til baka, og með athugasemdum, ef ástæða er til.

6. — Vanti brjefapakka, eina eða fleiri ábyrgðarsendingar, sendiskrána, eða hinn sjerstaka lista, skal það athugað þegar í stað, á þann hátt, sem fyrirskipað er, af tveimur póstmönnum á móttökupósthúsinu og tilkynt sendipósthúsinu með leiðrjettingarskýrslu sem þjónustusending með ábyrgð. Þó þarf ekki ábyrgð á leiðrjettingarskýrslunni, ef það, að brjefapakka vantar, hefur atvikast af því, að póstarnir hafa ekki náð hvor í annan. Ef nauðsyn krefur má þar að auki senda sendipósthúsinu tilkynningu símleiðis, á kostnað þeirrar póststjórnar, sem sendir símskeytið. Samtímis skal ákvörðunarpósthúsið senda afrit af leiðrjettingarskýrslunni, í sama formi og frumritið, til póststjórnar þeirrar, sem sendipósthúsið heyrir undir, og þegar um er að ræða vöntun á einni eða fleiri ábyrgðarsendingum, sendiskránni, eða listanum yfir ábyrgðarsendingar, skal fylgja þessu afriti pokinn eða umbúðirnar og innsiglið eða plomban af pakkanum, þar sem sendingarnar hafa átt að vera í, eða poki, seglgarn, miði og innsigli eða plomba af flutningnum, ef sjálfur pakkinn hefur ekki fundist.

80 Undireins og brjefapakki, sem búið er að tilkynna sendipósthúsi eða milliliggjandi pósthúsi að hafi vantað, er kominn fram, skal pósthúsinu send önnur leiðrjettingarskýrsla um að pakkinn sje kominn til skila.

Þegar á afhendingarskrána er gefin fullgild skýring á því, hvers vegna brjefapakka vanti, og pakki þessi kemst svo til ákvörðunarpósthússins með næsta pósti á eftir, er ekki þörf á að senda leiðrjettingarskýrslu.

7. — Tapist lokaður póstpoki, skulu milliliggjandi póststjórnir bera ábyrgð á ábyrgðarsendingum þeim, sem í pokanum voru, með þeim takmörkunum, sem 10. grein aðalsamningsins getur um, og með því skilyrði, að þeim hafi, eins fljótt og auðið var, verið tilkynt að pokinn hafi ekki komið fram.

8. — Ef ákvörðunarpósthúsið sendir ekki sendipósthúsinu með fyrsta pósti eftir athugun á póstflutningnum, skýrslu um villur og afbrigði, sem fyrir kunna að koma, skal vanræksla á að senda þessa skýrslu skoðast sem kvittun fyrir móttöku póstsins með öllu innihaldi, þangað til hið gagnstæða sannast.

XXIV.

Skifti á póstflutningi við herskip.

1. — Skifti á lokuðum póstpokum milli einnar póststjórnar í sambandinu og flotadeilda eða herskipa af sama þjóðerni, eða milli einnar flotadeildar og herskips og annarar flotadeildar og herskips af sama þjóðerni, skulu tilkynt milliliggjandi póststjórnum fyrirfram, eins fljótt og auðið er.

2. — Utanáskrift þessara póstpoka skal vera þannig:

Du bureau de ....

Pour { la division navale (þjóðerni) .....de (nafn flotadeildarinnar) ..... à ..... . / le bâtiment (þjóðerni) .....le (nafn skipsins) ..... à .....

(Nafn ákvörðunarlands).

eða:

De la division navale ..... (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....

Du bâtiment ..... (þjóðerni) ..... le ..... (nafn skipsins) ..... à .....

Pour le bureau de .....

(Nafn ákvörðunarlands).

eða:

De la division navale ..... (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....

Du bâtiment ..... (þjóðerni) ..... le ..... (nafn skipsins)

..... à 80

Pour { la division navale (þjóðerni) .....de (nafn flotadeildarinnar)
..... à .....
le bâtiment (þjóðerni) .....le (nafn skipsins)
..... à .....

(Nafn ákvörðunarlands).

3. — Póstpokar til eða frá flotadeildum eða herskipum, skulu fluttir, þegar engin sjerstök leið er tilgreind á utanáskriftinni, fljótustu leið og með sömu skilyrðum og póstflutningur, sem skiftst er á milli pósthúsa.

Þegar póstsendingar til flotadeildar eða herskipa eru sendar lausar, skal skipstjóri póstskipsins, sem flytur þær, geyma þær til afhendingar yfirmanni flotadeildarinnar eða herskipsins, sem þær eiga að fara til, ef hann kynni að hitta póstskipið á siglingu og heimta þær afhentar.

4. — Ef skipin eru ekki á ákvörðunarstað þegar póstflutningur til þeirra kemur þangað, skal flutningurinn geymdur á pósthúsinu þangað til hann verður sóttur af viðtakanda eða áframsendur. Áframsendingar getur annaðhvort sendipóststjórnin krafist eða yfirmaður flotadeildarinnnar eða herskipsins, sem pósturinn á að fara til, eða þá ræðismaður sömu þjóðar.

5. — Þær af póstsendingum þeim, sem hjer um ræðir, er bera athugasemdina "Aux soins du Consul de .....", skulu afhentar ræðismanni sendilandsins. Eftir beiðni ræðismannsins má svo taka þær til póstflutnings á ný og áframsenda til hins upprunalega staðar eða á annan ákvörðunarstað.

6. — Póstflutningur til herskips skal álitinn að vera í transít þangað til hann er afhentur yfirmanni herskipsins, jafnvel þótt upprunalega hafi verið skrifað utan á hann til pósthúss eða ræðismannns, sem milliliðs; skal flutningurinn þar af leiðandi ekki álitinn kominn á ákvörðunarstað á meðan hann hefur ekki verið afhentur hlutaðeigandi herskipi.

XXV.

Skilríkisspjöld.

1. — Póststjórnir þeirra landa, sem hafa samþykt þessa póstþjónustu, ákveða, hver fyrir sig, hvaða pósthús eða póststaðir skuli gefa út skilríkisspjöld.

2. — Spjöld þessi skulu vera eins og fyrirmynd F. sýnir, er fylgir þessari reglugerð. Eyðublöð undir skilríkisspjöldin eru látin í tje, gegn borgun, af alþjóðaskrifstofunni; skulu þau prentuð á máli þess lands, sem gefur þau út, og með franskri þýðingu neðan undir.

3. — Þegar beðið er um skilríkisspjald skal umsækjandi láta fylgja mynd af sjer og færa fullgildar sönnur á, að hann sje sá, sem hann segist vera. Starfs-

80 maður sá, sem fær umsóknina, færir hana inn á skrá; því næst límir hann mynd umsækjanda á aðra síðu spjaldsins, setur til hálfs á myndina og til hálfs á spjaldið frímerki fyrir gjaldinu og ónýtir það með mjög greinilegri stimplingu með dagstimplinum. Með sama stimpli, eða með hinum opinbera stimpli sínum, stimplar hann því næst framhlið spjaldsins og skrifar á hana með latneskum bókstöfum allar upplýsingar, sem eyðublaðið getur um (hlaupanúmer á skránni, dagsetninguna þegar spjaldið gengur úr gildi, fornafn, nafn, stöðu og heimilisfang eiganda svo og lýsingu á honum sjálfum, með þýðingu neðanundir á frönsku). Þarnæst lætur hann eiganda skrifa nafn sitt á þar til ákveðnum stað, og skrifar síðan sjálfur undir spjaldið og afhendir það hlutaðeiganda gegn hinni tilteknu borgun. Allt, sem skrifað er á spjaldið, skal gert með bleki.

Sjerhvert land hefir þó rjett til þess að gefa út skilríkisspjöld eftir fyrirmynd F. viðvíkjandi alþjóðapóstþjónustu, samkvæmt reglum þeim, sem hún notar við spjöld í innanlandsþjónustu sinni.

XXVI.

Áframsendar sendingar.

1. — Samkvæmt 16. grein aðalsamningsins, með þeim undantekningum, sem getur um í 2. lið hjer á eftir, skal afhendingarpósthúsið fara með allar póstsendingar, sem innan póstsambandsins eru sendar viðtakendum, er skift hafa um heimilisfang, eins og skrifað hefði verið utan á þær frá sendistaðnum beina leið til hins nýja ákvörðunarstaðar.

2. — Þegar innanlandsendingar úr einu landi sambandsins fara sakir áframsendingar yfir í annað land sambandsins, eða þegar sendingar, sem skiftst er á milli tveggja landa sambandsins, sem sín á milli hafa samþykt taxta undir hinum vanalega taxta sambandsins, fara sakir áframsendingar inn í þriðja land sambandsins, sem notar hinn vanalega taxta þess, og að lokum þegar sendingar, sem skifst er á yfir fyrsta póstsvæði milli tveggja staða í nágrannalöndum, sem hafa sín á milli lægra burðargjald, eru áframsendar til annara staða í þessum löndum eða til annars lands í sambandinu, skal fylgja eftirfarandi reglum:

1° Fyrir sendingar, sem eru ófrímerktar eða vanfrímerktar yfir fyrsta svæði, skal af afhendingarpósthúsinu tekið gjald það, sem tekið er fyrir samskonar sendingar, sendar beint frá upprunastað og til hins nýja ákvörðunarstaðar.

2° Fyrir sendingar, sem eru nægilega frímerktar yfir fyrsta svæði, en viðbótargjald hefur ekki verið greitt fyrir svæði þar yfir áður en þær voru áframsendar, skal afhendingarpósthúsið, eftir eðli þeirra, taka gjald, er sje jafnt mismuninum á því gjaldi, sem búið er að frímerkja þær fyrir, og

því, sem tekið hefði verið, ef sendingarnar hefðu upprunalega verið sendar til hins nýja ákvörðunarstaðar. 80

3° Sendingar, sem upprunalega er skrifað utaná til innanlandsstaðar í sambandslandi og nægilega frímerktar eftir innanlandsákvæðum, skulu álitnar sem fullfrímerktar sendingar yfir fyrsta svæði.

4° Fyrir sendingar, sem upprunalega hafa gengið innanlands í sambandslandi burðargjaldsfrítt, skal afhendingarpósthúsið taka burðargjald eins og fyrir frímerktar samskonar sendingar, sendar frá upprunastað til hins nýja ákvörðunarstaðar.

3. — Ef sendingarnar, í ofangreindum tilfellum, hafa, áður en þær ná afhendingarpósthúsi, farið um annað land, þar sem sendipóststjórnin tekur hærra gjald en til afhendingarlandsins, skal taka þetta hærra gjald fyrir sendingarnar.

4. — Upphæð þá, sem viðtakanda ber að greiða, skal pósthúsið, sem áframsendir, tilgreina í frönkum og sentímum við hliðina á frímerkjunum, eða, ef þau eru engin, við hliðina á stimpli sendipósthússins.

Aukagjald það, sem taka má fyrir hraðboðasendingar samkv. 3. lið 15. greinar aðalsamningsins, skal, hvernig sem á stendur tilgreint í frönkum og sentímum á ofangreindum stað af pósthúsinu, sem áframsendir.

5. — Allskonar skakt sendar sendingar skulu tafarlaust sendar styztu leið til ákvörðunarstaðarins.

6. — Allskonar sendingar, almennar og með ábyrgð, sem hafa ófullnægjandi eða skakka utanáskrift og eru þar af leiðandi endursendar sendendum til uppfyllingar eða leiðrjettingar á utanáskriftinni, skulu ekki, þegar þeim er skilað á póst aftur með fullnægjandi eða leiðrjettri utanáskrift, skoðast sem áframsendar sendingar, heldur eins og nýjar sendingar, og skal þar af leiðandi taka burðargjald fyrir þær að nýju.

XXVII.

Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

1. — Allar tegundir sendinga, sem ekki verður komið til skila, hverjar svo sem ástæðurnar eru, skulu þegar í stað sendar aftur til sendilandsins, annaðhvort sjerstakar eða í bundini, merktu „Rebuts“. Frestur fyrir geymslu á sendingum til handa viðtakendum, eða, sem skrifað er utan á „poste restante“, fer eftir ákvæðum ákvörðunarlandsins. Þó má frestur þessi ekki fara fram úr sex mánuðum í viðskiftum við lönd utan Evrópu, og tveim mánuðum í öðrum viðskiftum; endursending til sendilandsins skal fara fram á styttri tíma, ef sendandi hefur beðið um það með athugasemd á umslaginu, sem skrifað sje á máli, sem skilst í ákvörðunarlandinu.

2. — Ábyrgðarsendingar, sem ekki verður komið til skila, skal þó senda

80 til viðskiftapósthúss sendilandsins, eins og væri um að ræða ábyrgðarsendingar til nefnds lands sem ákvörðunarstaðar.

3. — Sem undantekningu geta tvær póststjórnir, sem eru í sambandi hvor við aðra, eftir samkomulagi sín á milli, haft annað fyrirkomulag á endursendingu sendinga, sem ekki verður komið til skila. Þær geta sömuleiðis orðið ásáttar um, að endursenda ekki hvor til annarar svonefnd „chain-letters" (kölluð snjóskriðubrjef), sem eru ónóg frímerkt, og viðtakandi hefur neitað móttöku, þegar ákvörðunarpósthúsið, eftir að hafa leitað álits viðtakanda, hefur komist að raun um, að þessar sendingar sjeu í raun og veru „chain-letters".

Prentað mál, sem er einskis virði, og ekki verður komið til skila, skal aldrei sent aftur til sendistaðar, nema sendandi með athugasemd utan á umbúðunum hafi beðið um það.

4. — Áður en sendingar, sem einhverra hluta vegna ekki verður komið til skila, eru endursendar til sendipósthússins, skal ákvörðunarpósthúsið tilgreina stutt og skýrt á frönsku framan á sendingarnar, ástæðurnar fyrir því, að þeim hafi ekki orðið komið til skila, á þennan hátt: inconnu (þekkist ekki), refusé (neitað móttöku), en voyage (á ferðalagi), parti (farinn), non réclamé (ekki sótt), décédé (dáinn), eða með líkum orðum. Skal þessi athugasemd sett á með stimpli eða miða. Heimilt er sérhverju pósthúsi að bæta við í þýðingu á sínu eigin máli ástæðunni fyrir því, að sendingunni varð ekki komið til skila, ásamt öðrum athugasemdum, sem það kann að álíta heppilegar.

Ákvörðunarpósthúsið skal því næst strika yfir hinn fyrsta ákvörðunarstað, og setja athugasemdina „retour" við hliðina á dagstimpli sendipósthússins.

5. — Ef sendingar eru látnar í póst í einhverju sambandslandi og eiga að fara til staða innan takmarka sama lands, en sendendur eru búsettir í öðru landi, og þær verða því, ef þeim verður ekki komið til skila, að fara til annars lands, til þess að komast í hendur sendanda, þá skulu þær skoðast sem útlendar sendingar. Þegar slíkt kemur fyrir, skal pósthúsið, sem áframsendir, og afhendingarpósthúsið, beita við sendingar þessar ákvæðunum í 2., 3. og 4. lið XXVI. greinar hjer á undan.

6. — Sendingar til sjómanna og annara, sem sendar eru til ræðismanns og af honum aftur settar á pósthúsið á staðnum, vegna þess að þær hafi ekki verið sóttar, skal farið með eins og fyrir er mælt í 1. eða 2. lið, eftir því sem við á um sendingar yfir höfuð, sem ekki verður komið til skila. Gjöld þau, sem ræðismaðurinn kann að hafa verið krafinn um fyrir þessar sendingar, skulu samtímis endurgreidd honum af pósthúsinu á staðnum.

XXVIII. 80

Fyrirspurn um almennar sendingar, sem ekki hafa komið fram.

1. — Með sjerhverja fyrirspurn um almennar sendingar, sem ekki hafa komið fram, skal farið eins og hjer segir:

1° Fyrirspyrjanda er fengið eyðublað eins og meðfylgjandi fyrirmynd H, með beiðni um að útfylla eins nákvæmlega og hægt er þann hluta þess, sem kemur honum við.

2° Pósthúsið, sem tekur við fyrirspurninni, sendir hana beina leið til hlutaðeigandi pósthúss.

Sendingin fer sem þjónustusending án brjefs.

3° Hlutaðeigandi pósthús leggur eyðublaðið fyrir viðtakanda eða sendanda, eftir því sem við á, með beiðni um að veita upplýsingar í málinu.

4° Með þessum upplýsingum er eyðublaðið síðan sent aftur sem þjónustusending til pósthússins, sem hefur sent það út.

5° Sje fyrirspurnin á rökum bygð, sendist hún til aðalpóststjórnarinnar sem gagn til frekari rannsóknar.

6° Sje ekki öðruvísi umsamið, skal eyðublaðið prentað á frönsku eða með franskri þýðingu.

2. — Sjerhver póststjórn getur krafist þess, með tilkynningu, er sendist alþjóðaskrifstofunni, að fyrirspurnir viðvíkjandi hennar póstþjónustu, sjeu sendar til aðalpóststjórnarinnar eða pósthúss, sem hún sjerstaklega tiltekur.

XXIX.

Fyrirspurn um ábyrgðarsendingar.

1. — Þegar um fyrirspurnir um ábyrgðarsendingar er að ræða, skal nota eyðublað eins og eða líkt fyrirmynd I, er fylgir þessari reglugerð. Póststjórn sendilandsins sendir þetta eyðublað beina leið til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

2. — Þó geta póststjórnir sendi- og ákvörðunarlandsins, eftir innbyrðis samkomulagi, látið senda fyrirspurnina frá pósthúsi til pósthúss og látið hana fylgja sömu leið og sendingin hefur farið, sem fyrirspurnin er um.

3. — Í tilfelli, eins og í 1. lið að ofan, sendir ákvörðunarpósthúsið, þegar það getur gefið upplýsingar um hin endanlegu afdrif sendingarinnar, sem spurst er fyrir um, eyðublaðið útfyllt með hinum viðeigandi upplýsingum, til baka til sendipósthússins.

Þegar ekki hefur strax verið hægt að komast fyrir afdrif sendingar, sem send hefur verið í pósti í stykkjatali yfir mörg póstsvæði, í ákvörðunarlandinu, endursendir ákvörðunarpósthúsið eyðublaðið til sendipósthússins. Þetta pósthús útfyllir svo eyðublaðið og tilgreinir flutningaleiðina til fyrsta milliliggjandi

80 pósthúss. Síðan sendir það þessu pósthúsi eyðublaðið, sem skrifar á það sínar athugasemdir, og sendir það, ef svo ber undir, til næsta pósthúss. Þannig gengur fyrirspurnin frá pósthúsi til pósthúss, þangað til upplýst er orðið um afdrif sendingarinnar. Pósthús það, sem hefur afhent sendinguna til viðtakanda, eða sem hvorki getur sannað afhendingu sendingarinnar nje regluleg skil á henni til annarar póststjórnar, gerir um það athugasemd á eyðublaðið, og sendir síðan til sendipósthússins.

4. — Í tilfelli, eins og í 2. lið að ofan, halda rannsóknirnar áfram frá sendipósthúsi alla leið til ákvörðunarpósthúss. Sjerhvert pósthús skrifar á eyðublaðið upplýsingar um flutninginn til næsta pósthúss og sendir því síðan eyðublaðið. Það pósthús, sem hefur afhent sendinguna til viðtakanda, eða sem getur hvorki sannað afhendingu sendingarinnar nje regluleg skil á henni til annarar póststjórnar, gerir sömuleiðis athugasemd um það á eyðublaðið og sendir það aftur til sendipósthússins.

5. — Eyðublöðin I eru prentuð á frönsku eða með franskri þýðingu neðanundir. Þau skulu tilgreina fullkomna utanáskrift viðtakanda og skal fylgja þeim, svo framarlega sem það er hægt, líking af umslaginu eða áskrift sendingarinnar. Þær eru sendar í lokuðu umslagi án brjefs. Heimilt er sjerhverri póststjórn að krefjast þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að fyrirspurnir viðvíkjandi hennar póstþjónustu sjeu sendar annaðhvort til aðalpóststjórnarinnar eða til pósthúss, sem hún sjerstaklega tiltekur, eða þá beint til ákvörðunarpósthússins eða, ef hún aðeins á hlut að máli sem milliliggjandi póststjórn, til viðskiftapósthússins, sem sendingin hefur verið send til.

Eyðublöðin I með tilheyrandi skjölum skulu undir öllum kringumstæðum vera komin aftur til sendipósthúss sendingarinnar, sem fyrirspurnin er gerð um, innan sex mánaða frests í hæsta lagi að telja frá dagsetningu fyrirspurnarinnar. Frest þennan má lengja upp í níu mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu.

6. — Ofangreind ákvæði koma ekki til framkvæmda þegar um er að ræða rán á póstpokum eða vöntun o. s. frv., sem hefir í för með sjer mikil brjefaskifti milli póststjórnanna.

XXX.

Afturköllun á póstsendingum og breytingar á utanáskrift eða umbúðum sendingar.

1. — Undir beiðni um afturköllun póstsendinga, sem og breytingu á utanáskrift þeirra, skal sendandi nota eyðublað eins og fyrirmynd J, er fylgir þessari reglugerð. Um leið og sendandi afhendir þessa beiðni á pósthúsið, skal hann færa þar fullgilda sönnun á hver hann sje, og sýna póstkvittun, ef um

hana er að ræða. Þegar hann er búinn að færa þessa sönnun, sem póststjórn sendi- 80
landsins ber ábyrgð á, skal farið að eins og hjer segir:

1° Eigi beiðnin að sendast með pósti, skal eyðublaðið, ásamt fullkominni líkingu af umslaginu eða áskriftinni, sent beina leið sem ábyrgðarbrjef til ákvörðunarpósthússins.

2° Eigi beiðnin að sendast símleiðis, skal afhenda eyðublaðið á símastöðina, sem svo símar textann til ákvörðunarpósthússins.

Sje um leiðrjettingu á utanáskrift að ræða, skal beiðnin, er send er símleiðis, staðfest með fyrsta pósti með beiðni og meðfylgjandi ofangreindri líkingu af umslagi eða áskrift.

2. — Þegar ákvörðunarpósthúsið fær eyðublaðið J., eða símskeyti í þess stað, leitar það uppi hina tilteknu sendingu og framkvæmir það, sem beðið hefir verið um.

Sje um að ræða breytingu á áskrift og beðið um það símleiðis, lætur þó ákvörðunarpósthúsið sjer nægja að halda brjefinu eftir og bíða með að framkvæma beiðnina, þangað til hin nauðsynlega líking af áskriftinni er komin.

Ef rannsóknin er árangurslaus, ef búið er að afhenda viðtakanda sendinguna eða ef beiðnin, sem send er símleiðis, er ekki nógu greinileg, til þess að hægt sje með vissu að þekkja hina tilteknu sendingu, skal það þegar í stað tilkynt sendipósthúsinu, sem svo gerir sendanda aðvart.

3. — Sje ekki öðruvísi umsamið, skal eyðublaðið J prentað á frönsku eða með franskri þýðingu neðanundir, og þegar símskeyti er notaður skal símskeytið skrifað á frönsku.

4. — Þegar um einfalda leiðrjettingu á utanáskriftnni er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda) getur sendandi sent beiðnina beint til ákvörðunarpósthússins, þ. e. a. s. án þess að uppfylla skilyrði þau, sem sett eru, þegar um reglulega breytingu á utanáskiftinni er að ræða.

5. — Sjerhver póststjórn getur krafist þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að skiftin á þeim beiðnum, sem hana snerta, sjeu framkvæmd af sjálfri aðalpóststjórninni eða pósthúsi, sem hún sjerstaklega tiltekur.

Ef skiftin á beiðnunum eiga sjer stað frá aðalpóststjórnunum, skal tekið tillit til beiðna, sem sendar eru beina leið frá sendipósthúsi til ákvörðunarpósthúss, að því leyti, að hlutaðeigandi sendingar skulu útilokaðar frá afhendingu, þangað til beiðnin kemur frá aðalpóststjórninni.

Póststjórnir þær, sem nota sjer rjett þann, sem getur um í 1. málsgr. þessa liðs, bera sjálfar kostnaðinn, sem leiðir af flutningnum innanlands á upplýsingum, sem skifst er á við ákvörðunarpósthúsið, hvort heldur símleiðis eða með pósti.

Skylt er að nota síma, þegar sendandi hefir sjálfur gert það, og ekki hægt að aðvara ákvörðunarpósthúsið í tíma með því að nota póstleiðina.

80

XXXI.

Notkun á frímerkjum, sem álítast fölsuð, og eftirgjörðum stimplum frímerkingarvjela.

Með tilliti til ákvæðanna í innanlandslöggjöf sjerhvers lands, og jafnvel þar sem þetta er ekki tekið skýrt fram í ákvæðum þessarar greinar, skal aðferð sú, sem hjer segir, viðhöfð við rannsókn á, hvort fölsuð frímerki eða eftirgerðir stimplar frímerkingjarvjela hafi verið notuð til frímerkingar.

a. Þegar uppvíst verður að falsað frímerki (eftirgert eða áður notað) eða eftirgerðir stimplar frímerkingarvjela sje á einhverri sendingu, hverrar tegundar sem er, við burtför hennar frá pósthúsi, þar sem sjerstök löggjöf heimilar ekki að sendingin sje gerð upptæk þegar í stað, má ekki skemma merkið með neinu móti, en sendingin skal látin í umslag með utanáskrift til ákvörðunarpósthússins og send sem þjónustusending.

b. Þetta er síðan tafarlaust tilkynt póststjórnunum í sendi- og ákvörðunarlandinu með tilkynningu eins og meðfylgjandi fyrirmynd K. Þar að auki skal eitt eintak af þessari tilkynningu sent ákvörðunarpósthúsinu í umslaginu, sem sendingin með þessu falsaða frímerki eru í.

c. Viðtakandi er tilkvaddur til þess að athuga brotið.

Afhending sendingarinnar fæst ekki nema með því móti að viðtakandi eða umboðsmaður hans borgi hið vangreidda burðargjald og samþykki að segja til nafns og heimilis sendanda og fái póststjórninni til umráða, þegar hann hefir kynt sjer innihaldið, sendinguna alla, ef hún verður ekki fráskilin sakargagninu (corpus delicti), eða þá hluta af henni (umslag, band, brjefhluta o. s. frv.) þar sem áskriftin er og stimpillinn eða frímerkið, sem álitið er falsað.

d. Það sem fram kemur við kvaðningu viðtakanda er síðan fært inn í gerðabók eins og fyrirmynd L, er fylgir þessari reglugerð, og skal þar tekið fram það, sem fyrir hefir komið, svo sem, ef viðkomandi hefir ekki mætt, neitað að taka við sendingunni, neitað að opna hana eða gefa upp nafn sendanda o. s. frv. Þetta skjal er síðan undirritað af póstmanni og viðtakanda sendingarinnar eða umboðsmanni hans; neiti hann að skrifa undir skal neitunin tilfærð í stað undirskriftarinnar og á sama stað.

Gerðabókin með fylgiskjölum skal síðan send sem þjónustusending með ábyrgð til póststjórnar sendilandsins, er svo getur, með þessi skjöl í höndum, látið framfylgja lagabrotinu samkvæmt innanlandslöggjöf sinni.

XXXII.

Sendingatalning til útreiknings á transítgjöldum.

1. — Sendingatalning sú, sem á fram að fara samkv. 4. og 19. grein aðalsamningsins til útreiknings á transít-gjöldum innan og utan póstsambands-

ins, skal framkvæmd þriðja hvert ár, eftir ákvæðum þeim, sem sett eru í eftirfarandi greinum, 28 fyrstu dagana af maí og 28 dagana eftir 14. okt, á víxl.

Talningin í maí 1921 skal sem undantekning gilda fyrir árin 1920—1923 að því meðtöldu; talningin í okt.—nóv. 1924 skal gilda fyrir árin 1924—1926 að því meðtöldu, og þannig áfram.

2. — Ef eitthvert land með miklum póstviðskiftum skyldi ganga í sambandið, hafa þau lönd sambandsins, þar sem borgun á transítgjöldum kynni að breytast vegna þessa atviks, rjett til þess að heimta að sjerstök talning fari fram eingöngu fyrir hið nýja land í sambandinu.

3. — Komi mikil breyting á póstviðskiftamagnið, og taki yfir eitt eða fleiri tímabil, er öll sjeu að minsta kosti 12 mánuðir, geta hlutaðeigandi póststjórnir komið sjer saman um að endurskoða transítreikninga þá, sem um er að ræða. Í þessu efni eru upphæðir þær, sem sendipóststjórnirnar eiga að borga, annaðhvort hækkaðar, lækkaðar eða þeim skift hlutfallslega eftir þeim milliliggjandi flutningum, sem hafa verið notaðir í raun og veru, en þyngdin alls, sem lögð er til grundvallar fyrir hinum nýju reikningum, skal vanalega vera sú sama og þyngd á pósti, sem fluttur er á talningatímabilinu, sem getið er um í 1. lið þessarar greinar. Ef þörf krefur má nota sjerstaka talningu við skiftinguna á þyngdinni milli hinna ýmsu flutninga, sem fengnir hafa verið. Engin breyting á póstviðskiftamagninu er álitin mikilvæg, ef hún ekki hefir í för með sjer breytingu á transítgjöldum fyrir hinn umrædda flutning, er nemi meir en 10,000 frönkum á ári.

Sem undantekning má krefjast sjerstakrar talningar til þess að sannreyna hina nýju þyngd alls, er lögð er til grundvallar fyrir hinum nýju reikningum, þegar þyngdin alls á flutningnum eykst um 100% eða minkar að minsta kosti um 50% og hinir nýju reikningar þar af leiðandi verða fyrir breytingu, er nemur meir en 10,000 frönkum á ári.

XXXIII.

Lokaðir póstpokar.

1. — Sendingar, sem skiftst er á í lokuðum póstpokum, milli tveggja póststjórna innan sambandsins, eða milli póststjórnar innan og póststjórnar utan sambandsins, yfir svæði eða með flutningatækjum einnar eða fleiri annara póststjórna, skulu settar á yfirlitsreikning eins og fyrirmynd M, er fylgir þessari reglugerð, og er þessi reikningur búinn til samkv. eftirfarandi ákvæðum.

Á hverju talningartímabili skulu sjerstakir pokar eða pakkar notaðir undir „brjef og spjaldbrjef“ og undir „aðrar sendingar“. Skulu pokar þessir eða pakkar með rjettri tilvísun bera merkin „L. C.“ (brjef og spjaldbrjef) og „A. O.“ (aðrar sendingar). Þegar rúmmál póstsins leyfir má setja hina sjerstöku poka eða pakka saman í safnpoka og skal hann merktur „S. C.“

80 Sem undanþágu frá ákvæðunum í XXI. og XXII. grein reglugerðarinnar, hefur sjerhver póststjórn leyfi, á talningartímabilinu, til þess að senda ábyrgðarsendingar og hraðboðasendingar aðrar en brjef og spjaldbrjef í einhverjum þeirra poka eða pakka, sem ætlaður er undir aðrar sendingar, með því að gera athugasemd um þetta á brjefaskrána; en sjeu sendingar þessar, samkv. XXI. og XXII. grein, sendar í brjefapoka eða pakka, skulu þær, hvað þyngdartalningu snertir, taldar sem hluti af brjefapóstinum.

2. — Þegar leiðin, sem fara á, og flutningatækin, sem nota ber, fyrir póst, sem sendur er á talningartímabilinu, eru ókunn eða óviss, skal sendipóststjórnin eftir kröfu ákvörðunarpóststjórnar, útbúa fyrir hvern einstakan flutning skrá eins og meðfylgjandi fyrirmynd T. Skrá þessi skal svo tafarlaust send hinum ýmsu póststjórnum, hverri á eftir annari, sem taka þátt í póstflutningnum; póststjórnir þessar skrifa svo, hver á eftir annari, upplýsingar um transítina á þessa skrá, er síðan sendist til baka til sendipóststjórnarinnar ásamt yfirlitsreikningnum fyrirmynd M.

3. — Hvað snertir póstpoka frá einu landi í sambandinu til annars lands, sem líka er í sambandinu, þá færir viðskiftapósthús sendilandsins á brjefaskrána til viðskiftapósthúss ákvörðunarlandsins brúttóþyngd brjefa og spjaldbrjefa og annara sendinga, án þess að hirða um, hvaðan þær sjeu, eða hvert þær eigi að fara. Ekki skal reikna með þyngdarbrot undir og að 500 grömmum meðtöldum, en þyngdarbrot yfir 500 grömm skulu hækkuð upp í 1 kg. Með brúttóþyngd reiknast þyngd umbúðanna, en ekki þyngd tómra poka, sem pakkaðir eru í sjerstaka poka, og ekki þyngd þeirra poka, sem aðeins innihalda sendingar, sem eru undanþegnar öllu tansít-gjaldi (9. liður 4. greinar aðalsamn.) eða pósts, sem eingöngu eru auðar brjefaskrár (9. liður XIX. greinar reglug.) nje heldur þyngd safnpokanna, sem nefndir eru í 1. lið hjer að framan. Ef hvorki brúttóþyngd brjefa og spjaldbrjefa nje annara sendinga fer hvor um sig, fram úr 500 grömmum, skal bæta framan á brjefaskrána athugasemdinni „Poids brut ne dépasse pas 500 grammes“. Viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins athugar svo hvort þetta sje rjett. Ef pósthúsið finnur að hin sanna þyngd brjefa og spjaldbrjefa eða annara sendinga fer meira en 50 grömm yfir hámarksþyngd eða er meira en 50 grömm undir lágmarksþyngd (sem hvorttveggja gæti gefið ástæðu til þess að hækka eða lækka þyngdina á brjefaskránni), leiðrjettir það upplýsingarnar og gerir viðskiftapósthúsi sendilandsins þegar í stað aðvart um skekkjuna með leiðrjettingarskýrslu. Ef munurinn á hinni sannreyndu þyngd er innan ofangreindra takmarka, skal ekki breyta upplýsingum sendipósthússins og ekki senda neina leiðrjettingarskýrslu.

4. — Eins fljótt og auðið er, þegar talningartímabilinu er lokið, búa ákvörðunarpósthúsin út yfirlitsreikninga (fyrirmynd M.) í eins mörgum eintökum og hlutaðeigandi póststjórnir eru margar, þar með talin póststjórn sendistaðarins. Þessa yfirlitsreikninga senda svo viðskiftapósthúsin, sem hafa búið þá út, viðskiftapósthúsum þeirrar póststjórnar, sem á að borga, til skrif-

legrar viðurkenningar. Þegar þessi pósthús svo hafa viðurkent þá, senda þau 80
þá til aðalpóststjórnar sinnar, sem síðan skal útbýta þeim milli hlutaðeigandi póststjórna.

Ef reikningar þessir eru ekki komnir til viðskiftapósthúsa póststjórnar þeirrar, sem á að borga, eftir 4 mánuði (6 mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu) að telja frá þeim degi, er síðasti póstur á talningartímabilinu er sendur af stað, skulu upplýsingar frá sendipósthúsunum koma í staðinn. Þessi pósthús útbúa reikningana, (fyrirmynd M), í nægilega mörgum eintökum og bæta við athugasemdinni „Les relevés du bureau destinataire ne sont pas parvenus dans le délai réglementaire", (yfirlitsreikningar M ákvörðunarpósthússins komu ekki á tilteknum tíma), og senda þá svo aðalpóststjórn sinni, sem síðan skal útbýta þeim milli hlutaðeigandi póststjórna.

5. — Hvað snertir skifti á lokuðum póstpokum milli lands innan og lands utan sambandsins með milligöngu einnar eða fleiri póststjórna í sambandinu, þá skulu viðskiftapósthús landsins í sambandinu búa út, fyrir sendan og meðtekinn póst, yfirlitsreikning (fyrirmynd M), sem þau svo senda til póststjórnar útgöngu- eða inngöngulandsins, en hún býr svo til í lok talningartímabilsins, aðalyfirlitsreikning í jafnmörgum eintökum og hlutaðeigandi póststjórnir eru margar, þar með talin hún sjálf og póststjórn sú í sambandinu, sem á að borga. Eitt eintak af þessum reikningi skal sent póststjórninni, sem á að borga, svo og sjerhverri póststjórn, sem tekið hefir þátt í flutningnum.

6. — Eins fljótt og auðið er, þegar talningartímabilinu er lokið, skulu póststjórnir þær, sem sent hafa lokaða póstpoka í transít, senda lista yfir poka þessa til hinna ýmsu póststjórna, er þær hafa notað sem milliliði.

Greini listi þessi frá lokuðum póstpokum í transít, sem eftir ákvæðum 3. liðs hjer á undan gefa ekki ástæðu til reiknings (fyrirmynd M), skal bæta á hann, til skýringar, athugasemd svo sem „Sacs vides" (tómir pokar) „Dépêches se composent uniquement d'une feuille d'avis négative" (Póstflutningurinn er aðeins auð skrá), „Rebuts" (endursent) eða „Poids ne dépasse pas 500 grammes" (þyngdin eigi yfir 500 gr.).

Lokaðir póstpokar, er koma frá löndum hinumegin við, og eru áframsendir í transítflutningnum og færðir inn á töflu II á sendiskránni, skulu tilgreindir á sjerstökum stað á listanum.

Viðvíkjandi lokuðum póstpokum, er sakir geymslu í höfn gefa ástæðu til þóknunar til þeirrar póststjórnar, sem geymir, samkvæmt fyrirmælum 4. liðs 4. greinar aðalsamningsins, þá skal þessi póststjórn búa út, eftir sendilöndum, daglegan yfirlitsreikning eins og fyrirmynd P bis, er fylgir með þessari reglugerð, og sjeu þar upplýsingar viðvíkjandi lokuðum póstpokum, sem tekið er við til geymslu frá hlutaðeigandi landi á hinu 28 daga talningar-tímabili, án tillits til dagsetningar, þegar hinir umræddu pokar hafa verið sendir eða áframsendir.

Upplýsingarnar á hinum daglegu reikningum skulu endurteknar fyrir

80 hvert sendiland, á skýrslu eins og fyrirmynd P ter, er fylgir þessari reglugerð, og skal hún síðan send aðalpóststjórn nefnds lands ásamt tilheyrandi yfirlitsreikningum fyrirmynd P bis.

Endurtekningarskýrslan P ter með áritaðri viðurkenningu forstöðumanns póststjórnarinnar í landinu, sem á að borga, skal síðan send ásamt yfirlitsreikningunum fyrirmynd P bis til aðalpóststjórnarinnar, sem geymslan heyrir undir.

7. — Það hvílir á póststjórnum þeirra landa, sem herskip eiga, að búa út yfirlitsreikninga (fyrirmynd M) viðvíkjandi lokuðum póstpokum, er herskip þessi senda eða taka á móti. Lokaðir póstpokar, sem sendir eru á talningartímabilinu til herskipa skulu bera á merkiseðlunum, dagsetninguna, þegar þeir eru sendir.

Ef þessir póstpokar eru áframsendir, skal póststjórnin, sem áframsendir, tilkynna það póststjórn landsins, sem á skipið.

XXXIV.

Sendingar í stykkjatali.

1. — Almennar sendingar og ábyrgðarsendingar, sem og brjef með tilgreindu verði, er koma frá sjálfu landinu eða löndum hinumegin við og send eru í stykkjatali á talningartímabilinu, skulu færðar á sendiskrána af viðskiftapósthúsi sendilandsins eins og hjer segir:

Correspondances à découvert.	Nombre.
Lettres	
Cartes postales	
Autres objets	

Sendingar, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi, samkv. 9. lið 4. greinar aðalsamningsins, skulu ekki tilfærðar í tölum þessum.

2. — Sjeu engar sendingar í stykkjatali, skrifar sendipósthúsið efst á sendiskrána:

„Pas de correspondances à découvert".

3. — Upplýsingarnar á sendiskránni skulu athugaðar af viðskiftapósthúsi ákvörðunarlandsins. Verði þetta pósthús vart við að muni meiru en 5 brjefum, spjaldbrjefum eða öðrum sendingum, leiðrjettir það upplýsingarnar á sendiskránni og tilkynnir þegar í stað sendipósthúsinu skekkjuna með leiðrjett-

ingarskýrslu. Sje mismunurinn innan þessara takmarka, standa upplýsingar 80
sendipósthússins óbreyttar og engin leiðrjettingarskýrsla er send. Þegar talningunni er lokið, býr viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins út í einu eintaki yfirlitsreikninga (fyrirmynd O), sem það sendir tafarlaust til aðalpóststjórnar sinnar.

XXXV.

Reikningur yfir transítgjöldin.

1. — Þyngdin á lokuðum póstpokum, talan á sendingum sendum í stykkjatali og, ef svo ber undir, talan á pokum geymdum í höfn, alt margfaldað með 13, skal lagt til grundvallar fyrir sjerstökum reikningum, er greina í frönkum og sentímum hina árlegu transítupphæð, sem hverri póststjórn ber.

Ef margfaldarinn fullnægir ekki póstviðskiftamagninu, eða ef um er að ræða óvenju miklar sendingar á talningartímabilinu, koma hlutaðeigandi póststjórnir sjer saman um annan margfaldara. Útbúningur reikninganna hvílir á þeirri póststjórninni, sem á inni, og sendir hún þá til póststjórnarinnar, sem á að borga. Margfaldari sá, sem er viðurkendur, skal í hvert sinn gilda fyrir alt tímabilið, sem talningin á við.

2. — Vegna þyngdarinnar á pokunum og umbúðunum og þyngdar þeirra tegunda sendinga, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi, samkv. 9. lið 4. greinar aðalsamningsins, skal aðalupphæðin á reikningunum yfir lokaða póstpoka lækkuð um 10%.

3. — Hinir sjerstöku reikningar skulu búnir til eftir yfirlitsreikningunum (fyrirmyndir M, O og P bis) í 2 eintökum og eins og fyrirmyndirnar N, P og P ter, sem fylgja með þessari reglugerð, og skulu síðan sendir eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi áður en 12 mánuðir eru liðnir frá talningartímabilinu, til póststjórnarinnar, sem á að borga.

4. — Ef póststjórnin, sem sendi reikninginn, fær enga leiðrjettingarathugasemd á 6 mánuðum að telja frá því reikningurinn er sendur, skal hann álitinn rjettilega viðurkendur.

5. — Sje ekki öðruvísi ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal alþjóðaskrifstofan búa út aðallokareikninginn, sem innihaldi bæði land- og sjótransítgjöld.

6. — Jafnskjótt og hinir sjerstöku reikningar milli tveggja póststjórna hafa verið viðurkendir eða álitnir rjettilega viðurkendir (4. liður þessarar greinar), skal hvor póststjórnin um sig tafarlaust senda alþjóðaskrifstofunni yfirlitsreikning (fyrirmynd Q), er greini aðalupphæðina á reikningum hennar. Þegar alþjóðaskrifstofan hefur móttekið þennan yfirlitsreikning (fyrirmynd Q) frá einhverri póststjórn, gerir hún hinni póststjórninni, sem í hlut á, aðvart.

80 Sje ósamræmi milli tveggja samstæðra skilagreina frá tveimur póststjórnum, skal alþjóðaskrifstofan skora á þær að koma sjer saman og tilkynna sjer hina endanlegu upphæð, er þær verði ásáttar um.

Ef að eins önnur póststjórnin skyldi senda yfirlitsreikning (fyrirmynd Q), þá skulu upplýsingar hennar teknar gildar, nema hinn samstæði yfirlitsreikningur hinnar póststjórnarinnar, sem á eftir er, nái til alþjóðaskrifstofunnar í tæka tíð fyrir næstu aðal-ársreikningsskil.

Fari um yfirlitsreikninga eins og segir í 4. lið þessarar greinar, skal skrifa á þá athugasemdina: „Aucune observation de l'Office débiteur n'est parvenue dans le délai réglementaire". (Engin athugasemd kom frá hinni skuldugu póststjórn innan tiltekins tíma). Ef tvær póststjórnir koma sjer saman um að gera sjerstakan millireikning, skal á yfirlitsreikninginn skrifa athugasemdina „Compte règlé à part — à titre d'information". (sjerstök reikningsskil — til upplýsingar), og yfirlitsreikningurinn ekki tekinn með í aðal-lokareikningi. Þessari athugasemd skal slept, þegar um er að ræða það, sem stendur í 10. lið 4. greinar aðalsamningsins.

7. — Alþjóðaskrifstofan framkvæmir undanþágur þær, sem ræðir um í 10. lið 4. greinar aðalsamningsins, og tilkynnir það hlutaðeigandi póststjórnum.

8. — Í lok hvers árs býr alþjóðaskrifstofan út, eftir yfirlitsreikningum þeim, sem hafa komið til hennar til þess tíma og álitnir eru rjettilega viðurkendir, árslokareikning yfir transítgjöldin. Þessi lokareikningur inniheldur:

a. aðalupphæð skuldar og inneignar hverrar póststjórnar um sig;
b. jafnaðarupphæðir þær, sem hver póststjórn skuldar eða á inni, og sýni þær mismuninn á milli aðalupphæðarinnar og skuld hennar og inneign;
c. upphæðir þær, sem hinar skuldugu póststjórnir eiga að borga;
d. upphæðir þær, sem póststjórnirnar, er eiga inni, eiga að fá.

Aðalupphæðir þessara tveggja tegunda reikningsjafnaðar, a—d, verða auðvitað að vera jafnháar.

Alþjóðaskrifstofan sjer um að tölu útborgana hinna skuldugu póststjórna sje fækkað eins og frekast er unt.

9. — Hinir árlegu lokareikningar skulu sendir póststjórnum sambandsins frá alþjóðaskrifstofunni eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan loka fyrsta ársfjórðungs næsta árs á eftir að reikningarnir hafa verið gerðir upp.

XXXVI.

Borgun á transítgjöldunum.

1. — Hinn árlegi reikningsjöfnuður, sem kemur fram á lokareikningi alþjóðaskrifstofunnar eða á hinum sjersöku millireikningum, er talinn í gullfrönkum. Skal hann greiddur af hinni skuldugu póststjórn til þeirrar, sem á inni,

í gulli eða með víxlum, er borgist við sýningu í höfuðstað eða verslunarborg landsins, sem á inni. 80

Sje borgað með víxlum, skulu þeir skrifaðir í mynt landsins, sem á inni, og að upphæð, er jafngildir gullfrankaupphæð þeirri, sem reikningsjöfnuðurinn hljóðar upp á, með því víxilgengi, sem gildir þann dag, er frankarnir eru keyptir.

Víxla þessa má einnig gefa út á annað land, með því skilyrði, að þeir hafi sama jafngildi, og að hin skulduga póststjórn greiði kostnaðinn.

2. — Borgun á hinum árlega reikningsjöfnuði skal framkvæmd eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan fjögra mánaða frests, að telja frá þeim degi, er lokareikningurinn er sendur frá alþjóðaskrifstofunni, fyrir Evrópulönd og 5 mánaða frests fyrir önnur lönd. Þegar þessi frestur er liðinn, skal af upphæðum þeim, sem ein póststjórn skuldar annari, reikna 7% ársvexti, að telja frá þeim degi, er ofannefndur frestur rennur út.

XXXVII.

Niðurjöfnun á útgjöldunum við alþjóðaskrifstofuna.

1. — Hin sameiginlegu útgjöld við alþjóðaskrifstofuna mega ekki á ári fara fram úr 300.000 svissneskum frönkum, þar í ekki innifalið sjerstök útgjöld, sem póstþing, póstfundur eða nefnd hafa í för með sjer.

2. — Hin svissneska póststjórn hefur eftirlit með útgjöldum alþjóðaskrifstofunnar, lætur henni í tje nauðsynlegar fyrirframgreiðslur og býr út hinn árlega reikning, sem síðan er sendur öllum hinum póststjórnunum.

3. — Að því er niðurjöfnun útgjaldanna snertir, þá er löndunum skift í 7 flokka, og leggur hver flokkur til fje í hlutfalli við vissan einingafjölda, eins og hjer segir:

1.	flokkur	25	einingar
2.	—	20	—
3.	—	15	—
4.	—	10	—
5.	—	5	—
6.	—	3	—
7.	—	1	einingu.

4. — Þessar vísitölur eru margfaldaðar með tölu landanna í hverjum flokki, og summa þeirra er tala eininga, sem á að deila í útgjaldaupphæðina. Kvotinn sýnir þá fjárhæð útgjaldaeiningarinnar.

5. — Löndum sambandsins er flokkað þannig niður, að því er snertir niðurjöfnun útgjaldanna.

1. flokkur: Þýskaland, Argentína (lýðveldi), Kína, Bandaríki Norður-Ameríku, Etíopía, Frakkland, Stóra-Bretland, Breska Indland, Ástralska sam-

80 bandið (Commonwealth of Australia), Canada, Suður-Afríku sambandið, aðrar breskar nýlendur, vernduð lönd og lýðríki, Ítalía, Japan, Pólland, Rússland, Tyrkland.

2. flokkur: Spánn, Mexíkó.

3. flokkur: Austurríki, Belgía, Brasilía, Egyptaland, Grikkland, Ungverjaland, Holland, Rúmenía, Konungsríki Serba, Króata og Slóvena, Svíþjóð, Sviss, Tjekkoslóvakía, Algérie, franskar nýlendur og vernduð lönd í Indókína, allar aðrar franskar nýlendur, allar eyjaeignir Bandaríkja Norður-Ameríku nema Filippseyjar, Hollenska Indland.

4. flokkur: Chosen, Danmörk, Finnland, Noregur, Portúgal, Portúgalskar nýlendur í Afríku, Portúgalskar nýlendur í Asíu og Ástralíu.

5. flokkur: Búlgaría, Chili, Kólombía, Marokkó (ekki spánski hlutinn), Marokkó (spánski hlutinn), Perú, Tunis.

6. flokkur: Bólivía, Costaríca, Cúba, Dominikanska lýðveldið, Equator, Guatemala, Haiti, Lýðveldið Hondúras, Lúxemburg, Lýðveldið Nicaragua, Lýðveldið Panama, Paraguay, Persía, Lýðveldið Salvador, Saar-hjeraðið, Konungsríkið Síam, Uruguay, Venezuela, Hollenskar nýlendur í Ameríku.

7. flokkur: Belgiska Congo, Spánskar lendur við Guineaflóann, Ísland, allar ítalskar nýlendur, allar japanskar eignir aðrar en Chosen, Líbería, Filippseyjar, Lýðveldið San Marino.

XXXVIII.

Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Alþjóðaskrifstofan er milliliður viðvíkjandi öllum reglulegum og almennum upplýsingum, er snerta alþjóðapóstviðskifti.

2. — Póststjórnir þær, sem eru í sambandinu, skulu sjerstaklega tilkynna hver annari um alþjóðaskrifstofuna:

1° upplýsingar um aukaburðargjald það, sem þær kunna að taka samkvæmt 6. gr. aðalsamningsins, fram yfir burðargjald sambandsins, fyrir sjerstaka flutninga, svo og lista yfir nöfn þeirra landa, sem aukaburðargjaldið er tekið í viðskiftum við, og, ef svo ber undir, nöfnin á leiðum þeim, er valda því, að aukaburðargjaldið er tekið;

2° þrjú stykki af öllum póstfrímerkjum þeirra og stimpilmerkjum frímerkingarvjela þeirra, sem eru opinberlega viðurkendar, ásamt upplýsingum, ef þörf krefur, um frá hvaða degi eldri frímerkjaútgáfur hætti að vera í gildi;

3° tilkynningu um, hvort þær ætli að nota sjer leyfi það, sem póststjórnunum er veitt, til þess að beita eða beita ekki vissum almennum ákvæðum í aðalsamningnum og reglugerð þessari;

4° burðargjaldslækkanir þær, sem þær hafa samþykt, annað hvort sam-

kvæmt sjerstökum samningum gerðum samkvæmt 23. gr. aðalsamningsins, eða 22. gr. aðalsamningsins, svo og tilkynningu um í hvaða viðskiftum þetta lækkaða burðargjald er notað; 80

5° skrá yfir pósthús þau, sem þær kunna að hafa í löndum utan sambandsins;

6° lista yfir þá hluti, sem bannaðir eru til innflutnings eða í transít, svo og þá hluti, sem fluttir verða í póstþjónustu hverrar um sig með vissum skilyrðum. Listi þessi skal greina þessa hluti sjerstaklega eftir því, hvernig þeir eru fluttir, þ. e. a. s.:

a. með „la poste aux lettres" (brjef, prentað mál, sýnishorn);

b. sem „colis postal" (í viðskiftunum við lönd innan eða utan sambandsins) og

c. á annan hátt (fyrir milligöngu póststjórnanna eða annara flutninga-fjelaga).

7° lista yfir útgerðarfjelög skipa þeirra, sem þær hafa ráð á og eru til afnota fyrir aðrar póststjórnir, ásamt tilkynningu um siglingaleiðina, hversu oft skipin ganga, og um fjarlægðina milli viðkomustaða.

3. — Sjerhver breyting, sem seinna kann að verða gerð, á einhverri ofannefndra sjö greina, skal þegar í stað tilkynt á sama hátt.

4. — Alþjóðaskrifstofan fær einnig frá sjerhverri póststjórn í sambandinu 2 eintök af öllum þeim skjölum, sem hún gefur út og snerta póststarfið jafnt innan lands sem utan.

XXXIX.

Almenn talning sendinga.

1. — Sjerhver póststjórn sendir alþjóðaskrifstofunni eins fullkomið safn og hægt er af statistiskum upplýsingum í skýrsluformi, er skal fylla út eins og meðfylgjandi fyrirmyndir R og S sýna. Skýrslurnar R skal senda í lok júlímánaðar hvert ár, en upplýsingar þær, sem getur um í I., II. og IV. kafla skýrslunnar skal að eins gefa þriðja hvert ár; skýrslurnar S skal sömuleiðis gefa þriðja hvert ár á sama tíma. Upplýsingar þær, sem gefnar eru, eiga ætíð við árið á undan.

2. — Þær greinar póststarfsins, sem gefa tilefni til sjerstakrar innfærslu í bækur, skulu teknar í tímabundinn (periodiskan) reikning, eftir því, sem bækurnar sýna.

3. — Viðvíkjandi öðrum greinum póststarfsins, þá skal árlega framkvæmd heildartalning á sendingunum, hverrar tegundar sem eru, án þess að greina milli, brjefa, spjaldbrjefa, prents, verslunarskjala og sýnishorna af vöru, og þriðja hvert ár að minsta kosti talning á hinum ýmsu tegundum sendinga.

Talningin fer fram í viku, þegar um dagleg póstviðskifti er að ræða,

80 en í 4 vikur, þar sem ekki eru dagleg póstviðskifti. Sjerhverri póststjórn er heimilt að framkvæma þessa statistisku talningu á þeim tíma, sem sýnir best meðaltalið af póstviðskiftum hennar.

Á tímabilinu milli hinna sjerstöku talninga skal framkvæma talninguna á hinum ýmsu tegundum sendinga eftir hlutfallstölum, sem fást úr hinni sjerstöku talningu á undan.

4. — Alþjóðaskrifstofunni ber að láta prenta og útbýta eyðublöðum þeim, sem sjerhver póststjórn á að útfylla. Þar að auki ber henni að veita þeim póststjórnum, er kynnu að æskja þess, allar nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi reglum þeim, sem fylgja ber, til þess að talningin verði eins samræmd og hægt er.

XL.

Verksvið alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Alþjóðaskrifstofan býr til almenna statistik fyrir hvert ár.

2. — Úr skýrslum þeim, sem henni eru látnar í tje, gefur hún út sjerstakt blað á þýsku, ensku, spönsku og frönsku.

3. — Alþjóðaskrifstofan birtir, eftir upplýsingum þeim, sem gefnar eru samkvæmt fyrirmælum 38. gr. hjer á undan, opinbert safn af öllum þeim tilkynningum, er almenning varða, og snerta framkvæmd á aðalsamningnum og þessari reglugerð, í sjerhverju sambandslandanna. Áorðnar breytingar seinna, birtast í viðbótarsafni á hálfs árs fresti. En þegar það er sjerstaklega áríðandi og einhver póststjórn biður ákveðið um að breytingar, sem hafa orðið á póstþjónustu hennar, sjeu tilkyntar þegar í stað, gerir alþjóðaskrifstofan það með sjerstöku umburðarbrjefi.

Tilsvarandi söfn, er snerta framkvæmdir á hinum sjerstöku samningum sambandsins, getur alþjóðaskrifstofan birt, þegar póststjórnir þær, sem taka þátt í þessum samningum, fara fram á það.

4. — Öll skjöl, sem alþjóðaskrifstofan gefur út, skulu send póststjórnum sambandsins í eins mörgum eintökum og útgjaldaeiningarnar eru, sem ákveðnar eru fyrir hverja póststjórn í 37. gr. hjer á undan.

5. — Öll eintök og skjöl, sem póststjórnirnar kynnu að biðja um, fram yfir þessa tölu, skulu þær borga sjerstaklega með innkaupsverði.

6. — Að öðru leyti skal alþjóðaskrifstofan ætíð vera reiðubúin til þess að láta meðlimum sambandsins í tje allar þær upplýsingar, er þeir kynnu að óska, viðvíkjandi atriðum, er snerta alþjóðapóststarfið.

7. — Alþjóðaskrifstofan leggur fyrir allar óskir, sem fram koma um breytingar eða skilning á ákvæðum þeim, sem gilda fyrir póstsambandið. Hún tilkynnir úrslit málanna, sem þannig hafa verið lögð fyrir, og sjerhver breyting eða ákvörðun, sem samþykt hefur verið, gengur í fyrsta lagi í gildi 3 mánuðum eftir tilkynninguna.

8. — Alþjóðaskrifstofan sjer um reiknings- og greiðslujöfnuð, á hverskonar reikningum sem eru, á milli þeirra póststjórna sambandsins, sem lýsa því yfir, að þær vilji nota hjálp skrifstofunnar samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í XLI. gr. hjer á eftir. 80

9. — Alþjóðaskrifstofan sjer um undirbúning póstþinga og póstfunda. Hún sjer um hin nauðsynlegu eftirrit og endurprentanir, sem og ritstjórn og útbýtingu á breytingartillögum, gerðabókum og öðrum upplýsingum.

10. — Forstjóri skrifstofunnar er viðstaddur á fundum póstþinganna og póstfundanna og tekur þátt í umræðum, án þess að hafa atkvæðisrjett.

11. — Hann gefur út árlega skýrslu um stjórn sína, og skal sú skýrsla send öllum sambandslöndunum.

12. — Hið opinbera mál alþjóðaskrifstofunnar er franska.

13. — Alþjóðaskrifstofan er skyld að gefa út nafnabók yfir öll pósthús heimsins, raðað í stafrófsröð, og með sjerstakri athugasemd við þau pósthús, er hafa á hendi póststörf, sem eru ekki enn þá sameiginleg fyrir öll pósthús. Þessari nafnabók skal haldið við sem nothæfri, með viðbótarheftum eða á annan hátt, sem skrifstofan álítur heppilegan.

Nafnabók þessi skal seld póststjórnum þeim, sem kynnu að óska hennar, með framleiðsluverði.

14. — Alþjóðaskrifstofan er skyld að sjá um tilbúning og afhendingu svarmerkja, sem getur um í 2. lið 13. gr. aðalsamningsins, svo og greiðslujöfnuð reikninga þeirra, er snerta þessa grein póststarfsins og ræðir um í VII. gr. þessarar reglugerðar.

15. — Hún er á sama hátt skyld til þess að sjá um tilbúning og útbýtingu á skilríkisspjöldum, sem ræðir um í 9. gr. aðalsamningsins og XXV. gr. þessarar reglugerðar, sem og tilbúning og útbýting á jafngildistöflunni, sem getur um í IV. gr. þessarar reglugerðar.

XLI.

Miðstöð reikningsfærslu og greiðslujafnaðar á reikningum milli póststjórna sambandsins.

1. — Skrifstofa alþjóðapóstsambandsins er skyld að sjá um reiknings- og greiðslujöfnuð á hverskonar reikningum sem eru og snerta alþjóðapóststarfið milli póststjórna sambandsins.

Þær póststjórnir, sem ætla að nota aðstoð alþjóðaskrifstofunnar við þessa reikningsfærslu, koma sjer í þessu efni saman sín á milli og við skrifstofuna.

Sjerhver póststjórn hefur þó, þrátt fyrir þessa ákvörðun sína, rjett til, eftir því sem henni sýnist, að gera upp sjerstaka reikninga fyrir ýmsar greinar póststarfsins og gera út um þá, eins og hún vill, við hlutaðeigandi póststjórn, án þess að nota hjálp aðalskrifstofunnar, og skal hún þá aðeins tilkynna skrif-

80 stofunni, samkvæmt innihaldi málsgreinarinnar hjer á undan, við hvaða greinar póststarfsins og við hvaða lönd hún óskar aðstoðar hennar.

Eftir beiðni hlutaðeigandi póststjórna má einnig láta alþjóðaskrifstofunni í tje símalokareikninga, til þess að takast upp í greiðslujöfnuðinn.

Þær póststjórnir, sem nota aðstoð alþjóðaskrifstofunnar við reikningsog greiðslujöfnuð lokareikninganna, geta hætt að nota þessa aðstoð 3 mánuðum eftir að þær hafa sent skrifstofunni tilkynningu um það.

2. — Þegar búið er að endurskoða og viðurkenna hina sjerstöku reikninga eftir samkomulagi skulu hinar skuldugu póststjórnir senda póststjórnunum, sem eiga inni, fyrir hverja sjerstaka tegund viðskifta, viðurkenning fyrir upphæð reikningsjafnaðarins milli hinna tveggja sjerstöku reikninga, í frönkum og sentímum, með upplýsingum um fyrir hvað inneignin sje og við hvaða tímabil hún eigi.

Að því er snertir póstávísanaviðskiftin, þá skal hin skulduga póststjórn senda viðurkenninguna þegar í stað, er hún hefur gert upp sinn eigin sjerstaka reikning og veitt móttöku hinum sjerstaka reikningi hlutaðeigandi póststjórnar, án þess að bíða eftir rannsókn hinna einstöku liða. Mismunur, sem þá kann að koma í ljós, skal tekinn upp í fyrsta reikning á eftir.

Sje ekki öðruvísi ákveðið skal sú póststjórn, sem sakir reikningsfærslu sinnar innanlands, kynni að óska eftir að fá aðalreikninga, sjálf búa þá til og leggja þá síðan fyrir hinn aðilann til viðurkenningar.

Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að innleiða annað fyrirkomulag í viðskiftum sínum.

3. — Sjerhver póststjórn sendir alþjóðaskrifstofunni mánaðarlega eða ársfjórðungslega, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, skýrslu um inneign sína samkvæmt hinum sjerstöku reikningum, svo og summu þeirra upphæða, sem hún á inni hjá sjerhverri póststjórn í sambandinu; sjerhver inneign, sem stendur í þessari skýrslu, skal vera samþykt með viðurkenningu frá hinni skuldugu póststjórn.

Þessi skýrsla skal vera komin alþjóðaskrifstofunni í hendur í síðasta lagi þann 19. hvers mánaðar eða í fyrsta mánuði hvers ársfjórðungs; að öðrum kosti verður hún ekki tekin fyr en í greiðslujöfnuð næsta mánaðar eða næsta ársfjóðungs á eftir.

4. — Alþjóðaskrifstofan ber síðan viðurkenningarnar saman og rannsakar, hvort skýrslurnar sjeu nákvæmlega rjettar. Allar nauðsynlegar leiðrjettingar skulu tilkyntar hlutaðeigandi póststjórnum.

Skuld sjerhverrar póststjórnar til annarar er síðan færð í yfirlitsreikning; til þess að fastákveða aðalupphæðina, sem sjerhver póststjórn skuldar, er nóg að leggja saman hina ýmsu dálka í þessum yfirlitsreikningi.

5. — Alþjóðaskrifstofan safnar skýrslunum og yfirlitsreikningunum saman í aðaljafnaðarreikning, sem sýni:

a. aðalupphæð skuldar og inneignar hjá hverri póststjórn;

b. skuldar- eða inneignarsaldo sjerhverrar póststjórnar, er sýni mismun aðal- 80
upphæðar skuldarinnar og aðalupphæðar inneignarinnar.

c. upphæðir þær, sem einn hluti meðlima póstsambandsins á að greiða einni póststjórn, eða gagnkvæmt þær upphæðir, sem þessi póststjórn á að greiða hinum.

Aðalupphæðir flokkanna a. og b. verða auðvitað að vera jafnstórar.

Að svo miklu leyti sem hægt er, skal sjeð um það, að hver póststjórn þurfi ekki að framkvæma meira en eina eða tvær útborganir, til þess að losna við skuldir sínar.

Þó á sú póststjórn, er að jafnaði á yfir 50.000 franka til góða hjá annari póststjórn, rjett á að heimta fyrirfram borganir (à conto-borganir).

Þessar fyrirfram borganir skulu, bæði af hinni skuldugu póststjórn og þeirri, sem á til góða, ritaðar neðst á skýrsluna, sem send er til alþjóðaskrifstofunnar (sjá 3. lið).

6. — Viðurkenningum þeim, sem sendar eru til alþjóðaskrifstofunnar (sjá 3. lið), skal raðað eftir póststjórnum.

Þær skulu lagðar til grundvallar fyrir reikningsuppgerð hverrar hlutaðeigandi póststjórnar um sig. Þessar reikningsuppgerðir skulu sýna:

a. upphæðir lokareikninga yfir hin ýmsu viðskifti;

b. aðalupphæð allra lokareikninga samanlagða fyrir hverja hlutaðeigandi **póststjórn um sig;**

c. aðalupphæðir þeirra upphæða, sem skuldast öllum póststjórnunum, sem inneign eiga fyrir hverja grein póststarfsins um sig, svo og höfuðupphæð þessara aðalupphæða.

Þessi höfuðupphæð er jöfn aðalupphæð skuldarinnar á yfirlitsreikningnum. Neðst á reikningsuppgerðinni er gerður upp mismunurinn á milli aðalupphæðar skuldar og inneignar, sem sýndar eru á skýrslunum, er póststjórnirnar senda alþjóðaskrifstofunni (sjá 3. lið). Nettóupphæð skuldar og inneignar skal vera jöfn skuldar og inneignar saldo, sem færð er í aðaljafnaðarreikningi. Enn fremur ákveður reikningsuppgerðin, hvernig reikningsskilum skuli hagað, þ. e. a. s. hún skýrir frá hverjum hinar skuldugu póststjórnir eiga að borga.

Þessar reikningsuppgerðir skal alþjóðaskrifstofan hafa sent hlutaðeigandi póststjórnum í síðasta lagi þann 22. dag í hverjum mánuði.

7. — Greiðsla á upphæðum þeim, sem ein póststjórn er annari skuldug, samkvæmt reikningsuppgerð, skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi hálfum mánuði eftir að reikningsuppgerðin er komin í hendur þeirri póststjórn, sem á að borga. Að því er aðra borgunarskilmála snertir, skulu ákvæðin í 1. lið XXXVI. greinar hjer á undan gilda um þá. Ákvæðunum í 2. lið sömu greinar má beita, ef þörf krefur, þegar saldoin hefur ekki verið greidd innan hins tiltekna tíma.

Skuldar- eða inneignarsaldo, sem fer ekki fram úr 500 frönkum, má

80 færa til reikningsjafnaðar í næsta mánuði á eftir, en þó því að eins, að hlutaðeigandi póststjórnir hafi samband við alþjóðaskrifstofuna á hverjum mánuði. Athugasemd um þessa yfirfærslu er gerð á yfirlitsreikningana og reikningsuppgerðirnar handa hinum skuldugu póststjórnum og þeim, sem eiga inni. Hin skulduga póststjórn sendir þeirri póststjórn, sem inni á, viðurkenningu á upphæðinni, sem hún skuldar, til yfirfærslu í næstu skýrslu.

XLII.

Tunga.

1. — Skrár, eyðublöð, yfirlitsskrár og önnur skýrsluform til afnota fyrir póststjórnir sambandsins í viðskiftum sín á milli skulu samdar á frakknesku, með eða án þýðingar, milli línanna, á öðru máli, nema hlutaðeigandi póststjórnir hafi öðruvísi ákveðið með beinum samningi sín á milli.

2. — Að því er snertir þjónustubrjefaskifti, þá skal núverandi fyrirkomulag haldast óbreytt, þangað til annað fyrirkomulag kann að verða ákveðið eftir sameiginlegu samkomulagi milli hlutaðeigandi póststjórna.

XLIII.

Svæði póstsambandsins.

1. — Til póstsambandsins teljast:

1° öll pósthús, sem lönd í sambandinu hafa sett á fót, í löndum utan sambandsins;
2° furstadæmið Lichtenstein, er telst undir póststjórn Sviss;
3° Færeyjar og Grænland sem hluti af Danmörku;
4° Spánskar eignir á norðurströnd Afríku, sem hluti af Spáni; lýðveldið Andorra, er telst undir hinni spönsku póststjórn;
5° furstadæmið Monaco, er telst undir póststjórn Frakklands;
6° Basutoland, er telst undir póststjórn Suður-Afríkusambandsins;
7° Walfish-Bay, er telst undir póststjórn Suður-Afríkusambandsins;
8° norsk pósthús, sem stofnuð eru á Spitzbergeneyjunum, er teljast undir póststjórn Noregs.

2. — Þegar póststjórnir sambandsins opna pósthús á tímabilinu milli póstþinga í löndum utan sambandsins, og þau eiga að teljast til póstsambandsins, skulu þær senda öllum póststjórnum sambandsins tilkynningu um þetta gegnum alþjóðaskrifstofuna.

XLIV. 80

Frumvörp milli póstþinga.

1. — Á tímabilinu milli póstþinga hefur póststjórn sjerhvers lands í sambandinu rjett til að senda öðrum póststjórnum sambandsins, um alþjóðaskrifstofuna, frumvörp, er snerta ákvæði þessarar reglugerðar.

2. — Sjerhvert frumvarp skal fara með sem hjer segir:

Póststjórnunum í sambandinu er veittur 6 mánaða frestur til þess að athuga frumvörpin, og, ef svo ber undir, senda alþjóðaskrifstofunni athugasemdir sínar. Breytingartillögur eru ekki leyfðar. Alþjóðaskrifstofan safnar svörunum og sendir póststjórnunum með áskorun um að mæla með eða móti. Þær póststjórnir, sem ekki hafa sent atkvæði sitt innan 6 mánaða frá dagsetningu seinna umburðarbrjefs alþjóðaskrifstofunnar, sem tilkynnir þeim athugasemdir þær, sem hafa verið gerðar, álítast að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni.

3. — Til þess að öðlast gildi, verða frumvörpin að fá:

1° öll greidd atkvæði, ef um er að ræða viðbót á nýjum ákvæðum eða breytingar á ákvæðunum í þessari grein eða III., IV., VIII., XXX., XXXI., XXXII., XXXVI. og XLV. grein.

2° tvo þriðju greiddra atkvæða, ef um er að ræða breytingar á ákvæðunum í I., II., V., VI., X., XI., XII., XIII., XIV., XV., XVI., XVII., XVIII., XX., XXIII., XXIV., XXVI., XXXV., XXXIX., XLI., XLII og XLIII. grein.

3° einfaldan meirihluta atkvæða, ef um er að ræða breytingar á öðrum ákvæðum, en þeim, sem talin eru hjer á undan, eða ef um er að ræða, hvernig skilja beri ýms ákvæði reglugerðar þessarar, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem ræðir um í 25. grein aðalsamningsins.

4. — Hinar samþyktu tillögur skulu kunngerðar öllum póststjórnum sambandsins af alþjóðaskrifstofunni með vanalegri tilkynningu.

5. — Sjerhver breyting eða ákvörðun, sem samþykt hefur verið, gengur ekki í gildi fyr en minst 3 mánuðum eftir tilkynninguna.

XLV.

Gildi reglugerðarinnar.

Reglugerð þessi gengur í gildi sama dag og aðalsamningurinn frá 30. nóvember 1920. Hún skal og gilda jafnlengi og þessi aðalsamningur, nema hún verði endurnýjuð eftir sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Samin í Madrid þrítugasta nóvember nítján hundruð og tuttugu.

(Nöfn fulltrúanna).

80

Loka-ákvæði.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að rita undir starfsreglugerð aðalsamningsins, sem samþykt var á póstþinginu í Madrid, komu þeir sjer saman um það, sem hjer segir:

I.

Þegar reikningsjöfnuðurinn, sem ræðir um í XXXVI. grein, er borgaður með víxlum, skal upphæðin, sem á að borgast, reiknuð út eins og hjer segir:

1° Þegar borgunin á að fara fram til lands, þar sem seðlar eru innleysanlegir við sýningu með gulli, og útflutningur á gulli frjáls, skal upphæð reikningsjafnaðarins breytt í mynt landsins, sem á inni, eftir gullpeninga verði.

2° Þegar borgunin á að fara fram til annars lands, skal breyta upphæð reikningsjafnaðarins, nema öðruvísi sje ákveðið milli hinnar skuldugu póststjórnar og hinnar, sem á inni, eftir gullpeninga verði á mynt þess lands, sem uppfyllir skilyrði þau, sem nefnd eru í málsgreininni á undan. Síðan má svo breyta upphæðinni, sem þannig kemur út, eftir því sem við á, annaðhvort í mynt landsins, sem á inni, eða, sem undantekningu, í mynt einhvers annars lands. Í báðum atriðum skal víxilgengið þann dag, sem víxilkaupin fara fram, lagt til grundvallar fyrir breytingunni.

II.

Sem bráðabirgðaráðstöfun gildir að það má selja svarmerki þau, sem hafa nafnverðið 25 sentímar og kunna að vera til hjá póststjórnunum þann

dag, er aðalsamningurinn frá Madrid gengur í gildi, með því verði er póst- 80
stjórnin ákveður, sem selur þau, án þess þó að þetta verð megi vera lægra en 25 sentímar (gull).

Merkjum þessum, svo og þeim merkjum, sem kunna að hafa verið seld áður en aðalsamningurinn frá Madríd gekk í gildi, en verið framvísað eftir þann tíma, má skifta fyrir eitt eða fleiri frímerki, er gildi hálft burðargjald undir einfalt almennt brjef til útlanda.

Við útbúning yfirlitsreikningsins, sem ræðir um í 7. lið VII. greinar í reglugerðinni, skal verð þessara svarmerkja reiknað 25 sentímar fyrir hvert.

Þær póststjórnir sem hækka taxta sína fyrir 1. janúar 1922, samkvæmt heimildinni, sem veitt er í 30. grein aðalsamningsins, hafa einnig heimild til þess að beita ákvæðinu í 2. málsgrein þessarar greinar frá þeim degi, er þær hafa hækkað taxta sína.

III.

Alþjóðaskrifstofunni er heimilt að selja út birgðir þær af svarmerkjum, sem hún hefur, og þegar eru að nokkru leyti prentaðar, með því að bæta við á þau leiðrjettingum þeim og viðaukum, sem nauðsynlegir eru, vegna þeirra ákvarðana, sem teknar hafa verið um breytingu á starfsreglugerð aðalsamningsins, er gerður var í Róm.

IV.

Skilríkisbækur þær, sem gefnar hafa verið út áður en þessi reglugerð gengur í gildi, halda gildi í viðskiftum þeirra landa, sem skrifað hafa undir hinn sjerstaka samning frá Róm, þangað til 3ja ára fresturinn er liðinn, án þess að þurfi að endurnýja þær.

V.

Sem undantekning gildir það, að þær póststjórnir, sem sakir óstöðugs gengis á mynt sinni, eiga ófært með að fastákveða endanlega jafngildið við taxta sambandsins, eru ekki skyldar að hlýta nákvæmlega fyrirmælum 1. liðs VI. greinar reglugerðarinnar hvað lit frímerkjanna snertir.

80 VI.

Sem undantekning gildir það, að ákvæðin í XXXII., XXXIII., XXXIV. og XXXV grein reglugerðarinnar skulu gilda við statistik í maí 1921.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þó þau hefðu verið sett í sjálfan texta reglugerðarinnar, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni hinnar spönsku stjórnar, og skal hver aðili fá afrit af því.

Madríd þrítugasta nóvember nítján hundruð og tuttugu.

(Nöfn fulltrúanna).

Verðbrjefasamningur.

80

Arrangement

concernant

l'échange des lettres et des boîtes avec valeur déclarée

conclu entre

l'Allemagne, la République Argentine, l'Autriche, la Belgique et la Colonie du Congo Belge, le Brésil, la Bulgarie, le Chili, la Chine, la République de Colombie, le Danemark, l'Égypte, l'Espagne, l'Éthiopie, la Finlande, la France l'Algérie, les Colonies et Protectorats Français de l'Indochine, l'ensemble des autres Colonies Françaises, la Grande-Bretagne et divers Dominions, Colonies et Protectorats Britanniques, l'Inde Britannique, la Nouvelle-Zélande, la Grèce, le Guatemala, la République d'Haïti, la République du Honduras, la Hongrie, l'Islande, l'Italie et les Colonies Italiennes, le Japon, le Chosen, l'ensemble des autres Dépendances Japonaises, la République de Libéria, le Luxembourg, le Maroc (à l'exclusion de la Zone Espagnole), le Maroc (Zone Espagnole), le Nicaragua, la Norvège, la République de Panama, le Paraguay, les Pays-Bas, les Indes Néerlandaises, les Colonies Néerlandaises en Amérique, le Pérou, la Perse, la Pologne, le Portugal, les Colonies Portugaises de l'Afrique, les Colonies Portugaises de l'Asie et de l'Océanie, la Roumanie, la Russie, la République de St-Marin, le Salvador, le Territoire de la Sarre, le Royaume des Serbes, Croates et Slovènes, la Suède, la Suisse, la Tchécoslovaquie, la Tunisie et la Turquie.

Les soussignés, plénipotentiaires des Gouvernements des pays ci-dessus énumérés, vu l'article 21 de la Convention principale, ont, d'un commun accord et sous réserve de ratification, arrêté l'Arrangement suivant:

Article 1.

Étendue de l'Arrangement; poids maximum des boîtes.

1. — Il peut être expédié, de l'un des pays mentionnés ci-dessus pour un autre de ces pays, des lettres contenant des valeurs-papier déclarées et des

Samningur

80

um

skifti á brjefum og öskjum með tilgreindu verði

gerður milli

M. Aguirre de Cárcer, L. López-Ferrer, C. Garcia de Castro.

Pour le Nicaragua :
M. Ig. Terán.

Pour la Norvège :
Sommerschild, Klaus Helsing.

Pour la République de Panama :
J. D. Arosemena.

Pour le Paraguay :
Fernando Pignet.

Pour les Pays-Bas :
A. W. Kymmell, J. S. v. Gelder.

Pour les Indes Néerlandaises :
Wigman, W. F. Gerdes Oosterbeek. J. van der Werf.

Pour les Colonies Néerlandaises en Amérique :
Wigman, W. F. Gerdes Oosterbeek, J. van der Werf.

Pour le Pérou :
D. C. Urrea, O. Barrenechea y Raygada.

Pour la Perse :
Husséïn Khan Alaï, C. Molitor.

Pour la Pologne :
W. Dobrowolski, Maciejewski Dr. Marjan Blachier.

Pour le Portugal :
Henrique Mousinho de Albuquerque.

Pour les Colonies Portugaises de l'Afrique :
Juvenal Elvas Floriado Santa Barbara.

Pour les Colonies Portugaises de l'Asie et de l'Océanie :
José Emilio dos Santos e Silva.

Pour la Roumanie :
D. G. Marinesco, Eug. Boukman.

Pour le Salvador :
Ismael G. Fuentes.

Pour le Territoire de la Sarre :
Douarche.

Pour le Royaume des Serbes, Croates et Slovènes :
Drag. Dimitriyevitch, S. P. Toutoundjitch, Dr. Franya Pavlitch, Costa Zlatanovitch,

Pour le Royaume de Siam :
Phra Sanpakitch Preecha.

Pour la Suède :
Julius Juhlin, Thore Wennquist.

Pour la Suisse :
Mengotti, F. Boss.

Pour la Tchécoslovaquie :
Dr. Otokar Růžička, Václav Kučera,

Pour la Tunisie :
Gérard Japy, A. Barbarat.

Pour la Turquie :
Méhméd-Ali.

Pour l'Uruguay :
Adolfo Agorio.

Pour les États-Unis de Venezuela :
Pedro-Emilio Coll, Barceló, A. Posse,

80

Starfsreglugerð

póstbögglasamningsins.

Samkvæmt 21. grein aðalsamningsins og 22. grein póstbögglasamningsins, hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á hinum síðarnefnda samningi.

I.

Hvernig senda skal póstböggla. — Tilkynningar um upplýsingar og skjöl, er snerta póstbögglaviðskiftin.

1. — Sjerhver póststjórn er skyld að senda póstböggla þá, sem önnur póststjórn hefur trúað henni fyrir til flutnings í transít gegnum landsvæði hennar, eftir sömu leið og með sömu tækjum og hún notar við flutning á sínum eigin bögglum.

2. — Póststjórnir þeirra samningslanda, sem halda uppi reglulegum samböndum sjóleiðis, skulu gefa póststjórnum hinna samningslandanna upplýsingar um, hvað af þessum samböndum sje hægt að nota til flutnings á póstbögglum, ásamt vegalengdinni.

3. — Þær póststjórnir samningslandanna, sem halda uppi beinum viðskiftum, tilkynna hver annari með töflum, eins og meðfylgjandi fyrirmynd A:

a) nafnaskrá yfir þau samningslönd, sem þær geta verið milliliðir fyrir, hver um sig, við flutning á póstbögglum;
b) leiðir þær, sem eru opnar til flutnings á póstbögglum, þegar þeir eru komnir inn á landsvæði þeirra eða í þjónustu þeirra.
c) upphæð þóknana þeirra, sem póststjórninni, er fær þeim bögglana, ber að greiða þeim fyrir hvern ákvörðunarstað.

4. — Með hliðsjón til A-taflanna, sem hver póststjórn fær frá hinum, sem við hana skifta, ákveður hún leiðirnar fyrir flutning á sínum bögglum og gjaldið, sem taka á af sendendum, eftir skilyrðum þeim, sem transítin býður.

5. — Sjerhver póststjórn skal þar að auki tilkynna fyrstu milliliggjandi póststjórn beint, hvaða lönd það eru, sem hún ætlar að senda henni póstböggla til.

80 6. — Sjerhver póststjórn skal láta samningspóststjórnunum í tje lista yfir þá hluti, sem ekki er leyfður innflutningur á í land hennar, samkvæmt lögum og reglugerðum.

II.

Taxtajafngildi.

1. — Samkvæmt 1. lið 5. greinar póstbögglasamningsins, taka póststjórnir samningslandanna burðargjöld sín eftir jafngildi, sem þær hafa ákveðið, eftir upplýsingum á meðfylgjandi töflu (O form) og sem þær eiga að tilkynna alþjóðaskrifstofunni fyrir milligöngu svissnesku póststjórnarinnar.

2. — Komi breytingar á myntkerfi einhvers hinna ofangreindu landa, skal póststjórn þess ná samkomulagi við svissnesku póststjórnina um breytingu á jafngildinu; ber svo hinni síðarnefndu að láta tilkynna breytinguna öllum póststjórnum sambandsins um alþjóðaskrifstofuna.

3. — Sjerhverri póststjórn er heimilt, ef hún álítur þess þörf, að leita þessa samkomulags, sem nefnt er í næsta lið á undan, ef um er að ræða mikla breytingu á peningagildi hennar.

III.

Rúmfrekir bögglar.

1. — Rúmfrekir teljast:

a) bögglar yfir 1 m. 50 á einhvern veg.

b) bögglar yfir 1 metra á einn veg og 50 sentimetra á annan veg.

c) bögglar, sem sakir lögunar sinnar, rúmmáls eða veikleika, ekki geta auðveldlega verið látnir niður með öðrum bögglum, eða bögglar, sem krefjast þess, að varlega sje með þá farið, t. d. blóm og blómrunnar í körfum, tóm búr, eða búr með lifandi dýrum í, tómir vindlakassar eða aðrir kassar í stórum bundinum, húsgögn, körfuáhöld, blómaborð, barnavagnar, rokkar, hjólhestar o. s. frv.

2. — Póststjórnir, sem halda uppi sjóflutningum, hafa heimild til þess, að telja hvern þann böggul rúmfrekan, sem þær flytja, þegar rúmmál hans er yfir 55 dm^3 eða hann er meira en 1 m. 25 á einhvern veg.

3. — Að því er snertir nákvæman útreikning á rúmmáli, þyngd eða ummáli bögglanna, þá skal álit sendipósthússins þar um gilda, nema um bersýnilega villu sje að ræða.

IV.

Flutningur á skothylkjum og líkum hlutum.

Hlutaðeigandi póststjórnum er heimilaður rjettur til þess, að koma sjer

innbyrðis saman um flutning á hvellhettum og hlöðnum málmskothylkjum í handskotvopn og ósprenghættum hlutum af tundurpípum. 80

Vandlega skal vera búið um hluti þessa, bæði að utan og innan, og þeir skulu sendir í kössum eða tunnum, og skal skrifa bæði á fylgibrjefið og sjálfa sendinguna, hvað innihaldið sje.

V.

Ytri frágangur bögglanna.

1. — Til þess að verða tekinn til flutnings, verður sjerhver böggull:

1° að bera greinilega utanáskrift viðtakanda, með latneskum bókstöfum. Utanáskriftir með blýanti eru ekki leyfðar; þó skulu teknir til flutnings bögglar, þar sem utanáskriftin hefur verið skrifuð með blekblýanti og það, sem skrifað er á, hefur verið vætt áður. Utanáskrift böggulsins skal vera á umbúðunum sjálfum, eða þá vera vandlega fest við þær þannig, að hún geti ekki losnað frá. Það er ráðið til þess, að láta afrit af utanáskriftinni innan í sendinguna.

2° að vera útbúinn á þann hátt, sem svarar til vegalengdarinnar og veitir næga tryggingu fyrir því, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki sjáist um skemdirnar. Umbúðir bögglа til landa utan Evrópu verða að vera sjerstaklega sterkar og úr haldgóðu efni, sakir hinna mörgu umskipana og allskonar meðferðar, sem þessir bögglar verða fyrir; sjerstaklega er það óhjákvæmilegt, þegar innihaldið er dýrir málmar, hlutir úr málmi eða þungavara, að nota þá sem umbúðir öskjur úr sterkum málmi eða trjekassa, að minsta kosti 1 sentimeter á þykt. Þó má taka án umbúða hluti, sem hægt er að láta hvern inn í annan, eða safna saman og halda saman með sterku bandi, með plombum eða lakki fyrir, þannig, að úr þeim verði einn böggull, sem ekki getur dottið í sundur. Heldur ekki þarf að krefjast umbúða um böggla, sem eru úr einu heilu efni, svo sem trje eða málmstykki o. s. frv., og sem ekki er verslunarvenja að setja í umbúðir.

3° að vera innsiglaðir með lakkinnsiglum, er sjeu nákvæmlega eins, með plombum, eða á annan hátt, með sjerstöku eins löguðu sama merki sendanda eða stimpli.

4° að bera tilgreininguna utanáskriftarmegin, ef um tilgreint verð er að ræða, tiltekna í mynt sendilandsins, án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þótt staðfest sje. Upphæð hins tilgreinda verðs skal þar að auki vera breytt í gullfranka af sendanda eða sendipósthúsi. Skal breytingin skrifuð með nýjum tölum við hliðina á eða upp yfir tölunum, sem sýna upphæð hins tilgreinda verðs, í mynt sendilandsins.

2. — Lagarkendar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkend, skulu send í tvöföldum ílátum. Á milli þess fyrra (flösku, glass, krukku eða öskju) og seinna (öskju úr málmi, sterku trje, eða bárupappa úr sterku efni) skal

80 vera, að svo miklu leyti sem auðið er, bil, sem sje fylt sagi, úrsælding eða einhverju öðru efni, sem drekkur í sig og varnar skemdum.

Þetta er ófrávíkjanlegt skilyrði, ef innra ílátið er sjerstaklega brothætt.

VI.

Fylgibrjef og tollskrár.

1. — Sjerhverjum böggli skulu fylgja fylgibrjef úr sterkum pappa og tollskrár, eins eða líkar og meðfylgjandi fyrirmyndir B og C. Póststjórnirnar gefa hver annari upplýsingar um, hversu margar tollskrár skulu fylgja fyrir hvern ákvörðunarstað.

Á afklipping fylgibrjefsins getur sendandi skrifað athugasemdir, er snerta sendinguna, þó með því skilyrði, að póststjórn sendilandsins hafi ekkert á móti því. Þar að auki hefur hann rjett til að skýra frá aftan á fylgibrjefinu, hvernig hann vill láta fara með böggulinn, ef fyrir kæmi, að ekki yrði hægt að afhenda hann. Skal sú athugasemd skrifuð á frönsku, eða öðru því máli, sem þekt er í ákvörðunarlandinu.

2. — Eitt fylgibrjef og ein tollskrá, ef tolllögin leyfa, mega fylgja alt að þremur almennum bögglum, sem koma frá sama sendanda, eru háðir sama burðargjaldi og eiga að fara til sama manns. Þetta ákvæði nær þó ekki til póstkröfuböggla eða böggla með tilgreindu verði, sem hver um sig skal hafa sitt sjerstaka fylgibrjef.

Hverju landi er þó heimilt að krefjast sjerstaks fylgibrjefs og sjerstakra tollskráa fyrir hvern böggul frá eða til útlanda.

3. — Þau fylgibrjef og tollskrár, sem ekki eru prentuð á frönsku, skulu vera með neðanlínuþýðingu á þessu máli.

4. — Fylgibrjef með bögglum með tilgreindu verði skulu hafa, fyrir hvern böggul, mót af innsigli því, sem notað hefir verið til þess að loka sendingunni, og ennfremur áritað hið tilgreinda verð eftir reglum þeim, sem gefnar eru undir 4° í V. grein reglugerðarinnar.

Þyngdin á bögglum með tilgreindu verði skal nákvæmlega tilgreind í grömmum af sendipósthúsinu bæði á bögglinum, hjá utanáskriftinni og á fylgibrjefinu á þar til ákveðnum stað á eyðublaðinu.

5. — Póststjórnir þær, sem ganga að þessum samningi taka ekki á sig neina ábyrgð, að því er snertir nákvæma útfyllingu tollskránna.

VII.

Sjerstök merki.

1. — Sjerhver böggull, ásamt tilheyrandi fylgibrjefi, skal bera merki eins og meðfylgjandi fyrirmynd D. sýnir, er bæði sýnir innritunarnúmer sendingarinnar og nafnið á pósthúsinu, þar sem henni er skilað til flutnings. Sama

sendipósthús má ekki samtímis nota tvær eða fleiri tegundir merkja, nema þá að þær sjeu táknaðar með sjerstökum bókstaf, er greini þær hverja frá annari. 80

2. — Fylgibrjefið skal þar að auki stimplað af sendipósthúsinu, með stimpli, er sýni bæði hvar og hvenær sendingin er látin á póst.

3. — Bögglar með tilgreindu verði skulu ásamt fylgibrjefum sínum bera rauðan miða með áletraninni „Valeur déclarée“ með latneskum bókstöfum.

4. — Póstkröfubögglar skulu ásamt fylgibrjefum sínum bera rauðgulan miða eins og fyrirmynd D sýnir, sem fylgir starfsreglugerð aðalsamningsins.

5. — Hraðboðabögglar ásamt fylgibrjefum skulu stimplaðir eða útbúnir með miða er standi á með stóru letri orðið „Exprès“.

6. — Skyndibögglar og fylgibrjef þeirra skulu bera miða með greinilegri áletrun "Urgent".

7. — Þegar í bögglunum eru mótaðir peningar, gull- eða silfurmunir eða aðrir dýrgripir, skulu miðarnir, sem nefndir eru í 1., 3., 4., 5. og 6. lið hjer á undan, svo og frímerkin, ef þau eru límd á bögglana, sett á með millibili innbyrðis, til þess að ekki sje hægt að nota þau, til þess að hylja yfir skemdir á umbúðunum. Þau mega heldur ekki límast þannig á böggulinn, að þau þeki yfir rönd hans.

VIII.

Gjaldfrjálsir bögglar.

1. — Bögglar, sem eiga að afhendast viðtakendum gjaldfrjálsir eða aðeins tollfrjálsir, skulu hafa utanáskriftarmegin á bögglinum og á fylgibrjefinu litaðan miða, er standi á með greinilegu letri „Franc de tous droits“ eða „Franc de droits de douane seulement“. Sömu athugasemd skulu sendendur einnig skrifa á fylgibrjefin.

2. — Sjerhverjum böggli, sem sendur er „franc de droits“, skal fylgja frankóseðill eins og meðfylgjandi fyrirmynd E, búinn til úr pappa er skal vera gulur á lit, og fyllir sendipósthúsið út framhlið hans eins og segir til á eyðublaðinu.

Einn frankóseðil má nota fyrir alt að 3 almennum bögglum, sem koma frá sama sendanda, eru háðir sama burðargjaldi og eiga að fara til sama manns. Þetta ákvæði nær þó eigi til póstkröfuböggla eða böggla með tilgreindu verði, sem hver um sig skal hafa sinn sjerstaka frankóseðil. En annars er hverju landi heimilt, að krefjast sjerstaks frankóseðils fyrir hvern böggul frá eða til útlanda.

Frankóseðillinn skal vandlega festur við fylgibrjefið.

3. — Eftir afhendingu böggulsins til viðtakanda, útfyllir pósthúsið, sem framkvæmir tollafnámið fyrir reikning sendanda, þann hluta, sem því viðkemur, á bakhlið frankóseðilsins, og sendir hann svo með tilheyrandi fylgiskjölum í lokuðu umslagi, án tilgreiningar á innihaldi, til sendipósthúss böggulsins.

80 Sjerhver póststjórn hefur þó heimild til þess að láta sjerstök pósthús, sem hún tiltekur, framkvæma endursendingu á frankóseðlum, sem gjöld hvíla á, og krefjast þess, að seðlar, sem eru endursendir frá útlöndum, sjeu sendir til nánar ákveðins pósthúss. Skal þá sendipósthús böggulsins skrifa nafn þess pósthúss, sem seðlarnir eiga að fara til, á framhlið frankóseðilsins.

4. — Við móttöku frankóseðils með upplýsingum um gjöld þau, sem póstþjónusta móttökulandsins hefur lagt út, breytir sendipóststjórnin upphæð þessara gjalda í sína eigin mynt, eftir gengi því, sem hún sjálf ákveður, en sem þó ekki má fara fram úr gengi því, sem ákveðið er við útgáfu póstávísana til hlutaðeigandi lands. Hin breytta upphæð skal tilgreind bæði á stofni eyðublaðsins og afklippingi og undirskrifuð með nafni póstmanns þess, sem hefur gert breytinguna. Þegar búið er að innheimta upphæð gjaldanna, afhendir sendipósthúsið sendanda afklipping seðilsins, og ef til vill fylgiskjölin.

5. — Þegar sending með miðanum „franc de droit“ kemur til póstþjónustu ákvörðunarlandsins án frankóseðils, skal pósthús það, sem á að sjá um tollafnámið, búa út eftirrit af frankóseðlinum og gæta þess að setja nafn upprunalands sendingarinnar í staðinn fyrir nafn póststjórnar þeirrar, sem það sjálft heyrir undir. Þegar frankóseðill glatast eftir afhendingu á böggli, skal útbúa eftirrit á sama hátt.

6. — Frankóseðlar er eiga við sendingar, sem, einhverra hluta vegna eru endursendar til upprunalandsins, skulu gerðir ógildir undir eftirliti pósthússins, sem framkvæmir endursendinguna, og heftir við fylgibrjefin.

IX.

Hvernig póstbögglar skulu fluttir.

1. — Skifti á póstbögglum milli nágrannalanda, eða landa, sem standa í beinu sambandi hvort við annað með sjóferðum, skulu framkvæmd af þeim pósthúsum og á þeim stöðum, sem hlutaðeigandi póststjórnir ákveða til þess starfa.

2. — Í viðskiftum milli landa, sem aðskilin eru af einu eða fleiri löndum, sem liggja á milli, skulu póstbögglarnir fluttir eftir þeim leiðum, sem hlutaðeigandi póststjórnir verða ásáttar um; þeir skulu afhentir í stykkjatali til fyrstu milliliggjandi póststjórnar. Hlutaðeigandi póststjórnir geta orðið ásáttar um að skiftast á póstbögglum í stykkjatali eða í lokuðum pokum, körfum eða kössum, skráðum beina leið. Í því efni gera umræddar póststjórnir sameiginlega hinar nauðsynlegu ráðstafanir til póstbögglaviðskiftanna og tilhögunar á reikningsfærslunni.

3. — Þó er það skylda að senda póstböggla í lokuðum ílátum, þegar tala þeirra er svo há, að þeir eru til trafala fyrir starf einhverrar milliliggjandi póststjórnar, eftir hennar eigin umsögn.

Hin lokuðu ílát skulu endursend tóm til sendipóststjórnarinnar með

næsta pósti á eftir, nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna. 80
Kostnaðinum við körfur, poka og önnur lík ílát, sem nauðsynleg eru til póstbögglaviðskiftanna, skal skift jafnt milli póststjórnanna, sem nota þau í viðskiftum sínum, nema öðruvísi sje umsamið.

4. — Póststjórnir þær, sem taka þátt í skiftum á skyndibögglum, koma sjer saman um fljóta og, eftir því sem hægt er, beina leið fyrir þessa böggla; póststjórnirnar gera einnig sameiginlega hinar nauðsynlegu ráðstafanir viðvíkjandi reikningsfærslunni.

5. — Þegar póstbögglum er þjónustulega haldið eftir á leiðinni, annaðhvort af pósti eða tollyfirvöldum, skal biðja sendanda, á tilkynningu um óskilaböggul, um að gera nánari ráðstafanir. Þó er þetta skilyrði ekki sjálfsagt, ef um ofurefli er að ræða (vis major), svo sem verkföll, flóð o. s. frv.

X.

Bögglapóstskrá og innfærsla bögglanna á hana.

1. — Póstbögglarnir skulu innritaðir á bögglapóstskrá, eins og fyrirmynd F, sem fylgir reglugerðinni, sýnir, með öllum þeim sjerstöku athugasemdum, sem skráin gefur ástæðu til. Þó geta hlutaðeigandi póststjórnir orðið ásáttar um, að almennir bögglar sjeu innritaðir í einu á skrána, með aðalupphæð þóknananna, sem á að greiða. Fylgibrjef, póstkröfuávísanir, tollskrár, og, ef svo ber undir, önnur skilríki, sem krafist er, (svo sem vöruskrár, skírteini um uppruna, heilbrigði o. s. frv.), svo og seðlarnir E og móttökukvittanir, skal alt saman heft við skrána.

Milliliggjandi viðskiftapósthús eru ekki skyldug til þess, að endurskoða gögn þau, sem fylgja með bögglapóstskránum.

2. — Póstbögglar til eða frá herföngum skulu innritaðir á sömu skrá, en án nokkurrar þóknunar.

3. — Sje ekki öðruvísi ákveðið með viðskiftin sjóleiðis, skulu sendipósthúsin tölusetja bögglapóstskrárnar í efra vinstra horni, með áframhaldandi töluröð yfir árið, fyrir hvert sendipósthús og hvert ákvörðunarpósthús, og, að svo miklu leyti sem hægt er, geta nafns póstskipsins, sem flytur póstinn, fyrir ofan númerið. Síðasta númer frá liðnu ári skal fært á skrána yfir fyrsta flutning árið eftir.

XI.

Móttökukvittanir.

1. — Þegar beðið er um móttökukvittun fyrir póstböggli, skal sendipósthúsið skrifa greinilega á böggulinn og fylgibrjef hans athugasemdina „Avis de réception“ eða stimpla hann með stöfunum „A. R.“

80 2. — Móttökukvittunin er útbúin af sendipósthúsinu eða einhverju öðru pósthúsi, sem pósthús sendilandsins ákveður. Komi hún ekki til ákvörðunarpósthússins, er það skyldugt til þess, að útbúa nýja móttökukvittun.

Móttökukvittanirnar skulu vera á frönsku eða með þýðingu á því máli undir línunum.

3. — Þegar sendipósthúsið hefur útfylt móttökukvittunina, eins og vera ber, sendir það hana aftur opna og burðargjaldsfrjálsa til sendanda böggulsins.

4. — Þegar sendandi biður um móttökukvittun fyrir böggli, eftir að hann hefur verið látinn á póst, skrifar sendipósthúsið, á eyðublað undir móttökukvittun, nákvæma lýsingu á bögglinum (sendipósthús, dagsetningu, þegar hann er látinn á póst, númer, utanáskrift). Þetta eyðublað er síðan fest við fyrirspurnareyðublað eins og fyrirmynd N sýnir, og skal það áður útbúið með frímerkjum, er svari til taxta þess, sem nefndur er í 6. lið 5. greinar samningsins, og síðan farið með það eftir fyrirmælum XVI. greinar hjer á eftir, að því undanteknu, að hafi böggullinn, sem móttökukvittunin á við, verið reglulega afhentur, heldur ákvörðunarpósthúsið eyðublaði N eftir og sendir móttökukvittunina rjett útfylta til sendipósthússins, eins og nefnt er í 3. lið á undan.

5. — Ef móttökukvittun, sem sendandi hefir reglulega beðið um, um leið og hann skilaði bögglinum til flutnings. er ekki komin til sendipósthússins á rjettum tíma, skal spurst fyrir um hana eftir sömu reglum og nefndar eru í 4. lið hjer á undan. Sendipósthúsið skrifar þá efst orðin „Duplicata de l'avis de réception etc.“

XII.

Athugun í viðskiftapósthúsunum.

1. — Þegar viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins hefur tekið móti bögglapóstskránni, byrjar það þegar á að athuga póstbögglana og skjölin, sem rituð eru á skrána, og verði það vart við vöntun eða aðra ónákvæmni, gerir það athugasemd á eyðublaði, eins og fyrirmynd G. sýnir, er fylgir reglugerðinni, og fer að samkvæmt reglum þeim, sem gefnar eru í IX. grein starfsreglugerðar samningsins, um skifti á brjefum og öskjum með tilgreindu verði.

2. — Smá ónákvæmni viðvíkjandi rúmmáli, ummáli og þyngd svo og ónákvæmni, sem auðsjáanlega hefur enga ábyrgð í för með sjer fyrir hlutaðeigandi póststjórnir, skal aðeins tilkynna með leiðrjettingarskýrslu.

3. — Sjerhver mismunur, sem kann að finnast á upphæð þóknananna og afreikningunum, skal tilkyntur sendipósthúsinu með leiðrjettingarskýrslu. Viðurkendar leiðrjettingarskýrslur skal hefta við bögglapóstskrárnar, sem þær eiga við. Leiðrjettingar sem engin gögn fylgja, eru ekki teknar til greina af endurskoðuninni.

XIII. 80

Póstkröfubögglar.

1. — Póstkröfubögglar og fylgibrjef þeirra skulu utanáskriftarmegin bera áletranina „Remboursement“ skrifaða eða prentaða skýrt og greinilega, og þar á eftir póstkröfuupphæðina í mynt sendilandsins, með latneskum bókstöfum, án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þótt staðfest sje. Sendandi skal sömuleiðis með latneskum bókstöfum, skrifa nafn sitt og heimilisfang á böggulinn og bakhlið fylgibrjefsins.

2. — Hverjum póstkröfubögli skal fylgja póstkröfuávísun eins eða lík og fyrirmynd H sýnir, er fylgir reglugerðinni. Á póstkröfuávísun þessari, sem er heft við fylgibrjefið, skal standa upphæð póstkröfunnar í mynt upprunalandsins og auk þess, sem almenn regla, skal sendandi tilfærður sem viðtakandi ávísunarinnar. Þó getur hver póststjórn látið skrifa upprunapósthús böggulsins eða einhver önnur pósthúsa sinna, sem viðtakanda ávísana, er snerta sendingar, sem eru upprunnar frá hennar póstþjónustu. Afklippingur ávísunarinnar skal tilgreina nafn og heimili viðtakanda böggulsins, svo og staðinn og daginn, sem hann er látinn á póst.

3. — Nema öðruvísi sje ákveðið milli sendi- og ákvörðunarpóststjórnar, skal upphæð póstkröfuávísananna breytt í mynt ákvörðunarlandsins undir umsjá póststjórnarinnar þar, sem í því atriði notar sama gengi og hún er vön við póstávísanir til sendilands póstbögglanna.

4. — Jafnskjótt og póstkrafan er innheimt, skal ákvörðunarpósthúsið eða eitthvert annað pósthús, sem ákvörðunarpóststjórnin tiltekur, útfylla hlutann „Indications de service“ á póstkröfuávísuninni og senda hana síðan stimplaða með dagstimpli sínum, burðargjaldsfrítt eftir því, sem utanáskriftin segir til.

Póstkröfuávísanir eru útborgaðar eftir reglum, sem hver póststjórn setur til tryggingar því, að útborgunin komi sendendum bögglanna í hendur.

5. — Greiði viðtakandi ekki póstkröfuupphæðina innan sjö daga í viðskiftum milli Evrópulanda, og innan fimmtán daga í viðskiftum milli Evrópulanda og landa utan hennar, eða í viðskiftum milli hinna síðarnefndu, að telja frá næsta degi eftir komu böggulsins til ákvörðunarpósthússins, skal farið með böggulinn sem óskilasendingu samkvæmt ákvæðum 3. liðs XV. greinar í þessari reglugerð.

Frest þennan má lengja upp í 28 daga hæst hjá póststjórnum, þar sem innanlandslöggjöfin krefst þess. Þó getur sendandi gert athugasemd á máli, sem þekkist í ákvörðunarlandinu, og krafist þess að böggullinn sje tafarlaust endursendur eftir utanáskriftinni, ef viðtakandi neitar að greiða póstkröfuna við fyrstu tilkynningu.

Ávísanir sem snerta póstkröfuböggla, sem einhverra orsaka vegna, eru

80 endursendir til upprunastaðar síns, skulu gerðar ógildar af póststjórninni, sem endursendir bögglana.

6. — Þegar ávísanir, er snerta póstkröfuböggla, hafa verið sendar öfugt, hafa glatast eða eyðilagst áður en póstkrafan var innheimt, skal ákvörðunarpósthúsið útbúa eftirrit af þeim í nafni sendipósthússins.

Í staðinn fyrir póstkröfuávísanir, sem hafa verið sendar öfugt, hafa glatast eða eyðilagst, eftir að póstkrafan var innheimt, skulu á sama hátt koma eftirrit eða útborgunarheimild, þegar hvortveggja póststjórnanna hefur komist að raun um, að ávísunin hafi hvorki verið útborguð nje endurgreidd.

7. — Póstkröfuávísanir, sem viðtakendur hafa ekki krafist útborgunar á innan þess tíma, sem þær gilda, samkvæmt starfsreglugerð póstávísanasamningsins, skal farið með samkvæmt ákvæðum 2. og 3. liðs VIII. greinar í starfsreglugerð póstinnheimtusamningsins.

8. — Ákvæði 7. og 8. liðs í XIII. grein starfsreglugerðar aðalsamningsins um ávísanir, sem ekki verða afhentar viðtakendum eða sem þeir innheimta ekki, skulu einnig gilda í viðskiftunum með póstkröfuböggla.

XIV.

Áframsendar sendingar.

1. — Póstbögglar, sem eru áframsendir vegna þess að þeir hafa verið skakt sendir, skulu fluttir beinustu leið sem póststjórnin, er áframsendir, ræður yfir; ofannefnd póststjórn getur hvorki tekið af þeim tollgjöld nje önnur gjöld. Þegar áframsendingin hefur í för með sjer afhendingu á bögglinum á ný til póststjórnar sendilandsins, færir viðskiftapósthúsið, sem áframsendir, henni hinar mótteknu þóknanir til tekna, þegar það er búið að gera athugasemd um skekkjuna með leiðrjettingarskýrslu.

Aftur á móti ef upphæð sú, sem póststjórnin, er áframsendir, fær, er ófullnægjandi til þess að bæta upp kostnaðinn við áframsendinguna, sem henni ber, reiknar hún sjer mismuninn til tekna, með því að hækka upphæð þá, sem henni er færð til tekna á póstbögglaskránni frá viðskiftapósthúsi sendilandsins. Ástæðan til þessarar leiðrjettingar skal tilkynnt ofannefndu pósthúsi með leiðrjettingarskýrslu.

Þegar böggull hefur verið skakt sendur sakir vangár póstmanna, og verður þess vegna að sendast aftur til sendilandsins, eða ef viðskiftapósthúsið í inngangslandinu kemst að því, á meðan að á viðskiftunum stendur, að eitthvað af forboðum þeim, sem ræðir um í 15. grein samningsins, hefur verið brotið, skal farið að á sama hátt og ef afhenda ætti böggulinn á ný póststjórn sendilandsins, vegna þess að hann væri skakt sendur.

2. — Fyrir póstböggla, sem áframsendir eru sakir þess að viðtakendur hafa skift um bústað, eða sakir vangár af sendanda hálfu, skal póststjórnin, sem

afhendir, taka, á kostnað viðtakanda, burðargjald, er nemi hluta þeim, sem henni ber, hluta póststjórnarinnar sem áframsendir, og hluta milliliggjandi póststjórna, ef nokkrar eru. 80

Póststjórnin, sem áframsendir, færir sjer sinn hlut til tekna hjá milliliggjandi póststjórn eða hjá póststjórn hins nýja ákvörðunarlands. Ef landið, sem áframsendir, og hið nýja ákvörðunarland eru ekki nágrannalönd, færir fyrsta milliliggjandi póststjórn, sem tekur við áframsendum böggli, sjer upphæð þá, sem henni ber í sinn hlut, og hluta póststjórnarinnar sem áframsendir, til tekna hjá þeirri póststjórn, sem hún afhendir sendinguna; þessi póststjórn endurtekur svo, ef hún að eins liggur á milli, aðferðina gagnvart næstu póststjórn og færir sjer til tekna sinn hluta ásamt þeim sem henni hefur verið fært til reiknings af póststjórninni á undan. Þessari aðferð er svo haldið áfram milli allra póststjórnanna, er taka þátt í flutningnum, þangað til póstböggullinn kemur til afhendingarpóststjórnarinnar.

Ef burðargjald það, sem á að greiða í viðbót fyrir áframsendan póstböggul, er greitt um leið og áframsendingin hefst, skal aftur á móti farið með böggulinn, eins og skrifað væri utan á hann beina leið frá landinu, sem áframsendir, til ákvörðunarlandsins, og afhentur viðtakanda, án þess að hann sje krafinn um nokkuð póstgjald.

3. — Póstkröfuböggla má áframsenda, ef hið nýja ákvörðunarland hefur póstkröfubögglaviðskifti við sendilandið. Þegar áframsending fer fram á póstkröfuböggli, skulu póstkröfuávísanirnar, sem hafa verið útbúnar í sendilandinu, fylgja honum. Hin nýja ákvörðunarpóststjórn fer að með innheimtu og skil á póstkröfuupphæðinni, eins og böggullinn hefði verið sendur beint til hennar.

4. — Bögglarnir skulu áframsendir í hinum upprunalegu umbúðum sínum og með fylgibrjefunum, sem sendilandið hefur gefið út. Verði einhverra hluta vegna að búa um böggul á ný eða endurnýja fylgibrjefið, verður nafnið á pósthúsinu, sem böggullinn er upprunalega sendur frá, svo og hið upprunalega innritunarnúmer, að vera bæði á bögglinum og fylgibrjefinu.

XV.

Póstbögglar, sem ekki verður komið til skila.

1 — Þegar sendendur böggla, sem ekki verður komið til skila, hafa ekki tilgreint á bakhlið fylgibrjefsins og á bögglinum sjálfum, hvernig fara eigi með sendinguna, skal ákvörðunarpóststjórn senda sendipóststjórn tilkynningu, eins fljótt og unt er, um böggla þá, sem ekki verður komið til skila. Til þess er notað eyðublað, eins og meðfylgjandi fyrirmynd J. sýnir, prentað á frönsku, eða með neðanlínuþýðingu á því máli. Sendandi getur aðeins tekið einhverja eina ákvörðun af þeim, sem nefndar eru í 2. lið næst á eftir, um, hvernig með böggulinn skuli farið.

80 Sem almenn regla gildir, að tilkynningar um óskilaböggla sjeu sendar milli ákvörðunar- og sendipósthúss. Þó getur hver póststjórn krafist þess, að tilkynningar, er snerta hennar þjónustu, sjeu sendar til aðalstjórnarinnar, eða til einhvers pósthúss, sem hún nánar tiltekur. Tilkynningin um óskilaböggul skal, ef svo ber undir, greina upphæð tollgjalda, og annara gjalda, sem á bögglinum hvíla, svo og þau gjöld, sem kunna að falla á hann við áframhaldandi geymslu.

Þegar póstbögglar, sem óskilatilkynning hefur verið send um, eru afhentir eða áframsendir áður en skeyti er komið frá sendanda um, hvað gera skuli við böggulinn, skal sendipósthúsinu tilkynt það þegar í stað, vegna sendanda. Eftir að ákvarðanir sendanda, um, hvað gera skuli við böggulinn, eru komnar, eru þær einar gildandi, og skulu takast til greina.

2. — Sendandi óskilabögguls getur krafist:

a) að böggullinn sje sjer endursendur þegar í stað;
b) að utanáskrift böggulsins sje breytt eða hún gerð fullkomnari;
c) að böggullinn sje afhentur öðrum viðtakanda, eða að hann sje áframsendur á annan ákvörðunarstað, og sje þar afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni;
d) að hinum upprunalega viðtakanda sje gert aðvart enn þá einusinni;
e) að böggullinn sje seldur á ábyrgð og áhættu sendanda, eða farið með hann sem yfirgefinn;
f) að böggullinn, ef póstkrafa hvílir á honum, sje afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, eða gegn greiðslu á lægri upphæð, en þeirri, sem fyrst hefur verið tilgreind. Aðferð sú er nota skal við ógildingu eða breytingu á póstkröfuávísuninni, er sú sama, og nefnd er í 2. lið XVII. greinar hjer á eftir.
g) að böggullinn sje afhentur viðtakanda án greiðslu á tollgjöldum og öðrum gjöldum, sem á honum hvíla.

Ef sendandi svarar alls ekki eða lætur í ljósi óskir, sem ekki geta samrýmst beiðni þeirri um upplýsingar, sem sendipósthúsið hefur sent honum, er ákvörðunarpóststjórnin ekki skyld að senda nýja tilkynningu; þá er böggullinn endursendur honum, þegar frestur sá, sem ákveðinn er í 3. lið hjer á eftir, er útrunninn. Sama gildir og, ef sendandi neitar að taka við óskilatilkynningunni eða að greiða þóknun þá, sem nefnd er í 6. lið 5. greinar samningsins.

Póstböggla þá, sem einhverra orsaka vegna hefur ekki verið hægt að afhenda viðtakendum, og sendendur hafa algerlega afsalað sjer, skal ákvörðunarpóststjórnin ekki endursenda, heldur fer hún með þá eins og innanlandslöggjöf hennar segir.

3. — Ef ákvörðunarpósthúsið hefur ekki fengið fullnægjandi upplýsingar innan eins mánaðar að telja frá því, er tilkynningin var send, skal endursenda böggulinn til sendipósthússins. Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði í viðskiftum við lönd utan Evrópu.

Bögglar, sem geymdir eru til frekari ráðstafana frá viðtakanda hálfu, eða sendir „poste restante", álítast óskilabögglar, eftir að geymslufresturinn, eins og hann er ákveðinn í reglugerðum ákvörðunarlandsins, er runninn út, án þess þó að tjeður frestur megi fara fram úr fjórum mánuðum í viðskiftum við lönd utan Evrópu, og einum mánuði í öðrum viðskiftum. 80

Endursending á bögglinum skal fara fram þegar í stað, ef fyrirmæli sendanda, sem hann annaðhvort hefur skrifað áður á fylgibrjefið, eða sem svar við óskilatilkynningu fyrirmynd J., hafa ekki orðið framkvæmd nje leitt til afhendingar á bögglinum. Hafi sendandi bætt við hina nýju ráðstöfun sína, vara-fyrirmælum (annari utanáskrift o. s. frv.), skal böggullinn ekki endursendur fyr en þessi vararáðstöfun hefur verið reynd og borið engan árangur.

4. — Nú er viðtakandi bögguls farinn til lands, sem ekki hefur skrifað undir póstbögglasamninginn, og skal þá böggullinn álitinn óskilaböggull, nema fyrsta ákvörðunarland sjái sjer fært að senda hann áfram.

Bögglar, sem eru endursendir sendanda, eru færðir á bögglapóstskrána með athugasemdum „Rebuts" í athugasemdadálkinum. Með þá skal farið og tekið gjald fyrir þá eins og böggla, sem eru áframsendir, sakir þess að viðtakandi hefur skift um bústað.

Ef á bögglunum hvíla önnur gjöld en endursendingargjöldin, skal sundurliðun yfir gjöldin fylgja með fylgibrjefinu.

5. — Hluti, sem hætt er við að gangi úr sjer, eða skemmist, má selja þegar í stað, jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undangenginnar tilkynningar til sendanda, og án lögformlegra afara, til ágóða fyrir rjettan hlutaðeiganda. Sje einhverra orsaka vegna ekki hægt að framkvæma söluna, skulu hinir skemdu eða úr sjer gengnu hlutir eyðilagðir. Skýrslu skal taka um söluna eða ef hlutirnir eru eyðilagðir.

Afrit af skýrslu þessari skal síðan senda sendipósthúsinu, ásamt fylgibrjefi sendingarinnar.

Andvirði þess selda skal fyrst og fremst notað til þess að greiða gjöld þau, sem hvíla á bögglinum. Ef einhver afgangur verður, skal það sent sendipósthúsinu til afhendingar sendanda, sem greiðir kostnaðinn við sendinguna. Gjöld þau, sem ekki nást inn með sölunni, hvíla á sendanda, og færast sendipóststjórninni til reiknings.

XVI.

Fyrirspurnir.

1. — Undir fyrirspurnir um póstböggla og póstkröfuávísanir, sem ekki hafa komið til baka, skal nota eyðublað, eins og eða líkt og fyrirmynd N, er fylgir með þessari reglugerð. Póststjórn sendilandsins sendir eyðublað þetta beina leið til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

80 2. — Í viðskiftum við lönd utan Evrópu og í viðskiftum milli þessara landa innbyrðis, skal fyrirspurnin þó send frá einu pósthúsi til annars, og fylgja sömu leið og sendingin, sem spurst er fyrir um.

3. — Þegar ákvörðunarpóststjórnin, í tilfelli eins og nefnt er í fyrsta lið, getur gefið upplýsingar um endanleg afdrif böggulsins, sem spurt er um, eða póstkröfuávísunarinnar, endursendir hún eyðublaðið, með viðeigandi upplýsingum til baka til sendipóststjórnarinnar.

Þegar póstþjónustan í ákvörðunarlandinu getur ekki komist fyrir afdrif bögguls, sem sendur hefur verið um margar milliliggjandi póststjórnir, endursendir póststjórn ákvörðunarlandsins eyðublaðið til póststjórnar sendilandsins. Þessi póststjórn útfyllir eyðublaðið betur, með því að skýra nákvæmlega frá flutningnum til fyrstu milliliggjandi póststjórnar, og sendir það til hennar, sem síðan staðfestir upplýsingarnar á eyðublaðinu, og sendir það, ef svo ber undir, til næstu póststjórnar. Fyrirspurnin gengur þannig frá einni póststjórn til annarar, alt þangað til að upplýst er um afdrif sendingarinnar. Póststjórn sú, sem framkvæmt hefur afhendinguna til sendanda, eða, sem ef til vill, hvorki getur gert grein fyrir afhendingu nje reglulegri áframsendingu til annarar póststjórnar, gerir athugasemd um það á eyðublaðið, og sendir það aftur til sendipóststjórnarinnar.

4. — Í tilfelli eins og nefnt er í 2. lið hjer að framan, fara rannsóknirnar fram frá sendipóststjórn, alla leið til ákvörðunarpóststjórnar. Sjerhver póststjórn tilfærir á eyðublaðið upplýsingar um flutninginn til næstu póststjórnar, og sendir henni síðan eyðublaðið. Ef ekki er hægt að gera grein fyrir flutningnum til næstu póststjórnar, skal eyðublaðið sent til póststjórnar ákvörðunarlandsins. Póststjórn sú, sem hefur framkvæmt afhendinguna til sendanda, eða sem ef til vill hvorki getur gert grein fyrir afhendingu nje reglulegri áframsendingu til annarar póststjórnar, gerir athugasemd um það á eyðublaðið, og sendir það aftur til sendipóststjórnarinnar.

5. — Eyðublöðin skulu prentuð á frönsku, eða hafa neðanlínuþýðingu á þeirri tungu. Þeim skal, að svo miklu leyti sem unt er, fylgja líking af utanáskriftinni, og skulu þau send í lokuðu umslagi, en án þess brjef fylgi. Með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar getur hver póststjórn heimtað að fyrirspurnir, er snerta hennar þjónustu, sjeu sendar til aðalskrifstofu sinnar, til pósthúss, sem hún nánar tiltekur, eða þá beint til ákvörðunarpósthússins, eða, ef hún er aðeins milliliggjandi, til viðskiftapósthúss þess, sem sendingin hefur verið send til.

XVII. 80

Beiðni um afturköllun, um breytingu á utanáskrift, um lækkun á póstkröfuupphæð.

1. — Beiðni um afturköllun á póstbögglum og um breytingu á utanáskriftinni, fer eftir reglum þeim og ákvæðum, sem nefnd eru í XXX. grein starfsreglugerðar aðalsamningsins.

2. — Ef beðið er um lækkun að nokkru leyti á póstkröfuupphæð, sem hvílir á póstböggli, verður ný póstkröfuávísun fyrir hinni lækkuðu upphæð að fylgja beiðninni.

Póstkröfuávísanir þær, sem eru gerðar ógildar eða aðrar koma í staðinn fyrir, skulu eyðilagðar undir umsjá póststjórnar ákvörðunarlands bögglanna.

XVIII.

Reikningsviðskifti.

1. — Sjerhver póststjórn lætur búa til mánaðarlega, á hverju viðskiftapósthúsi sínu, og yfir allar sendingar, sem það hefur tekið við frá viðskiftapósthúsum einnar og sömu póststjórnar, yfirlit, eins og fyrirmynd K, sýnir, sem fylgir þessari reglugerð, yfir upphæðirnar á hverri bögglapóstskrá, sumpart sjer til tekna, fyrir sinn hluta og hluta annara póststjórna, ef nokkrar eru, af burðargjaldi því, sem sendipóststjórnin tekur, sumpart sjer til skuldar, fyrir hluta póststjórnarinnar, sem áframsendir, og hluta milliliggjandi póststjórna, ef um áframsendar eða óskilasendingar er að ræða, af gjöldum þeim, sem á að innheimta hjá viðtakendum.

2. — Yfirlitin K eru síðan af sömu póststjórn endurtekin á reikningi L, og fylgir fyrirmynd hans einnig þessari reglugerð.

3. — Reikningur þessi, ásamt hinum sjerstöku yfirlitum, póstbögglaskrám og, ef til kemur, tilheyrandi leiðrjettingarskýrslum, skal síðan sendur hlutaðeigandi póststjórn til endurskoðunar í næsta mánuði á eftir þeim, sem reikningurinn á við.

Aðalupphæðirnar má aldrei leiðrjetta. Villur, sem fyrir kunna að koma, skulu teknar upp á sjerstakar skrár.

4. — Þegar mánaðarreikningarnir hafa verið endurskoðaðir og staðfestir af báðum aðilum, skal sú póststjórnin, sem á inni, taka þá saman á ársfjórðungsreikning. Hlutaðeigandi póststjórnir geta þó orðið ásáttar um að búa þennan aðalreikning út aðeins á hálfs árs eða árs fresti.

5. — Reikningsjöfnuðurinn, sem kemur út við afreikning milli tveggja póststjórna, skal greiddur af hinni skuldugu póststjórn til þeirrar, sem á inni, eins og segir í 1. lið XXXVI. greinar í starfsreglugerð aðalsamningsins og í lokaákvæðum sömu reglugerðar.

80 6. — Tilbúningur, sending og borgun reikninganna skal framkvæmt eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan loka næsta ársfjórðungs á eftir. Þegar þessi frestur er liðinn, skal af þeim upphæðum, sem ein póststjórn skuldar annari, reikna 7% ársvexti að telja frá þeim degi, er ofangreindur frestur rennur út.

7. — Hlutaðeigandi póststjórnum er þó veitt heimild til þess, að koma sjer saman um aðra tilhögun á reikningsviðskiftum sínum, en segir í þessari grein.

XIX.

Reikningsskil á póstkröfunum.

1. — Nema öðruvísi sje ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, fer afreikningur, viðvíkjandi póstkröfuupphæðum, sem hver póststjórn hefur útborgað fyrir reikning annarar póststjórnar, fram með viðbótarreikningi við hina sjerstöku reikninga (fyrirmynd M, sem hjer með fylgir) yfir póstávísanir frá póststjórn þeirri, sem á inni, til hlutaðeigandi póststjórnar.

2. — Á þessum póstkröfureikningum skulu ávísanirnar, sem eiga að fylgja með útborgaðar og kvittaðar, færðar inn eftir stafrófsröð útgáfupósthúsanna, og eftir röð, eins og þær eru færðar inn í bækur pósthúsanna. Í reikningslok dregur svo sú póststjórn, sem býr til reikninginn, frá aðalupphæðinni, sem hún á inni, ½%, sem innheimtuþóknun, er fellur til hlutaðeigandi póststjórnar.

3. — Lokaupphæðinni á hinum sjerstaka póstkröfureikningi er síðan, ef hægt er, bætt við lokaupphæð ávísanareikningsins yfir sama tímabil. Endurskoðun og greiðsla á þessum reikningum fer eftir reglum þeim, sem settar eru fyrir reikningsskilum póstávísana í starfsreglugerð póstávísanasamningsins.

XX.

Reikningsskil á gjöldum, sem standa á frankóseðlum.

1. — Reikningsskil, er snerta tollgjöld o. s. frv. og lögð eru út af einni póststjórn fyrir reikning annarar, fara fram með sjerstökum mánaðarreikningum, eins og meðfylgjandi fyrirmynd E bis sýnir, og eru þeir búnir út í mynt landsins, sem á til góða, af póststjórninni, sem skuldar.

Frankóseðlarnir eru færðir á reikninginn eftir stafrófsröð pósthúsanna, sem hafa annast tollafnámið, og í þeirri töluröð, sem þessi pósthús hafa merkt þá.

2. — Hinn sjerstaki reikningur, ásamt viðurkendum seðlum, er síðan sendur póststjórn þeirri, sem á inni, í síðasta lagi fyrir lok næsta mánaðar á eftir þeim, sem reikningurinn á við. Neikvæðir reikningar eru ekki búnir til.

3. — Endurskoðun á afreikningunum fer fram eftir reglum þeim, sem

settar eru um reikningsskil póstávísana í starfsreglugerð póstávísanasamn- 80
ingsins.

4. — Afreikningar á tollgjöldum gera ráð fyrir sjerstakri greiðslu. Þó má í viðskiftum við þær póststjórnir, sem óska þess, bæta þeim við póstávísanareikninga eða reikninga L eða M þessara póststjórna.

XXI.

Upplýsingar viðvíkandi póstbögglaviðskiftunum.

1. — Fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar og að minsta kosti 3 mánuðum áður en samningurinn gengur í gildi, senda póststjórnirnar hver annari eftirfarandi upplýsingar:

a) ákvæði þau, sem þær hafa sett, að því er snertir þyngdartakmörk, tilgreint verð, rúmfreka böggla, póstkröfur, hve marga böggla megi senda með einni tollskrá og hvort leyft sje að gera skriflegar athugasemdir á fylgibrjefið;
b) takmörkin, ef nokkur eru, fyrir ummáli og rúmmáli eins og segir í 2. lið III. greinar í reglugerðinni;
c) burðargjald það, sem samkvæmt 5. grein póstbögglasamningsins og I. grein reglugerðarinnar, er tekið fyrir póstböggla í viðskiftum þeirra við hin löndin hvert um sig, sem hafa skrifað undir samninginn;
d) endastöðvagjaldið á póstbögglum;
e) nöfnin á þeim pósthúsum eða stöðvum, sem taka þátt í póstbögglaviðskiftunum, eða tilkynningu um að öll pósthús taki þátt í starfinu;
f) útdrátt á þýsku, ensku, spönsku eða frönsku af ákvæðum þeim, sem gilda samkvæmt innanlands lögum þeirra eða reglugerðum, um flutning á póstbögglum.

2. — Sjerhver breyting, sem seinna kann að verða á einhverju hinna ofannefndu ákvæða, skal þegar í stað tilkynt á sama hátt.

XXII.

Frumvörp til breytinga á starfsreglugerðinni.

1. — Á tímabilinu milli póstþinganna, sem nefnd eru í 27. grein aðalsamningsins, hefir sjerhver póststjórn samningslandanna rjett til þess að senda öðrum samningspóststjórnum, um alþjóðaskrifstofuna, frumvörp, er snerta ákvæði þessarar reglugerðar.

2. — Með sjerhvert frumvarp skal farið eins og segir í XLIV. grein starfsreglugerðar aðalsamningsins.

3. — Til þess að öðlast gildi verða frumvörpin að fá:

a) öll greidd atkvæði, ef um er að ræða viðbót á nýjum ákvæðum eða breytingu á ákvæðunum í þessari grein eða XXIII. grein;

80 b) tvo þriðju greiddra atkvæða, ef um er að ræða breytingar á ákvæðunum í II., III., IV., V., VI., VII., IX., X., XI., XII., XIII. XIV., og XV grein;

c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingar á öðrum greinum eða skilning á hinum ýmsu ákvæðum reglugerðarinnar, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem nefnt er í 25. grein aðalsamningsins.

4. — Hinar samþyktu tillögur skulu staðfestar með vanalegri tilkynningu frá alþjóðaskrifstofunni til allra samningspóststjórna.

5. — Sjerhver breyting eða ákvörðun gengur ekki í gildi fyr en 3 mánuðum eftir tilkynningu, að minsta kosti.

XXIII.

Gildi reglugerðarinnar.

Reglugerð þessi gengur í gildi sama dag og sjálfur samningurinn gengur í gildi. Hún skal og gilda jafnlengi og samningurinn, nema hún verði endurnýjuð eftir sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðila.

Samin í Madrid þrítugasta nóvember nítján hundruð og tuttugu.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstinnheimtusamningur.

80

Arrangement

concernant

le service des recouvrements

conclu entre

l'Allemagne, l'Autriche, la Belgique, le Chili, la Chine, le Danemark, l'Égypte, l'Éthiopie, la France, l'Algérie, la Grèce, la Hongrie, l'Islande, l'Italie et les Colonies Italiennes, le Luxembourg, le Maroc (à l'exclusion de la Zone Espagnole), le Maroc (Zone Espagnole), la Norvège, les Pays-Bas, les Indes Néerlandaises, les Colonies Néerlandaises en Amérique, la Pologne, le Portugal, les Colonies Portugaises de l'Afrique, les Colonies Portugaises de l'Asie et de l'Océanie, la Roumanie, la République de St-Marin, le Territoire de la Sarre, le Royaume des Serbes, Croates et Slovènes, la Suède, la Suisse, la Tchécoslovaquie, la Tunisie et la Turquie.

Les soussignés, plénipotentiaires des Gouvernements des pays ci-dessus dénommés, vu l'article 21 de la Convention principale, ont, d'un commun accord et sous réserve de ratification, arrêté l'Arrangement suivant:

Article 1.

Dispositions préliminaires.

L'échange des valeurs à recouvrer par la poste entre ceux des pays contractants dont les Administrations postales conviennent de se charger réciproquement de ce service, est régi par les disposisitions du présent Arrangement.

Article 2.

Papiers admis à l'encaissement; maximum du montant; protêts.

1. — Sont admis à l'encaissement les quittances, factures, billets à ordre, traites, coupons d'intérêts et de dividendes, titres amortis, et généralement toutes

80

Samningur

um

póstinnheimtuskifti

gerður milli

Þýskalands; Austurríkis; Belgíu; Chili; Kína; Danmerkur; Egyptalands; Etiópíu; Frakklands; Algiers; Grikklands; Ungverjalands; Íslands; Ítalíu og ítalskra nýlenda; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spanska hlutanum); Marokkó (spanski hlutinn); Noregs; Hollands; Hollenskra Indía; Hollenskra nýlenda í Ameríku; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlenda í Afríku; Hinna portúgölsku nýlenda í Asíu og Ástralíu; Rúmeníu; Lýðveldsins San Marino; Saarhjeraðsins; Konungsríkis Serba, Króata og Slóvena; Svíþjóðar; Sviss; Tjekkoslovakíu; Tunis og Tyrklands.

Samkvæmt 21. grein aðalsamningsins, hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofangreindum löndum í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftirfarandi samning:

1. grein.

Byrjunarákvæði.

Skifti á póstinnheimtum milli þeirra samningslanda, þar sem póststjórnirnar koma sjer saman um að hafa þau, skulu framkvæmd eftir ákvæðum þessa samnings.

2. grein.

Hvaða kröfur eru leyfðar til innheimtu. — Hámark upphæðar. Afsagnir.

1. — Til innheimtu eru leyfðar kvittanir, reikningar, ávísanir, víxlar, vaxtamiðar, arðmiðar, verðbrjef fallin í gjalddaga, og vanalega allar verslunar-

80 les valeurs commerciales ou autres, payables sans frais, et dont le montant total par envoi n'excède pas le maximum des mandats de poste émis par le pays de destination.

Les Administrations des postes de deux pays correspondants peuvent, d'un commun accord, adopter un maximum plus élevé.

Fyrirspurn um almennar sendingar XXVIII.
— um ábyrgðarsendingar (sjá: *Ábyrgðarsendingar*).
Gagnkvæmir reikningar. Reikningsskil á grundvelli gullfrankans, 12, síðasta málsgrein.
Gerðardómur 25.
Geymslugjald 4, § 4.
Gildi aðalsamningsins 30. VII (L A).
Gildi starfsreglugerðarinnar XLV.
Góðgerðamerki XI, § 6.
Gullfranki 12.
Herfangar 13, § 4.
Herskip. Skifti á lokuðum póst við — 17; XXIV.
Herskyldir menn vistaðir í hlutlausu landi 13, § 4, 3. málsgrein.
Hlutir, sem leyft er að mælt sje með (sjá: *Ábyrgðarsendingar*).
Hraðboðasendingar 15.
—— Flutningur á þeim XXI.

Hvenær aðalsamningurinn gengur í gildi 30. 80
Hvernig senda skal póstinn I.
Indverski póstur. Eingöngu sjerstakur flutningur III.
Innanlandslöggjöf 23, § 1.
Jafngildi. Fastákveðið — peninga í hlutfalli við gullfranka fyrir burðargjald og reikningsskil 12; II (L A); IV.
Jafngildistafla (sjá: *Tafla yfir jafngildi*).
Leið (sjá: *Hverning senda skal póstinn*).
Leiðrjetting á utanáskrift (sjá: *Afturköllun sendinga*).
Loka-ákvæði aðalsamningsins I—VII (L A).
—— starfsreglugerðarinnar I—VI (L S).
Lokaðir póstpokar (sjá: *Skifti á lokuðum póstpokum*).
Lönd í sambandinu, síða 1.
Lönd utan sambandsins (sjá: *Viðskifti við —*).
Meðferð á póstflutningnum XXII.
Meðmæling (sjá *Ábyrgðarsendingar*).
Meðmælingargjald (sjá: *Ábyrgðarsendingar*).
Miðstöð reikningsfærslu og greiðslujafnaðar o. s. frv. (sjá: *Alþjóðaskrifstofan*).
Minni póstsambönd 23, § 2.
Móttökukvittun 7, § 3; XII.
Nýja Sjáland. Atkvæði í sambandinu V (L. A).
Nýlendur og vernduð lönd í sambandinu 29; V (L A).
Notkun stimpla IX.
Poste restante sendingar 6, § 2, 3. málsgrein; XI, § 1, 2. málsgrein.
Póstflutningar. Meðferð XXII.
—— milli nágrannalanda. Póststarf þriðja lands 3.
—— Sendingar í stykkjatali 4, § 5; XXXIV.
Póstfrímerki og merki með frímerkingarstimpli VI; V (L S).
Póstkröfusendingar (sjá: *Ábyrgðarsendingar*).
Póstskip. Reglur og athafnir við komu og burtför 3, § 3.
Póststarf þriðja lands 3, § 2.
Póstþing og póstfundir 27.
Prentað mál allskonar 6, § 1, 3° og § 7; XVII.
Prentað mál fyrir blinda menn 6, § 1, 3° 3. málsgrein og § 7, 2. málsgrein.
Rebuts; áframsending 16; XXVII.
Reglur og athafnir við komu og burtför póstskipa (sjá: *Póstskip*).
Samanblandaðar sendingar XVIII.
Samningar. Sjerstakir — milli póststjórna 22, § 2
— Sjarstakir — um tegundir sendinga 21.
Samning eyðublaða; tunga XLII.
Samþykt á aðalsamningnum seinna 26, VI (L A).

80 Sendingar. Áframsendar — 16, XXVI.
— í stykkjatali 4, § 5; XXXIV.
— látnar á póst í rúmsjó 13, § 5.
— sem ekki verður komið til skila (sjá: *Rebuts*).
— útbúnar sem sívalningur (sjá: *Sívalningur*).
Sendingatalning almenn XXXIX.
—— til útreiknings á transítgjöldum XXXII, VI (L S).
Sendiskrár XIX.
Sívalningur. Sendingar útbúnar sem — 6, §§ 5—7.
Sjerstakir flutningar (sjá: *Flutningar*).
Skifti á lokuðum póstpokum 4, § 3; II; XXXIII.
— á lokuðum póstpokum við herskip (sjá: *Herskip*).
Skilríkisbœkur. Gildi IV (L S).
Skilríkisspjöld 9; XXV.
Skyldufrímerking 6, § 4, 2. málsgrein; III (L A).
Spjaldbrjef með borguðu svari. Heimild til þess að leyfa þau ekki III (L A) 3. málsgrein.
Starfsreglugerð 22, § 1.
Stimpla- og frímerkjafölsun 20; XXXI.
Stimplun sendinga IX.
Stærð brjefasendinga 6; §§ 5—7.
Svarmerki 13, § 2; VII; II og III (L S).
Svæði póstsambandsins XLIII.
Sýnishorn 6: § 1, 3° og § 6 XVI.

Tafla yfir jafngildi IV, § 1, 2. málsgrein.
Tegundir sendinga, sem sjerstakir samningar eru um (sjá: *Samningar*).
Transít (sjá: *Transítgjöld*).
— Heimiluð — 4, § 1.
— og geymslugjöld 4.
Transítgjöld. Aðalreikningur yfir — 4, § 8.
— Borgun á þeim XXXVI; I (L S).
— fyrir lokaðan póstflutning, sem skifst er á við herskip 17, § 3.
— Lönd utan póstsambandsins 19, § 1, 3° og §§ 2—5.
— Reikningur yfir — XXXV.
— Sendingatalning til útreiknings á þeim XXXII; VI (L S).
Tunga. Samning eyðublaða o. s. frv. XLII.

Undantekningar frá þyngdarmörkunum V.
Umslög, gagnsæ og með gagnsærri rúðu XI, § 2.
Upplýsingar. Beiðni um — 7, § 3.
Utanáskrift með blýanti XI, § 1.
Útbúnaður almennra og ábyrgðarsendinga XI.

Vanborgað eða óborgað burðargjald 6, § 3; X. 80
Verð. Prent, sem notað er til þess að tákna — Burðargjald 6, § 8.
Vernduð lönd (sjá: *Nýlendur og —í sambandinu*).
Verslunarskjöl 6, § 1, 3° og § 7; XV.
Viðskifti við lönd utan sambandsins 19; VIII.
Þyngd brjefa o. s. frv. 6, §§ 5—7.
Þyngdarmörk. Undantekningar á þeim V.

II. Verðbrjefasamningurinn og starfsreglugerð hans.

L = Loka-ákvæði.

Afnám eldri ákvæða 18, § 2.
Afturköllun. Beiðni um — 8, § 1; IV.
Alþjóðaskrifstofa. Tilkynning og upplýsingar XV.
Athugun á pökkunum IX.
Ábyrgð 12; XI.
Ábyrgðar- og burðargjald 4; II (L).
Áframsending 10; X.
Bannaðir hlutir 9.
Breyting á utanáskrift 8, § 1; IV.
Brjefapakkar. Meðferð þeirra VIII.
Burðargjald 5.
— frítt 6.
Burðar- og ábyrgðargjald 4.
Flutningur sendinga 3; VII.
Forboð 9.
Framsetning skaðabótakröfu 12; § 6.
Frumvörp milli póstþinga 17; XVI.
Fullgildingar 18, § 3.
Fyrirspurnir um sendingar, sem ekki hafa komið fram XII.
Gildi samningsins og starfsreglugerðarinnar 18, § 1; XVII.
Gjöld til ríkissjóðs og prófunarkostnaður 11, § 2.
Greiðsla á reikningsjöfnuðum XIV.
Hámark hins tilgreinda verðs 1, § 3; I (L).
Hámarksþyngd fyrir öskjur 1, § 2.
Hraðboðasendingar 8, § 2; IV.
Hvernig skiftunum skal hagað I.
Innanlandslöggjöf 13, § 1.
Loka-ákvæði I og II (L).
Lækkun á póstkröfuupphæðum 8, § 1, 2. málsgrein.
Minni póstsambönd 13, § 2.

80 Móttökukvittun og beiðni um upplýsingar 7; IV.
Pósthús, er taka þátt í starfinu I, § 3.
Póstkröfusendingar 2; IV, 2. málsgrein.
Prófunarkostnaður 11, § 2.
Rebuts X.
Reikningsjöfnuðir. Greiðsla á þeim XIV.
Reikningsskil XIV.
Samningar. Sjerstakir — 13, § 2.
Sendingatalning XIV.
Sjerstakir samningar 13, § 2.
Starfsreglugerð 16.
Stimpilgjöld 11, § 1.
Stimplun VI, §§ 2 og 3.
Stöðvun á viðskiftunum um stundarsakir 14.
Svið samningsins 1.
Tilgreining. Sviksamleg — verðs V.
— verðs. Hámark 1, § 3; I (L).
Tilkynningar og upplýsingar (sjá: *Alþjóðaskrifstofan*).
Tollgjöld 11, § 1; 13, § 3; III, § 4.
Tollskrár III, § 3.
Transítgjöld XIII.
Transít. Heimiluð — 3, § 1.
Upplýsingar. Beiðni um — 7.
Utanáskrift 8, § 1; IV.
Verðbrjefaskrár VIII.
Verðsendingar. Hvar þær skulu látnar í póstinn VIII.
Verðupphæð. Tilgreining III, §§ 1 og 2.
Viðskiftin. Stöðvun á þeim um stundarsakir 14.
Ytri frágangur sendinga II.
Ýmiskonar ónákvæmni IX.
Þátttaka 15.
Þyngd sendinga. Tilgreining VI, § 1.

III. Póstávísanasamningurinn og starfsreglugerð hans.

L = Loka-ákvæði.

Aðalreikningur XIV.
Afnám eldri ákvæða 14, § 3.
Afturköllun og breyting á utanáskrift 3, § 6; VI.
Alþjóðaskrifstofan. Gagnkvæmar tilkynningar XV.
Ábeking 2, § 4.

Ábyrgð 7.
Áframsending 5, V.
Ákvörðun um, hvaða pósthús skuli taka þátt í viðskiftunum 11, § 1.
Ávísanir. Gildi þeirra VIII.
— Óreglulegar — VII.
— Óútborgaðar — VIII, § 4.
— sem ekki verður komið til skila; týndar eða eyðilagðar ávísanir IX.
— sem eru orðnar of gamlar og ekki verður komið til skila 7, § 7.
— Utanáskrift II, § 5.
Breyting á utanáskrift 3, § 6; VI.
Burðargjaldsfrjálsar ávísanir 3, § 1, 2. málsgrein.
Burðargjöld og þóknanir 3, § 1; I og II (L).
Byrjunarákvæði 1.
Endurnýjunaráteiknun VIII, § 3.
Endursending V.
Eyðublöð II.
Flutningur IV.
Framsal 2, § 4.
Frestun á útborgun um stundarsakir VII.
Frumvörp milli póstþinga 12, XVI.
Fullgildingar 14, § 4.
Fyrirspurnir um ávísanir, sem ekki hafa komið fram XII.
Gagnkvæmar tilkynningar fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar XV.
Gildi ávísana VIII.
— samningsins og starfsreglugerðarinnar 14, § 2; XVII.
Hámark upphæða 2, § 2.
Innanlandslöggjöf 8.
Innborgun 2, § 1.
Innborgunargengi 2, § 3.
Kvittun I.
Leyfðar orðsendingar II, § 3.
Loka-ákvæði I og II (L).
Mánaðarreikningar XIII.
Minni póstsambönd 8.
Mynteining 2, § 3.
Orðsendingar. Leyfðar — II, § 3.
Óreglulegar ávísanir VII.
Óútborgaðar ávísanir VIII, § 4.
Pósthús. Hvaða — taki þátt í viðskiftunum 11, § 1.
Reikningsskil 6.
Símapóstávísanir 4, III; X.

80 Starfsreglugerð 11, § 2.
Stöðvun á viðskiftunum vegna sjerstakra ástæða 9.
Tilkynningar. Gagnkvæmar — um alþjóðaskrifstofuna XV.
Utanáskrift ávísana II, § 5.
— Breyting 3, § 6; VI.
Útborgun. Frestun á — um stundarsakir VII.
— símapóstávísana X.
Útborgunarkvittun 3, § 5, XI.
Útburður með hraðboða 3, §§ 7 og 8; VI.
Viðskifti. Hvaða pósthús taka þátt í þeim 11, § 1.
Þátttaka annara en póststjórnanna í póstávísanaviðskiftunum 13.
— í samningnum 10.
Þóknanir, sem póststjórnirnar reikna sjer 3, §§ 2 og 3.

IV. Póstbögglasamningurinn og starfsreglugerð hans.

L = Loka-ákvæði.

Afnám eldri samninga 25, § 3.
— póstkröfu eða breyting á henni 13.
— tollgjalda 14, § 3.
Afturköllun eða breyting á utanáskrift 13; XVII, § 1.
Athugun í viðskiftapósthúsunum XII.
A-töflur I, § 3.
Aukaburðar- og burðargjöld 5.
Aukaviðbótargjald L: II, 5°, 6° og tölul. 7°, 1°.
Aukagjald yfir 25 sentíma fyrir böggul 21, § 2.
Ábyrgð 16.
Áframsending 14; XIV.
Bann á að taka önnur gjöld en þau, sem nefnd eru í samningnum 12.
Bannaðir hlutir (sjá: *Forboð*).
Borgun á flutningnum 3.
Breyting á póstkröfu 13.
— á utanáskrift (sjá: *Afturköllun*).
Burðar- og aukaburðargjöld 5.
Bögglapóstskrá X.
Bögglar til herfanga 11.
Efni samningsins 1.
Flotkistur. Aukagjald II, 10° (L).
Forboð 15; I, § 6.
Framkvæmd járnbrautar- og útgerðarfjelaga á ákvæðum samningsins I (L).
Frankóseðlar VIII, §§ 2—6; XX.

Frumvörp milli póstþinga 24; XXII. 80
Fullgildingar 25, § 4.
Fylgibrjef VI.
Fyrirspurnir XVI.
Geymslugjald 12, § 1.
Gildi samningsins 25, § 2.
— starfsreglugerðarinnar XXIII.
Gjaldfrjálsir bögglar VIII.
Gjald fyrir útburð og tollmeðferð 7.
Gjöld, sem ekki eru nefnd í samningnum. Bann á að taka þau 12.
Herfangar. Bögglar til þeirra 11.
Hvenær samningurinn gengur í gildi 25, § 1.
Hvernig póstbögglar skulu fluttir IX.
Hvernig senda skal póstböggla I. § 1.
Hækkandi taxti II, 9° (L).
Innanlandslöggjöf 19.
Innfærsla á bögglapóstskrá X.
Járnbrautarfjelög. Framkvæmd þeirra á ákvæðum samningsins I (L).
Landburðargjald (sjá: *Transít*).
Loka-ákvæði I—III. (L).
Lækkun á póstkröfum XVII, § 2.
Minni póstsambönd 20.
Móttökukvittun 5, § 6; XI.
Póstbögglar. Hvernig — skulu fluttir IX.
— — — skulu sendir I, § 1.
Póstbögglaviðskifti. Upplýsingar o. s. frv. I, §§2—6; XXI.
Póstkrafa. Afnám eða breyting á henni 13.
Póstkröfubögglar 8; XIII.
Póstkröfur. Lækkun á þeim XVIII § 2.
— Reikningsskil XIX.
Póstþing og póstfundir 23.
Rebuts 14; XV.
Reikningsskil á gjöldum á tollfrankóseðlum XX.
Reikningsskil á póstkröfum XIX.
Reikningsviðskifti XVIII.
Rúmfrekir bögglar III.
Rúmmál. Undantekning um — III. (L).
Röng tilgreining verðs (sjá: *Tilgreining*).
Samþykt á samningnum seinna 21.
Sjerstök merki VII.
Sjóflutningar. Upplýsingar um þá I, § 2.

80 Skothylki og líkir hlutir. Flutningur á þeim IV.
Skyldufrímerking 4.
Skyndibögglar 10.
Starfsreglugerð 22.
Stöðvun á viðskiftum um stundarsakir 18.
Svik (sjá: *Röng tilgreining verðs*).
Taxtajafngildi II.
Tilgreining. Röng — 17.
Tollgjöld 12, § 2; 14; § 3.
— Afnám á þeim 14, § 2.
— Borgun á þeim 12, § 2.
Tollskrár VI.
Transít á bögglum 2.
— Heimild til hækkunar á landburðargjaldi L: II, 1°—4° og 6° a.
— Heimild til þess að ábyrgjast ekki — flutning L: II, tölul. 7°, 3° og tölul. 8°.
Transítgjöld 3.
Umbúðir bögglanna V. § 1, 2°.
Ummál böggla. Undantekning um — III (L).
Upplýsingar viðvíkjandi póstbögglaviðskiftum (sjá: *Póstbögglaviðskifti*).
Utanáskrift. Breyting 13; XVII, § 1.
Útburður með hraðboða 9.
Útgerðarfjelög. Framkvæmd þeirra á ákvæðum samningsins I (L).
Veðtaka 12, § 2.
Verðupphæð. Lækkað hámark II, tölul. 7°, 2° (L).
Viðskiftapósthús. Athugun XII.
Ytri frágangur bögglanna V.
Þóknanir til póststjórna ákvörðunarlandanna, og til milliliggjandi póststjórna 6.

V. Póstinnheimtusamningurinn og starfsreglugerð hans.

L = Loka-ákvæði.

Afhending krafanna til póstflutnings III.
— til þriðja manns VII, § 3.
Afnám eldri ákvæða 19, § 3.
Afsagnir 2, § 2.
Afturköllun 10; X.
Athugasemdir og orðsendingar, sem bannaðar eru II.
Ábyrgð 11.
Áframsending IX.
Ákvörðunarpósthús. Endurskoðun IV.

Bann gegn greiðslu á nokkrum hluta innheimtunnar 6.
Beiting á ákvæðum póstávísanasamningsins 9.
— ákvæða, sem gilda um innanlandsþjónustu 14.
Burðargjöld og þóknanir 5, § 1; 7; II (L).
Byrjunarákvæði 1.
Eftirrit af skrá yfir reikningsskil XII, § 7.
Endursending á óinnheimtum kröfum 8, § 2; XII.
— eftir fyrstu sýningu VII, § 2.
Endurskoðun hjá ákvörðunarpósthúsi IV.
Forboð II.
Frímerking III.
Frumvörp milli póstþinga 18; XIV.
Fullgilding 19, § 4.
Fylgiskjöl 4, § 2; IV.
— sem vanta IV.
Gagnkvæmar tilkynningar XIII.
Gildi samningsins og starfsreglugerðarinnar 19, XV.
Greiðslufrestur VII, § 1.
Hámark upphæðar 2, § 1.
Hvernig senda skal innheimturnar 4, § 1.
Innanlandslöggjöf 13.
Innanlandsþjónusta. Beiting ákvæða, sem gilda um hana 14.
Innheimta. Það, sem leyft er 2, § 1.
Innheimtu- og sýningargjald 7.
Innheimtur. Hvernig — skulu sendar 4, § 1.
Innheimtuupphæðin. Í hvaða mynt hún sje tilgreind 3.
Kröfur leyfðar til innheimtu 2, § 1.
— sem finnast í póstkössum V.
— Skakt sendar — IX.
Kvittun 5, § 2.
Leiðrjetting á skránni 10; X.
Loka-ákvæði I og II (L).
Minni póstsambönd 12.
Orðsendingar og athugasemdir, sem bannaðar eru II.
Óinnheimtar kröfur. Endursending 8, § 2; XII.
Óinnheimtanlegar kröfur XI.
Pástávísanasamningurinn. Beiting á ákvæðum hans 9.
Pósthús, sem taka þátt í starfinu 16; § 1.
Póstinnheimtuávísanir XII.
Sending hinnar innheimtu upphæðar 8, § 1; VIII; XII.
Skakkt sendar kröfur IX.

80 Skilyrði fyrir flutningnum I.
Skrá yfir reikningsskil; eftirrit XII.
Starfsreglugerð 16, § 2.
Stöðvun á viðskiftunum vegna sjerstakra kringumstæða 15.
Sýning krafa VI.
Sýningar- og innheimtugjald 7.
Taxtajafngildi I (L).
Tilkynningar. Gagnkvæmar — XIII.
Þátttaka í samningnum 17.
Þóknanir og burðargjöld 5, § 1; 7; II (L).

Bráðabirgðalög

81
16. sept.

um

breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherrann hefir tjáð Oss, að vegna breytingar, sem samþykt var á síðasta Alþingi á frumvarpi því, um útflutningsgjald af síld o. fl., sem stjórnin lagði fyrir þingið, hafi 10. gr. laga nr. 60, 27. júní þ. á. orðast þannig, að svo líti út sem lög þau, sem nefnd eru í greininni, skuli falla burtu samtímis og umrædd lög frá 27. júní þ. á. komi í gidi, en þetta hafi ekki verið tilætlun þingsins, heldur að þau skyldu falla úr gildi um næstu áramót, er hið nýja skattakerfi kemur til framkvæmda. Með því að þetta atriði hefir töluverða fjárhagsþýðingu fyrir ríkið, þá teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.
Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

10. gr. nefndra laga 27. júní orðist þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hinn 1. janúar 1922 falla úr gildi lög nr. 16 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögum, og lög nr. 14, 14. ágúst 1919, að undanskildum ákvæðum þeirra um útflutningsgjald af síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum, sem falla úr gildi nú þegar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og gilda frá staðfestingu laga nr. 60, 27. júní 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 16. september 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

82
31. okt

Samningur

milli

póststjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og póststjórnar Íslands.

I. grein.

Milli hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands og Íslands skulu fara fram regluleg skifti á póstávísunum.

II. grein.

Póstávísanaþjónustan milli samningslandanna skal eingöngu framkvæmd af viðskiftastofum. Fyrir Ísland skal viðskiftastofan vera í Reykjavík, og fyrir hið sameinaða konungsríki í London.

III. grein.

Afreikningar fyrir póstávísanir í báðar áttir, skulu skrifaðir í breskri mynt. Póststjórn Íslands skal breyta upphæðum póstávísana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi í breska mynt, og upphæðum þeirra, sem gefnar eru út í hinu sameinaða konungsríki í íslenska mynt.

Póststjórninni á Íslandi skal heimilt að ákveða, og breyta eftir ástæðum, gengi því, sem á að nota við myntbreytingu þeirra póstávísana, sem hún gefur út. Gengi það, sem á að nota við myntbreytingu póstávísana, sem gefnar eru út í hinu sameinaða konungsríki, skal vera í samræmi við gengi breskra peninga, eins og það er þann dag, sem ávísanaskránum er veitt móttaka í Reykjavík, þegar um almennar póstávísanir er að ræða, eða þann dag, sem tekið er á móti hinum opinberu tilkynningarskeytum í Reykjavík, þegar um símapóstávísanir er að ræða. Í báðum tilfellum skal póststjórn Íslands láta hina bresku póststjórn jafnóðum vita um gengi það, sem notað er.

IV. grein.

Póststjórnir beggja samningslandanna skulu hafa rjett til þess, að ákveða, eftir samkomulagi sín á milli, hámark upphæðar hinna einstöku póstávísana, sem gefnar eru í hvoru landinu um sig. Hámark þetta má þó ekki fara fram úr 40 £ eða næsta nothæfa jafngildi þessarar upphæðar í mynt útgáfulandsins.

V. grein.

Póststjórn Íslands og breska póststjórnin skulu, hvor um sig, hafa rjett til þess að ákveða, eftir ástæðum, gjaldið undir þær póstávísanir, sem þær gefa út hvor um sig, og skal hvor póststjórnin um sig tilkynna hinni taxta sinn eða gjöld, sem sett eru, meðan þessi samningur gildir. Gjöldin falla til þeirrar póststjórnar, sem gefur ávísanirnar út, en póststjórn Íslands greiðir bresku póststjórninni helming af einum af hundraði (½ af hundraði) af upphæðum póstávísana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi, og borgaðar út í hinu sameinaða konungsríki, og breska póststjórnin greiðir póststjórn Íslands samskonar borgun fyrir póstávísanir, sem gefnar eru út í hinu sameinaða konungsríki, en útborgaðar á Íslandi.

VI. grein.

Við útborganir póstávísana til almennings skulu brot úr 4 aurum eða penny ekki tekin til greina.

VII. grein.

Nú biður maður um póstávísun, og skal þá krafist af honum að tilgreina ef hægt er, fult ættarnafn, skírnar- eða eiginnafn (eða að minsta kosti upphafsstaf á einu skírnar- eða eiginnafni) sendanda og viðtakanda, eða nafn þess firma eða hlutafjelags, sem er sendandi eða viðtakandi, svo og heimilisfang sendanda og viðtakanda. Sje hvorki hægt að tilgreina skírnar- eða eiginnafn nje upphafsstafinn að því, má þó gefa póstávísunina út, *en á ábyrgð sendanda.*

VIII. grein.

Verði póstávísun skakkt send eða glatist, skal gefið út eftirrit af henni samkvæmt skriflegri beiðni, er innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar, frá viðtakanda til aðalpóstávísanastofu þess lands, þar sem hin upprunalega ávísun á að útborgast, og skal skrifstofunni, sem gefur eftirritið út, vera heimilt að taka fyrir það sama gjald og taka bæri eftir innanlandsreglum þess, nema ástæða sje til að ætla, að hin upprunalega ávísun hafi glatast í flutningi á póstinum.

Við móttöku á beiðni frá sendanda, er innihaldi líkar upplýsingar, skal gefa skipun um að stöðva útborgun á póstávísun.

IX. grein.

Sje þess óskað, að villa í nafni viðtakanda sje leiðrjett, eða að upphæð póstávísunar sje endurgreidd sendanda, verður hann að senda beiðni um það til aðalskrifstofu landsins, þar sem ávísunin var gefin út.

X. grein.

Endurgreiðsla á ávísun má með engu móti fara fram fyr en full vissa er

82 fengin hjá aðalskrifstofu landsins, sem ávísunin á að útborgast í, að hún hafi
31. okt ekki verið borguð út, og tjeð skrifstofa heimili endurgreiðsluna.

XI. grein.

Póstávísanir skulu vera gildar til útborgunar tólf mánuði eftir útgáfumánuð, og upphæðir allra póstávísana, sem ekki eru útborgaðar innan þess tíma, skulu endursendar póststjórn útgáfulandsins, er fer með þær samkvæmt gildandi reglum í landinu.

XII. grein.

Sendandi póstávísunar getur fengið útborgunarkvittun fyrir henni gegn fyrirframgreiðslu á fastákveðnu gjaldi, er fellur algerlega til póststjórnar útgáfulandsins, og sje jafnt því gjaldi, sem er tekið í landinu fyrir móttökukvittun ábyrgðarsendinga.

Útborgunarkvittunin skal skrifuð á eyðublað eins eða líkt og meðfylgjandi eyðublað sýnir (Fylgiskjal A).

Útborgunarkvittunin skal útbúin af útborgunarpósthúsinu og send útgáfupósthúsinu beint, annaðhvort af útborgunarpósthúsinu eða viðskiftastofu útborgunarlandsins.

Útborgunarkvittanir „gegnum" póstávísana skulu sendar um viðskiftastofur beggja landanna, og allar beiðnir um útborgunarkvittanir, er koma eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út, skulu sendar á sama hátt.

XIII. grein.

Póstávísanir, sem sendar eru frá öðru landinu til hins, skulu, að því er útgáfu snertir, vera háðar reglum þeim, er gilda í sendilandinu, og, að því er útborgun snertir, reglum þeim, er gilda í ákvörðunarlandinu.

XIV. grein.

Viðskiftastofan á Íslandi skal senda stofunni í London upplýsingar um upphæðir þær, sem mótteknar eru til útborgunar í hinu sameinaða konungsríki, og stofan í London skal senda stofunni í Reykjavík upplýsingar um upphæðir, sem mótteknar eru til útborgunar á Íslandi. Til þessa skal nota sjerstakar skrár, eins og meðfylgjandi fyrirmyndir B og C sýna, og skulu þær sendar með fyrsta pósti, sem kostur er á, eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út.

XV. grein.

Sjerhver póstávísun, sem færð er á skrárnar, skal vera tölusett með númeri (er heiti milliríkjanúmer) og byrji á hverjum mánuði með nr. 1.

Á sama hátt skal hver skrá hafa flokksnúmer, er byrji á hverju ári með nr. 1.

XVI. grein. 82

Nú vantar einhverja skrá, og skal hennar þá krafist þegar í stað af við- 31. okt.
skiftastofunni, sem hún átti að sendast til. Viðskiftastofan, sem sendir, skal,

f) Þegar upphæð „gegnum"ávísunar er endurgreidd sendanda, skal þóknunin fyrir milliliðsþjónustuna ekki endurgreiðast.

Ef breska póststjórnin æskir að senda póstávísanasendingar fyrir milligöngu hinnar íslensku póststjórnar til einhverra landa, sem íslenska póststjórnin hefur póstávísanaviðskifti við, skal henni heimilt að gera það með sömu skilyrðum og nefnd eru í liðunum hjer á undan.

Hvor póststjórnin um sig skal tilkynna hinni nöfn landa þeirra, sem hún hefur póstávísanaviðskifti við, takmörkun upphæðar, sem ákveðin er fyrir hvert land, og þóknun þá sem frá dregst fyrir milliliðsþjónustuna.

XX. grein.

Símapóstávísunum fyrir upphæðum, er fara ekki fram úr hámarksupphæð þeirri, sem leyfð er við almennar póstávísanir, skal einnig skifst á milli Íslands og hins sameinaða konungsríkis, Stóra-Bretlands og Írlands.

XXI. grein.

Póststjórnir beggja landanna skulu tilkynna hvor annari, hvaða pósthúsum þær leyfa símapóstávísanaviðskifti.

XXII. grein.

Sendandi símapóstávísunar skal, auk þóknunarinnar, sem sendilandið ákveður og heldur eftir, krafinn um borgun á kostnaðinum við sendingu tilkynningarskeytisins frá öðru landinu til hins.

Auk þessara gjalda, sem nú eru nefnd, áskilur breska póststjórnin sjer rjett, til þess að taka af sendanda sjerhverrar símapóstávísunar frá hinu sameinaða konungsríki til Íslands aukagjald, sem sje fastákveðið og haldið eftir af bresku póststjórninni.

XXIII. grein.

Allar símapóstávísanir, sem eiga að borgast út í hinu sameinaða konungsríki, skulu sendar aðalsímastöðinni í London og þær, sem eiga að borgast út á Íslandi, skulu sendar til aðalpóststjórnarinnar í Reykjavík.

Tilkynningarsímskeytið skal vera á frönsku, svo sem hjer segir:

Mandat.

Innritunarnúmer útgáfupósthússins.

Postes.

Nafn útborgunarpósthússins.

Avis payement (ef beðið er um útborgunarkvittun).

82
31. okt.

Nafn sendanda eða sendenda samkvæmt gildandi reglum um almennar ávísanir.

Upphæðin í tölum og bókstöfum í breskri mynt.

Nafn viðtakanda eða viðtakenda og heimilisfang með öllum bókstöfum og samkvæmt gildandi reglum um almennar ávísanir.

Þegar þannig er ástatt, tafarlaust senda móttökuviðskiftastofunni eftirrit af skránni, er sje löglega útbúið eins og slíkt eftirrit á að vera.

XVII. grein.

Skrárnar skulu vandlega athugaðar af viðskiftastofunni, sem þær eru sendar til, og leiðrjettar, þegar í þeim standa auðsæjar villur. Leiðrjettingarnar skal tilkynna viðskiftastofunni, sem sendi.

Komi fyrir aðrar skekkjur í skránum, skal viðskiftastofan, sem móttekur þær, krefjast skýringar af viðskiftastofunni, sem sendi, og skal hún gefa skýringuna eins fljótt og unt er. En á meðan skal útgáfunni frestað á innlendum ávísunum þeim, er snerta færsluna á skránum, er skekkjan finst í.

XVIII. grein.

Undir eins og skráin er komin til móttökuviðskiftastofunnar, skal hún, eftir athugun á innihaldinu, búa út innlendar póstávísanir til viðtakenda fyrir upphæðum, sem tilgreindar eru á skránni, til útborgunar í peningum útborgunarlandsins, og senda síðan þessar innlendu ávísanir til viðtakenda eða útborgunarpósthúsanna, eftir því sem reglur útborgunarlandsins segja til um.

XIX. grein.

Ef póststjórn Íslands æskir að senda póstávísanir fyrir milligöngu hinnar bresku póststjórnar til einhverra annara landa, breskra nýlenda o. s. frv., sem breska póststjórnin hefur póstávísanaviðskifti við, skal henni heimilt að gera það með því að fullnægja þessum skilyrðum:

a) Póststjórn Íslands skal ávísa upphæðum slíkra „gegnum“ávísana til póstávísanadeildarinnar í London, sem endurávísar þeim síðan viðskiftastofum útborgunarlandanna.

b) Engin slík ávísun má fara fram úr hámarksupphæð þeirri, sem ákvörðunarlandið hefur ákveðið fyrir ávísanir útgefnar í hinu sameinaða konungsríki.

c) Upplýsingar um „gegnum“ávísanir skulu annaðhvort færðar með rauðu bleki neðst á hinar vanalegu skrár, sem sendar eru til London, eða á sjerstök blöð, en aðalupphæð „gegnum“ávísananna skal innifalin í aðalupphæð skránna.

d) Nöfn og heimilisföng viðtakenda, ásamt nafni bæjar og útborgunarlands, skulu tilgreind eins nákvæmlega og unt er.

e) Póststjórn Íslands skal greiða stjórninni í London sama hundraðsgjald (sjá

V. grein) fyrir „gegnum“ávísanir eins og fyrir ávísanir, sem borga á út í hinu sameinaða konungsríki, og færir stjórnin í London stjórn útborgunarlandsins til tekna hið sama hundraðsgjald fyrir „gegnum“ávísanir og er fyrir ávísanir útgefnar í hinu sameinaða konungsríki, og dregur frá upphæð sjerhverrar endurávísaðrar ávísunar, fyrir sína þjónustu sem milliliður, sjerstaka þóknun, sem hin breska póststjórn ákveður. 82 31. okt.

Sje viðtakandi kvennmaður er skylda að tilfæra við ættarnafn hennar, enda þótt skírnarnafn sje með, orðið „Frú“ eða „Ungfrú“, nema þar sem svo stendur á, að það sje óþarfa endurtekning af stöðu, titli, starfi eða atvinnu, er segi greinilega til um viðtakanda.

Hinar ofangreindu upplýsingar skulu ætíð símaðar í sömu röð á tilkynningarskeytinu eins og þær eru tilfærðar að ofan.

Sendanda og viðtakanda má ekki tilgreina með styttu nafni nje styttu heimilisfangi, þótt það sje bókað.

Sendanda símapóstávísunar skal heimilt að bæta við á hið opinbera tilkynningarskeyti stuttri athugasemd, sem hann kynni að vilja senda viðtakanda, gegn vanalegu símskeytagjaldi fyrir aukaorðin.

XXIV. grein.

Reglugerð alþjóðasímasamningsins (endurskoðaða útgáfan í Lissabon) eða sjerhver önnur reglugerð, sem seinna kann að koma í hennar stað, gildir um símskeyti í sambandi við póstávísanir, að því er snertir skiftingu og endurgreiðslu á gjaldi slíkra skeyta.

XXV. grein.

Eins og þegar um almennar póstávísanir er að ræða, skal póststjórn útgáfulandsins reikna póststjórn útborgunarlandsins hálfan af hundraði af upphæð útborgaðra símapóstávísana.

Í tilefni af þessu skulu símapóstávísanirnar færðar af hlutaðeigandi viðskiftastofum á tilkynningarskrár á sama hátt og almennar ávísanir, en á sjerstök blöð með yfirskriftinni „Ávísað með síma“.

XXVI. grein.

Ef um er að ræða falskar ávísanir, sem ómögulegt er að ákveða um í hvoru landi svikin hafi verið framin, eða ef um er að ræða svik eða skekkju í sambandi við sendingu tilkynningarskeyta gegnum símaþræði milliliggjandi landa eða ritsímafjelaga, skal ábyrgðin fyrir allan skaða, sem af því hlýst, annan en símagjaldið, falla jafnt á póststjórn Íslands og póststjórn hins sameinaða konungsríkis.

82 31. okt.

XXVII. grein.

Að öðru leyti skulu símapóstávísanir háðar hinum sömu almennu skilyrðum og vanalegar póstávísanir.

XXVIII. grein.

Í lok hvers mánaðar skulu viðskiftastofurnar í Reykjavík og London útbúa hvor um sig og senda hinni:

1. Sundurliðaðan yfirlitsreikning, er sýni aðalupphæð hverrar skrár um sig, sem móttekin er frá hinu landinu yfir mánuðinn (sjá fylgiskjal D.).
2. Skrá, er sýni upplýsingar um allar ávísanir, sem það hefur heimilað hinni viðskiftastofunni að endurborga hinum upprunalegu sendendum (sjá fylgiskjal E.).
3. Skrá, er sýni upplýsingar um allar póstávísanir útgefnar af hinu landinu, sem ekki hafa orðið borgaðar út innan tólf mánaða eftir lok útgáfumánaðar, og þarafleiðandi fallnar til útgáfulandsins (sjá fylgiskjal F.).

Yfirlitin „D“ og „E“ skulu send tvírituð, og annað samritið af hvoru yfirliti skal síðan endursent sendiskrifstofunni með venjulegri viðurkenningu móttökuskrifstofunnar.

XXIX. grein.

Jafnskjótt og viðskiftastofan í Reykjavík hefur móttekið hin viðurkendu samrit af yfirlitunum „D“ og „E“, sem ákveðin eru í XXVIII. grein, skal hún senda viðskiftastofunni í London póstávísanareikning (tvíritaðan), og skal hann innihalda þessa liði:

a) Skuldarmegin hinu sameinaða konungsríki til tekna: Aðalupphæð skráa þeirra, sem sendar hafa verið frá Íslandi yfir mánuðinn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefur verið að endurborga á Íslandi, og aðalupphæð íslenskra ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir mánuðinn — og þóknunina ½ af hundraði af upphæð útborgaðra ávísana.
b) Tekjumegin Íslandi til tekna: Aðalupphæð skráa þeirra, sem sendar hafa verið frá London yfir mánuðinn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefur verið að endurborga í hinu sameinaða konungsríki, og aðalupphæð breskra ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir mánuðinn — og þóknunina ½ af hundraði af upphæð útborgaðra ávísana.

Ávísanareikningurinn skal útbúinn á eyðublaði eins og fyrirmyndin á fylgiskjali „G“ sýnir. Annað samritið af reikningnum, löglega samþykt, skal endursent til Reykjavíkur.

XXX. grein.

Hvenær í mánuði, sem þess verður vart, að ávísanir útgefnar á annaðhvort landanna fara £ 1,000 fram úr ávísunum, sem eru útgefnar á hitt, skal

hið síðarnefnda þegar í stað senda hinu fyrnefnda, sem borgun í reikning upphæð þessa mismunar, sem fundist hefur, eða því sem næst, í tugatali. 32 31. okt.

XXXI. grein.

Þegar íslenska póststjórnin á að borga bresku póststjórninni reikningsjöfnuð aðalreikningsins, skal hún gera það um leið og hún sendir reikninginn til London, og þegar breska póststjórnin á að borga jöfnuðinn, skal hún gera það um leið og hún endursendir hið samþykkta samrit af reikningnum til Reykjavíkur.

Þessar greiðslur, sem og aðrar greiðslur, er kunna að falla samkvæmt ráðstöfunum XXX. greinar, skulu fara fram í sterling með víxlum, er borgist við sýningu í London.

Á hverja upphæð, sem önnur póststjórnin skuldar hinni, þegar sex mánuðir eru liðnir frá tímabili því, sem reikningurinn á við, falla vextir 7 af hundraði á ári, frá ofangreindum tíma að telja.

XXXII. grein.

Komi nokkurntíma í ljós að póstávísanir sjeu misbrúkaðar af kaupsýslumönnum eða öðrum, á Íslandi eða í hinu sameinaða konungsríki, til yfirfærslu á stórum fjárhæðum, skal íslensku eða bresku póststjórninni, eftir því sem við á, vera heimilt að hækka gjöldin, og jafnvel algerlega að stöðva útgáfu póstávísana um stundarsakir.

XXXIII. grein.

Póststjórn hvors landsins um sig skal heimilt að taka upp viðbótarreglur (sjeu þær ekki í mótsögn við ofanskráð), er miði að betri tryggingu gegn sviksemi, eða þessum ráðstöfunum til bóta yfir höfuð.

Allar slíkar viðbótarreglur skulu þó tilkynntar póststjórn hins landsins.

XXXIV. grein.

Samningur þessi gengur í gildi þann 1. október 1921, og sje uppsegjanlegur af beggja aðila hálfu með sex almanaksmánaða fyrirvara.

Saminn í tveimur eintökum og undirskrifaður í Reykjavík þann 13. október 1921 og í London þann 30. september 1921.

S. Briem.
(L. S.).

H. Pike Pease.
(L. S.).

Þetta gjörist hjer með öllum kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík 31. október 1921.

Pjetur Jónsson.

S. Briem.

83
16. nóv.

Bráðabirgðalög

um

lækkun á aðflutningsgjaldi af kolum og salti.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherrann hefir tjáð Oss, að vegna þess hversu sjávarútvegurinn stendur höllum fæti sakir dýrtíðar, virðist nauðsynlegt að leggja undir með honum með því að lækka innflutningsgjald á þeim útlendum vörum, sem hann notar mest af, en vörur þessar eru kol og salt. Hinn núverandi kolatollur og salttollur er stórum hærri nú en annars er ætlast til, og er ástæðan til þess sú, að tilætlunin var að vinna með tollum þessum upp halla þann, er varð af sölu kola og salts undir verði á styrjaldartímunum. En einmitt þess vegna eru tollar þessir alltilfinnanlegir eins og nú er komið, þegar saman er borið verð sjávarafurða og verð þess, sem til framleiðslunnar þarf, og verkalaun. Hins vegar þykir ekki gerlegt að greina milli aðflutningsgjalds af vörum þessum eftir því til hvers sem varan er ætluð. Fyrir því teljum Vjer brýna nauðsyn til að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Aðflutningsgjald af kolum skal vera 5 krónur af smálest og aðflutningsgjald af salti 3 krónur af smálest. Að öðru leyti eru reglurnar um gjöld þessi óbreyttar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá og með 12. þ. m.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Tilskipun

84
30. nóv.

um

ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski. Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer bjóðum hjermeð og fyrirskipum, samkvæmt 23. gr. laga nr. 74, 27. júní 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. janúar 1922 ræður fjármálaráðherrann mann, er nefnist skattstjóri, til að hafa á hendi í Reykjavíkurkaupstað þau störf, sem annars eru falin skattanefndum og ákveður þóknun hans.

Ennfremur tilnefnir fjármálaráðherra annan mann, varaskattstjóra, er gegnir störfum skattstjóra í forföllum hans.

Þá skipar og fjármálaráðherra 3 menn í yfirskattanefnd til 6 ára í senn og 2 til vara. Ákveður ráðherra hver vera skuli formaður.

2. gr.

Skattstjóri vinnur störf skattanefndar og varaskattstjóri vinnur störf varaskattanefndarmanna, enda hafa þeir sama vald í hvívetna og sömu skyldur og rjettindi sem skattanefndarmenn eða eftir atvikum formaður skattanefndar, nema öðruvísi sje mælt í þessari tilskipun.

Yfirskattanefnd í Reykjavík hefur og sama vald og sömu skyldur og rjettindi í hvívetna sem skattanefndir utan Reykjavíkur.

3. gr.

Í Reykjavík skal senda út eyðublöð um framtalsskýrslur í janúarmánuði ár hvert svo fljótt sem unt er, og krefja skal þessara skýrslna aftur svo fljótt sem kostur er á.

Skattskrá skal ekki rita í gerðabók skattstjóra.

84 30. nóv. Yfirskattanefnd skal venjulega ekki gera breytingar á eða viðauka við skattskrár, nema hún hafi áður borið sig saman við skattstjóra um atriðið.

Þegar yfirskattanefnd hefur lokið störfum sínum, þá skal skattstjóri gera eina aukaskattskrá úr aukaskattskrá sinni og þeim breytingum og viðaukum, sem yfirskattanefnd hefur gert, og votta með undirskrift sinni, að aukaskattskrá þessi sje rjett samin, samkvæmt þessum gögnum. Skattskrá og aukaskattskrá sendir skattstjóri síðan lögreglustjóra í öndverðum júnímánuði til afnota við innheimtu skattsins.

4. gr.

Þóknun skattstjóra, varaskattstjóra og yfirskattanefndar, svo og skrifstofukostnaður og allur annar kostnaður af ákvörðun skattsins í Reykjavík, greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt og reglugerð handa skattanefndum gilda í Reykjavík í öllum atriðum svo sem samrýmanlegt er ákvæðum þessarar tilskipunar.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

Opið brjef,

85
21. des.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1922.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 18. gr. í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1922.

Um leið og Vjer birtum þetta, bjóðum Vjer öllum þeim, sem sitja eiga á þinginu, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amalíuborg, 21. desember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

86
30. des.

Auglýsing

um

staðfesting konungs á skpulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrínu drottningar til styrktar sjúklingum á Landsspítala Íslands.

30. nóvember þ. á. hefir Hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að útgefa eftirfylgjandi staðfestingarskrá:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að ráðuneyti Vort allraþegnsamlegast hefir lagt fyrir Oss til staðfestingar skipulagsskrá, sem það hefir samið samkvæmt allrahæstri fyrirskipun Vorri, fyrir styrktarsjóð, er Vjer höfum gefið í minningu dvalar Vorrar og Drottningarinnar á Íslandi sumarið 1921, þá viljum Vjer hjermeð staðfesta eins og Vjer hjermeð staðfestum skipulagsskrána í öllum orðum hennar og greinum, eins og hún hjer stendur:

1. gr.

Styrktarsjóðurinn er stofnaður af Hans hátign Christiani konungi Tíunda og Hennar hátign Alexandrínu drottningu til minningar um dvöl þeirra á Íslandi sumarið 1921.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga við Landsspítala Íslands.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 10.000 krónur, sem ekki má skerða. Sjóðinn skal ávaxta eftir sömu reglum og fje ófjárráðra.

3. gr.

Ársvextir sjóðsins skulu leggjast við hann, þar til Landsspítali Íslands tekur til starfa. Að þeim tíma liðnum skal verja sjö áttundu hlutum vaxtanna til styrktar fátækum sjúklingi eða fátækum sjúklingum á Landsspítalanum, en einn áttundi hluti þeirra skal leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum: ráðherra þeim, er heilbrigðismálin heyra undir, forstöðumanni Landsspítalans og biskupi.

Er forstöðumaður Landsspítalalans reikningshaldari sjóðsins, og ber að senda umsóknir um styrk til hans fyrir 1. janúar ár hvert, en styrknum skal úthlutað fyrir 1. apríl.

Þar til Landsspítalinn tekur til starfa, tekur landlæknir sæti í stjórn sjóðsins og hefir reikningshald hans á hendi

Ársreikning sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindunum.

Ritað á Amalíuborg, 30. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

86
30. des.

Þetta birtist hjermeð almenningi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.

Auglýsing

87
30. des.

um

staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Christians konungs hins Tíunda og Alexandrínu drottningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík.

30. nóvember þ. á. hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknast að útgefa eftirfylgjandi staðfestingarskrá:

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að ráðuneyti Vort allraþegnsamlegast hefir lagt fyrir Oss til staðfestingar skipulagsskrá, sem það hefir samið

87
30. des.

samkvæmt allrahæstri fyrirskipun Vorri, fyrir styrktarsjóð, er Vjer höfum gefið í minningu dvalar Vorrar og drottningarinnar í Reykjavík sumarið 1921, þá viljum Vjer hjermeð staðfesta eins og Vjer hjermeð staðfestum skipulagsskrána í öllum orðum hennar og greinum, eins og hún hjer stendur:

1. gr.

Styrktarsjóðurinn er stofnaður af Hans hátign Christiani konungi Tíunda og Hennar hátign Alexandrínu drottningu, til minningar um dvöl þeirra í Reykjavík sumarið 1921.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar sjómannaekkjur í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 5000 krónur, sem ekki má skerða. Sjóðinn skal ávaxta eftir sömu reglum og fje ófjárráðra.

3. gr.

Sjö áttundu hlutum af ársvöxtum sjóðsins skal varið til styrktar fátækum ekkjum eftir sjómenn, er voru heimilisfastir í Reykjavík á dánardægri, en einn áttundi hluti þeirra legst árlega við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum: atvinnumálaráðherra, borgarstjóra Reykjavíkur og þeim af prestunum við dómkirkjuna, sem eldri er eða elstur að embættisaldri.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi reikningshald sjóðsins, og ber að senda umsóknir um styrk þangað fyrir 1. janúar ár hvert, en styrknum skal úthlutað fyrir 15. febrúar. Ársreikning sjóðsins skal birta í Stjórnartíðindunum.

Ritað á Amalíuborg, 30. nóvember 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Þetta birtist hjermeð almenningi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1921.

Magnús Guðmundsson.

G. Sveinbjörnsson.